RAGNA FRÓÐA

*Á heima í íbúð sem amma hennar átti*

heimili tíska heilsa

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



SILVÍA NÓTT

*Var í þriðja ljót- asta búningnum*

Ekki vel til höfð

FÓLK 59




OPIÐ til kl. 21 í kvöld!

Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. júní 2006 — 146. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## Gönguferðir bæta hjónalífið



Páll Ásgeir Ásgeirsson kynnir nýjar gönguleiðir í bók sinni.

FÓLK 56

## Undanhald í áföngum

„Reynslan mun skera úr því, hvort nýr borgarstjórnarmeirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks muni standa við loforðin um flutning flugvallarins," segir Þorvaldur Gylfason. „Skyndilegur áhugi þeirra á málinu skömmu fyrir kosningar lofar ekki góðu um tímabærar efndir."

Í DAG 32

## Listdansskóli Íslands lagður niður



Rekstri Listdansskólans er formlega lokið samkvæmt ákvörðun menntamálaráðherra.

TÍMAMÓT 42

## Enginn handbolti í Eyjum?



Hlynur Sigmarsson, formaður handknattleiksdeildar ÍBV, segir ekki víst að ÍBV tefli fram liðum í meistaraflokki á næstu leiktíð. Hlynur segir reksturinn bæði dýran og erfiðan.

ÍÞRÓTTIR 64

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART AUSTAN TIL** - Í dag verður ákveðin suðvestlæg átt. Léttskýjað austan til og léttir síðan smám saman til sunnan og suðvestan til eftir hádegi. Skúrir norðvestan til í dag og vestan til í kvöld. Hiti 7-20 stig hlýjast fyrir austan.

VEÐUR 4


FIFA WORLD CUP GERMANY 2006

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT

8 dagar í HM 2006

SÝN besta sætið

MasterCard Landsbankinn olís Iceland Express


# Öryggisgæsla skipa minnkuð í Reykjavík

**Öryggisgæslu við fraktskip sem koma að landi í Reykjavík var hætt fyrir tveimur mánuðum. Ákvörðunin um að leggja niður öryggisgæslu er ekki í takt við alþjóðlegar áherslur. Farið að lögum og reglum, segir Gísli Gíslason hafnarstjóri.**

**ÖRYGGISMÁL** Öryggisgæslu við hafnir í Reykjavíkurborg er ábótavant og hún er úr takti við áherslu ríkja á aukna öryggisgæslu við hafnir víðast hvar erlendis. Þetta segir Agnar Þór Agnarsson, verkefnisstjóri hjá Öryggismiðstöðinni, en sérstakri sólarhringsöryggisgæslu við erlend kaupskip var hætt 28. mars síðastliðinn, þar sem kostnaður við öryggisgæsluna þótti óþarflega mikill.

Ekki er sólarhringsöryggisgæsla við Vogabakka, Ártúnshöfða, Korngarð og Vesturhöfn í Reykjavík, en kaupskipin sem koma þar að landi, koma víða að, meðal annars frá Austur-Evrópu.

Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna, segir öryggisgæsluna vera næga. „Það er farið að lögum og gæslan er næg. Hafnarsvæðin hafa verið myndavélavædd, auk þess sem öryggi hafnanna hefur verið margfaldað með uppsetningu girðinga."

Starfsmaður við Reykjavíkurhöfn, sem ekki vildi láta stöðu sinnar eða nafns getið, telur þá ákvörðun að hætta öryggisgæslunni „vera hneyksli og dómgreindarleysi, leiðin í fyrir óprúttna smyglara er nú opin upp á gátt", eins og hann komst sjálfur að orði.

Agnar Þór undrast þá ákvörðun að minnka öryggisgæsluna. „Þessi þróun á Íslandi er alveg öfug við löndin í kringum okkur, og reyndar víðast hvar í heiminum. Kröfur um aukið öryggi við hafnir eru alltaf að verða meiri og því finnst mér það einkennilegt að ekki skuli vera lögð meiri áhersla á að efla öryggigæslu við hafnirnar."

Magnús Þór Hafsteinsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, lagði fram fyrirspurn til samgönguráðherra á Alþingi í gær þar sem hann óskaði eftir upplýsingum um hvernig öryggisgæslu væri „háttað við erlend kaupskip sem liggja við Korngarð, Vogabakka, Ártúnshöfða og Vesturhöfn í Reykjavík".

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra svaraði því til að tilgangur breytinga á öryggisgæslu við íslenskar hafnir væri að gera öryggisgæsluna hagkvæmari, en um leið skilvirkari, innan ramma laganna. - mh



**EDDA HEIÐRÚN BACKMAN ER BORGARLISTAMAÐUR REYKJAVÍKUR ÁRIÐ 2006** Það var mikið um dýrðir í Höfða í gær þegar Edda Heiðrún Backman, leikkona og leikstjóri, var útnefnd borgarlistamaður við hátíðlega athöfn. „Þetta var falleg og tilfinningarík athöfn, rétt eins og listin á að vera," sagði listakonan að athöfn lokinni. Hún var umvafin fríðu fylgdarliði en þar fór fremst Unnur Birna Jónsdóttir sem er þarna við hlið móður sinnar með blóm í fanginu. Unni Birnu á hægri hönd er svo Brynja systir hennar og Arnmundur Ernst Björnsson stendur stoltur að baki móður sinni. Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri veitti viðurkenninguna. **Sjá síðu 49** FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Þjóðarhreyfingin vill rannsókn á ásökunum um atkvæðakaup meðal nýbúa:

# Vilja kæra kosningarnar

**STJÓRNMÁL** Þjóðarhreyfingin - með lýðræði vill láta rannsaka hvað hæft er í sögusögnum um að nýbúum í Reykjavík hafi verið smalað saman gegn þóknun til þess að greiða atkvæði utan kjörfundar í Laugardalshöll fram að borgarstjórnarkosningum síðastliðinn laugardag. Staðfest er af sýslumannsembættinu í Reykjavík að nýbúar hafi verið áberandi við utankjörfundaratkvæðagreiðsluna dagana og vikurnar fyrir kosningar. Ólafur Hannibalsson talsmaður Þjóðarhreyfingarinnar benti á í grein í Fréttablaðinu í gær að atkvæði Framsóknarflokksins sem greidd voru utan kjörfundar væru afar mörg sem hlutfall af kjörfundaratkvæðum flokksins.

„Við erum að kanna hvort nægjanlegt tilefni sé til kæru en frestur til þess er til föstudags lögum samkvæmt," segir Ólafur Hannibalsson, talsmaður Þjóðarhreyfingarinnar. „Vitað er um aðgangsharðan mann sem greinilega hafði þann starfa að safna heilu rútufórmunum á kjörstað í Laugardalshöll. Orðróm um svona misferli þarf annaðhvort að kveða niður eða staðfesta. Ef þetta verður látið niður falla nú gæti þetta með hægu móti endurtekið sig að ári."

„Ég held að við beitum ekkert öðrum aðferðum en önnur framboð við að afla okkur fylgis," sagði Rúnar Hreinsson, kosningastjóri Framsóknarflokksins í Reykjavík, í viðtali við Fréttablaðið síðastliðinn laugardag þegar hann var spurður um orðróm þessa efnis.

„Staða nýbúa hér á landi er veik og því er einnig ástæða til að sjá til þess að menn reyni ekki að hagnýta sér slíkt til framdráttar einhverjum stjórnmálaöflum," segir Ólafur Hannibalsson.

Ólöglegt er að bera fé eða fríðindi á mann í því skyni að hafa áhrif á það hvernig hann greiðir atkvæði. - jh



**STEFNUBREYTING** Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, ræðir Íransmálið í Washington í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandarísk stefnubreyting:

## Beinar viðræður við Írana

**WASHINGTON, AP** Bandaríkjastjórn er reiðubúin að taka þátt í beinum viðræðum við fulltrúa Íransstjórnar um kjarnorkuáætlun hennar, með því skilyrði að Íranar stöðvi vinnu við auðgun úrans. Condoleezza Rice utanríkisráðherra tilkynnti þetta í gær.

Þykir þetta mikilsverð stefnubreyting af hálfu Bandaríkjastjórnar, sem ekki hefur átt nein bein samskipti við Íransstjórn frá því klerkabyltingin var gerð árið 1979. Fyrstu viðbrögð ráðamanna í Teheran voru þau að kalla útspil Bandaríkjastjórnar „áróðursbragð", að því er íranska ríkisfréttastofan INRA greindi frá.

Utanríkisráðherrar stórveldanna fimm sem hafa neitunarvald í öryggisráði SÞ hittast í Vínarborg í dag til að leggja lokahönd á sáttatilboð til Írana. - aa

RÚV og nýsköpun á Alþingi:

## Tafir og óvissa um stórmálin

**ALÞINGI** Stjórnarfrumvörp, sem samkomulag er um, verða til umræðu og afgreiðslu á Alþingi í dag og jafnvel á morgun. Hugsanlegt er þó að frumvarp menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið verði tekið til umræðu á morgun.

Togstreitu gætir meðal stjórnarflokkanna um meðferð og afgreiðslu RÚV-frumvarpsins og frumvarp iðnaðarráðherra um stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og byggðaþróun. Fyrirsjáanlegt er að það frumvarp verði ekki tekið til umræðu fyrr en eftir hvítasunnuhelgina. - jh


Opið til 21 í kvöld!

Kringlan



## SPURNING DAGSINS?

*Svanfríður, eru allir flokkar orðnir háðir óháðum?*

Já, það er líka spurning hvort óháðir séu eftir allt saman háðir.

Listi óháðra á Dalvík, sem Svanfríður Jónasdóttir leiðir, er í oddastöðu eftir að viðræður vinstri grænna, framsóknarmanna og sjálfstæðismanna runnu út í sandinn.

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra:

# Lætur rannsaka morðhótun

**LÖGREGLUMÁL** Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, hefur sent lögreglustjóranum í Reykjavík beiðni um að rannsakað verði hvort ráðist hafi verið gegn persónu hennar með áletruninni „Drekkjum Valgerði en ekki Íslandi“ í göngu svokallaðra Íslandsvina.

Þeir héldu fjölmenna kröfugöngu síðastliðinn laugardag til að mótmæla virkjunarstefnu stjórnvalda, þar sem þessi áletrun birtist á spjaldi eins göngumanna.

Valgerður spyr á heimasíðu sinni, að þar sem boðað sé að aðeins sé um upphaf aðgerða Íslandsvina að ræða, á hverju hún megi eiga von á næstu misserum.




**SKÝR SKILABOÐ** Spjald göngumanna sem um ræðir flytur skilaboð sem Valgerður Sverrisdóttir lítur á sem hótun við sig. Hún hefur skrifað lögreglustjóra bréf vegna málsins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir það mjög alvarlegt ef hótun er sett fram í skilaboðum sem þessum. Hann telur að rannsaka þurfi málið og taka skýrslur af þeim sem í hlut eiga.

Geir Jón segir jafnframt að refsing sé metin þegar gengið hefur verið úr skugga um hversu mikil alvara liggi að baki skilaboðunum.

Valgerður vísar í bréfi sínu til lögreglunnar til 106., 121. og 233. greinar almennra hegningarlaga þar sem segir að athæfi sem þetta geti varðað sektum eða allt að tveggja ára fangelsisvist.

- shá

S-listi og D-listi á Akureyri:

## Frekari viðræður í dag

**KOSNINGAR** Meirihlutaviðræður milli Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins á Akureyri standa enn yfir. Oddvitar flokkanna hittust í gær og áttu góðan fund að sögn Kristjáns Þórs Júlíussonar, oddvita Sjálfstæðisflokks.

Fyrirhugað er að hittast aftur í dag og reyna að ná lendingu um samstarf. Viðræður hófust upphaflega milli Samfylkingarinnar, vinstri grænna og L-lista en Samfylkingin sleit þeim viðræðum á mánudag vegna þess að þeim þótti sá meirihluti vera of veikur til að geta gengið til þeirra verka í bænum sem til þarf.

- sh



BIRGIR BERTELSEN



HAFÞÓR SIGURGEIRSSON

Akureyrin EA-110:

## Létu lífið í eldsvoða

Mennirnir sem létust þegar eldur kom upp í vistarverum skipverja á Akureyrinni EA á laugardag hétu Birgir Bertelsen og Hafþór Sigurgeirsson.

Birgir Bertelsen var 27 ára, fæddur 7. nóvember 1978. Hann var ókvæntur og barnlaus.

Hafþór Sigurgeirsson var 56 ára, fæddur 28. júní 1949. Hann lætur eftir sig eiginkonu og uppkomin börn.

Birgir og Hafþór voru báðir búsettir á Akureyri. ■

D- og B-listi ræðast við:

## Fundað í Árborg

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Meirihlutaviðræðum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks var haldið áfram í gærkvöldi. Fundir fulltrúa flokkanna gengu vel á mánudag og Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að meirihlutamyndun flokkanna sé líkleg en áætlað er að halda viðræðunum áfram í dag, fimmtudag. Enginn sérstakur ágreiningur hefur komið upp til þessa.

## FINNLAND

**Finnska þingið hundrað ára**

Rannveig Guðmundsdóttir, 1. varaforseti Alþingis, og Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, verða fulltrúar þingsins við hátíðahöld í Helsinki í dag í tilefni þess að hundrað ár eru liðin frá því að finnska þingið hóf störf í núverandi mynd.

# Þorir ekki að segja til fíkniefnasmyglara

**Mikael Már Pálsson sem ákærður er fyrir stórfelldan innflutning á fíkniefnum hefur játað þátt sinn en neitar að gefa upp fyrir hvern efnin voru flutt til landsins. Hann hræðist harkalegt ofbeldi þeirra sem stóðu á bak við innflutninginn.**

**DÓMSMÁL** Reykvíkingur á þrítugsaldri, Mikael Már Pálsson, sem ákærður er fyrir stórfelldan innflutning á fíkniefnum, neitaði að segja til þeirra sem skipulögðu innflutning á 3,8 kílóum af amfetamíni, af hræðslu við að fjölskylda hans hlyti verra af, við aðalmeðferð í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Mikael sagði við aðalmeðferð í Héraðsdómi Reykjavíkur að hann hefði ekki getað hugsað sér að koma fjölskyldu sinni í hættu með því að segja til þeirra sem að innflutningnum stóðu.

Mikael er ákærður fyrir að hafa flutt amfetamínið til landsins frá París í byrjun febrúar en hann var stöðvaður, ásamt þáverandi kærustu sinni, af tollvörðum á Keflavíkurflugvelli þegar hann kom til landsins. Amfetamínið fannst í fölskum botni ferðatösku sem Mikael hafði fengið hjá fíkniefnasala þegar hann dvaldi erlendis með kærustu sinni.

Mikael sagðist ekki hafa vitað að í töskunni hafi verið 3,8 kíló af amfetamíni heldur hafi hann haldið að í henni hafi verið eitt og hálft kíló af amfetamíni, eins og rætt hefði verið um þegar hann fékk töskuna afhenta hjá fíkniefnasalanum.

Mikael skuldaði mikla fjármuni vegna fíkniefnaviðskipta og fjárhættuspils, en hann hefur lengi þjáðst af vímuefna- og spilafíkn. Mikael sagðist ekki hafa átt um annað að velja en að flytja efnin til landsins fyrir þá sem hann skuldaði, þar sem hann hefði ekki getað borgað skuldina með neinu móti. Annars hefði hann hlotið verra af.

Mikael er einnig ákærður fyrir að standa að innflutningi á fíkniefnum ásamt þremur piltum á tvítugsaldri, sem hann fékk til þess að koma með tæplega hálft kíló af kókaíni til landsins frá Amsterdam. Auk þess er hann ákærður fyrir ýmis umferðarlagabrot og rangar sakargiftir.

Eftir að Mikael hafði hitt piltana í Breiðholtinu, og gefið þeim upplýsingar um hvern þeir ættu að hafa samband við í Hollandi, fóru piltarnir til Hollands þar sem þeir fengu fíkniefnin afhent og fóru með þau á Hotel Nova í Amsterdam, þar sem þeir pökkuðu efnunum inn.

Því næst fluttu piltarnir efnin til Frankfurt í Þýskalandi þar sem þeir skiptu þeim á milli sín, áður en þeir fóru til Íslands.



**MIKAEL MÁR PÁLSSON** Mikael sést hér yfirgefa héraðsdóm. Hann játaði brot sitt en sagðist ekki hafa vitað að tæplega 3,8 kíló af amfetamíni hefðu verið í töskunni sem hann flutti til landsins frá París. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Piltarnir voru stöðvaðir með efnin af tollvörðum á Keflavíkurflugvelli í janúar.

Piltarnir þrír eru einnig ákærðir fyrir ýmis smærri brot, þar sem þeir voru ýmist saman að verki eða hver í sínu lagi. Meðal þessara brota var innbrot í húsnæði Exton - Kastljóss, þar sem þeir stálu tölvubúnaði að verðmæti á áttundu milljón.

Mikael hefur játað sök í veigamestu ákæruliðum sem að honum snúa en dómur málinu sem snýr að honum verður kveðinn upp eftir tæpar tvær vikur.

Aðalmeðferð í máli piltanna fer fram sjötta september, en þeir hafa játað sök í stærstum hluta ákæruliðanna.

magnush@frettabladid.is

Sveitarfélagið Hornafjörður:

## Nýr meirihluti kominn í höfn

**KOSNINGAR** Framsóknarflokkur og Samfylking hafa myndað nýjan meirihluta á Höfn í Hornafirði sem tekur við af meirihluta Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks.



REYNIR ARNARSON

„Okkur þótti eðlilegt í ljósi kosningaúrslitanna að ræða fyrst við Samfylkinguna um myndun meirihluta,“ segir Reynir Arnarson oddviti framsóknarmanna.

Úrslit kosninganna urðu þau að Framsókn fékk þrjá menn kjörna og sjálfstæðismenn og Samfylking tvo menn hvor flokkur.

Hjalti Þór Vignisson var ráðinn bæjarstjóri í gær.

- ssal

Dani dæmdur í Texas:

## 14 ára fangelsi fyrir samsæri

**DANMÖRK** Uwe Jensen, Dani sem um skeið var þingmaður á danska þjóðþinginu og Evrópuþinginu, var í gær dæmdur í 14 ára fangelsi af dómstól í Houston í Texas, meðal annars fyrir þær sakir að hafa átt þátt í „samsæri gegn Bandaríkjunum“.



**UWE JENSEN** Hefur verið í þrjú og hálft ár í haldi í Texas. NORDICPHOTOS/AFP

„Þetta er uppspuni frá rótum, allt saman,“ hefur fréttavefur Politiken eftir honum. Auk samsæris gegn Bandaríkjunum var hann dæmdur fyrir að hafa átt þátt í viðskiptum, sem sögð eru hafa haft að markmiði að skæruliðasamtök í Kólumbíu fengju vopn í skiptum fyrir kókaín.

- aa



Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

Rekstur leikskólans Leikgarðs flyst til Félagsstofnunar stúdenta í haust:

# Þrír starfsmenn af 20 vinna áfram á 68 barna leikskóla

**LEIKSKÓLAR** Einungis þrír starfsmenn á leikskólanum Leikgarði við Eggertsgötu hafa gefið kost á sér til að starfa áfram við skólann eftir 1. september, þegar Félagsstofnun stúdenta tekur við rekstri hans. Af þessum þremur eru tveir í hlutastarfi en sá þriðji er í fullu starfi, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Ríflega tuttugu starfsmenn vinna á Leikgarði þegar allt er talið. Á skólanum er pláss fyrir 68 börn.

Starfsmennirnir þurftu ekki að segja upp með þriggja mánaða fyrirvara heldur einungis að senda tilkynningu ef þeir gæfu kost á sér til áframhaldandi starfs. Einungis þrír höfðu sent slíka tilkynningu síðdegis í gær þegar fresturinn rann út.



**LEIKGARÐUR** Einungis þrír starfsmenn gefa kost á sér til áframhaldandi starfa.

Á Leikgarði hafa dvalið börn á aldrinum tveggja til sex ára. Með yfirtöku FS er fyrirhugað að lækka aldurinn þannig að leikskólinn verði fyrir börn frá sex mánaða aldri til tveggja ára. Samkvæmt viðtölum við starfsmenn settu margir það fyrir sig að vinna með svo ung börn en aðrir vildu starfa áfram hjá Reykjavíkurborg til að halda réttindum sem þeir höfðu áunnið sér.

Sigurður Örn Hilmarsson, formaður Stúdentaráðs, segir færsluna til FS mikið framfaraskref. Þá sé hægt að fjölga plássum fyrir yngstu börnin sem mikil þörf sé á þar sem borgin felli þann aldur ekki undir leikskólaaldur.

Guðrún Björnsdóttir framkvæmdastjóri FS vildi ekki tjá sig um málið í gær.

- jss



20 stk
Stjúpur
799



Nelikkur 3stk 999



Sólboði 3stk 999



25%
afsláttur af öllum
frostþolnum
útipottum



Hengilobelía 399

# Gróðurátak
## 1.-11. júní




5 lítra
úðakútur fylgir
frítt með
Permasect c og
Herbamix

Permasect C gegn roðamaur 1.590
Herbamix fíflaeyðir 1.595



5 kg
mosaeyðir
með áburði
999

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 31.5.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 71,55 | 71,89 |
| Sterlingspund | 134,42 | 135,08 |
| Evra | 92,08 | 92,60 |
| Dönsk króna | 12,346 | 12,418 |
| Norsk króna | 11,741 | 11,811 |
| Sænsk króna | 9,93 | 9,988 |
| Japanskt jen | 0,6389 | 0,6427 |
| SDR | 106,82 | 107,46 |

*Gengisvísitala krónunnar*
127,2229

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Óbyggðanefnd úrskurðar um þjóðlendur á Suðvesturlandi:

# Ríkið fékk aðeins helming

**ÞJÓÐLENDUDEILA** Óbyggðanefnd birti úrskurði sína um þjóðlendur á svæði 4, Suðvesturlandi, á fundi nefndarinnar í Þjóðmenningarhúsinu í gær. Nefndin hafnaði kröfum um þjóðlendur á um helmingi þess lands sem ríkið gerði tilkall til, þar á meðal efsta hluta Esjunnar.

Afréttir frá Grafningi, Selvogi, Ölfusi, Seltjarnarneshreppi hinum forna og Álftaneshreppi hinum forna voru úrskurðaðir þjóðlendur. Það að Ölfussafréttur var að stórum hluta úrskurðaður þjóðlenda hefur engin áhrif á nýtingu auðlinda í jörðu eins og þær eru nú, en gæti haft áhrif á framtíðarnýtingu.



**FRÁ HELLISHEIÐI** Hluti virkjanasvæðis Hellisheiðarvirkjunar er þjóðlenda samkvæmt úrskurði Óbyggðanefndar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stærstur hluti svæðisins austan Helgafells og Kistufells var úrskurðaður þjóðlenda, að Mosfellsheiði og efsta hluta Esju og Blikdals undanskildum. Kröfum ríkisins um þjóðlendur vestan þess svæðis var hafnað.

Hluti virkjanasvæðis Hellisheiðarvirkjunar er þjóðlenda samkvæmt úrskurði nefndarinnar sem lögmenn Orkuveitu Reykjavíkur hafa lýst furðu sinni á. Landið sem um ræðir var keypt af ríkinu fyrir fáum árum með heimild fjármálaráðherra og Alþingis. Lögmenn Orkuveitunnar eru einnig óánægðir með að aðrar jarðir á Hellisheiði, sem Orkuveitan keypti af landeigendum, séu skilgreindar sem þjóðlendur nú. - shá

Leyniskyttumorð vestra:

## Muhammad dæmdur aftur

**BANDARÍKIN, AP** Kviðdómur í Rockville í Maryland sakfelldi á þriðjudag John Allen Muhammad fyrir sex leyniskyttumorð í nágrenni Washington-borgar á árinu 2002. Áður hafði Muhammad hlotið dóm fyrir eitt leyniskyttumorðanna en það var framið í Virginíu.

Í Maryland liggur ævilangt fangelsi án möguleika á náðun við glæpunum, en í Virginíu dauðadómur.

Lee Boyd Malvo, unglingspiltúrinn sem var félagi Muhammads í leyniskyttumorðunum, var aðalvitni ákæruvaldsins í réttarhöldunum gegn John Allen Muhammad í Maryland. - aa

Borgarfjörður:

## D- og L-listi í meirihluta

**KOSNINGAR** D-listi Sjálfstæðisflokks og L-listi Borgarlistans hafa náð samkomulagi um myndun meirihluta í hinu nýja sameinaða sveitarfélagi í Borgarfirði. „Við erum búnir að ganga frá málefnasamningi og það á bara eftir að samþykkja hann í flokkunum,“ segir Finnbogi Rögnvaldsson, oddviti Borgarlistans. Listarnir fengu þrjá menn hvor en auk þeirra fékk B-listi Framsóknar þrjá menn. D- og L-listi voru í meirihlutasamstarfi í Borgarbyggð og gerir Finnbogi ráð fyrir því að Páll Brynjarsson, bæjarstjóri í Borgarbyggð, verði bæjarstjóri hins nýja sveitarfélags. - ssal



FINNBOGI RÖGNVALDSSON

### BANDARÍKIN

**Hayden tekur við CIA** Michael Hayden herforingi tók á þriðjudaginn formlega við embætti yfirmanns bandarísku leyniþjónustunnar CIA. Bush tilnefndi hann í síðasta mánuði sem eftirmann Porters Goss sem óvænt sagði af sér.

### ÍRAK

**Sprengjur bana tugum manna** Bílsprengjur bönuðu 54 óbreyttum borgurum og særðu 120 í Írak á þriðjudag. Mannskæðasta sprengingin varð um 95 km norður af Bagdad. Þar létu minnst 25 manns lífið.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Reyndi að flýja** Tilraunir ungs ökumanns bifhjóls til að flýja frá lögreglu í fyrrakvöld misheppnuðust illilega, enda féll maðurinn tvívegis af hjóli sínu áður en hann brá á það ráð að flýja á tveimur jafnfljótum. Náðist hann fljótt og reyndist ómeiddur.

# Olís íhugar að kæra FÍB fyrir dylgjur

**Framkvæmdastjórn Olís segir talnaútreikninga FÍB ekki rökstyðja að olíuverslunin brjóti samkeppnislög. Hún hefur beðið lögfræðinga að meta réttarstöðu sína gagnvart órökstuddum og röngum fullyrðingum bifreiðasamtakanna.**

**SAMKEPPNI** „Það er ekki sæmandi FÍB að gefa með órökstuddum hætti ítrekað í skyn að Olíuverslun Íslands og stjórnendur hennar séu að brjóta samkeppnislög,“ segir í yfirlýsingu framkvæmdastjórnar Olís. Stjórnin hefur falið lögfræðingum sínum að kanna réttarstöðu félagsins gagnvart því sem hún segir órökstuddar og rangar fullyrðingar samtakanna.

Félag íslenskra bifreiðaeigenda hefur fylgst með breytingu á álagningu á bensíni og díselolíu. Það vill að Samkeppniseftirlitið kanni hvort olíufélögin þrjú Essó, Skeljungur og Olís brjóti samkeppnislög þar sem þau hafi lækkað álagningu á díselolíu en hækkað á bensíni. Telja samtökin hugsanlegt að bensínkaupendur niðurgreiði eldsneytið fyrir díselkaupendur. Samtökin undanskilja Atlantsolíu þar sem markaðshlutdeild fyrirtækisins í bensíni sé svo lítil. Atlantsolía veiti hins vegar samkeppni á díselmarkaðinum.

Framkvæmdastjórn Olís segir fráleitt að gefa í skyn að Atlantsolía hafi jákvæð áhrif á samkeppnisumhverfi í díselolíusölu umfram aðra keppinauta á markaðinum: „Atlantsolía býður bæði upp á bensín og díselolíu á öllum sínum sölustöðum, auk þess sem það er staðreynd að Atlantsolía hefur nánast aldrei verið fyrst til að lækka verð á eldsneytismarkaði.“ Þá segir stjórnin það staðreynd að upptaka olíugjaldsins hafi kallað í för með sér verulegan kostnaðarauka fyrir félagið.

Samúel Guðmundsson, framkvæmdastjóri vörustýringasviðs, segir hann vera tæpar hundrað milljónir fyrir utan rekstrarkostnað.



**DÆLT Á BÍLINN** Félag íslenskra bifreiðaeigenda vill að samkeppniseftirlitið skoði hvort hörð samkeppni sé í sölu á díselolíu bitni á bensínkaupendum. Það segir Olís að sé þvættingur. FRÉTTABLAÐIÐ/

Stefán hjá Skeljungi vísaði í yfirlýsingu á heimasíðu félagsins. „Yfirlýsing FÍB um óeðlilega álagningu á bensín og díselolíu er röng. Skeljungur niðurgreiðir ekki díselolíu með einum eða neinum hætti. Álagning Skeljungs á bensíni hlítir jafnframt eðlilegri samkeppni á markaði og hefur ekki verið hækkuð til að fjármagna niðurgreiðslu á annarri vöru eins og FÍB heldur fram. Álagning á eldsneyti er að aukast og kemur þar margt til, til dæmis aukinn kostnaður við fjárbindingu, rýrnun og frakt. Við hjá Skeljungi erum ávallt tilbúin til að ræða opinskátt við neytendur eða fulltrúa þeirra og þar á meðal forráðamenn FÍB.“

Ekki náðist samband við yfirstjórn Essó, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. gag@frettabladid.is

Óháðir setja fram kröfu:

## Svanfríður í bæjarstjórastól

**KOSNINGAR** J-listinn á Dalvík, listi óháðra með Svanfríði Jónasdóttur í fararbroddi, ræðir við sjálfstæðismanninn Arngrím Vídalín Baldursson um myndun meirihluta í bæjarstjórninni.



SVANFRÍÐUR JÓNASDÓTTIR

Viðræðurnar hófust í fyrrakvöld, að sögn Arngríms. Hann segir óháða gera kröfu um að Svanfríður verði næsti bæjarstjóri. Hann sagði hlutverkaskipan hins vegar ekki hafa verið rædda til hlítar.

Svanfríður staðfestir viðræðurnar og segir þær ganga mjög vel. Hvorki sé fyrirstaða varðandi sætaskipan né málefni.

Viðræðurnar héldu áfram í gærkvöldi. - gag

Sveitarstjórnarmál:

## Meirihluti í Norðurþingi

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur hafa myndað meirihluta í sveitarstjórn í sameinuðu sveitarfélagi Húsavíkurbæjar, Keldunes-, Raufarhafnar- og Öxarfjarðarhrepps, sem heitir Norðurþing.

Oddviti Sjálfstæðisflokksins, Jón Helgi Björnsson, segir brýnasta verkefni nýrrar sveitarstjórnar vera að ná tökum á rekstri sveitarfélagsins. „Mikilvægasta verkefnið er að taka á rekstrarvanda sveitarfélagsins og skapa þannig einstaklingunum og fyrirtækjum í sveitarfélaginu sóknarfæri.“

Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um hver verður nýr sveitarstjóri. - mh


HÁSKÓLI ÍSLANDS

Lagadeild



Laganám í Háskóla Íslands: Metnaður, gæði og árangur.

Allar upplýsingar í síma **525 4386** og á **www.hi.is**.
Umsóknarfrestur er til 6. júní.


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HVÍTASUNNAN OG SKÍÐI**

Ég var að frétta af því að í norðan áhlaupinu á dögunum væri svo mikill snjór á skíðasvæðinu við Siglufjörð að þar séu menn að ryðja honum frá lyftunum svo hægt verði að nota skíðalyfturnar um hvítasunnuna. Snjórinn er svo mikill að lyfturnar hafa nánast fennt í kaf. Ótrúlegt en satt. Það er ekki ónýtt að geta farið með fellihýsið eða hjólhýsið á Sigló og farið á skíði í leiðinni.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI**

Suðvestan 5-8 m/s. Skúrir í morgunsárið en síðan léttir til eftir hádegi.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Fremur hæg, vestlæg átt.

*» laugardagur*




Fremur hæg, vestlæg átt.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 11°C skúrir | London | 18°C skúrir | Alicante | 22°C heiðskírt |
| Billund | 13°C léttskýjað | París | 12°C skúrir | Mallorca | 19°C heiðskírt |
| Osló | 14°C hálfskýjað | Frankfurt | 12°C skúrir | Algarve | 23°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 14°C skúrir | Friedrichshafen | 2°C skúrir | Krít | 29°C heiðskírt |
| Gautaborg | 11°C léttskýjað | Berlín | 12°C skúrir | Las Palmas | 21°C heiðskírt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# TOUS

be passion be tous

SWEET DIAMONDS SOLITAIRE



TOUS Smáralind · Sími 578 8687

www.tous.com

New York · Paris · Madrid · Barcelona · Mexico City · Tokyo · Dubai

ENNEMM / SIA / NM22094

# Smáralind

kynnir nýja verslun




**Opið til kl. 21 í kvöld**

Verslanir opnar: Mán.-mið. 11-19, **fim. 11-21**, fös. 11-19, lau. 11-18 og sun. 13-18 / smaralind.is / 528 8000



## KJÖRKASSINN

*Ætlarðu í ferðalag um hvítasunnuna?*

| | |
|---|---|
| Já | 68% |
| Nei | 32% |

**SPURNING DAGSINS**

*Er nauðsynlegt að endurskoða lög um nálgunarbann?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Málstofa Hafréttarstofnunar Íslands um þorskastríðin:

# Saga landhelgismálsins rædd

**SAGA** Hafréttarstofnun Íslands stendur í dag fyrir málstofu í hátíðasal Háskóla Íslands í tilefni af því að þrjátíu ár eru liðin frá lokum landhelgismálsins. Minnst verður þorskastríðanna svokölluðu á tímabilinu 1948 til 1976 þegar Íslendingar tókust á við Breta um réttinn til að veiða á hinum gjöfulu Íslandsmiðum.

Ávörp á málstofunni flytja Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra, Geir H. Haarde utanríkisráðherra og Einar Kr. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra. Þegar ráðherrarnir hafa lokið máli sínu mun Guðni Th. Jóhannesson, sagnfræðingur við Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, flytja erindi en á málstofunni verða fyrstu eintökin af bók Guðna um landhelgismálið, Þorskastríðin þrjú og saga landhelgismálsins 1948-1976, verða afhent. Peter Hennessy, sem er prófessor í breskri nútímasögu, mun í kjölfar Guðna flytja erindi um sýn Breta á landhelgismálið en að því loknu verða fyrirspurnir og umræður.

Málstofan hefst klukkan 12.15 í dag og stendur til 15. Málstofan er öllum opin á meðan húsrúm leyfir og fer Tómas H. Heiðar, þjóðréttarfræðingur í utanríkisráðuneytinu, með málstofustjórn.

**- shá**



**TEKIST Á** Í þriðja þorskastríðinu skarst oft í odda og bresk herskip sigldu á íslensku varðskipin til að stugga þeim frá breskum togurum við veiðar.

Álverið í Helguvík:

# Orkusamningur liggur fyrir

**STÓRIÐJA** Meginlínur orkusamnings vegna álvers í Helguvík liggja nú fyrir og verður rammasamkomulag undirritað milli Norðuráls, Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja í dag.

Samkvæmt samkomulaginu munu orkufyrirtækin útvega hvort um sig um eitt hundrað megavött árið 2010 en þá er gert ráð fyrir að fyrri áfangi álversins geti tekið til starfa. Hitaveita Suðurnesja gerir ráð fyrir að fá orkuna með stækkun Reykjanesvirkjunar og með nýrri virkjun í Trölladyngju. Orkuveita Reykjavíkur hyggst fá orkuna frá Hellisheiðarvirkjun.


Bjartir dagar

Lista- og menningarhátíð Hafnarfjarðar

1.-10. júní 2006

Í DAG 1. júní

**Dagskrá Byggðasafnsins á safnadegi**

kl.11:00 Opið á sýningar Byggðasafns Hafnarfjarðar.

Kl.18:00 Fallin spýta. Komið með börnunum og takið þátt í gömlu góðu leikjunum.

Kl.18:00 Leikarar frá leikfélagi Hafnarfjarðar færa sýningu Byggðasafnsins í Sívertsens-húsinu líf.

Kl.19:00 Fornbílaklúbburinn kemur í heimsókn.

*Dagskráin stendur til kl. 21:00.*

**Kl. 14:00 Skrudda fyrir börnin.**

Brúðubíllinn sýnir fyrir utan Bókasafn Hafnarfjarðar.

**Kl.14:00 Míkróveröld og morgunstemningar**

Opnun ljósmyndasýningar Magnúsar Björnssonar í Bókasafni Hafnarfjarðar.

**Setningarhátíð Bjartra daga í Hásölum**

**Kl. 16:00** Bjartir dagar eru settir á 98 ára afmælisdegi kaupstaðarréttinda Hafnarfjarðarbæjar. Bæjarstjóri flytur ávarp, bæjarlistamaður útnefndur. Óperukór Hafnarfjarðar og blokkflautukór frá Áslandsskóla. *Allir velkomnir*.

**Kl. 18:00 Rativ**

KB BANKI

Opnun sýningar á útlistaverkum fimm listnema við Listaháskóla Íslands. Verkin eru sýnd á nýja strandstígnum. Styrkt af KB banka

**Kl.19:00 Tungur í leikhúsi**

Opnun sýningar í anddyri Hafnarfjarðarleikhússins á verkum Aldísar Yngvadóttur. Sýningin er opin í tengslum við viðburði í leikhúsinu.

**Kl. 20:00 Kór Flensborgarskólans í Hásölum Hafnarfjarðarkirkju**

Kórinn býður upp á líflega og skemmtilega tónleika með afar fjölbreyttri efnisskrá. Fríar veitingar í hléi. *Miðaverð er kr. 1500 / frítt fyrir nemendur Flensborgarskólans og börn yngri en 12 ára.*

**Kl. 20:00 Opin æfing á Gunnlaðar sögu í Hafnarfjarðarleikhúsinu**

Skáldsaga Svövu Jakobsdóttur er í leikgerð Sigurbjargar Þrastardóttur. Leikstjóri er Þórhildur Þorleifsdóttir. Einstakt tækifæri fyrir leikhúsunnendur að sjá hvernig leiksýning verður til og hvernig vinnulag í atvinnuleikhúsi er háttað.

**Kl. 20:00 Opnunarkvöld Gamla bókasafnsins við Mjósund**

Ungt fólk skipuleggur þétta dagskrá á Björtum dögum. Opnun myndlistarsýningar, boðið upp á grillaða pylsur og gos, tónlistaratriði, menningarhorn og fleira.

**Ljóð í lauginni** í sundlaugum Hafnarfjarðar,
**Leikskólalist** í fyrirtækjum og stofnunum bæjarins
**Sumarlestur** Bókasafns Hafnarfjarðar

Aðgangur ókeypis á viðburði nema annað sé tekið fram

**ALLA BJARTA DAGA** - Rativ - Tungur í leikhúsi - Míkróveröld og morgunstemningar
Ljóð í lauginni - Leikskólalist - Sumarlestur - Brynja og börnin

Allar nánari upplýsingar í Þjónustuveri Hafnarfjarðar, Strandgötu 6
Sími 585 5500 - www.hafnarfjordur.is

vilborga@centrum.is


# Hafnfirðingar hafa neitunarvald um ál

**Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra gagnrýnir Samfylkinguna og segir að meirihlutavald hennar í Hafnarfirði geti stöðvað aukna álframleiðslu á suðvesturhorni landsins. Stjórnarandstæðingar segja iðnaðarráðherra fylgja öfgastefnu.**

**VIRKJANIR** Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra ítrekaði í fyrirspurnartíma á Alþingi í gær þá skoðun sína að staldra ætti við þegar framleiðsla á áli í landinu væri orðin ein milljón tonn á ári.

Mörður Árnason, Samfylkingunni, taldi að í svörum Valgerðar við fyrirspurn sinni um vatnsaflsvirkjanir og álframleiðslu fælist að hún væri hlynnt ítrustu kröfum orkuiðnaðarins um að nýtanleg væru allt að 25 til 30 terawött í landinu að teknu tilliti til umhverfissjónarmiða, en það er margföld sú orka sem nú þegar er aflað í landinu.

„Hér er nærri því um að ræða ítrustu hugmyndir orkuiðnaðarins um virkjanir vatnsafls á Íslandi,“ sagði Helgi Hjörvar, Samfylkingunni. Þótt mörg verkefni mætti skoða ein og sér yrði um allt annað Ísland að ræða en við þekktum í dag ef slík áform yrðu að veruleika. Nauðsynlegt væri að endurskoða stefnu iðnaðarráðherra sem Helgi kallaði öfgastefnu.

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra sagði að engin ákvörðun lægi enn fyrir að svo stöddu um aukna álframleiðslu og alls óvíst hvort af slíkum áformum yrði. „Samningum um raforkuöflun, sem í verulegum mæli mætti fá með jarðhitavirkjunum er ekki lokið. Mati á umhverfisáhrifum er í tveimur af þremur tilvikum ólokið. Af þessu má vera ljóst að stjórnvöld draga ekki lengur vagninn í þessum málum en þau beita áhrifum til þess að beina þeim í skynsamlegan farveg.“

Valgerður gagnrýndi Samfylkinguna fyrir að hafa ekki sömu stefnu í sveitarstjórnum og á Alþingi í stóriðjumálum.

„Í Hafnarfirði er Samfylkingin með hreinan meirihluta og það vill svo til að álverið í Straumsvík verður ekki stækkað nema að framkvæmdin verði samþykkt af hálfu Samfylkingarmanna í Hafnarfirði. Þeir hefðu getað komið í veg fyrir að þetta færi yfirleitt af stað... Þar að auki á Hafnarfjarðarbær það land þar sem mestar líkur eru á að virkjað verði vegna Helguvíkur. Samfylkingin í Hafnarfirði getur stoppað það ef hún bara einu sinni vill. Samfylkingin er í þeim meirihluta sem enn er starfandi á Húsavík ef hún hefur ekki hrökklast frá nú þegar. Þar væri ekkert um að vera ef Samfylkingin vildi það ekki. Það er ekki hægt að vera með eina skoðun á Alþingi og aðra skoðun í sveitarstjórnum,“ sagði iðnaðarráðherra.

johannh@frettabladid.is



**MÖRÐUR ÁRNASON** Iðnaðarráðherra er að mati Marðar enn hlynntur ítrustu áformum um nýtingu vatnsafls til álframleiðslu.

**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR** Ekkert er enn í höfn um aukna álframleiðslu í landinu segir Valgerður.

Uppstokkun hjá tímaritunum Vikunni, Húsum og híbýlum og Séðu og heyrðu:

# Þremur ritstjórum sagt upp

**ATVINNA** Ritstjórum tímaritanna Vikunnar, Húsa og híbýla og Séð og heyrt sem gefin eru út af Fróða var sagt upp störfum í gær. Ástæðan er sögð slæm afkoma blaðanna.

Elín Albertsdóttir, ritstjóri Vikunnar, er undrandi á uppsögninni. „Mér voru sýndar tölur um að ég hefði rekið blaðið best allra blaða ritstjórnarlega séð, en hins vegar væri mínus í auglýsingasölu og það þyrfti að ná þeirri sölu upp.“ Elín segir að henni hafi verið boðið að rétta reksturinn við á næstu þremur mánuðum og þá héldi hún starfinu, en hún segist lítinn áhuga hafa á því. „Það getur enginn unnið af gleði með uppsagnarbréfið í vasanum. Ég er að bíða eftir því að fá starfslokasamning því mig langar ekki að vinna hérna deginum lengur.“



**ALLT BÚIÐ** Bjarni Brynjólfsson, ritstjóri hjá Séð og heyrt, að loknum starfsmannafundi hjá Fróða í gær.

Bjarni Brynjólfsson, ritstjóri Séð og heyrt, tekur í sama streng. „Ég tel mig nú ekki vera ábyrgan fyrir auglýsingasölu í blaðið, frekar en aðra ritstjóra.“ Hann segist ekki viss um framhaldið. „Mér finnst það býsna einkennilegt að setja hengingarólina um hálsinn á herforingjanum og ætlast til þess að hann haldi stríðinu áfram.“

Júlíu Maríu Alexandersdóttur, ritstjóra Húsa og híbýla var einnig sagt upp en hún er ekki viss um hvert hennar næsta skref verður.

Að sögn Elínar Ragnarsdóttur, framkvæmdastjóra Fróða, var fimm starfsmönnum alls sagt upp. Ritstjórum vikuritanna Séð og heyrt og Vikunnar, tveimur blaðamönnum og einum starfsmanni til viðbótar sem Elín vildi ekki nafngreina. Ekki fékkst staðfest hvort sá starfsmaður væri Júlía María. Elín segir uppsagnirnar ekki tengjast breyttu eignarhaldi fyrirtækisins. Ekkert slíkt væri í spilunum.

**- sh**

# Blóma markaður






Stjúpur 10 stk.



Lóbelía



Sólboði



Dahlía



Margaríta



Hansarós



Gljámispill



Gullsópur

Gildir til 5. júní eða á meðan birgðir endast

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

EINU SINNI VAR...

Ævintýralegir tilboðsdagar

20%
af öllum vörum
dagana 31. maí - 3. júní

Fákafen 9, Sími 5331118
einusinnivar.is

Rannsóknin á láti Díönu prinsessu af Wales:

# Ný sönnunargögn

**LONDON, AP** „Við höfum fengið ný vitni og ný sönnunargögn," segir John Stevens lávarður, fyrrverandi yfirmaður lögreglunnar í London, en hann hefur umsjón með opinberri rannsókn á láti Díönu prinsessu í bílslysi í París fyrir nærri níu árum.

Hann vildi þó ekki segja neitt meira við blaðamenn, heldur bætti því við að með þessu væri hann búinn að segja þeim of mikið.

Þessi rannsókn hefur staðið yfir í tvö ár og beinist hún bæði að atvikinu í París og að samsæriskenningum sem komust á kreik í kringum það. - gb



**DÍANA PRINSESSA** Bresk rannsókn hefur staðið yfir í tvö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Dræm rækjuveiði:

# Einn bátur er að veiðum

**FISKVEIÐAR** Mjög lítið hefur verið veitt af úthafsrækju af því sem af er fiskveiðiárinu eða aðeins um fimm prósent kvótans. Að sögn Björns Jónssonar hjá Landssambandi íslenskra útvegsmanna er skýringin sú að rekstrargrundvöllur sé slæmur og núna sé aðeins einn bátur að veiðum. Einnig spilar inn í lítil veiði og hátt olíuverð.

Björn segir menn hafa reynt að þrauka í þessu slæma rekstrarumhverfi undanfarin ár en tapað miklu síðan gefist upp á rækjunni. Rækjan hefur að mestu leyti verið flutt út en heimsmarkaðsverð á henni er lágt um þessar mundir. - gbg

BÍLL DAGSINS
SSANGYOUNG MUSSO SPORT
Nýskr 09.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 2 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.

# Stukku á tindinn á hæsta fjalli landsins

**Tveir ungir björgunarsveitarmenn voru ferjaðir upp á tind Hvannadalshnúks með TF-Líf. Þeir stukku úr þyrlunni með allan sinn búnað og gengu með tveimur mönnum sem lentu í snjóflóðinu á Hvannadalshnúki aftur til byggða.**

**BJÖRGUN** Arnar Felix Einarsson, 25 ára fjallaleiðsögumaður í Skaftafelli, og Birkir Árnason, tvítugur björgunarsveitarmaður frá Kirkjubæjarklaustri, áttu stóran hlut í björgun mannanna sem lentu í snjóflóði á Hvannadalshnúki um hádegisbil á mánudag. Þeir voru ferjaðir með þyrlu Landhelgisgæslunnar TF-Líf upp á tind Hvannadalshnúks svo að mögulegt væri að koma þeim sem þar voru í hættu staddir til aðstoðar. Eina leiðin til að gera það mögulegt var að piltarnir stykkju úr þyrlunni úr tveggja metra hæð þar sem hún sveif yfir tindinum. Þessi leið var hins vegar áhættusöm auk þess sem mikil ábyrgð hvíldi á þeim því fyrirsjáanlegt var að þeir yrðu fyrstir á slysstaðinn og þyrftu að veita mönnunum fyrstu hjálp.

Ástæðan fyrir því að ákveðið var að ferja piltana upp á hnúkinn var sú að talið var ólíklegt að TF-Líf gæti komist að mönnunum fimm vegna slæms skyggnis þar sem snjóflóðið féll og mennirnir biðu eftir aðstoð. Því var ákveðið að fara með þá Arnar og Birki upp á fjallið.

Þyrlan tók piltana upp á bílastæðinu við Sandfellsleið upp á Hvannadalshnúk og kom það þeim félögum nokkuð á óvart. Birkir Árnason segir að tilviljun hafi ráðið því að hann fór þessa ferð. „Ég er ekki vanur björgunarsveitarmaður en ég fór vegna þess að ég var vel búinn og í góðu líkamlegu ástandi. Arnar er þaulvanur fjallamaður og hefur margoft komið þarna upp svo það var eðlilegt að hann færi." Tilfinningunni sem fylgdi því að stökkva á tind hæsta fjalls landsins úr þyrlu lýstu þeir félagar báðir sem óvenjulegri, og stundin var þrungin spennu og eftirvæntingu.

Arnar lýsir atburðarásinni eftir stökkið á þann hátt að á því augnabliki sem þeir komu að fimmmenningunum hafi þyrlan verið að hífa slösuðu mennina þrjá um borð í TF-Líf með aðstoð sigmannsins. „Við töluðum við þá tvo sem eftir voru og við ákváðum í sameiningu að labba niður." Arnar segir að farangur þeirra sem slösuðust hafi björgunarsveitarmenn á snjósleðum tekið með sér ásamt meðlimum Flugbjörgunarsveitarinnar sem stukku á jökulinn til aðstoðar mönnunum. Þeir félagar segja að frábært sé að hafa slíka sveit þótt ekki hafi reynt á það að fullu í þessari björgunaraðgerð.

svavar@frettabladid.is



**HVANNADALSHNÚKUR** Hæsta fjall Íslands er 2.109 metra hátt og ekki árennilegt að sjá. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**BIRKIR ÁRNASON**



**ARNAR FELIX EINARSSON**




Félagar í Vildarþjónustu fá allt að 30.000 kr. afslátt af utanlandsferðum

Skoðaðu sumartilboð Vildarþjónustu Sparisjóðsins á spar.is

Fiton/SÍA

SPARISJÓÐURINN
Vildarþjónusta

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Fyrri reynsla af hamförum reynist íbúum á eyjunni Jövu vel:

# Hjálpin berst fljótt og vel

**INDÓNESÍA, AP** Hamfarirnar sem hafa riðið yfir Indónesíu síðustu misseri urðu til þess að ekki tók langan tíma að skipuleggja og hefja neyðaraðstoð þegar jarðskjálfti sem mældist 6,3 á Richter reið yfir Indónesíu á laugardag og varð yfir 5.800 manns að bana.

Einna helst mátti þakka það flóðbylgjunni árið 2004, sem varð 131.000 Indónesíubúum að bana, að bæði hjálparstofnanir og ríkisstjórn Indónesíu voru betur undirbúin og gátu brugðist skjótt við, að sögn Kendartanti Subroto, sem starfar hjá Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna.

Starfsmenn Rauða krossins funduðu með ráðamönnum innan ríkisstjórnarinnar nokkrum klukkustundum eftir að skjálftinn reið yfir, en starfsmenn þeirra voru þegar á svæðinu vegna yfirvofandi eldgoss úr eldfjallinu Merapi, að sögn Teresita Uspadin, talsmanns alþjóðadeildar Rauða krossins. Að sögn indónesískra yfirvalda fara líkurnar á því að fleiri finnist á lífi í rústunum þverrandi. Um 200.000 manns eru heimilislausir eftir skjálftann og fjölmargir særðust. Hjálp berst nú til Indónesíu frá fjölmörgum löndum heims. - smk



**SLÖSUÐ** Þessi gamla kona var ein hinna fjölmörgu sem slösuðust í skjálftanum sem reið yfir Jövu á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



TÓMT,
EN LOFAR GÓÐU.

ANNO 1366
STELLA ARTOIS

0,0%

www.verk.hi.is



RAFMAGNS-
OG TÖLVU
VERKFRÆÐI



Stýrifræði
Merkjafræði
Raforkufræði
Fjarskiptaverkfræði
Rafeindatækni
Tölvuverkfræði
Rásafræði
Hátækni



Umsóknarfrestur er til 6. júní

VERKFRÆÐIDEILD
HÁSKÓLA ÍSLANDS

ENNEMM / SÍA / NM22102



Fimm starfsmönnum Já sagt upp á Egilsstöðum:

# Ný stöð opnuð í Reykjanesbæ

**ATVINNUMÁL** Já, sem er í eigu Símans, hefur ákveðið að flytja þjónustustöð sína á Egilsstöðum til Reykjanesbæjar en þar var meðal annars svarað fyrir 118.

Fimm starfsmönnum hefur verið sagt upp en að sögn Sigríðar Oddsdóttur, framkvæmdastjóra Jás, eru ástæður flutningsins þær að bæði gekk illa að ráða fólk til starfa á Austurlandi og að efla eigi starfsemi kjarnamiðstöðva félagsins.

Starfsemin verður í framtíðinni á þremur stöðum, í Reykjavík, á Akureyri og í Reykjanesbæ. Mannaráðningar í Reykjanesbæ ganga vel og þegar er búið að ráða sex starfsmenn en áætlað er að opna í næstu viku. Starfsmönnunum á Austurlandi verður sagt upp en gert er ráð fyrir að starfsemin þar haldi áfram fram á haust. Stöðin fyrir austan var opnuð árið 2001 en mikill kostnaður fylgir því að flytja starfsemina á milli staða. „Við höfum verið að reyna núna í átta mánuði að ráða starfsfólk og okkur hefur ekki tekist að ráða fólk“ segir Sigríður.



**FRÁ EGILSSTÖÐUM** Fyrirtækið Já hefur ákveðið að flytja starfsemi sína frá Egilstöðum.

„Við erum að sjálfsögðu ekki sátt við eitt einasta starf sem flutt er úr sveitarfélaginu til annarra sveitarfélaga á kostnað okkar,“ segir Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs, en bæjarstjórnin ætlar að fjalla um málið á næsta fundi sínum.

Í fyrra flutti Já starfsemi sína frá Ísafirði en þá var ætlunin að byggja upp á Egilsstöðum og á Akureyri.

-gþg

# Blinduðust af hatri

**Bandarísk stjórnvöld ætla að rannsaka ofan í kjölinn fjöldamorðin í Haditha í Írak í nóvember síðastliðnum. Bandarískur hermaður sem var á staðnum segir að félagar hans hafi gjörsamlega misst stjórn á sér.**

**BANDARÍKIN, AP** Smám saman er að fást skýrari mynd af atburðunum í Haditha í Írak þann 19. nóvember síðastliðinn, þar sem grunur leikur á að rúmlega tugur bandarískra landgönguliða hafi myrt á annan tug óbreyttra borgara.

Bandaríska varnarmálaráðuneytið hefur ekki sagt mikið opinberlega um þetta mál. Þó er vitað að bandarísk hersveit varð fyrir sprengju, sem komið hafði verið við vegarbrúnina. Einn landgönguliði lést af völdum sprengingarinnar.

Fyrst í stað var því haldið fram að fimmtán óbreyttir borgarar hefðu einnig fallið af völdum sprengingarinnar, og átta írakskir uppreisnarmenn hefðu í framhaldinu látist í átökum við bandaríska hermenn.

Bandaríski þingmaðurinn John Murta, sem er demókrati og fyrrverandi hermaður, fékk nánari upplýsingar um atvikið hjá yfirmönnum í hernum og hann segir að landgönguliðar hafi drepið óbreytta borgara, sem voru staddir í leigubifreið þar sem sprengingin varð, og síðan hafi þeir farið inn í tvær íbúðir og skotið þar fleira fólk.

James Crossan, einn þeirra bandarísku hermanna sem særðust í sprengingunni, sagðist í sjónvarpsviðtali á þriðjudag halda að sumir landgönguliðanna hafi líklega misst algerlega stjórn á sér eftir að þeir horfðu upp á félaga sinn farast í sprengingunni.

„Þannig að ég held að þeir hafi hreinlega blindast af hatri,“ sagði hann, „og þeir misstu bara stjórn á sér.“



**LANDGÖNGULIÐAR SPJALLA** Rannsóknin á fjöldamorðunum í Haditha er umræðuefni þessara tveggja bandarísku landgönguliða, sem hittust í Oceanside í Kaliforníu á þriðjudaginn.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandarísk stjórnvöld segjast ætla að birta niðurstöður rannsókna á þessum atburði, en rannsóknirnar beinast einkum að rúmlega tíu landgönguliðum, sem grunaðir eru um að hafa átt hlut að máli. Annars vegar beinist rannsóknin að því hvort þessir hermenn hafi myrt óbreytta borgara, en hins vegar er verið að rannsaka hvort þeir og yfirmenn þeirra hafi reynt að þagga málið niður. „Það er ekki réttlætanlegt að fjölskylda sé drepin vegna þess að einhver er að berjast gegn hryðjuverkamönnum,“ sagði Nouri al-Maliki, sem nýverið tók við embætti forsætisráðherra í Írak. „Við verðum að vera nákvæmari og varkárari,“ sagði hann í viðtali við bresku sjónvarpsstöðina BBC.

gudsteinn@frettabladid.is

Breytt útgáfa íslenskra vegabréfa



VAKIN ER ATHYGLI Á AÐ:

Á höfuborgarsvæðinu er aðalumsóknarstaður hjá Sýslumanninum í Kópavogi, Dalvegi 18. Afgreiðslutími frá kl. 09:00 til 15:30.

Sækja má um vegabréf hjá öllum sýslumannsembættum utan Reykjavíkur og hjá Lögreglustjóranum í Reykjavík, Borgartúni 7b, óháð búsetu eða lögheimili.

Myndataka fyrir vegabréfsumsókn fer fram á umsóknarstað á sama tíma og sótt er um, umsækjanda að kostnaðarlausu. Einnig má koma með eigin myndir frá ljósmyndara á rafrænu formi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

FREKARI UPPLÝSINGAR FÁST Á: www.vegabref.is

# LÁTUM BLÓMIN TALA!

TILBOÐ



20 STJÚPUR Í HÓLFABÖKKUM **795 kr.**

TILBOÐ



Hengilobelia **395 kr.**

TILBOÐ



Pelargoniur **795 kr.**

TILBOÐ



Nellikkur **395 kr.**

TILBOÐ



Tóbakshorn **395 kr.**

## ALLT TIL AÐ GERA GÓÐAN GARÐ ...Á GÓÐU VERÐI

TILBOÐ



FÍFLASTAFUR **1.750kr**

HERBAMIX **1695kr**

VILTU LOSNA VIÐ FÍFLANA ÚR GRASFLÖTINNI?

TILBOÐ




Mildur sveppamassi
20 og 42 ltr.

**20 % AFSLÁTTUR**

TILBOÐ




Skrautsteinar í garðinn:
ca. 25 kg.

**frá 895 kr.**




AFSKORNAR ELDLILJUR **250 kr.**

ATH! OPIÐ ALLA HVÍTASUNNUHELGINA!

GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:
*gegn fíflum í grasflöt*

*HERBAMIX*
*Blandað í vatn og úðað/vökvað yfir illgresið*
*Eyðir fíflum og öðrum hvimleiðum tvíkímblöðungum úr grasflötinni*
*Eyðir ekki grasinu.*

GARÐHEIMAR

*allt í garðinn á einum stað!*

GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:
*gegn fíflum í grasflöt*

*FÍFLASTAFUR*
*Stafnum er stungið niður með stólparót fífilsins, snúið, togað upp og losað!*

Stekkjarbakka 6 - skiptiborð 540 3300 - www.gardheimar.is

www.verk.hi.is



TÖLVUNARFRÆÐI
HUGBÚNAÐAR
VERKFRÆÐI



Reiknifræði
Lífupplýsingafræði
Hugbúnaðarþróun
Forritunarmál
Gagnvirkni manns og tölvu
Reiknirit
Gæðastjórnun
Tölvugrafík



Umsóknarfrestur er til 6. júní

VERKFRÆÐIDEILD
HÁSKÓLA ÍSLANDS


Ný tilmæli um vinnureglur fyrir stjórnendur og starfsfólk spítala:

# Segir fjölmiðla of ágenga

**LANDLÆKNIR** Fjölmiðlar hafa á stundum verið of ágengir inni á sjúkrahúsum, að því er Sigurður Guðmundsson landlæknir telur. Hann hefur sent frá embættinu tilmæli um vinnureglur til stjórnenda sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana um samskipti fjölmiðla við sjúklinga.

Forstöðumenn og faglegir stjórnendur heilbrigðisstofnana bera ábyrgð varðandi aðgengi fjölmiðla að sjúklingum og upplýsingar til fjölmiðla um sjúklinga og vistmenn stofnana, samkvæmt vinnureglum landlæknis. Ávallt skal leita samþykkis æðstu fagstjórnenda stofnunar eða þeirra sem þeir tilgreina



**NÝJAR VINNUREGLUR** Landlæknir vill að æðstu fagstjórnendur stofnunar ráði hvort fjölmiðill fái viðtal eða ekki. Myndin er ekki í tengslum við efni fréttarinnar.

áður en leyfi til töku viðtals er veitt inni á stofnuninni, jafnvel þótt samþykki sjúklings og aðstandenda liggi fyrir. Þar sem því verður við komið skal leitast við að slík viðtöl fari ekki fram inni á venjulegum sjúkrastofum eða göngum heldur sjúklingnum boðið að fara með fjölmiðlamanninum á afviknari stað. Sé ekki fallist á þessi skilyrði verður að tjá sjúklingi og viðtalsbeiðendum að viðtalið verði að bíða útskriftar sjúklingsins.

Landlæknir segir þessi tilmæli til komin annars vegar vegna ábendinga frá sjúklingum sem legið hafi á sjúkrahúsi undir þessum kringumstæðum og hins vegar vegna ábendinga starfsfólks og stjórnenda spítala um að leiðbeiningar skorti vegna beiðna fjölmiðla um viðtöl og upplýsingar. **- jss**

Nýjar rannsóknir á hitastigi jarðar fyrir 66 milljónum ára:

# Hitasvækja á norðurpól

**WASHINGTON, AP** Í eina tíð var ósköp notalegur hiti á norðurpólnum, 23 gráður að meðaltali. Þar voru pálmatré og forfeður krókódíla nútímans svömluðu um, og moskítóflugurnar voru á stærð við mannshaus.

Þetta var fyrir 55 milljónum ára. Gróðurhúsaáhrifin alræmdu voru þá í hámarki, svo mjög að víðast hvar á jörðinni hefði mönnum verið nánast ókleift að lifa vegna hitasvækju.

Vísindamenn hafa til þessa talið að hitastigið á Norðurpólnum hafi á þessum tíma verið um það bil 11 gráður að meðaltali, en nýjar rannsóknir á borkjörnum leiddu óvænt í ljós að loftslagið þar hefði verið einna líkast því sem við eigum nú að venjast í hitabeltislöndum.

„Þetta er í fyrsta sinn sem við höfum skoðað norðurskautið, og svei mér þá, þetta kom okkur heldur betur á óvart,“ segir Kathryn Moran, einn höfunda greinar sem birtist í vísindatímaritinu Nature nú í vikunni. Þar gera vísindamennirnir í fyrsta sinn grein fyrir þessum rannsóknum.



**PÁLMATRÉN ERU LÖNGU HORFIN** Hvalveiðimenn rákust á þennan ísbjörn á norðurskautinu fyrir fáeinum vikum og tóku af honum myndir. Fyrir langa löngu svömluðu á þessum slóðum forfeður nútíma krókódíla.F RÉTTABLAÐIÐ/AP

Fyrir um það bil 55 milljónum ára hækkaði hitinn á jörðinni skyndilega af náttúrulegum orsökum, þótt ekki sé vitað hvers vegna gróðurhúsalofttegundir voru í svo miklu magni þá. **- gb**


HAFRÉTTARSTOFNUN ÍSLANDS

## Málstofa um þorskastríðin þrjú

**- í tilefni af því að 30 ár eru liðin frá lokum landhelgismálsins**

Hátíðasal Háskóla Íslands
fimmtudaginn 1. júní 2006 kl. 12.15-15.00

**Dagskrá:**

**12.15** Afhending fyrstu eintaka ritsins „Þorskastríðin þrjú og saga landhelgismálsins, 1948-1976“. Höfundur: Guðni Th. Jóhannesson. Útgefandi: Hafréttarstofnun Íslands.
**12.20** Ávarp Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra.
**12.30** Ávarp Geirs H. Haarde utanríkisráðherra.
**12.40** Ávarp Einars Kr. Guðfinnssonar sjávarútvegsráðherra.
**12.50** Veitingar í boði Hafréttarstofnunar Íslands.
**13.20** Erindi Guðna Th. Jóhannessonar sagnfræðings við Hugvísindastofnun H.Í.
**14.00** Erindi Peters Hennessy prófessors í breskri nútímasögu við Háskólann í London.
**14.30** Fyrirspurnir og umræður.
**15.00** Slit.

**Málstofustjóri:** Tómas H. Heiðar, þjóðréttarfræðingur í utanríkisráðuneytinu, forstöðumaður Hafréttarstofnunar Íslands.

**Málstofan er öllum opin á meðan húsrúm leyfir**



# Rekur þú **fjölskyldufyrirtæki**?

Fjölskyldan skiptir okkur meira máli en hlutabréfaviðskipti og erlendar fjárfestingar. Í Vildarþjónustu Sparisjóðsins aðstoðum við þig við að láta fjármál fjölskyldunnar, drauma og hugmyndir ganga upp. Það er engin tilviljun að Sparisjóðurinn er með ánægðustu viðskiptavinina í bankakerfinu 7 ár í röð.

Við lögum okkur að þínum þörfum!

SPARISJÓÐURINN
Vildarþjónusta

Fíton/SÍA


Mamma™

# Við
## sjáum um öll þægindi heimilisins




Hjá Mömmu er vöruframboðið einfalt. Hjá Mömmu bjóðast bestu kjörin og starfsfólk Mömmu kemur heim til þín, tengir, stillir og gerir það sem þarf að gera svo þú getir notið **sjónvarpsins, símtalsins, internetsins** og **öryggisins.**

Þegar framboðið á **sjónvarpi**, **síma**, **interneti** og **heimavörn** er orðið umfangsmikið og flókið er gott að geta leitað til Mömmu.

Af því að Mamma einfaldar málið og býður þér bestu kjörin.

Mamma.is





Hálf milljón stúdenta mótmælir í Chile:

# Krefjast endurbóta í menntamálum

**CHILE** Yfir hálf milljón stúdenta stóð fyrir mestu mótmælum sem sést hafa í Santiago, höfuðborg Chile, í rúmlega 30 ár en yfir 700 voru handteknir þegar mótmælendum lenti saman við lögreglu.

Krefjast nemarnir endurbóta á menntastefnu yfirvalda, þar á meðal að ríkið taki yfir rekstur skólanna til að draga úr ójöfnuði milli ríkra og fátækra skóla. Ennfremur vilja þeir að yfirvöld afnemi sérstaka gjaldtöku vegna prófa og vilja styttingu skóladagsins sem nú er átta tíma langur. - aöe



**ÁTÖK** Betri menntun og betri aðstaða er meðal þess sem nemendur í Chile krefjast af stjórnvöldum. AFP.NORDICPHOTOS



**FRÁ FUNDI ÖRYGGISRÁÐSINS** Þessi fundur var haldinn í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York í janúar á þessu ári. NORDICPHOTOS/AFP

# Þurfa að hafa skoðun á öllu

**Það yrði Íslendingum ómetanleg reynsla að hljóta sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, en vegir ráðsins eru þröngir og vandrataðir, að sögn fyrrverandi varafastafulltrúa Noregs í öryggisráðinu.**

**ÖRYGGISRÁÐIÐ** Vilji Íslendingar láta til sín taka, komi þeir fastafulltrúa inn í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna til tveggja ára, er eins gott fyrir þá að hafa skoðun á öllu, en einbeita sér sterklega að fáeinum málum.



**WEGGER CHRISTIAN STRØMMEN**

„Maður getur ekki breytt heiminum einn og sjálfur, en beiti maður sér rétt, getur maður haft mikil áhrif,“ sagði Norðmaðurinn Wegger Christian Strømmen, sem starfaði sem sendiherra og varafastafulltrúi Noregs í höfuðstöðvum SÞ í New York árin 2000-2005, en Norðmenn áttu sæti í öryggisráðinu árin 2001-2002. Hann var staddur hér á landi fyrr í vikunni og hitti blaðamann Fréttablaðsins að máli í miðstöð SÞ á Íslandi á þriðjudag eftir afar líflegan fyrirlestur um reynslu hans í öryggisráðinu.

Ísland hefur boðið sig fram til setu í öryggisráðinu árin 2009 til 2010, en þar sem önnur Vestur-Evrópuríki hafa jafnframt boðið sig fram mun koma til kosninga.

Öryggisráðið hefur starfað síðan árið 1946 og sitja það fimmtán þjóðir. Fimm þeirra eiga fast sæti, en það eru stórveldin Bandaríkin, Kína, Bretland, Frakkland og Rússland og hafa þau jafnframt neitunarvald. Tíu aðildarríki eru svo kosin til tveggja ára í senn, og er þess gætt að jafnvægi sé milli heimshluta.

Mikil aðsókn er meðal smærri ríkja heims í aðild að öryggisráðinu. Verði Ísland kjörið, er það eingöngu til tveggja ára „og tvö ár eru afar stuttur tími“, áréttaði Strømmen.

Fjölmargar óskráðar reglur eru við lýði í ráðinu, og þó þær hafi ekki allar með starfsemi öryggisráðsins að gera geta þær skipt gífurlegu máli vilji menn að fulltrúar annarra þjóða taki mann alvarlega.

Sem dæmi nefndi Strømmen regluna um tvídjakka.

„Reglur um klæðnað eru afar strangar. Á virkum dögum ganga karlmenn í dökkum jakkafötum, en á sunnudögum eru þeir allir í tvídjökkum,“ sagði Strømmen og hló. En þó þetta dæmi geti virst lítilvægt út af fyrir sig, þá eru ótal aðrar reglur sem erfitt og tímafrekt getur reynst að læra, ítrekaði Strømmen.

„Þetta gefur þjóðunum sem hafa fast sæti vald, og það er afar erfitt að vera nýliði vegna allra þessar óskráðu reglna,“ sagði Strømmen.

Hins vegar, sé rétt staðið að málunum, getur jafnvel smáríki eins og Ísland komið afar mikilvægum breytinum í gegn. Óformleikinn sem viðgengst á Norðurlöndunum er ótvíræður styrkur okkar, því hér er hægt að afgreiða málin hratt og hraði getur skipt öllu máli, að sögn Strømmen.

Mikilvægast er að eyða ekki tímanum í pólitískar ræður, því öryggisráðið er ekki vettvangur fyrir þær. Jafnframt yrðu Íslendingar að taka afstöðu með öllum málum, því eins og Geir H. Haarde utanríkisráðherra hefur bent á, þá getur hlutleysi aðildarþjóða öryggisráðsins haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir tiltekna heimshluta eða veröld alla.

„Þar skyldi fulltrúi Íslands ekki hika við að nýta sér þekkingu annarra þjóða sem til þekkja,“ sagði Strømmen og bætti við að þó að skoðanirnar séu margar, ætti fulltrúinn að setja allan sinn kraft eingöngu í fáein mál.

Síðast en ekki síst yrðu Íslendingar reynslunni ríkari með aðild að öryggisráði SÞ, og sú reynsla er gulls ígildi, að sögn Strømmen.

**smk@frettabladid.is**







# HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

## UMSÓKNARFRESTUR ER TIL

## 5. JÚNÍ

www.unak.is

## „ORÐRÉTT“

### Í flekaflóði

**„Allt í einu kom flekaflóð, við heyrðum smellinn þegar það fór af stað. Við snerumst marga hringi og fórum fram af hengju sem varð til þess að við slösuðumst. Við sluppum alveg ótrúlega vel en vorum mjög skelkaðir á meðan á þessu stóð því við héldum að þetta væri okkar síðasta.“**

ATLI FREYR ÞÓRÐARSON, EINN ÞEIR FIMM SEM VARÐ FYRIR SNJÓFLÓÐI Í SUÐURHLÍÐUM HVANNADALSHNÚKS. FRÉTTABLAÐIÐ 31. MAÍ.

### Harður þjálfari

**„Það er bara að berja sjálfstraust í þessa menn og halda áfram.“**

ÓLAFUR ÞÓRÐARSON, ÞJÁLFARI ÍA, AÐSPURÐUR HVAÐ SÉ TIL RÁÐA VIÐ SLÖKU GENGI LIÐSINS. FRÉTTABLAÐIÐ 31. MAÍ.

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HELGI ÁRNASON, SKÓLASTJÓRI RIMASKÓLA

## *Stoltur af framgöngu sonarins*



„Maður er búinn að vera í því undanfarna daga að taka á móti hamingjuóskum vegna frammistöðu sonarins í Meistaranum,“ segir Helgi Árnason, skólastjóri Rimaskóla, en Jónas Örn sonur hans sigraði á dögunum spurningakeppnina Meistarann á Stöð 2. „Ég er stoltur af bæði framgöngu hans og ekki síður framkomu, sem var til fyrirmyndar. Hann virtist taka þessu nokkuð létt og var laus við allan hroka.“ Árni, sem sjálfur tók þátt í Meistaranum en féll snemma úr keppni, var staddur í salnum þegar Jónas sigraði og segist hafa reynt að hemja hvatningarhrópin. Honum svelgdist á þegar Jónas tók áhættu undir lokin. „Drengurinn var nú dálítið kaldur að stuða sína nánustu á örlagastundu, en þetta lýsir bara hans karakter. Árangurinn kom mér nú svo sem ekki á óvart. Hann er með óvenju mikið límheilabú.“

Árni mun útskrifa um 80 krakka úr Rimaskóla í kvöld. Hann segir skólastarfið hafa gengið vel veturinn sem leið. „Skólastarfið hefur verið mjög farsælt og með nokkuð föstu sniði í vetur. Rimaskóli hefur haft góða kennara og starfsmenn, sem er ekki síður mikilvægt og við höfum náð góðum árangri með nemendur bæði í námi og ekki síður í öðrum verkefnum sem tengjast námsgreinum, til dæmis kokkakeppni og vísindadegi.“

Í sumar ætlar Árni að bregða sér til Mallorca ásamt konu sinni og tveimur yngstu börnunum. „Þar ætlum við að flatmaga í hálfan mánuð. Ég hef reyndar farið einu sinni áður fyrir 25 árum þegar við hjónin vorum í tilhugalífinu.“ Árni er einnig mikill skákmaður og verslunarmannahelginni ætlar hann að eyða á unglingalandsmóti á Laugum í Þingeyjarsýslu. „Þangað ætla ég að mæta til leiks með sterka skáksveit Fjölnis,“ segir Helgi sem hefur náð góðum árangri með Rimaskóla á skákvellinum. „Skólinn hefur náð afburðagóðum árangri í skák og ég hef haldið utan um það starf. Við erum margfaldir Íslandsmeistarar og eigum Norðurlandameistara.“

## SJÓNARHÓLL

**EKKI BLOKKIR MILLI AUSTURS OG VESTURS**



### *Viðbrögð við kjarnorkuáætlun Írana*

„Mín skoðun er sú að við ættum að varast það að byggja blokkir milli austurs og vesturs líkt og tíðkast hefur og þá sér í lagi af hálfu Bandaríkjamanna,“ segir Gísli Hrafn Atlason úr Femínistafélagi Íslands. „Mér finnst að stjórn Bandaríkjanna hafi ekki samningsumboð til frekari viðræðna eftir framgöngu þeirra í þessum heimshluta. Hún er þess eðlis að ekki er hægt að lá Írönum það að hafa illan bifur á henni. Svo tel ég að það sé mun betra að reyna að semja um hlutina í stað þess að vera að hóta einhverjum vopnaátökum en það er eins og Bandaríkjastjórn kunni ekkert annað. Það fer því betur á því að Evrópuþjóðirnar hafi forystu í þessum málum. Reyndar hafa Bandaríkjamenn boðist til þess að hjálpa Írönum við að byggja kjarnorkuver svo lengi sem Íranar noti það ekki til vígbúnaðar svo það er kannski einhver von um að þeir séu að skána, ef þetta reynist rétt.
En svo er það hin spurningin hvað Íranar ætli sér að gera við kjarnorkuverin? Ég tel að þeir vilji bæði nýta þau til orkuvinnslu, en þetta er ekki orkuvinnsla sem er mér að skapi. En hins vegar eru þeir uggandi í garð nágrannaþjóða eins og Ísraels og því er ekki ólíklegt að eitthvað vígbúnaðarbrölt búi þarna að baki.“



**LÚÐVÍK E. GÚSTAFSSON, HELGA GUÐRÚN BJARNADÓTTIR OG PÁLMI F. RANDVERSSON.** Þremenningarnir frá umhverfissviði Reykjavíkurborgar hafa ráð undir rifi hverju fyrir borgarbúa sem eru til í að breyta háttum sínum og hugarfari til þess að getað búið í vistvænni borg í framtíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Almenn vitundarvakning í umhverfismálum

**Nú stendur yfir herferð Evrópusambandsins með það að markmiði að vekja fólk til vitundar um umhverfismál álfunar.**

Lúðvík Gústafsson, deildarstjóri mengunarvarna, Pálmi F. Randversson, sérfræðingur í samgöngumálum, og Helga Guðrún Bjarnadóttir heilbrigðisfulltrúi í matvælaeftirliti, hafa ráð undir rifi hverju þegar leitað er vistvænna leiða í daglegu lífi. Öll starfa þau hjá Umhverfissviði Reykjavíkurborgar,

„Þessi herferð snýst um það að vekja fólk til umhugsunar um hvernig hægt er að lifa lífinu á ábyrgan hátt gagnvart umhverfinu,“ segir Lúðvík. „Það er ekki verið að segja fólki að hætta að nota einkabílinn en frekar að vekja það til umhugsunar til dæmis um það hvort það noti bílinn meira en nauðsynlegt er, hvort það eyði meiri orku en nauðsynlegt er og mengi meira en það nauðsynlega þarf.“

Pálmi veit um margar leiðir til að koma sér milli staða án þess að auka á útblástur koltvísýrings meira en nauðsynlegt er. „95 prósent af brennslu og útblæstri koltvísýrings kemur frá ökutækjum,“ segir hann. „Einnig hafa rannsóknir leitt í ljós að einn þriðji allra akstursleiða fólks í borginni sé innan við kílómetra að lengd. Það er því spurning hvort reiðhjól eða bara tveir jafnfljótir gætu leyst bílinn af þó ekki væri nema endrum og eins.

Svo er strætó raunhæfur valkostur sem fólk gæti nýtt sér ekki síst nú þegar leiðarkerfið hefur verið stórlega bætt en einungis fjögur prósent borgarbúa nýta sér almenningssamgöngur.

En svo leiðir maður hugann að því þegar sífellt sést einn maður í hverjum bíl hvort ekki megi samnýta hverja ferð en það gæti gjörbreytt umferðarmyndinni á höfuðborgarsvæðinu. Fólk gæti talað sig saman innan vinnustaða eða skóla og þannig samnýtt ferðir. Þetta gæti stuðlað að bættri umferðarmenningu auk þess sem það er mun skemmtilegra að hafa félagsskap á leiðinni.“

En þar með eru ekki öll ráð upp talin. „Einnig höfum við sem að þessum málum vinnum stuðlað að því að vinnuveitendur taki upp það sem kallað er fleytitíð. Hún virkar þannig að fólk vaktatímar eru dreifðir og vinnutímar verða sveigjanlegri svo fólk sé ekki allt að fara í og úr vinnu á sama tíma og þannig dreifist umferðin yfir lengri tíma. Þá ættum við ekki að lenda í jafn miklum umferðarteppum og myndast geta á álagstímum.“

Helga Guðrún vill hins vegar vekja fólk til umhugsunar um það hvernig það hagar sorphirðu í umhverfi sínu. „Við hvetjum einstaklinga sem og fyrirtæki til að flokka rusl og skila,“ segir hún ákveðin. „Það er reyndar svo að það er dýrara að farga blönduðum úrgangi til urðunar en einstökum flokkum úrgangs til endurvinnslu svo það má spara með því að flokka og skila. Við höfum því verið að fræða fólk um það hvað verður um úrganginn því þá finnur fólk það frekar hjá sér að taka þátt í ferlinu ef það veit hvernig það er.“

jse@frettabladid.is

## VISTVÆN HÚSRÁÐ

Starfsfólk umhverfissviðs lumar á mörgum ráðum um það hvernig nútímamaðurinn getur hagað lífi sínu án þess að raska um of umhverfi sínu:

- Samnýta bifreiðar og hagræða með því í rekstri fyrirtækja.
- Nota almenningssamgöngur eins og kostur er.
- Nota nagladekk í hófi.
- Nota reiðhjól eða fara um fótgangandi, til dæmis ef um er að ræða stuttar vegalengdir.
- Nota margnota umbúðir og áhöld í stað til dæmis plastbolla og frauðplastbakka.
- Láta vélar ekki ganga að óþörfu.
- Horfa til vistvænna nýjunga í bílaframleiðslu og nýta þær.
- Ofhita ekki húsið sitt.
- Slökkva ávallt ljósin í húsinu, slökkva á raftækjum í stað þess að svæfa þau með fjarstýringu, taka hleðslutæki úr sambandi þegar þau eru ekki í notkun. Nota þvottavélar og uppþvottavélar þegar þær eru fullar, affrysta ísskápa reglulega.
- Kom þeim umbúðum til endurvinnslu sem hægt er að endurvinna.



# HAFÐU ÞAÐ GOTT Í SUMARFRÍINU

## VIÐ PÖSSUM UPP Á HEIMILIÐ MEÐ HEIMAVÖRN

Securitas hefur ætíð verið í fararbroddi þegar kemur að öryggisvörnum heimilisins. Heimavörn Securitas vaktar heimilið allan sólarhringinn, allan ársins hring. Heimavörnin er beintengd stjórnstöð Securitas á Neyðarlínunni 112 þar sem við erum ávallt í viðbragðsstöðu. Þannig getur þú verið viss um að réttir aðilar koma samstundis á staðinn ef eitthvað kemur upp á hjá þér og þinni fjölskyldu.

Hafðu samband við öryggisráðgjafa í síma **580 7000**



HEIMAVÖRN

SECURITAS

GOTT FÓLK McCANN



BÓNUS
SERVÖRU VERSLANIR
Panasonic ryksugan
PANASONIC RYKSUGA 1500W
4999 KR.
Komin aftur!
1500W
Sumardagar
BÓNUSÍSINN
198 KR.
2 LÍTRAR!
Súkkulaði ís 2 lítrar
BÓNUS
Vanillu ís 2 lítrar
KJÚKLINGABRINGUR
-frosnar danskar í 900g pokum-
DANSKAR KJÚKLINGABRINGUR 900g
1398 KR.
900g poki
4 hluta grillsett
4 ÁHÖLD RYÐFRÍTT STÁL
1499 KR.
4 PCS B.B.Q. SET
GLÆSISETT - RYÐFRÍTT STÁL
LONDONLAMB
frá Kjarnafæði
30% afsláttur við kassann
KJARNAFÆÐI
LONDON LAMB
KF LONDONLAMB
979 KR.
MERKT VERÐ 1399 KR.
Góðar við grillið!
3 XL rúllur
298 KR.
3 Eldhúsrúllur
BÓNUS
XL
3 risa eldhúsrúllur
100% NAUTAKJÖT innflutt
10 stykki 100g hamborgarar
100% NAUTAKJÖT
BÓNUS
HAMBORGARAR
10 hamborgarar
899 KR.
1 kíló
4 XL brauð
98 KR.
4 XL BÓNUS
hamborgarabrauð
CHIQUITA ÁVAXTASAFINN GÓÐI
Chiquita
Vitality
ACE
Orange, Carrot, Lemon
2 LÍTRAR CHIQUITA
299 KR.
2L
Vitality
2 lítrar í fernu



og gleði í Bónus!
BÓNUSFETI
198 KR.
250g
BÓNUS FETA
30% afsláttur við kassann
3 BRINGUR
3 LÆRI
3 VÆNGIR
BÓNUS KJÚKLINGUR
EKKERT BRUDL
Lúxus Bónus kjúklingablanda
979 kg KR.
MERKT VERÐ 1399KR.
Fersk lúxusblanda
Hámarksorka!
AÐEINS 6 KALORÍUR
Eini sykurlausi orkudrykkurinn!
ENERGY ACTIVATOR
CULT
CULT Diet
CULT 250 ml
95 KR.
BEINLAUS ÝSA -HARÐFISKUR FRÁ SJÓMANNINUM
Sjómaðurinn
HARÐFISKUR 230g
999 KR.
BÓNUS SKINKA
582 kg KR.
MERKT VERÐ 766KR.
BÓNUS
SAMLOKUSKINKA
25% afsláttur við kassann
Bónus álegg - BETRA VERÐ!
BÓNUS HANGIÁLEGG
1749 kg KR.
MERKT VERÐ 2499KR.
BÓNUS
HANGIÁLEGG
30% afsláttur við kassann
Bónus álegg - BETRA VERÐ!
TÓMATSÓSA
98 KR.
KÍLÓ!
Tomatketchup
Tomaattiketsuppi
Tomato ketchup
1 kg
SINNEP
89 KR.
500g
Senap • Mustard
500 g
BÓNUS
Vínarpylsur
BÓNUS PYLSUR
479 kg KR.
Merkt verð 599KR.
BÓNUS SÓSA
129 KR.
400 ml
Remúlaði
BÓNUS
Crisp fried oni
EURO SHOPPER
STEIKTUR LAUKUR
69 KR.
200g
www.bonus.is
BÓNUS

## Svona erum við

> Fjöldi starfsmanna í háskólum með doktorspróf.




Heimild: Hagstofa Íslands
*Stundakennarar við Kennaraháskóla Íslands ekki meðtaldir.

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** HÚSFRIÐUNARNEFND RÍKISINS

# *Varðveitir byggingararf Íslands*

Mörg gömul og fornfræg hús eru friðuð á Íslandi. Húsfriðunarnefnd ríkisins leggur áherslu á fjölmörg atriði í vinnu sinni við að móta stefnu í húsverndunarmálum á Íslandi, en meginmarkmið nefndarinnar er að stuðla að varðveislu byggingararfs þjóðarinnar.

**Hvernig vinnur nefndin að varðveislu byggingararfsins?**
Helsta verkefni húsfriðunarnefndar er að meta hvaða hús er rétta að friða hverju sinni. Nefndin skilar tillögum til menntamálaráðherra sem fer yfir þær. Einnig er það á hendi nefndarinnar að fara yfir umsóknir um breytingar, viðhald eða frekari endurbætur á friðuðum húsum en mörg húsanna krefjast mikils viðhalds.

Nefndin vinnur einnig álit vegna áforma um breytingar, flutning eða niðurrif húsa sem reist voru á milli 1850 og 1918.

**Hvernig er vinnan við húsin fjármögnuð?**
Húsfriðunarnefnd ríkisins stjórnar Húsfriðunarsjóði og ákvarðar nefndin í hvaða verkefni skuli veita úr sjóðnum. Fara þarf vandlega yfir allar umsóknir þar sem fjöldi umsókna berst til nefndarinnar vegna fjölbreyttra verkefna við verndun húsa vítt og breitt um landið. Viðhald á gömlum húsum er vandasamt og um leið tímafrekt og því nauðsynlegt að vandað sé til allra verka og að þeim unnið af heilindum.

Húsfriðunarnefnd heldur utan um skrá yfir öll friðuð hús á Íslandi. Nefndin veitir ráðgjöf og fræðslu um viðhald og varðveislu húsa á Íslandi. Einnig er hefur nefndin forystu í byggingarsögulegum rannsóknum á Íslandi og útgáfu rita um þær rannsóknir. Forstöðumaður húsfriðunarnefndar er Magnús Skúlason arkitekt en auk hans eru í nefndinni arkitektarnir Ragnar Jón Gunnarsson og Jón Pálsson, auk Guðlaugar Vilbogadóttur.



**MAGNÚS SKÚLASON** Forstöðumaður Húsfriðunarnefndar ríkisins við uppáhaldshúsið sitt, MR.

## SPURT & SVARAÐ
FLUGELDAR



JÓN INGI SIGVALDASON

### *Mjög sjaldan gallaðir*

Hjálparsveit skáta í Kópavogi og Slysavarnarfélagið Landsbjörg hafa verið dæmd í Héraðsdómi Reykjavíkur til að greiða rúmar þrjár milljónir í skaðabætur vegna galla í skottertu sem skaðaði vinstri hendi manns varanlega. Skottertan sem fengin var hjá skátunum var til flugeldasýninga en ekki til almennrar sölu.

**Eru skoteldar til sýninga óöruggari en þeir til almenningsnota?**
„Sýningarflugeldarnir eru stærri og kraftmeiri. Ákveðin vara er einnig óstöðugri en önnur. Til dæmis eru tívólíbomburnar óstöðugri en vörurnar sem seldar eru til almennings,“ segir Jón Ingi Sigvaldason hjá slysavarnafélaginu Landsbjörg og bætir við: „Sýningarvörur á aðeins að nota til sýninga. Þær mega alls ekki fara til almennings.“

**Eru flugeldar oft gallaðir?**
„Nei, þeir eru mjög sjaldan gallaðir. Vinnuaðferðinar í Kína hafa breyst. Verksmiðjurnar, sem við skiptum við, eru mjög öruggar. Byrginn prófar sendingarnar áður en þær fara af stað. Hann hefur innkallað kökur sem hann taldi ekki springa eins og átti að gera. Oftast verða slysin vegna rangrar meðferðar og því miður er þá ósjaldan haft áfengi um hönd,“ segir Jón, sem hvetur fólk að fylgja alltaf leiðbeiningum með flugeldum.




# Damóklesarsverð yfir de Villepin

**Clearstream-hneykslið svonefnda, sem skekið hefur frönsk stjórnmál undanfarnar vikur, hangir eins og Damóklesarsverð yfir Dominique de Villepin forsætisráðherra. Hann segist vera ranglega bendlaður við hneykslið, sem snýst um falsaða nafnalista yfir meinta mútuþega sem virðist hafa verið ætlað að koma höggi á Nicolas Sarkozy, formann Gaullistaflokksins, innanríkisráðherra og tilvonandi forsetaframbjóðanda.**



**LÁTA EINS OG EKKERT SÉ** Forsætisráðherrann Dominique de Villepin, fyrir miðju, á ríkisstjórnarfundi í síðustu viku með keppinautinn Nicolas Sarkozy sér á hægri hönd en dómsmálaráðherrann Pascal Clement á þá vinstri. NORDICPHOTOS/AFP

De Villepin sjálfur hefur leynt og ljóst unnið að því að komast í forsetaframboð þegar kjörtímabili Jacques Chirac lýkur á næsta ári, en þeir tveir hafa lengi verið nánir samherjar. Framan af þessu kjörtímabili hafði Chirac, sem nú er á 74. aldursári, látið í það skína að hann hygðist bjóða sig fram til endurkjörs á ný, en heilsufarsvandamál og dalandi vinsældir hafa dregið mjög úr líkum á því. Chirac var fyrst kjörinn í embættið árið 1995, þá til sjö ára, en er hann var endurkjörinn árið 2002 hafði kjörtímabilið verið stytt í fimm ár.

De Villepin hefur lagt sig fram um að láta sem ekkert væri, þrátt fyrir fjölmiðlafárið. „Ég er ekkert ginningarfífl,“ sagði de Villepin í sjónvarpsviðtali. „Ég sé klárlega að þeir vildu bendla mig við pólitískt hneykslismál,“ sagði hann, án þess að útskýra hverja hann ætti við.

**Vilja standa af sér óveðrið**
Samsærisflækjur hneykslismálsins verða æ flóknari eftir því sem fjölmiðlar afhjúpa fleiri anga þess. Því telja stjórnmálaskýrendur að Chirac og de Villepin treysti á að eftir því sem almenningur verði ruglaðri í ríminu minnki áhugi hans á málinu, sem geri þeim mögulegt að komast í gegnum þennan ólgusjó og sleppa við ríkisstjórnarskipti.

Hneykslið á upptök sín í nafnalistum yfir meinta eigendur leynireikninga hjá fjármálafyrirtækinu Clearstream í Lúxemborg, sem huldumaður sendi rannsóknardómaranum Renaud van Ruymbeke í júní 2004. Á þessum listum var að finna nöfn nokkurra þekktra stjórnmála- og kaupsýslumanna í Frakklandi. Sarkozy var þar á meðal. Síðar kom í ljós að listarnir voru falsaðir. Að kröfu tveggja kaupsýslumanna, hverra nöfn voru á fölsuðu listunum, var efnt til sakarannsóknar til að hreinsa mannorð þeirra og er rannóknin sem nú stendur yfir liður í henni.

Kjarni hneykslisins nú snýr að ásökunum um að de Villepin og Chirac forseti hafi sigað leyniþjónustunni til að grafa upp upplýsingar sem kæmu keppinautnum Sarkozy illa. De Villepin hefur sagt að rannsaka hafi átt grunsemdir um hugsanleg mafíutengsl og mútuþægni franskra eigenda leynireikninga erlendis; ekkert pólitískt samsæri hafi legið að baki. Afhjúpanir um slíka leynireikninga í tengslum við sölu á frönskum herskipum til Taílands í byrjun tíunda áratugarins ollu einu umfangsmesta hneyksli franskra stjórnmála á þeim áratug.

**Afhjúpanir í fjölmiðlum**
Dagblaðið Le Monde birti í byrjun síðustu viku að fullu bréf sem Philippe Rondot, hershöfðingi og leyniþjónustumaður á eftirlaunum, er sagður hafa skrifað þann 12. janúar 2004 til de Villepins, sem þá var utanríkisráðherra. Í bréfinu kemur fram að þeir Villepin og Rondot eru það nánir vinir að þeir þúa hvor annan, en þeir þekkjast frá því þeir störfuðu saman í utanríkisráðuneytinu í byrjun níunda áratugarins. Í byrjun vikunnar var Rondot kallaður einu sinni enn til yfirheyrslu hjá rannsóknardómara. Við fyrri yfirheyrslur reyndist hann mjög ræðinn en í þessari síðustu sagði hann ekki orð. Hann ákvað að hætta að vera samvinnufús eftir að útdrættir úr dagbókum hans, sem rannsakendur gerðu upptækar, láku í fjölmiðla.



**SAMHERJAR** Ber er hver að baki... Jacques Chirac forseti og Dominique de Villepin forsætisráðherra hafa lengi verið nánir pólitískir samherjar. NORDICPHOTOS/AFP

Ein af dagbókarfærslunum virðist styðja ásakanirnar, en þar stendur: „Vernda D de V og PR“ sem virðist standa fyrir Dominique de Villepin og forseta lýðveldisins. Le Monde hefur látið að því liggja að þögn Rondots í nýjustu yfirheyrslunum skýrist af því að hann væri að reyna að hindra að de Villepin yrði bendlaður opinberlega við málið, vitandi að hann væri upphafsmaðurinn að því.

Í fyrrnefndu bréfi Rondots til de Villepins, sem birt var í Le Monde, skrifar hershöfðinginn að „samkvæmt orðum forsetans“ sem hann, de Villepin, hafi miðlað til sín, Rondots, sé þörf á að ganga fram „af varkárni, leynilega og að teknu tilliti til hugsanlegs pólitísks afflutnings“.

Þessi beina tilvísun til forsetans er til þess fallin að ýta undir grunsemdir um að hann, og ekki aðeins de Villepin, hafi verið viðriðinn málið, það er að þeir hafi átt frumkvæði að því að Rondot var falið að grafa upp upplýsingar sem komið gætu Sarkozy illa. Hvorki talsmenn forsetans né forsætisráðherrans hafa brugðist opinberlega við þessum nýjustu aðdróttunum.

Samkvæmt því sem rakið er í fréttaskýringu svissneska blaðsins Neue Zürcher Zeitung um málið segir, að Rondot hafi skrifað bréfið þremur dögum eftir fund hans með de Villepin og flugiðnjöfrinum Jean-Louis Gergorin, þar sem sagt er að Rondot hafi verið falið að gera sérrannsókn á því hvort nafn Sarkozys kæmi einhvers staðar fyrir í leynireikningagögnunum.

**Styrkir stöðu Sarkozys**
Í einni dagbókarfærslu Rondots, sem lekið var til Le Monde, skrifar hann eftir fund með hermálaráðgjafa Chiracs forseta, Jean-Luis Georgelin, þann 7. október í fyrrahaust: „Damóklesarsverð yfir Villepin.“ Með þessum orðum virðist Rondot hafa verið að lýsa mati sínu á stöðunni eftir að fyrstu vísbendingar um fölsun nafnalistanna voru að koma fram í dagsljósið.

Eftir því sem meira kemur fram um málið virðast de Villepin og Chirac í meiri vörn. Stuðningur við þá báða hefur hrapað í skoðanakönnunum, mælist nú aðeins á bilinu 20-30 prósent. Sarkozy virðist aftur á móti standa með pálmann í höndunum og stefna hraðbyri að því að verða forsetaefni hægrimanna að ári. Þar sem skoðanakannanir sýna að ef kosið yrði nú fengju frambjóðendur vinstrimanna og hægriöfgamanna mest fylgi er hins vegar með öllu óvíst að sú upphefð Sarkozys dugi honum til að komast alla leið í forsetastólinn. En eitt ár er langur tími í pólitík og því aldrei að vita nema hinum fjölhæfa ungversk-ættaða innanríkisráðherra takist að snúa taflinu sér í hag áður en upp verður staðið.



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is


KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
899 kr. kg 1498
Goða hamborgarhryggur
40% afsláttur
599 kr. kg 799
Móa Veislufugl með fyllingu
25% afsláttur
20% afsláttur
1358 kr. kg 1698
Krónu þurrkryddaðar svínakótilettur
398 kr. kg 599
Móa piri-piri læri/leggir
Wagner pizzur
299 kr/stk
2 lítrar af 100% safa, 3 tegundir
279 kr/stk
happy day
Baðhandklæði 70x140 ýmsir litir
898 kr/stk
20% afsláttur
af völdum harðfiski frá Vestfiski
Konfekt epli
169 kr/pk
Blómkál
199 kr/kg
Krónubrauð stórt og gróft
99 kr/stk
Frón heimiliskex
239 kr/pk
Virk Samkeppni
Alltaf frábær tilboð alla daga

## >Árlegt afnotagjald Ríkisútvarpsins*




* Hagstofa Íslands

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** KATRÍN LILLÝ JÓNSDÓTTIR, 17 ÁRA:

## *Var ennþá illt í eyrunum*

Ungt fólk er ekki síður en hinir eldri umsvifamiklir neytendur í nútímaþjóðfélaginu. Katrín Lillý Jónsdóttir, sem er 17 ára, var ekki í vandræðum með að svara þegar blaðamaður spurði hana hver væru bestu og verstu kaupin sem hún hefði gert.

„Ætli bestu kaupin mín séu ekki þegar ég keypti mér símann minn á 30 þúsund krónur. Þetta er frábær sími og ég get gert bókstaflega allt með honum. Hann var ekkert ódýr, reyndar frekar dýr. Ég veit bara um einn síma sem er dýrari. Þetta er Sony Ericsson-sími og ég keypti hann í ágúst í fyrra," segir Katrín Lillý sem hefur ráðið sig í vinnu hjá Harley Davidson í sumar.



„Verstu kaupin sem ég hef gert eru örugglega þegar ég lét setja göt í eyrun á mér og það fór úrskeiðis. Það virkaði ekki og byrjaði bara að grafa og svoleiðis. Ég passa mig mjög mikið eða reyni það að minnsta kosti þegar kemur að peningamálunum að vanda valið og kaupa eitthvað skynsamlegt. Götin kostuðu tvö þúsund krónur. Ég beið rosalega lengi með sömu eyrnalokkana í götunum og var ennþá illt. Svo ákvað ég að setja aðra lokka í og það var allt í klessu."

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### EDIKSSÝRU Á RYÐBLETTI

■ *Sigurður Þ. Ragnarsson, jarð- og veðurfræðingur, segir að hægt að sé að nota ediksýru í annað en matargerð.*



Það reynist ávallt vel þegar eiga á við ryðbletti hvar sem þeir nú eru að hreinsa þá með edikssýru. Járn leysist upp í súrum vökva enda notað í iðnaði öllum til hreinsunar á málmum. Edik virkar þannig mjög vel á slíkt ryð. Ber þá að nudda þá létt og væta blettinn og þurrka yfir og það gefur miklu betri raun en að nota hreinsiefni eins og þau sem seld eru til þessa verkefnis en hafa reyndar þveröfug áhrif á ryðið þegar allt kemur til alls.

■ **Hvað kosta... tjöld**

## Margar stærðir og gerðir



Tjöld eru sem fyrr sívinsæl í útilegur þó vissulega hafi þeim fjölgað til muna sem kjósa meiri þægindi á ferðalögum en þau bjóða upp á en sala á tjaldhýsum og tjaldvögnum hefur aukist mikið undanfarin ár. Ungt fólk kýs þó enn gömlu góðu tjöldin og einnig eru þau afar vinsæl meðal göngufeðafólks en slíkar ferðir njóta vaxandi vinsælda. Fá má tjöld í verslunum hérlendis í margs konar útfærslum sem endranær og kosta þau á bilinu frá fjögur til fimm þúsund krónum og upp í 40 -50 þúsund þau dýrustu. Ekkert samasem merki er endilega milli kostnaðar og gæða en dýrari tjöldin eru gjarnan með aukabúnaði á borð við glugga og flugnanet og eru úr sterkara efni en þau ódýrari.

■ **Verslun og þjónusta**

## Bætt merking bætiefna á matvælum



Harðari reglur hafa verið settar af hálfu Evrópubandalagsins hvað varðar almennar merkingar um bætiefni í matvælum sem og allar heilsufarsupplýsingar sem fram mega koma í auglýsingum og kynningu á vörum. Skulu allar heilsufarsupplýsingar á matvöru hér eftir rökstuddar með vísindalegum gögnum og mun verða lagður fram listi yfir leyfilegar fullyrðingar til þess að neytendur velkist ekki í vafa um hvað sé í viðkomandi vöru eins og raunin er í dag. Verða ennfremur ákveðnir hámarksskammtar af vítamínum og steinefnum sem nota má í matvæli. Reglum þessum er ætlað að vernda neytendur.

■ **Verslun og þjónusta**

## Þjófavörn á kostnað neytenda

Þeim fer fjölgandi sem eiga í erfiðleikum með að spila dvd-bíómyndir eða spila nýjustu tölvuleikina enda eru framleiðendur sífellt að auka við og efla þjófavörn þá sem innbyggð er í flesta diska. Nú fer senn að líða að því að næsta kynslóð diska komi á markað og er þar um tvær mismunandi útfærslur að ræða. Annars vegar Sony Blu-ray og HD-DVD frá Microsoft. Hætt er við að vandamálið aukist til muna þar sem þjófavarnir hafa verið efldar mjög í báðum stöðlum. Hafa neytendasamtök í Bandaríkjunum lýst áhyggjum yfir hversu langt er seilst. Sem dæmi verður mögulegt fyrir Sony, í gegnum Netið, að loka fyrir alla dvd-spilara ef kóðinn er brotinn á einum stað. Alls eru þrjár mismunandi læsingar á Blu-ray-diskum sem eiga að tryggja að efni sé ekki stolið eða það afritað á nokkurn hátt en spurningin er hvort það verði á endanum á kostnað neytendanna sjálfra, sem munu þá áreiðanlega lenda í enn fleiri vandamálum með diskanal.





**Á FERÐ UM LANDIÐ** Í mörgum tilfellum borgar það sig að taka bílaleigubíl þegar ferðinni er heitið út á land. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Það borgar sig að leigja jeppa í fríinu

**Þá sem langar að ferðast um á jeppa í sumarfríinu ættu að taka hann á leigu en aka árið um kring á fólksbíl.**



**FÓLKSBÍLL**
**Verð:** 1.400.000 krónur
**Heildarkostnaður fyrir 1 ár:** 654.760 kr.
**Bensín:** 138.720 krónur
**Tryggingar:** 115.200 krónur
**Þrif:** 16.600 krónur
**Verðrýrnun:** 179.200 krónur
**Vaxtakostnaður 7%:** 66.640 krónur



**JEPPI**
**Verð:** 2.600.000 krónur
**Heildarkostnaður fyrir 1 ár:** 975.600 krónur
**Bensín:** 190.740 krónur
**Tryggingar:** 130.600 krónur
**Þrif:** 16.600 krónur
**Verðrýrnun:** 332.800 krónur
**Vaxtakostnaður 7%:** 123.760 krónur

Að eiga venjulegan fjölskyldubíl eins og tveggja ára gamla Toyotu Corolla kostar 654.760 á ári ef miðað er við að bílnum sé ekið 15.000 kílómetra á ári. Bensínkostnaður er tæpar 140.000 krónur þegar miðað er við átta lítra eyðslu á hverja hundrað kílómetra og kostnaður við tryggingar, skatta og skoðun er 130.000.

Það sem margir gleyma að taka með í reikninginn þegar kostnaður við rekstur fjölskyldubílsins er lagður saman er verðrýrnunin og fjármagnskostnaðurinn. Verðrýrnun segir til um hve mikið verð bílsins fellur á ári en í þessu dæmi er hún 179.200. Fjármagnskostnaðurinn er kostnaðurinn sem hlýst af því að binda peningana í bílnum, það er að segja, hvað maður myndi þéna mikla vexti ef andvirði bílsins væri sett inn á banka en í okkar dæmi eru það 66.640 krónur. Marga dreymir um að eiga jeppa og komast hvert sem er í sumarfríinu. Það getur hins vegar reynst mun hagstæðara að halda sig við gamla góða fjölskyldubílinn og taka jeppa á bílaleigu þegar fjölskyldan hyggst fara í langferð.

Heildarkostnaður á ári við að eiga jeppa, eins og þriggja ára gamlan Toyota Landcruiser LX 90, er 975.600 á ári sé miðað við 15.000 ekna kílómetra á ári. Af því er verðrýrnun rúmar 330.000 og fjármagnskostnaðurinn tæpar 124.000 krónur. Allir aðrir kostnaðaliðir eru líka hærri þar sem um er að ræða stærri og dýrari bíl. Verðrýrnun í þessu dæmi miðast við nýjan bíl en eftir því sem bíllinn eldist má gera ráð fyrir minni verðrýrnun á hverju ári.

Hjá Hertz fengust þær upplýsingar að leiga á Suzuki Grand Vitara í tvær vikur og með ótakmörkuðum kílómetrafjölda kostar rúmar 203.000 en tæpar 305.000 krónur í þrjár vikur. Tryggingar og öll gjöld eru innifalin fyrir utan eldsneyti. Frekari upplýsingar má finna á vefsíðu FÍB, www.fib.is.

gudrun@frettabladid.is

Barcelona

50 sæti á 2 fyrir 1 tilboði

í júní

frá kr. 19.990

Fyrstur kemur – fyrstur fær!

Verð kr. 19.990

Flugsæti báðar leiðir með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 15. 22. og 29. júní. Takmarkaður sætafjöldi í boði á öllum dagsetningum.

Gisting frá kr. 3.990

Netverð á mann á nótt, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel NH Sant Boi ***.

Barcelona er einstök perla sem Íslendingar hafa tekið ástfóstri við. Heimsferðir bjóða þér nú tækifæri til að njóta sumarsins í þessari einstöku borg á frábærum kjörum.

Þú kaupir tvö flugsæti en greiðir aðeins fyrir eitt. Takmarkaður sætafjöldi í boði.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

**MATUR & NÆRING** SESSELJA MARÍA SVEINSDÓTTIR MATVÆLAFRÆÐINGUR:

## Góð ráð við grillið



Flestum finnst grillaður matur góður og gaman að grilla úti hvort sem er heima, í útilegunni eða sumarbústaðnum. Ef rétt er að málum staðið getur grillmatur líka verið mjög hollur en til að tryggja að svo sé þarf að vanda til undirbúnings, meðhöndlunar hráefnis og framreiðslu.

Hreinlæti við meðhöndlun matvæla er grundvallaratriði. Mikilvægt er að þvo hendur áður en hafist er handa við matreiðslu og tryggja að öll áhöld sem notuð eru séu hrein.

Bakteríur geta borist milli matvæla ef ekki er rétt farið að, til dæmis úr hráum matvælum yfir í matvæli sem eru tilbúin til neyslu. Þannig geta bakteríurnar borist ofan í þann sem borðar matvælin. Sérstaklega þarf að passa að kjötsafi eða blóð úr hráu kjöti berist ekki í grillað kjöt eða komist í snertingu við matvæli sem tilbúin eru til neyslu. Best er því að nota tvö sett af ílátum og áhöldum, annars vegar fyrir hrátt kjöt og hins vegar fyrir grillaðan mat . Ef blóðvökvi hefur lekið frá kjöti og kjúklingum er best að þurrka hann upp með eldhúspappír. Ef borðtuska er notuð þarf að þvo hana áður en hún er notuð aftur. Mengun úr hráu kjöti í hrásalat getur haft alvarlegar afleiðingar. Notið því sérstakt skurðarbretti fyrir grænmeti.

Meðhöndlun kjöts ætti að miðast við að í því geti leynst sjúkdómsvaldandi bakteríur. Á heilum kjötstykkjum eru bakteríur fyrst og fremst á yfirborði. Þær drepast því fljótt við grillun þó kjöt sé ekki gegnsteikt. En alltaf er mikilvægt að gegnsteikja fuglakjöt og svínakjöt. Þegar kjöt er hakkað berast bakteríur frá yfirborði þess um allt kjötið og þess vegna er einnig nauðsynlegt að gegnsteikja hamborgara og aðra rétti úr hakki.

Varast skal að láta loga leika um matinn. Fita frá kjöti eða marinering á það til að drjúpa niður á kolin. Þá fer að loga í kolunum og reykur með tjöruefnum sest á kjötið. Hægt er að forðast að fita drjúpi niður á kolin með því að setja álpappír undir matinn og velja marineringu án olíu. Ef logar undir matnum er mikilvægt að færa hann frá loganum. Brenni yfirborð matarins spillir það bragðinu og þá geta skaðleg, jafnvel krabbameinsvaldandi, efni myndast. Því er mikilvægt að skera frá alla brennda hluta af kjöti áður en þess er neytt.

www.mni.is

# Staðreyndirnar tala

## Byggingavörur á sanngjörnu verði



| Byggingavörur | MÚRBÚÐIN Verð kr. | BYKO Verð kr. | Mismunur á hæsta og lægsta verði |
|---|---|---|---|
| Útimálning 10 lítrar | 3.990,- Dekapro | *4.990,- Byko | 25% |
| Innimálning, glans 10% 10 lítrar | 3.515,- Dekacryl | *4.990,- Sadolin | 42% |
| Loftamálning 10 lítrar | 2.630,- Dekapro | 5.838,- Sadolin | 122% |
| Akryl þakmálning, rauð 10 lítrar | 5.260,- Scala | 10.648,- Þol | 102% |
| Olíugrunnur 4 lítrar | 1.957,- Deka 5 lítrar | 5.717,- Grunnal | 192% |
| Silan vatnsvari 5 lítrar | 2.790,- Deka | 6.546,- Málning | 134% |
| Terpentína 1 líter | 189,- Deka | 327,- Málning | 73% |
| Litaspray 400 ml | 295,- Technospray | 573,- Sadolin | 94% |
| Samskeytaspartl 17 lítrar | 1.390,- Knauf | *3.110,- Sheetrock | 124% |
| Undri penslasápa 1 líter | 591,- Undri | 690,- Undri | 17% |
| Rúllugerðin, rúlla no 2 | 690,- Rúllugerðin | 962,- Rúllugerðin | 39% |
| Medium spartl 10 lítrar | 2.026,- Dalapro | 3.598,- Nordsjö | 77% |
| Vatnsþynnt epoxy málning pr. kg | 897,- Deka | *1.165,- Sika | 30% |
| Pallaolía 5 lítrar græn | 2.690,- Deka | 3.490,- Kjörvari | 30% |
| Fúgukítti silicone 300 ml | 500,- Bostik | 1.188,- Mira | 137% |
| Maxit glersteinamúr 20 kg | 1.654,- Maxit | 2.690,- Maxit | 62% |
| Flotefni 25 kg | 1.396,- Dekaplan | *1.818,- Soloplan | 30% |
| Light Flex flísalím grátt C2 TE | 2.385,- Ardal/Bostik 18 kg. | 3.390,- Schomburg 15kg. | 42% |
| Waterplug 5 kg | 1.668,- Deka | 2.718,- BM Vallá | 63% |
| Fín múrblanda 25 kg | 545,- Maxit | 986,- BM Vallá | 81% |
| Einhell flísasög FSG 518/1 600 w | 5.690,- Einhell | 6.798,- Einhell | 19% |
| Genesis flísalisti, 9mm, 250 cm grár | 251,- Genesis | 431,- Genesis | 72% |
| Twine-Rope múrsnúra 1,2 mm-120 m, 100 g | 299,- TwineRope | 447,- TwineRope | 49% |
| Bar stálnaglar 2,7 x 35 mm 250 stk | 741,- Bar | 1.075,- Bar | 45% |
| Flísaþjöl, karbít 20 sm | 991,- Kaufman | 1.290,- Maxis | 30% |
| Mako hræripinni 5 kg | 396,- Mako | 1.260,- Mako | 218% |
| Plast pússbretti 20x36 cm | 603,- | 766,- | 27% |
| Flísaglattari 6 mm | 596,- Kaufman | 969,- Lux | 62% |
| Flísakrossar 3 mm 200 stk | 274,- Mako | 390,- Raimondi | 42% |
| „Mustang" Steinskífa 30 x 60 cm, kr. m² | *2.198,- | *3.100,- | 41% |
| Kraiburg flísaundirlag, gúmmí 3 mm, 20 m² | 9.500,- Kraiburg | 16.700,- Kraiburg | 76% |
| Kraiburg parketundirlag, 3 mm, 20m² | 9.800,- Kraiburg | 16.700,- Kraiburg | 70% |
| Parketlím 1 þátta pr. kg | 257,- Bostik | 445,- Vakol | 73% |
| Byggingaplast 0,15 mm, 200 m² | 4.953,- Deka | 7.389,- Plastprent | 49% |
| Rakavarnarplast 0,2 mm, 140 m² | 8.316,- Deka | 15.180,- Þolplast | 82% |
| Álréttskeið 2,5 m m/glasi og höldum | 4.940,- Richter | 5.696,- Lux | 15% |
| Mako framlenging /skaft no 765540 | 469,- Mako | 594,- Mako | 26% |
| Demantsbolli 125mm, tvöfaldur | 6.990,- Dimo | 9.990,- Scancut | 43% |
| Torx tréskrúfur 4 x 50 mm, 200 stk | 344,- Fruilsider | 438,- Byko | 27% |
| Múrboltar rafgalv. 10 x 90 mm | 59,- Fruilsider | 74,- Fischer | 25% |
| Stál skurðarskífa 125 x 1,6 mm | 198,- Karbosan | 298,- Pureva | 50% |
| BOSCH IXO skrúfvél | 2.990,- Bosch | 3.990,- Bosch | 33% |
| BOSCH rafhlöðuvél GSR 14,4 VE-2 | 25.491,- Bosch | 48.190,- Bosch | 89% |
| Teina & boltalím 2ja þátta 360 ml | 1.445,- Chemfix | 2.388,- Fischer | 65% |

Notast var við reiknað einingaverð þar sem um mismunandi pakkningastærðir var að ræða.

## Innkaupakarfan sýnir verðmuninn



**kr. 124.849,-**

í Múrbúðinni




**kr. 210.032,-**

í BYKO



Mismunur er kr. **85.183,-** eða **68,2%**

Birt eru hilluverð frá í viku 21 í Byko og Múrbúðinni og sannreynd með vörukaupum. Ekki er tekið tillit til viðskiptakjara hjá báðum söluaðilum.

13 vörutegundir af 44 eru algerlega sama vara og er verðmismunur á þeim 71,6%. Í þrem vörutegundum til viðbótar er einnig um sömu vöru að ræða en seld undir öðrum vörumerkjum, verðmismunur á þeim er 62,3%. Innkaupakarfan inniheldur allar vörur á listanum í samanburðartöflunni. Birt eru og borin saman verð á 44 svipuðum vörutegundum í nokkrum vöruflokkum.

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Táknar lægra verð
* Táknar tilboðsverð

**Opið mán. - fös. 8-18**
**laugardaga 9-17**

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

*Byggingavöruverslunin í Árbænum*

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.715 **+0,60%** **Fjöldi viðskipta:** 422 **Velta:** 6.448 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Dagsbrún** | +3,45% | **Landsbankinn** | -2,24% |
| **Tryggingam.st.** | +2,56% | **Icelandic Group** | -1,73% |
| **Glitnir** | +2,26% | **Avion** | -1,62% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 65,80 +0,31% ... Alfesca 3,92 +0,26%... Atorka 5,65 +1,80% ... Bakkavör 49,00 -0,20% ... Dagsbrún 6,00 +3,45% ... FL Group 19,40 +1,04% ... Flaga 4,15 +0,00% ... Glitnir 18,10 +2,26% ... KB banki 783,00 +1,69% ... Landsbankinn 21,80 -2,24% ... Marel 69,90 +0,00% ... Mosaic Fashions 16,50 +0,00% ... Straumur-Burðarás 17,20 -0,58% ... Össur 109,00 -0,91%

*KL. 15.00 Í gær.

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Peningaskápurinn...

### Sameiningarmáttur alþýðu

Johan Fredrik Oddfjell verður ekki forstjóri norska ríkisolíurisans Statoil eins og til stóð, eftir að upp komst um ríkulegan starfslokasamning Oddfjell við tryggingafélagið Vest. Stærsta verkalýðsfélag Noregs, LO, hefur mikil völd innan norska Verkamannaflokksins og gat ekki sætt sig við að slíkur arðræningi settist í forstjórastól Statoil. Stoltenberg forsætisráðherra og Enokssen orkumálaráðherra stóðu með sínum manni þrátt fyrir mikið fjölmiðlafár, en Oddfjell afþakkaði að lokum starfið og kvaðst ekki nenna að standa í svona veseni.



### Sjór er þykkari en vatn

Línur eru að skýrast í kringum Exista og ljóst að þar fer einn hæsti turn í íslensku viðskiptalífi. Hinir tveir eru Baugur og Björgólfsfeðgar. Svo eru nokkrar býsna reisulegar byggingar þar í kring. Smærri byggingarnar lenda stundum í að vera yfirskyggðar af hinum stóru. Magnús Kristinsson og grannar hans úr Vestmannaeyjum, Guðbjörg Matthíasdóttir og hennar fólk, eru í slíkri stöðu. Magnús er ekki kátur með Björgólfsfeðga og Ísfélagsfólkið ku heldur ekki sátt við vendingarnar. Guðbjörg og hennar fólk hafa unnið talsvert með Sundsmönnum og Björgólfsfeðgum, en nú lítur út fyrir að stirðleiki sé kominn í þau samskipti og að til tíðinda kunni að draga í kringum Tryggingamiðstöðina sem hefur verið höfuðvígi Eyjafjölskyldunnar. Eyjamennirnir standa saman, enda sjór þykkari en vatn.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Velta sænska flugfélagsins Fly Me, sem að hluta til er í eigu Fons eignarhaldsfélags, jókst um 66 prósent á fyrsta ársfjórðungi. Tap ársfjórðungsins nam sem nemur 647 milljónum íslenskra króna og jókst til muna milli ára.

Heikki Niemelä, forstjóri dótturfélags Kaupþings banka í Finnlandi, Kaupthing Bank Oyj, hefur verið ráðinn í nýtt starf innan Kaupþings banka samstæðunnar og mun flytjast til Lundúna. Tommi Salunen tekur við starfi Kaupthing Bank Oyj hinn 1. júní.

Glitni banka þykir allt benda til áframhaldandi verðhækkana og spáir 0,9 prósenta hækkun vísitölu neysluverðs milli maí og júní. Hagstofa Íslands birtir vísitöluna hinn 12. júní næstkomandi.

# Hallinn eykst enn

Vöruskiptajöfnuðurinn var óhagstæður um 9,7 milljarða króna í apríl samkvæmt nýjum tölum frá Hagstofunni. Í aprílmánuði voru vörur fluttar út fyrir 17,7 milljarða króna og inn fyrir 27,3 milljarða. Á sama tíma í fyrra var vöruskiptajöfnuðurinn óhagstæður um 5,4 milljarða króna.

Sé litið til fyrstu fjögurra mánuða ársins voru fluttar út vörur fyrir 66,4 milljarða króna en inn fyrir 108 milljarða króna. Hallinn nam því 41,6 milljörðum en á sama tíma árið áður var hann 20,6 milljarðar. Sjávarafurðir voru 58 prósent alls útflutnings og útfluttar iðnaðarvörur 38 prósent. Mest varð aukning í innflutningi á fjárfestingarvöru og hrá- og rekstrarvöru. Á móti kom samdráttur í innflutningi flugvéla.

- hhs




# Exista eignast VÍS að fullu

**KB banki og aðrir hluthafar selja áttatíu prósent hlutafjár í VÍS til Exista, sem verður skráð á markað í september og verður eitt verðmætasta fyrirtækið í Kauphöllinni. Eignarhald milli Exista, KB banka og VÍS verður skýrara.**

Exista hefur fest kaup á áttatíu prósentum hlutafjár í VÍS eignarhaldsfélagi, móðurfélagi VÍS, Lífís og Lýsingar, fyrir 53,2 milljarða króna. Fyrir átti Exista fimmtungshlut í eignarhaldsfélaginu.

Seljendur eru KB banki og eignarhaldsfélögin Hesteyri, Samvinnutryggingar og Andvaka, sem fá samtals 18,5 prósent hlutafjár í Exista í staðinn.

Miðað við viðskiptin er verðmæti VÍS 65,8 milljarðar króna og virði Exista 288 milljarðar. Ætlun kaupenda er að sameina Exista og Eignarhaldsfélagið VÍS undir merkjum Exista og hefur verið tilkynnt að Finnur Ingólfsson, forstjóri VÍS, láti af störfum og verði starfandi stjórnarformaður VÍS.

KB banki átti 24 prósenta hlut í VÍS eignarhaldsfélagi og nam söluverð hlutarins 15,9 milljörðum króna. Bankinn, sem bókfærir sjö milljarða söluhagnað á öðrum ársfjórðungi, fær hluta kaupverðsins greiddan með nýjum hlutabréfum í Exista og fer hlutur hans í Exista úr 19 prósentum í 21 prósent. Tilkynnt hefur verið að Exista verði skráð í Kauphöll Íslands í september og stefnir KB banki að því að minnka hlut sinn í fjárfestingarfélaginu verulega. Ætlar bankinn annars vegar að greiða hluthöfum sínum aukaarð í formi hlutabréfa í Exista og hins vegar að selja hlutabréf til fagfjárfesta.

Erlendur Hjaltason, forstjóri Exista, segir að til verði geysilega öflugt fjármálafyrirtæki sem hafi afl og slagkraft til að ráðast í stór og ögrandi verkefni. „Megintilgangur þessara breytinga er að gera þetta félag að áhugaverðum fjárfestingarkosti þar sem við tengjum saman tryggingafélag og aðrar eignir Exista. Undir Exista verða því mjög öflug rekstrarfélög.“ Eftir viðskiptin fer hlutur Exista í KB banka úr 21 prósenti í 25 prósent og jafnframt eykst hlutur félagsins í Bakkavör þar sem VÍS átti þar bréf í báðum félögum fyrir. Ein stærsta fjárfesting Exista liggur einnig í Símanum.

Erlendur bendir einnig á að kaupin og undirbúningur að skráningu séu liður í því að einfalda eignarhald og skera á krosseignartengsl milli Exista, KB banka og VÍS sem hafa verið mjög til umræðu. Fyrir viðskiptin áttu félögin öll hvert í öðru nema VÍS í Exista en eftir skráningu á aðeins Exista í KB banka og VÍS, þótt KB banki muni eiga óverulegan hlut í Exista.

Heildareignir Exista, sem hagnaðist um 10,6 milljarða á fyrsta ársfjórðungi, eru nú 280 milljarðar króna og eigið fé yfir 150 milljarðar. Stærstu hluthafar í Exista eftir sameiningu verða Bakkabræður með rúm 47 prósent og KB banki með 21 prósent auk nokkurra sparisjóða og eignarhaldsfélaga. „Þetta er langtímafjárfesting í okkar huga og langtímaskipulag sem við erum að búa til,“ segir Erlendur að lokum.

eggert@frettabladid.is



**FINNUR INGÓLFSSON VERÐUR STARFANDI STJÓRNARFORMAÐUR VÍS** Exista hefur eignast áttatíu prósent hlutafjár í VÍS fyrir 53 milljarða króna. Hluthafar í VÍS fá hlutabréf í Exista sem gagngjald og stefnt er að því að skrá Exista á markað í september. Eftir skráningu verða eignatengsl milli Exista, KB banka og VÍS skýrari og einfaldari. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**HLUTHAFAR Í EXISTA EFTIR SAMEININGU VIÐ VÍS EIGNARHALDSFÉLAG**

| | |
|---|---|
| Bakkabræður Holding | 47,4% |
| KB banki | 20,9% |
| SPRON | 6,3% |
| Hesteyri | 5,7% |
| Samvinnutryggingar | 5,7% |
| Sparisjóðabankinn | 4,6% |
| Sparsjóður Keflavíkur | 3,1% |
| Andvaka | 1,6% |
| Aðrir | 4,7% |
| Alls | 100% |

**EIGIÐ FÉ EXISTA Í SAMANBURÐI VIÐ ÖNNUR FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI (í milljörðum króna)***

| | |
|---|---|
| KB banki | 214 |
| Exista | 129** |
| Straumur-Burðarás | 125 |
| Landsbankinn | 117 |
| Glitnir banki | 111 |
| FL Group | 77 |

*Miðað við 31.3.2006
**Eigið fé Exista stendur nú í 150 milljörðum






**Á GÓÐRI LEIÐ** Vöruhúsið Illum í Kaupmannahöfn er á góðri leið með reksturinn, salan hefur aukist og hagnaðurinn tvöfaldast.

# Illum tvöfaldar hagnað sinn

Sala danska vöruhússins Illum, sem er í eigu Baugs, óx um fjórtán prósent í fyrra miðað við árið áður. Hagnaður starfseminnar liðlega tvöfaldaðist hins vegar á tímabilinu.

Illum leigir út verslunarpláss vöruhússins í miðborg Kaupmannahafnar og jókst nýting verslunarpláss um 89 prósent. Baugur keypti félagið í fyrra og var yfirlýst stefna með kaupunum að styðja við bakið á forstjóranum Patriciu Burnett og stefnu stjórnenda félagsins. Félagið hafði þegar náð nokkrum árangri í að efla starfsemi sína og móta stefnu vöruhússins.

Árið byrjar einnig vel hjá Illum því sala hefur aukist um sautján prósent fyrstu þrjá mánuði ársins miðað við sama tímabil árið áður. Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Illum, segir í tilkynningu að stjórnendur félagsins hafi skilað góðum árangri auk þess að bæta verslunina og gera hana ánægjulegri fyrir viðskiptavini. „Það er góður andi í hópnum og góður grunnur að byggja á. Illum er á góðri leið í mótun sinni og við munum upplýsa um næstu skref í þróuninni síðla sumars.“


KOMDU OG TAKTU ÞÁTT Í
SUMARGLEÐI
Shell
Renndu við á næstu Shellstöð, náðu í Sumargleðispjaldið og bílferðin verður léttur leikur
Sumargleði Shell og Latabæjar er skemmtilegt ferðaspil sem kætir börnin og gerir bílferðina að laufléttum leik. Fljúgandi hressir vinningar dregnir út vikulega. Byrjaðu sumargleðina hjá Shell.
Shell - með þér alla leið




**Ingvar Helgason**

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

| | | | |
|---|---|---|---|
| Umboðsmenn um land allt | Selfossi 482 3100 | Njarðvík 421 8808 | Akranesi 431 1376 |




Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

| | | |
|---|---|---|
| Höfn í Hornafirði<br>478 1990 | Reyðarfirði<br>474 1453 | Akureyri<br>461 2960 |

### Vissir þú...

*að Terna frá Kirkjubæ á tólf skráð afkvæmi? Þar af eru nokkrir vel þekktir stóðhestar. Hæst dæmdur er Töfri frá Kjartansstöðum með 8,45 í aðaleinkunn. Aðrir eru Stígur, Trostan, Tývar og Huginn frá Kjartansstöðum. www.worldfengur*

# Fákar og fólk

**HESTAMAÐURINN:** SVEINN RAGNARSSON

## *Vill landsmót í Reykjavík*

„Það er alltaf gaman þegar allt gengur upp. Ég fann akkúrat á þessu augnabliki að vinnan var að skila sér og það er skemmtilegast," segir Sveinn Ragnarsson sem sigraði í meistaraflokkinn í tölti á gæðingamóti Fáks um síðustu helgi. Hann reið til sigurs á hestinum Loftfara frá Laugavöllum. „Þetta er feiknaskemmtilegur hestur sem er stigvaxandi. Hann hefur þurft sinn tíma og er smátt og smátt að vinna sig upp," segir Sveinn og bætir við að Loftfari eigi mikið inni ennþá. Sveinn hefur einnig unnið sér rétt til keppni í A flokki á Leikni frá Laugavöllum sem er undan sömu hryssu og Loftfari.

Í ár verður líkt og á síðastalandsmóti haft það fyrirkomulag að aðeins þrjátíu efstu knapar um allt landið fá að keppa í tölti. Í gæðingakeppninni hins vegar senda hestamannafélögin þá bestu í hverju félagi. Sveinn og Loftfari eru nú komnir mjög ofarlega á töltlistann og ólíklegt að þeir detti út af honum þó að einhverjar breytingar eigi eftir að verða í neðri sætum.

Sveini finnst þetta fyrirkomulag mjög gott. „Mér finnst að það ætti að taka þetta upp í gæðingakeppninni líka," segir Sveinn, sem finnst úrelt sú félagslega hugsun að hvert félag sendi ákveðinn fjölda hesta. Það segi eitt og sér ekkert um gæði hestanna. „Fólk vill sjá það besta á mótinu," segir Sveinn, sem finnst að ungmennafélagsandinn ekki eiga við í dag.



FRÉTTABLAÐIÐ/EIÐFAXI

Sveinn segir töluvert fyrirtæki að vera með hest á landsmóti. Sér í lagi sé erfitt að vera með stóðhest á móti á Vindheimamelum því þar vanti alla aðstöðu til að hýsa hestana. Oft þurfi að keyra lengri leiðir með þá í hesthús til og frá mótsvæði. Hann segir það í raun tímaskekkju að hafa mótið fyrir norðan. „Ég myndi vilja sjá mótið aftur í Reykjavík," segir Sveinn, sem myndi ekki sakna tjaldbúðarstemningarinnar. „Þetta fer ekki orðið saman í dag, enda eru fyrstu fréttir í blöðum frá landsmótinu af eiturlyfjum," segir Sveinn með áherslu.

### Hinn íslenski gæðingur

Á vefsíðu Bændasamtaka Íslands eru upplýsingar um opinber ræktunarmarkmið í hrossarækt.

Hið opinbera ræktunartakmark miðar að því að rækta heilbrigðan, frjósaman og endingargóðan hest. Þá er markmiðið að viðhalda öllum mögulegum litaafbrigðum innan stofnsins.

Hið opinbera ræktunartakmark gefur færi á allmiklum breytileika hvað varðar stærð hrossanna. Almennt er talið að heppileg stærð sé á bilinu 135 til 145 cm á hæstar herðar mælt á stöng.



Almennt er stefnt að því að rækta hina léttbyggðari gerð íslenska hestsins með mikilli áherslu á styrk, skrokkmýkt og vöðvastælta líkamsbyggingu. Sköpulagið á að stuðla að mikilli ganghæfni og eðlisgóðum höfuðburði og jafnframt taka mið af almennt viðurkenndum fagurfræðilegum þáttum.

Almennt er stefnt að því að rækta fjölhæfan, taktfastan og öruggan, viljugan og geðprúðan hest sem fer glæsilega í reið - hinn íslenska gæðing.

### Mótin á komandi dögum

Tími gæðingakeppninnar og úrtökumóta fyrir Landsmótið á Vindheimamelum er runninn upp. Um hvítasunnuhelgina verður mikið um að vera í lífi keppnisfólksins, sem allt er farið að hlakka til enda tæpur mánuður í upphaf Landsmóts sem er án efa hápunktur ársins.

**Eftirfarandi mót verða á næstu dögum:**

1. til 3. maí er gæðingamót Sörla á Sörlastöðum.
2. til 4. maí er gæðingamót Harðar og úrtaka fyrir LM á Varmárbökkum.
Á sama tíma er gæðingakeppni Andvara haldin á Kjóavöllum.
3. maí er gæðingakeppni og úrtaka haldin á Æðarodda hjá hestamannafélaginu Dreyra. Einnig gæðingakeppni Gusts í Glaðheimum, kappreiðar og úrtaka fyrir LM á Akureyri hjá hestamannafélaginu Létti.
Félagsmót Freyfaxa og úrtaka verður haldið dagana 3. til 5. maí á Stekkhólma. Annan í hvítasunnu eða 5. maí verður síðan Faxi með gæðingakeppni og úrtöku að Miðfossum.








# Ung topphross eru að hópast inn

**Kynbótasýningar eru hafnar og mikill fjöldi hrossa skráður til leiks. Guðlaugur Antonsson hrossaræktarráðunautur er afar ánægður með vertíðina það sem af er. Hann segir topphross hópast inn, ekki síst í yngri flokkunum.**



**Á FULLRI SIGLINGU** Atli Guðmundsson og hinn litfagri stóðhestur Skrúður frá Litlalandi stóðu sig með prýði á héraðssýningunni á Sörlastöðum á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/EIÐFAXI

„Það er að hópast inn feiknamikið af góðum hrossum, ekki síst topphrossum í ungu flokkunum," segir Guðlaugur Antonsson, hrossaræktarráðunautur Bændasamtaka Íslands. Hann er nú staddur á kynbótasýningu í Skagafirði, nýkominn úr Hafnarfirði þar sem fjöldamörg hross fóru í kynbótadóm.

Einnig eru kynbótasýningar hafnar á Hellu og standa þær í þrjár vikur. Eftir eru þá sýningar í Kópavogi, Eyjafirði, Austurlandi og Hornafirði.

„Lágmörkin voru hækkuð fyrir landsmótið í öllum flokkum nema 4. vetra flokkunum," segir Guðlaugur. „Það breytir því ekki að yngstu flokkarnir eru að koma óhemjusterkir inn. Það hljóta allir að vera sammála um að við erum á góðri leið í ræktunarmálum."

Inntur eftir því hvort ráða megi af sýningarhrossum nú að leggja beri áherslu á einhverja sérstaka þætti í ræktuninni til framtíðar litið kveðst Guðlaugur sammála Þorkatli heitnum Bjarnasyni að leggja þurfi mikla áherslu á alhliða hestinn og að sjálfsögðu með hreinu tölti. Mikið sé af hreingengum hrossum nú.

„Við leggjum heilmikið upp úr hreinleikanum í töltinu en viljum hafa skeið með. Auðvitað eru einnig topp klárhestar hjá okkur. Ef töltið er fljúgandi gott, mjúkt og rúmt, en ekki klárgengt þá liggur skeiðið svo mikið á bak við að þeir gefa í bland hesta sem skeiða. Við getum litið til stóðhesta eins og Andvara frá Ey og Markúsar frá Langholtsparti. Þessir hestar eru að gefa flugvakra hesta í bland, þótt þeir hafi fyrst og fremst verið klárhestar sjálfir."

Guðlaugur minnist á reiðmennsku í sýningum og keppnum og segir hana fara stöðugt batnandi. Auðsjáanlega sé að breiðast út heilmikil þekking frá Hólaskóla. Áherslan sé orðin meiri á burð hestsins, að bakið beri sig uppi og höfuðið sé meira í lóð, en hestinum leyft að vera aðeins lágreistari heldur en áður var. Þessi stefnubreyting endurspeglist í kynbótasýningunum og góð reiðmennska skili alltaf sínu.

Guðlaugur telur að um sjötíu kynbótahross séu þegar komin inn á landsmót. Viðmiðið hafi verið 200 hross en sér sýnist fjöldinn verða heldur meiri. Samstaða hafi aldrei náðst um að hafa hámarksfjölda, því erfitt sé fyrir þann sem mætir á sýningu í apríl að vita ekki hvort hann sé inni eða ekki fyrr en fáeinum dögum fyrir mót.

„En hvað sem því líður þá verður mikil veisla á landsmótinu," segir Guðlaugur og bætir við: „Ég get alveg lofað því." **jss@frettabladid.is**

**SÉRFRÆÐINGURINN:** JÓN BALDUR LORANGE, FORSTÖÐUMAÐUR TÖLVUDEILDAR BÍ

## WorldFengur er einstakur í heiminum

WorldFengur er upprunaættbók íslenska hestsins. Þar er safnað saman upplýsingum um íslenska hesta innan landa FEIF (Félag eigenda íslenskra hesta erlendis) og eru þær aðgengilegar á vefnum. WorldFengur er samstarfsverkefni Bændasamtaka Íslands og FEIF um að þróa einn og viðurkenndan miðlægan gagnagrunn um íslenska hestinn hvar sem er í heiminum. Í WorldFeng er að finna viðamiklar upplýsingar um á þriðja hundrað þúsund íslenskra hesta og eykst fjöldi þeirra á hverjum degi. „WorldFengur er mjög mikilvægur fyrir ræktun íslenska hestsins bæði hér og erlendis. Þar er safnað saman upplýsingum um ætterni og eiginleika íslenska hestsins um allan heim," segir Jón Baldur Lorange, forstöðumaður tölvudeildar Bændasamtaka Íslands. „Við Íslendingar erum í forystuhlutverki í þessum efnum og aðstoðum Íslendingafélögin erlendis."

Jón Baldur segist ekki halda að viðlíka rafræn upprunaættbók eigi nokkra sína líka í heiminum. „Við höfum fundað með Evrópusambandinu og þar kom í ljós að ekki er til neinn miðlægur gagnagrunnur um eitt búfjárkyn í heiminum en þetta er nokkuð sem Evrópusambandið dreymir um að koma upp," segir Jón Baldur en Íslandsfengur sem stofnaður var hér á landi árið 1991 var færður í alþjóðlegt horf árið 1999 og þá nefndur WorldFengur.

„Á Íslandi er stærstur hluti hrossa skráður í Feng. Það eru ekki nema einstakir stóðbændur sem eru ekki í neinu kerfi. Um 4.000 hrossaræktendur taka þátt í skýrsluhaldi hér á landi," upplýsir Jón Baldur en í því felst að skrá og örmerkja öll hross og senda inn eigendaskipti.

Erlendis er það vaxandi að hross séu skráð í grunninn. Þetta er orðið mikið gert í Danmörku, Svíþjóð, Holland, Finnlandi, Sviss og Austurríki. Jón Baldur segir að fólk sjái sér hag í að hafa hross sín skráð enda veiti það öryggi vegna ættfræði- og eigendaupplýsinga. Þar má finna kynbótadóma og mat og einnig er hægt að fylgjast áfram með hrossum sem flutt eru úr landi. Þá er það góð trygging fyrir hrossaeigendur erlendis að hafa hrossin skráð í WorldFeng því aðeins hreinræktuð íslensk hross mega vera skráð í grunninn.

Jón Baldur telur mikið ráðrúm fyrir WorldFeng að þróast í framtíðinni. „Við erum að reyna að fá fjármagn til að endurskrifa hann alveg því forritið er orðið gamalt. Við þurfum að skrifa hann í nýju umhverfi sem býður upp á fleiri notkunarmöguleika og er notendavænna. Svo eru að bætast inn DNA- og heilsufarsupplýsingar og vonir standa til að íþrótta- og gæðingakeppnir verði skráðar á næsta ári.



www.icelandexpress.is




# 2.000 FLUGSÆTI

**Iceland Express býður 2.000 flugsæti aðra leiðina á sérstöku tilboðsverði.
Tilboðið gildir fyrir flug á alla áfangastaði okkar á tímabilinu 2. júní – 15. júlí.**

Um er að ræða valdar dagsetningar og takmarkað sætaframboð. Smelltu þér á www.icelandexpress.is og skutlaðu þér til London, Kaupmannahafnar, Stokkhólms, Gautaborgar, Berlínar, Frankfurt Hahn, Friedrichshafen eða Alicante á hlægilegu verði. Fyrstur bókar, fyrstur fær!

**Lægsta verð, aðra leiðina með sköttum: 4.350 kr.**
**Bókaðu á www.icelandexpress.is**

Iceland Express

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

# skoðun

SJÓNARMIÐ
BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Fórnarlömb heimilisofbeldis þurfa lausnir:

## Nálgunarbann verður að virka

Í Fréttablaðinu í gær segir Bjarnþór Aðalsteinsson, lögreglufulltrúi í ofbeldisdeild lögreglunnar í Reykjavík, að nálgunarbann eigi að vera sjálfsagður hlutur til varnar þeim sem hafi búið við ofsóknir og illúðlegar árásir árum saman. Hins vegar virki lög um nálgunarbann ekki sem skyldi.

„Við höfum orðið fyrir vonbrigðum með hvað úrræðið er máttlaust tæki og hve mikið þarf til svo hægt sé að beita nálgunarbanni,“ segir Bjarnþór. Það taki langan tíma að fá bannið í gegn og beita viðurlögum sé það brotið.

Undir þetta sjónarmið tekur Helgi I. Jónsson, dómstjóri í Héraðsdómi Reykjavíkur. Framfylgni nálgunarbanns sé þungt í vöfum og það taki tvær til fjórar vikur að afgreiða slík mál. „Lögin eru einfaldlega svona. Það er Alþingis að meta hvort þörf er á að breyta þeim.“

Í apríl síðastliðnum samþykkti Alþingi breytingar á hegningarlögum þar sem meðal annars var lögfest heimild til refsiþyngingar ef ofbeldismaður er nákominn fórnarlambi sínu. Þá þykir brotið hafa aukið á grófleika verknaðarins. Var þetta einn liður af nokkrum í aðgerðum Björns Bjarnasonar, dóms- og kirkjumálaráðherra, gegn heimilisofbeldi.

Það er mikilvægt að löggjafar- og framkvæmdavaldið skoði sérstaklega hvernig bregðast eigi við heimilisofbeldi. Það er hins vegar vandmeðfarið. Gæta verður að friðhelgi heimilisins en um leið eiga þess kost að grípa inn í aðstæður þar sem ofbeldi á sér stað. Eitt meginhlutverk stjórnvalda er einmitt að vernda einstaklinga fyrir ofbeldi. Um það eru allir sammála.

Nálgunarbann er einn kostur sem hægt er að grípa til. Hins vegar virðist það ekki virka eins og til er ætlast. Vegna eðli málsins eiga konur, sem oftast verða fyrir heimilisofbeldi, erfitt með að krefjast nálgunarbanns á einhvern sér nákominn. Þá þarf að vera rökstudd ástæða fyrir því að viðkomandi brotamaður ætli að fremja afbrot eða á annan hátt stofna friði þess sem í hlut á í hættu. Í þriðja lagi tekur langan tíma að framfylgja banninu og brjóti viðkomandi bannið er ekki hægt að kippa honum úr umferð strax.

Eins og Helgi I. Jónsson segir er það Alþingis að meta hvort þörf sé á að breyta lögum um nálgunarbann. Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, hefur talað fyrir því að lögreglu verði heimilt að vísa ofbeldismanni brott af heimili sínu og banna honum að koma þangað aftur í tiltekinn tíma. Til þess þurfi að liggja fyrir rökstudd ástæða; að hann ætli að beita náinn aðstandanda ofbeldi, hóti ofbeldi eða stofni andlegu heilbrigði heimilisfólks í hættu. Skal ákvörðunin borin undir dómara innan sólarhrings.

Kolbrún segir þessa aðferð ganga skemur en nálgunarbann. Ákvörðun um að beita þessu úrræði eigi líka að vera á höndum yfirvalda en ekki fórnarlambanna sjálfra, sem hafi kannski þurft að lifa við stöðuga ógn í langan tíma.

Hugmynd Kolbrúnar hefur ekki fengið brautargengi í meðferðum Alþingis undanfarin ár. Ef ríkisstjórnarflokkarnir hafna þessari aðferð þarf að endurskoða lögin um nálgunarbann. Það neyðarúrræði verður að virka fyrir þá sem sæta ofsóknum.

Ekki er ástæða til að ætla annað en að Björn Bjarnason dómsmálaráðherra haldi áfram að finna raunhæfar lausnir gegn heimilisofbeldi.



### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Hver segir söguna?**
Morgunblaðið á þakkir skildar fyrir sérblað sitt í gær um átökin um auðlindina, en í dag eru þrjátíu ár frá því Íslendingar höfðu fullan sigur í milliríkjadeilum sínum vegna útfærslu landhelginnar. En hvernig tekst Morgunblaðinu að birta 22 þéttskrifaðar síður án þess að minnast á Lúðvík Jósepsson, óbilandi baráttumann fyrir útfærslu landhelginnar í tólf og síðan fimmtíu mílur er hann var sjávarútvegsráðherra í vinstristjórninni árin 1971 til 1974?
Þetta á að vísu ekki við um Guðna Th. Jóhannesson, sem rekur söguna skilmerkilega í sérblaðinu.
Baráttuvilji Lúðvíks hafði áreiðanlega veruleg áhrif á samráðherra og afstöðu þjóðarinnar í harðvítugum átökum um fimmtíu mílna útfærsluna árið 1972, enda mál margra að í raun hafi verið um sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar að ræða.

**Gleymskan**
Í sérriti Morgunblaðsins er fullnaðarsigurinn um landhelgina meira og minna þakkaður Geir Hallgrímssyni, Matthíasi Bjarnasyni og Einari Ágústssyni. Margir vildu semja, meðal annars Einar Ágústsson utanríkisráðherra, í deilunni um fimmtíu mílurnar árið 1972. Lúðvík sjávarútvegsráðherra vildi það ekki. Kannski er Morgunblaðið búið að gleyma andstöðu sinni við útfærsluna í fimmtíu mílurnar. Sverrir Þór Sævarsson skrifar í ritgerð um útfærslu landhelginnar 1972 og vísar meðal annars í Morgunblaðið 29. nóvember það ár: „Andstæðingar ríkisstjórnarinnar nýttu sér stöðuna í deilunni til að koma höggi á stjórnina, og fór Morgunblaðið þar fremst í flokki, þar sem gefið var í skyn í einum leiðara blaðsins að útfærslan í 50 mílur hafi verið mistök.“

**Lýðræðishalli**
Friðrik Þór Guðmundsson blaðamaður vekur athygli á sérstæðum lýðræðishalla. Hann bendir á að á bak við hvern borgarfulltrúa í Reykjavík séu að jafnaði 4.403 atkvæði, en væru 3.145 ef borgarfulltrúar væru 21 eins og þeir voru eitt sinn. Á bak við hvern fulltrúa í Kópavogi eru 1.357 atkvæði, liðlega eitt þúsund í Hafnarfirði og 860 á Akureyri. Víða eru á bilinu 300 til 700 atkvæði á bak við hvern fulltrúa í sveitarfélögum vítt og breitt um landið. „4.403 atkvæði eru á bak við hvern borgarfulltrúa í Reykjavík en það er meira en öll greidd atkvæði í Árborg. Ætti kannski að vera einn bæjarfulltrúi í Árborg?“ spyr Friðrik.



johannh@frettabladid.is

## Undanhald í áföngum

ÍDAG
ÁSTAND STJÓRNMÁLANNA



ÞORVALDUR GYLFASON

*Reynslan mun skera úr því, hvort nýr borgarstjórnarmeirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks mun standa við loforðin um flutning flugvallarins. Skyndilegur áhugi þeirra á málinu skömmu fyrir kosningar lofar ekki góðu um tímabærar efndir.*

Flokkarnir tveir, sem hafa stjórnað Íslandi nær óslitið síðan 1927 ýmist saman eða hvor í sínu lagi, gátu löngum gengið að nærri tveim þriðju hlutum kjörfylgisins sem gefnum hlut. Svo sterk staða í skjóli bjagaðra kosningalaga hlaut að marka landsstjórnina og stjórn einstakra sveitarfélaga.

Tökum Reykjavík. Samanlagt kjörfylgi Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins í sveitarstjórnarkosningum í höfuðborginni 1930-1990 fór aldrei niður fyrir 55 prósent (1946), og fylgi þeirra nam samtals 69 prósentum 1990. Sama máli gegnir um fylgi þessara flokka í sveitarstjórnarkosningum á landsvísu: samanlagt fylgi þeirra í sveitarfélögum, þar sem listar þeirra voru bornir fram 1974-2002, fór aldrei niður fyrir 52 prósent (1978), en fylgi þeirra hélzt annars á bilinu 62-68 prósent nema 1986 (56 prósent). Það á vel við að leggja fylgi þessara tveggja flokka saman frekar en að skipta því á milli þeirra, því að þeir eru nauðalíkir í flestum aðalatriðum og hafa jafnan verið. Það er að vísu rétt, að þeir elduðu stundum grátt silfur á fyrri tíð, en það stafaði meðal annars af því, að þeir voru löngum svo að segja alveg eins og þurftu því að bítast um sama fylgi, einkum til sveita. Staðsetning Reykjavíkurflugvallar í mýrinni í miðri Reykjavík er til marks um veldi þessara flokka í höfuðborginni, þótt þeir hafi nú loksins báðir fyrir kosningar lofað því að flytja flugvöllinn burt, Sjálfstæðisflokkurinn þó með semingi.

Úrslit sveitarstjórnakosninganna um daginn eru eftirtektarverð í þessu ljósi. Samanlagt fylgi ríkisstjórnarflokkanna í fjórum stærstu sveitarfélögunum fór nú í fyrsta skipti niður fyrir helming. Fylgi þeirra í Reykjavík reyndist 49 prósent, 56 prósent í Kópavogi, 30 prósent í Hafnarfirði og 46 prósent á Akureyri. Fylgi stjórnarflokkanna í þessum fjórum sveitarfélögum, þar sem 64 prósent kjósenda búa, nam 47 prósentum á heildina litið. Fylgistapið á þessum stöðum er ekki bundið við Framsóknarflokkinn, því að Sjálfstæðisflokkurinn hefur aðeins einu sinni áður í sögu sinni hlotið minna fylgi í borgarstjórnarkosningum í Reykjavík (2002).

Þessi bága útkoma stjórnarflokkanna vekur hugboð um, að til tíðinda kunni að draga í alþingiskosningum að ári. Fari svo, að stjórnarflokkarnir tveir nái þá ekki meiri hluta atkvæða í fyrsta sinn frá upphafi núverandi flokkaskipanar, munu þau úrslit leggja mikla ábyrgð á hendur andstöðuflokkanna. Margir kjósendur virðast styðja stjórnarflokkana í þeirri trú, að stjórnarandstaðan sé svo veik, að henni sé síður treystandi til að varðveita stöðugleikann í efnahagslífinu: þetta er inntakið í gömlu glundroðakenningunni. Það er engu líkara en þeim, sem trúa þessari kenningu, sjáist yfir ábyrgðarleysið, sem hefur einkennt feril núverandi ríkisstjórnar undangengin ár, því að hún hefur nú hleypt verðbólgunni upp í átta prósent á ári, sem er Evrópumet eina ferðina enn, hleypt erlendum skuldum þjóðarbúsins langt upp fyrir 300 prósent af landsframleiðslu, seilzt út á yztu nöf í pólitískum embættaveitingum, knúið á um mjög aukinn ójöfnuð í skiptingu auðs og tekna og skilið landið eftir varnarlaust í þokkabót fyrir einskæra handvömm að því er virðist. Það þarf býsna líflegt ímyndunarafl til að hugsa sér, að stjórnarandstöðuflokkunum þætti árennilegt að halda lengra áfram á sömu braut.

Samt er allra veðra von. Frjálslyndi flokkurinn var stofnaður til höfuðs ranglátri fiskveiðilöggjöf. Ætla mætti, að flokkurinn reyndi að gæta þess, að stefna hans í öðrum greinum sé samboðin sérstöðu hans í því mikilvæga máli. Og hvað gerir Frjálslyndi flokkurinn þá? Hann er ekki fyrr búinn að samþykkja skýra ályktun um nauðsyn þess að rýma Vatnsmýrina í Reykjavík fyrir blómlegri byggð en hann snýr við blaðinu rétt fyrir kosningar og lofar að negla flugvöllinn niður í mýrinni, eftir að hinir flokkarnir fjórir höfðu allir heitið Reykvíkingum, hver á sinn hátt, að flytja flugvöllinn. Reynslan mun skera úr því, hvort nýr borgarstjórnarmeirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks mun standa við loforðin um flutning flugvallarins. Skyndilegur áhugi þeirra á málinu skömmu fyrir kosningar lofar ekki góðu um tímabærar efndir.

Reykjavík er aflstöð þjóðlífsins um landið. Ísland er eins og önnur lönd: borgirnar bera uppi sveitirnar, en þó þannig, að borg og sveit eru systur. Það er óskandi, að loforð allra flokka nema eins um flutning flugvallarins verði efnt sem allra fyrst til skýrra hagsbóta fyrir fólkið í landinu.


MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




Einn af virtustu tölvunarfræðingum í heimi, **Dr. Moshe Y. Vardi**, verður gestur Þekkingarseturs fræðilegrar tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík í byrjun júní. Hann heldur fyrirlestur fyrir almenning um rökfræði, frá Aristóteles og Evklíð til dagsins í dag.

Allir ættu að geta haft gaman af fyrirlestrinum, en Dr. Vardi hefur haldið fjölda fyrirlestra um heim allan.



Á síðustu fimmtíu árum hafa samskiptin á milli rökfræðinnar og tölvunarfræðinnar aukist mjög mikið. Rökfræði hefur meira að segja verið kölluð „stærðfræðigreining tölvunarfræðinnar" þar sem rökfræðin gegnir, að margra áliti, svipuðu hlutverki fyrir tölvunarfræðina og stærðfræðigreining gegnir fyrir eðlisfræði og hefðbundnar verkfræðigreinar.
Í fyrirlestrinum **„And Logic Begat Computer Science: When Giants Roamed the Earth"** verður farið yfir söguna og hvernig rökfræðin hefur haft áhrif á þróun tölvunarfræðinnar.

**Fyrirlesturinn er áhugaverður fyrir alla þá sem hafa áhuga á verkfræði, stærðfræði, heimspeki, sagnfræði og öllu öðru sem tengist rökfræði, tækni og þróun.**

## FYRIRLESARI: DR. MOSHE Y. VARDI



*Dr. Vardi starfar sem prófessor í Rice University í reiknifræðilegri verkfræði og er forstöðumaður tölvu- og upplýsingatæknisviðs við sama háskóla. Hann hefur unnið til verðlauna hjá ACM og IBM, hann fékk Gödel-verðlaunin árið 2000 og hefur birt yfir 300 greinar í virtum tímaritum og fræðiritum um allan heim.*

*Fyrirlesturinn er styrktur af Rannís, Samtökum iðnaðarins og Félags um eflingu verk- og tæknifræðimenntunar.*

SI Samtök iðnaðarins
RANNÍS
Hetjur í vísindum!

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY
OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.hr.is

Stilling
- betri en bestir

Bílavarah

# THULE®
SWEDEN


TILBOÐ







| Ferðabox nr. | Heiti | Lítrar | Mál | Opnun | Verð |
|---|---|---|---|---|---|
| 683 | Apollo 100 Jetbag | 350 | 1390 x 905 x 420 | Aftan frá | 26.900 |
| 688 | Ocean 80 | 320 | 1330 x 860 x 370 | Aftan frá | 32.900 |
| 689 | Ocean 100 | 360 | 1390 x 900 x 390 | Hægra megin | 35.900 |
| 690 | Ocean 200 | 450 | 1750 x 820 x 450 | Hægra megin | 42.900 |
| 691 | Ocean 500 | 310 | 2260 x 550 x 380 | Hægra megin | 38.390 |
| 692 | Ocean 600 | 330 | 1900 x 630 x 370 | Hægra megin | 49.900 |
| 660 | Atlantis 200 | 440 | 1750 x 820 x 450 | Báðum megin | 49.900 |
| 666 | Atlantis 600 | 340 | 1900 x 630 x 410 | Öðru megin | 43.900 |
| 679 | Atlantis 780 | 480 | 1960 x 780 x 440 | Báðum megin | 55.900 |
| 680 | Atlantis 900 | 650 | 2350 x 900 x 460 | Báðum megin | 66.900 |
| 670 | Spirit 780 | 380 | 1960 x 780 x 330 | Báðum megin | 69.900 |
| 633 | Spirit 820 | 480 | 2300 x 820 s 360 | Báðum megin | 84.900 |
| 678 | X1 Box | 450 | 1900 x 900 x 380 | Báðum megin | 84.800 |
| 601100 | Thule Ranger | 340 | 1100 x 800 x 400 | Rennilás | 29.900 |



# lutir

# leysir vandann



Hjólafestingar á topp 561



Hjólafestingar á topp 591



Hjólafestingar á topp 530



Farangusgrindur á kúlu 902/903




Farangusgrindur á kúlu 9402/9403



Hjólfestingar á kúlu 970









Kajak og cano festingar


**Stilling**
Bílavarahlutir

**AÐALNÚMER · SÍMI 520 8000**
SKEIFUNNI 11 RVÍK. · SÍMI 520 8001
DRAUPNISGATA 1 AK · SÍMI 520 8002
DALSHRAUNI 13 HFN. · SÍMI 520 8003
SMIÐJUVEGI 68 KÓP. · SÍMI 520 8004
BÍLDSHÖFÐA 16 RVÍK. · SÍMI 520 8005
EYRARVEGI 29 SELF. · SÍMI 520 8006
www.stilling.is

AF NETINU

## Hvers lags er þetta?

Þessari spurningu ætti menntamálaráðherra auðvitað að svara eins og Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra gerði í gærmorgun þegar hann var spurður að því í viðtali á Morgunvakt Ríkisútvarpsins hvort það væri siðlegt að Framsóknarflokkurinn tæki þátt í myndun meirihluta í Reykjavík eftir slæma útkomu í kosningunum. Guðni svaraði að bragði „Hvers konar spurning er þetta eiginlega?!“ og var eðlilega nóg boðið. Hvernig væri nú að ráðherrar hættu að láta eins og þeir taki delluspurningar fyrirspurnarflokksins alvarlega og létu sér nægja að svara endaleysunni með þessum einfalda og ágæta hætti?

**Vefþjóðviljinn á andriki.is**

## Nei, þakka þér

Ég vil þakka framsóknarmönnum og öllum stuðningsmönnum B-listans í borgarstjórnarkosningunum kærlega fyrir stuðninginn í kosningunum. [...] Fyrir ungan mann hefur það verið heilmikil lífsreynsla að hafa forystu fyrir stjórnmálaafli í fyrsta sinn. Það hefur verið geysilega erfitt, en jafnframt ótrúlega spennandi og skemmtilegt. Að hitta þúsundir Reykvíkinga, kynna sér allt það helsta sem er á döfinni í borgarlífinu og brjóta framtíðarmálefni borgarinnar til mergjar er einhver skemmtilegasta prófraun sem hægt er að hugsa sér, og er nýjum borgarfulltrúa vitaskuld mikilvægt veganesti inn í nýtt kjörtímabil.

**Björn Ingi Hrafnsson á bjorningi.is**

## Borin von

Það var kannski borin von að hægt væri að gera mynd eftir Da Vinci Code, bók sem byggir á kenningu sem er nánast samhengislaust þrugl, en tekst þó á einkennilegan hátt að vera spennandi. [...] Þetta er ein af þeim myndum þar sem maður er farinn að líta á klukkuna eftir hálftíma, stroka út gömul skilaboð úr símanum, athuga hvort maður geti fundið nýja skjámynd. Semsagt afar langdregin. Kannski er helsti vandi leikstjórans, Rons Howard, hvað hann fylgir sögunni nákvæmlega - hann hefur vísast ekki þorað öðru af ótta við að móðga hinn stóra lesendahóp.

**Egill Helgason á visir.is**

## Dagamunur

Gagnslausasti lærdómurinn af nýlokinni kosningabaráttu er sífrumlegir orðaleikir með nafn eins frambjóðandans. Samherjar gerðu lítt lúmskar tilraunir til að lauma nafninu inn í lokaorð greina sinna með setningum eins og „Dag eða gærdag“ og „Dagur er risinn til að kjósa“. Hvernig hefðu kosningarnar eiginlega farið ef Hallgrímur Helgason og Guðmundur Steingrímsson hefðu ekki sannfært þúsundir kjósenda um að kjósa Samfylkinguna með þessum hætti? Aðrir voru enn sniðugri. Í augum ófárra sjálfstæðismanna var setningin „Dagur er að kvöldi kominn“ endalaus uppspretta gleði og hamingju.

**Finnur Dellsén á murinn.is**





Verkfræðistofnun Háskóla Íslands
*vettvangur rannsókna í verkfræði við HÍ*

# MEISTARADAGUR VERKFRÆÐINNAR

**Fimmtudaginn 1. júní, kl. 13:00-18:30**
**VRII, Hjarðarhaga 2-6**

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE
VERKFRÆÐIDEILD
HÁSKÓLA ÍSLANDS

**Dagskrá**
Setning og ávörp
stofa V - 158

13:00-13:10 **Kristín Ingólfsdóttir**, rektor Háskóla Íslands
13:10-13:25 **Andrés Þórarinsson**
13:25-13:40 **Guðni B. Guðnason** > Tengsl menntunar og starfsframa á sviði rafmagnsverkfræði og tölvunarfræði

**Meistaravarnir**

| Tími | Iðnaðarverkfræði (V–158) | Lífverkfræði (V–157) | Greining og líkangerð (V–156) | Leit, mynd- og nytsemisgreining (V–258) | Streymis-, steypu- og byggingarannsóknir (V–261) |
|---|---|---|---|---|---|
| 14:00-14:45 | Agnar Möller **Hermilíkan af lífeyrissjóðum** | J. Lilja Pálsdóttir **Hönnun og prófun aðferðar til vöktunar raförvunarmeðferðar aftaugaðra vöðva** | Eggert Þröstur Þórarinsson **Greining á rafsegulflæði í gervihné** | Sigurbjörg Gróa Vilbergsdóttir **Greining nytsemisvandamála: Notkun forritara á niðurstöðum notendaprófana** | Margrét Aðalsteinsdóttir **Virkni hljóðdeyfigólfa. Samanburður mældra og reiknaðra gilda** |
| 15:00-15:45 | Málstofa: Iðnaðarverkfræði | Sveinn R. Jóelsson **Myndvinnsla á augnbotnamyndum** | Sævar Helgi Lárusson **Greining á samverkan ökutækja í alvarlegum árekstrum á Íslandi** | Hörður Jóhannsson **Sjálfvirk leit neðansjávar** | Einar Sigursteinn Bergþórsson **Flæðisgerðir og þrýstifall í tveggja fasa flæði í söfnunaræðum jarðorkuvera** |
| 16:00-16:45 | Sigrún Lilja Sigmarsdóttir **Bestun verkröðunar í lyfjaframleiðslu** | Fjóla Jóhannesdóttir **Áhrif raförvunar á beinþéttni í mænusköðuðum einstaklingum** | Málstofa: **Greining, hönnun og bestun** | Hafrún Hauksdóttir **Óháðir þættir í myndvinnslu fjarkönnunarmynda** | Björn Hjartarson **Rheometer-4SCC, ferðaseigjumælir fyrir sjálfútleggjandi steinsteypu** |

**Málstofur**

| 15:00-16:00 (V–158) **Iðnaðarverkfræði** | 16:00-16:45 (V-156) **Greining, hönnun og bestun** | 14:00-15:00 (V-155) **Kynning á doktorsverkefnum** | 15:00-16:00 (V-155) **Kynning á doktorsverkefnum** |
|---|---|---|---|
| Katrín Auðunardóttir **Úrbótaverkefni við framleiðslu sílíkonhulsa hjá Össuri hf** | Jóhannes Loftsson **Þreytuáraun á stálbrýr á Íslandi** | Mathieu Fauvel **Fusion of SVM Classifiers** Samstarf Institut National Polytechnique de Grenoble og HÍ | Rúnar Unnþórsson **Ástandsgreining á koltrefjahlutum með hljóðþrýstimælingum** |
| Margrét María Leifsdóttir **Staðarvalslíkan fyrir Slökkvilið höðuðborgarsvæðisins** | Stefán Þór Þórsson **Bestun á tímabilum stórskoðana hjá FL Group** | Elena Losievskaja **Greedy algorithms for hypergraphs** | Steinn Guðmundsson **Greining á Alzheimerssjúkdómnum með heilaritum** |
| Runólfur V. Guðmundsson **Bestun afurðaverðmæta í sjávarútvegi** | | Hlynur Stefánsson **Framleiðsluskipulagning í lyfjaframleiðslu.** Samstarf Imperial College og HÍ | Benedikt Helgason **Einstaklingsbundin líkön af beinum - Greining með einingaaðferðinni** |

**Ávörp afmælisárganga**
stofa V - 158

17:00-17:15 **Gunnar Guðni Tómasson**
17:15-17:30 **Erla Sigríður Gestsdóttir** > Tengsl menntunar og starfsframa á sviði byggingar- og vélaverkfræði
17:30-18:30 **Léttar veitingar og spjall**

VGK · FJARHITUN VERKFRÆÐISTOFA · Marel · OPIN KERFI · PROMENS · Línuhönnun · Orkuveita Reykjavíkur · HÖNNUN VERKFRÆÐISTOFA · Íslenska járnblendifélagið ehf. · VST Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf.

ENNEMM / SÍA / NM21978


# Sigurvegarinn

Teningnum er kastað. Framsóknarflokkurinn er sigurvegari borgarstjórnarkosninganna þrátt fyrir mikið mótlæti og erfiðar ytri aðstæður. Við erum eini R-lista flokkurinn sem tryggir sér áframhaldandi völd í borginni. Fyrrum samherjar okkar í Reykjavíkurlistanum sem töldu heppilegra fyrir sína flokka að bjóða fram sér og tóku flokkshagsmuni fram yfir hagsmuni Reykjavíkurlistans töpuðu.



**ÓSKAR BERGSSON**
SKRIFAR UM ÚRSLIT KOSNINGA

### Viðræður af fullum heilindum

Það hefur verið haft á orði að það sé sérkennilegt að B-listinn fari í samstarf með D-listanum þar sem margir telja að ríkisstjórnarsamstarfið sé að koma niður á flokknum í Reykjavík. Það er eins og það gleymist að Framsóknarflokkurinn er að koma úr 12 ára samstarfi vinstri flokkanna í Reykjavík og tapar fylgi þrátt fyrir mjög góða málefnastöðu í borginni. Hvort er það ríkisstjórninni eða R-listanum að kenna?

Oddviti okkar, Björn Ingi Hrafnsson, tók þátt í viðræðum við vinstri flokkanna og Frjálslynda og gerði það af fullum heilindum. Oddviti F-listans kaus að slíta þeim viðræðum og þótt það sé lenska í íslenskum stjórnmálum að kalla Framsóknarflokkinn til ábyrgðar þá berum við ekki ábyrgð á Ólafi F. Magnússyni. Reiði og illmælgi þeirra sem sitja eftir með sárt ennið er öllu vísað heim til föðurhúsanna og rifjar í raun upp með hvaða hætti sumir þeirra háðu sína kosningabaráttu.

### Framkoma í kosningabaráttunni

Þar ber fyrst að nefna Vinstri hreyfinguna Grænt framboð sem braut blað í þessari kosningabaráttu með því að gefa út kosningavörur með merki Framsóknarflokksins þar sem stóð; „Aldrei kaus ég Framsókn“. Þetta var kveðja Vinstri Grænna til okkar sem höfum starfað af heilindum með þeim í 12 ár.

Einn frambjóðandi og kosningastjóri Frjálslyndaflokkins lýstu því yfir í kosningabaráttunni að ekki kæmi til greina að vinna með Framsóknarflokknum. Þrátt fyrir þetta vorum við tilbúin að láta það sem hér er rifjað upp ekki hafa áhrif á viðræðurnar þar til F-listinn lét sig hverfa. Eftir það kom upp trúnaðarbrestur sem leiddi af sér þá niðurstöðu sem allir þekkja.

### Sætur sigur

Í upphafi skyldi endinn skoða. Þeir sem töldu sig ekki þurfa á Framsóknarflokknum og Reykjavíkurlistanum að halda lengur, vita núna hvað þeir hafa. Þeir klúðruðu tækifæri sem gaf þeim möguleika á að vera í meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur og munu sitja í minnihluta næstu fjögur árin í það minnsta. Við sigruðum og héldum skynsamlega á okkar málum. Atburðarásin hefur leitt til þess að búið er að mynda samstæðan meirihluta með öflugu fólki sem ætlar sér stóra hluti Reykvíkingum öllum til hagsbóta.

FRÉTTABLAÐIÐ

## ALLT HITT
[TÍSKA HEIMILI HEILSA]

**Hágæsluþjónusta** á Barnaspítala Hringsins er væntanleg seint í sumar eða í haust að sögn Ragnheiðar Sigurðardóttur, deildarstjóra á vökudeild spítalans. Starfshópur hefur unnið að undirbúningi og skipulagningu hágæsluþjónustunnar. Stefnt er að því að hefja þjálfun starfsfólks sem fyrst.



**66° norður** hefur sett á markað nýja fatalínu af sérhönnuðum golffatnaði. Fatnaðurinn er hannaður í samstarfi við íslenska atvinnukylfinga og framleiddur úr háþróuðu teygjanlegu efni frá Japan. Kylfingar ættu ekki að láta þessu nýjung fram hjá sér fara.

**Viðbótartryggingar** eru tryggingar sem neytendur kaupa í verslunum um leið og þeir kaupa vörur eins og rafmagns- og heimilistæki. Í nýrri skýrslu sem gefin var út af Norrænu ráðherranefndinni má finna kortlagningu markaðarins fyrir viðbótartryggingar en á Íslandi er það eingöngu ELKO sem býður slíkar tryggingar. Neytendur eru hvattir til að kynna sér efni skýrslunnar á www.neytendastofa.is.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 1. júní, 152. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.23 | 13.26 | 23.31 |
| Akureyri | 2.34 | 13.10 | 23.50 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
**550 5000**
Auglýsingasími Allt
**550 5880**
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Ragna Fróða hefur gott útsýni úr íbúðinni sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Býr í íbúð sem amma hennar átti

***Ragna Fróðadóttir fatahönnuður leigir íbúð við Bergstaðastræti þar sem hún býr með fjölskyldu sinni.***

Ragna var að leita sér að íbúð síðasta haust þegar hún komst að því að íbúð sem amma hennar hafði átt þegar Ragna var yngri var til leigu. „Þegar ég frétti af þessari íbúð langaði mig mjög mikið til þess að fá hana og ég leitaði ekki að neinu öðru eftir að ég fann hana," segir hún.

Tilviljun réði því að Ragna datt niður á íbúðina. „Amma seldi íbúðina þegar ég var tuttugu og fimm ára gömul og það eru engin fjölskyldutengsl við hana í dag. Tveir eigendur hafa verið síðan amma seldi hana og ég leigi af fólkinu sem á hana núna."

Ragna hafði verið mikið í íbúðinni hjá ömmu sinni þegar hún var yngri og þekkti hana því vel. „Ég bjó alltaf annað slagið hjá ömmu og var mjög mikið hjá henni þegar ég var í menntaskóla. Ég átti sérherbergi í íbúðinni og litlu stelpurnar mínar eru í því herbergi núna."

Íbúðinni hefur verið breytt tölvert síðan amma Rögnu átti hana. „Hún er miklu hrárri og öll opnari og það er búið að brjóta niður veggi og byggja upp annars staðar. Eigendur íbúðarinnar eru listamenn og hún er dálítið listamannsleg og svolítið óhefðbundin. Eldhúsinnréttingin er sú sama og þegar amma átti íbúðina þó að það sé búið að færa hana aðeins til og sumt hefur haldið sér eins og háaloftið, dyrabjallan og stigagangurinn sem er alveg eins og þegar amma var þarna."

Ragna er mjög ánægð með íbúðina og finnst gott að vera í henni. „Þetta er æðisleg íbúð og hún er á þriðju hæð með útsýni yfir allt. Í eldhúsinu er voða góður andi og það er mjög þægilegt að vera í miðbænum og stutt að fara í vinnuna."

*emilia@frettabladid.is*





# Barnahúsgögn sem stækka

Barnahúsgögnin okkar bjóða upp á ótal samsetningarmöguleika og sveigjanleika sem gerir þér kleift að nota eitt og sama rúmið allt frá því barnið hættir í grindarrúminu og fram á unglingsár.










www.design.is @ 2006

HÚSGAGNA HEIMILIÐ

Fossaleynir 6 - 112 Reykjavík - Sími: 586 1000 - Fax: 586 1034 - www.husgogn.is



**Loðfeldir** hafa klætt okkur mannkynið frá örófi alda. Það líf sem dýrin sem mynda loðkápur hafa átt er hins vegar ansi frábrugðið því sem tíðkast hefur gegnum aldirnar. Þitt er valið.





NÝTT
Fáðu fæturnar mjúkar og fínar á aðeins 2 vikum með nýja
Flexitol

**Útsölustaðir:** Fótaaðgerðastofurnar og Snyrtistofurnar Eygló, Paradís, Líf, Jóna og Aníta Vestmannaeyjum. Spar Þín Verslun Kópavogi, Fjarðarkaup Hafnarfirði og Lipurtá.



Vertu spes – veldu Trippen

Trippen, skóverslun, Rauðarárstíg 14, 101 Reykjavík. trippen.is

belladonna

Hlíðarsmára 11 • Kópavogi • sími 517 6460 • www.belladonna.is



Mikið úrval af sumarfatnaði

Vertu þú sjálf – vertu Bella donna

Opið mán-fös 11-18
laugardaga 11-15

www.belladonna.is





# Kíkt í Kringluna



Peysa frá Warehouse.

***Í verslunum Kringlunnar má finna margt fallegt fyrir sumarið.***

Í sumar verða rósóttir kjólar mjög áberandi en þá má bæði nota við sérstök tækifæri og hversdags, jafnvel utan yfir gallabuxur. Gallabuxur eru nánast alltaf í tísku og verða það líka í sumar. Sætar peysur og bolir fást í öllum regnbogans litum og nánast allt er leyfilegt í þeim efnum. Fallegir sumarjakkar fást víða og gott getur verið að fjárfesta í jakka sem gengur jafnt við buxur og pils eða kjóla. Strigaskór eru mjög praktískir á sumrin því auk þess að vera þægilegir má nota þá við nánast hvað sem er. Ágætt getur þó verið að eiga líka einhverja fallega spariskó, hvort sem þeir eru flatbotna eða með smá hæl. Skartgripirnir setja svo punktinn yfir i-ið. Gróf armbönd ganga við allt og nú þykir mjög flott að kaupa nokkur frekar fínleg hálsmen og vera með þau öll í einu. Margt er í boði og hver og einn getur skapað sér sinn eiginn stíl. *-eö*



Gróft armband frá Vero Moda.

Sætur sumarjakki frá Gallerí Sautján.

Diesel-gallabuxur frá Gallerí Sautján.

Fínlegt hálsmen frá Vero Moda.

Flottur sumarkjóll frá Oasis.

Sumarlegir spariskór frá Skór.is.

Þægilegir flatbotna skór frá Focus skór.

Converse-strigaskór frá Focus skór.


ALCO-GEL
Sótthreinsandi handgel.
Engin þörf fyrir sápu og vatn.




Fæst í apótekum og Hagkaupum um land allt.

Dr Fischer


# Madonna nýtt andlit H&M?

***Hin sænska fatakeðja H&M er að semja við stjörnur þessa dagana.***

Fyrir nokkru samdi H&M við hönnuðina Victor og Rolf og munu þeir hanna sérstaka línu fyrir fatakeðjuna. Samkvæmt ýmsum netmiðlum og fréttamiðlum þykir nú líklegast að sjálf poppdrottningin Madonna verði andlit nýrrar auglýsingaherferðar fyrir hina nýju Victor & Rolf línu.

Sænska blaðið Expressen rökstyður sögusagnirnar um samstarf H&M og Madonnu og segir að Madonnu líki vel að vinna með Svíum en hún hefur sem dæmi unnið með sænskum lagahöfundum, leikstjórum, upptökustjórum og jafnvel sænskum jógakennara. *- sha*



Madonna er nú í samningaviðræðum við H&M um að gerast nýtt andlit Victor & Rolf línu fatakeðjunnar. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

## Græn tíska, lífsstíll nýrrar kynslóðar

Heimur versandi fer, það vitum við öll, mengun eykst ár frá ári, jöklar bráðna og hiti hækkar. En sem betur fer eru sífellt fleiri sem skilja mikilvægi umhverfisverndar og leggja sitt af mörkum til að breyta þessu ógnarferli, meira að segja í tískuheiminum. Fleiri hönnuðir bjóða nú upp á umhverfisvænar tískulínur, aðrir hafa hætt að nota loðfeldi eða leður eins og Stella McCartney svo dæmi sé tekið. Enn aðrir bjóða upp á snyrtivörur sem eru eingöngu framleiddar úr lífrænt ræktuðum hráefnum og án þess að menga náttúruna.

Bómull er dýr í framleiðslu, þarf mikið landrými og vatn til að vaxa. Á þessu er lausn sem er að ryðja sér til rúms í textílframleiðslu en það er þræðir framleiddir úr bambusstöngum. Bambus vex hratt og nánast alls staðar í heiminum og notar lítið vatn.

Það nýjasta hér í landi er „Agricouture“, eins konar náttúruvæn landbúnaðartískuhönnun. Orðið kemur frá ungum hönnuði, Jerôme Dreyfuss sem er orðinn ansi þekktur í heimi tískunnar og má reglulega sjá töskurnar hans í tískublöðunum Elle og Marie Claire. Hann notar aðeins leður og annað hráefni sem framleitt er samkvæmt vistvænum aðferðum.

Svo eru þeir sem taka þátt í því að kaupa hráefni eins og bómull og gúmmí beint frá framleiðendum á hærra verði en gerist á markaði, sem gerir bændum kleift að lifa af framleiðslu sinni og tryggir gæðaframleiðslu, oft vistvæna þegar bómull á í hlut. Fyrstu „grænu“ íþróttaskórnir eru nú komnir á markað frá merkinu Veja í Frakklandi. Gúmmíið er náttúrulegt og framleitt af bændum sem ekki hafa aðgang að heimsmarkaðinum og bómullin er vistvæn. Handtöskur fylgja í kjölfarið og fleiri nýjungar eru væntanlegar.

Verslunarkeðjan Monoprix sem kalla má franska Hagkaup býður upp á fatalínu úr bómull sem keypt er beint frá framleiðendum. Þau föt eru vissulega ekki á sama verði og hjá H og M þar sem allt er meira eða minna framleitt í Kína og fleiri sambærilegum löndum.

Frumlegustu hönnuðirnir, eins og Liza Chine frá Argentínu, endurvinna hreinlega föt til að skapa ný, til dæmis kjól úr gömlum Hermès-bindum og silkiafgöngum.

Á síðustu Prêt-à-porter-kaupstefnunni í París í febrúar voru átján tískuhönnuðir sem hafa virðingu fyrir jörðinni að leiðarljósi kynntir á sérstöku svæði. Á kaupstefnu í september verður vistvæn hönnun þema sýningarinnar, svo hratt vex þessari hugsun fiskur um hrygg í tískuheiminum. Fyrir þá sem eru forvitnir um græna hönnuði er hér áhugaverð heimasíða, www.createursdautrement.com

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*

## Tíminn fyrir stuttbuxur

SUMARIÐ ER LOKSINS KOMIÐ OG KOMINN TÍMI Á STUTTBUXURNAR.



Sumarið er eini tíminn hér á Íslandi þegar einhvern tímann gefst færi á því að klæðast stuttbuxum utandyra. Nú þegar sumarið virðist loksins vera komið er því ekki úr vegi að fara að huga að stuttbuxnakaupum. Margir hafa kannski tekið eftir því að nokkrar verslanir bæjarins sem höndla með notuð föt eru byrjaðar að selja mjög stuttar stuttbuxur, svona svipaðar þeim sem Carl Lewis var í þegar hann þeyttist um á Ólympíuleikunum í Los Angeles árið 1984.

Þarf reyndar ekki að koma á óvart þar sem mikil fortíðardýrkun hefur einkennt helstu tískustrauma að undanförnu. Það verður samt að viðurkennast að slíkar pínustuttbuxur eru afar hallærislega flottar.

*- sha*

# Enn beðið eftir Helmut Lang

***Helmut Lang gæti snúið aftur í tískuheiminn en á meðan standa aðrir sig vel.***

Við greindum frá því fyrir nokkru að nýir eigendur Helmut Lang-tískuhússins hefðu sagt að dyrnar stæðu opnar fyrir Helmut Lang ef hann vildi koma aftur til starfa. Lang hafði selt tískuhúsið sitt til Prada-samsteypunnar árið 2005 og stigið af sjónarsviðinu eftir stormasamt samband Prada og Lang.

Fyrir nokkrum mánuðum fékk svo Helmut Lang-fyrirtækið uppreisn æru þegar Link-Theory Holdings keypti merkið af Prada. Stjórnarformaður Link-Theory Holdings, Chikara Sasake, gaf fljótlega yfirlýsingu þess efnis að dyrnar stæðu alltaf opnar fyrir Lang ef hann kysi að snúa aftur.

Fyrir nokkru voru hins vegar hjónin Michael og Nicole Colovos ráðin sem aðalhönnuðir fyrirtækisins og stefnt er að því að fyrsta lína fyrirtækisins komi út fyrir sumarið 2007. „Við erum ekki að reyna að byggja á einhverri arfleið sem Lang skildi eftir sig og við höfum aldrei litið á verkefnið sem svo að við séum að fylla í skóna hans. Við lítum eingöngu á þetta sem einstakt tækifæri til þess að vinna með vel virt og heimsþekkt merki og vonumst eftir að senda frá okkur ögrandi og spennandi föt,“ sagði forseti Link-Theory Holdings, Andrew Rosen, í nýlegu viðtali. Samkvæmt Rosen ganga allar áætlanir vel og segist hann ánægðu með störf Colovas-hjóna. Dyrnar standa samt enn opnar fyrir Lang en litlar líkur eru á að hann snúi þangað aftur.

*- sha*



Helmut Lang







SUMARSPRENGJA
Nú styttist í 17.júní
og því höfum við ákveðið að hafa
20% af öllum fatnaði í búðinni.
cakewalk
Opið til klukkan 21 í kvöld (fimmtudag)
Verslunin er staðsett við Strandgötu 29
í Hafnarfirði
Opnunartími:
Þriðjudaga-föstudaga 16-18
Laugardaga 12-16

Gabor
xena

Gabor
Mesta úrvalið af
GABOR skóm er í XENU GLÆSIBÆ
- einnig mikið af GABOR fylgihlutum

xena
GLÆSIBÆ S: 553 7060

allt tilboð
Alla föstudaga




Þórhildur Ásgeirsdóttir verslunarstjóri og Sigríður Ósk eigandi verslunarinnar Xena í Glæsibæ. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Fyrsta Gabor-deildin

***Skóverslunin Xena í Glæsibæ hefur nýlega verið tekin í gegn og inni í henni er fyrsta sérverslunin með Gaborskó á Íslandi.***

„Við opnuðum Xenu í Glæsibæ í nóvember og lukum nýlega við að koma Gabor-deildinni upp inni í henni. Þetta er það sem kallað er erlendis „Shop in Shop,“ segir Sigríður Ósk Jónsdóttir, eigandi Xena. Hún er með umboð fyrir hið þýska merki Gabor á Íslandi og í nýju deildinni í Glæsibæ eru innréttingarnar frá því fyrirtæki. „Gabor er eitt þekktasta vörumerkið í dömuskóm í Evrópu enda byggir það á gæðum og klassík,“ segir Sigríður Ósk. „Gabor er að sjálfsögðu með alla venjulega skó en hefur líka þá sérstöðu að bjóða upp á extra breiða skó og skó fyrir háar ristar. Þannig að úrvalið er mikið af skóm fyrir allskonar fætur.“




Gabordeildin geymir mikið úrval af skóm á allskonar fætur.

Xena er til hægri handar við aðalinnganginn í Glæsibæ, þar sem Lyf og heilsa var áður og hægt að ganga inn í hana hvort sem utan af stéttinni eða innan úr verslunarmiðstöðinni. Tvær aðrar verslanir eru til undir sama merki. Önnur í Mjóddinni og hin í Borgarnesi. Mesta úrvalið frá Gabor er samt í Glæsibæ. *- gg*



Opnir skór úr leðri. Verðið er 10.995 kr.



Sportlegir Camel leðurskór sem fást í fleiri litum og kosta 14.995 kr.



Sumarskór sem fást í grænu, hvítu og svörtu leðri og kosta 11.495 kr.

# Rauður Armani í London

***Blanda af tveimur tískumerkjum til hjálpar eyðnismituðum verður til sýnis á væntanlegri tískuviku í London.***

Giorgio Armani mun á komandi tískuviku í London halda sýningu þar sem bæði verða til sýnis fatnaður undir merkjum sjálfs Armani en einnig sérstök Red lína sem Armani hefur hannað. Red eru samtök sem söngvari U2, Bono, stofnaði ásamt Bobby Shriver, sem er úr hinni margfrægu Kennedy-fjölskyldu. Red-samtökin berjast gegn útbreiðslu eyðni í Afríku og hafa að undanförnu fengið margar stórstjörnur til liðs við sig.

Meðal vara í Red-línu Armani má til dæmis nefna föt, sólgleraugu, skartgripi, úr, ilmvötn og fleira. Tískusýningin, sem fram fer í lok september, verður því afar fotvintileg en auk kynningar á Red-línunni verður einnig kynnt sumarlína Armani fyrir árið 2007. Atburðurinn er einnig merkilegur fyrir þær sakir að þetta er einungis í annað skipti sem sjálfur Armani heldur tískusýningu utan Italíu. Fyrra skiptið var í New York árið 1998.



Giorgio Armani hefur mikið verið fyrir blátt að undanförnu en sendir brátt frá sér nýja Emporio Armani RED línu.

# Endurnýjar ferilinn

***Ofurgellan Cindy Crawford virðist ekki enn hafa fengið nóg af sviðsljósinu.***



Cindy Crawford ætlar að gefa fyrirsætuferli sínum nýtt líf. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Eftir stutt hæglætislíf hefur Cindy Crawford beðið umboðsskrifstofuna IMG um að færa feril hennar yfir á næsta stig. Crawford vill að fyrirtækið athugi sóknartækifæri fyrir hana, og meðal annars á að stokka upp í hennar eigin Crawford Home vörumerki, ilmvatnslínu og hennar eigin húðkremalínu.

Crawford var ein af fyrstu ofurfyrirsætum heimsins en hún fórnaði námi í efnaverkfræði til þess að spreyta sig á fyrirsætumarkaðnum. Hún sá ekki eftir því en hún var meðal annars hæst launaða fyrirsæta heims árið 1995, með hátt í hálfan milljarð í tekjur. - sha

# Veskin minnka

***Handtöskur hafa verið að minnka í samræmi við annað í heiminum.***



Handtöskur eru að minnka fyrir kvenmenn en karlmenn eru nú byrjaðir að nota slíkan aukahlut. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Hversu margar konur geta lifað án handtösku? Alltént virðast þær oft vera álíka nauðsynlegar og föt fyrir kvenþjóðina. Það sem er líka skemmtilegast við handtöskurnar er að konur virðast geta komið nánast hverju sem er þangað ofan í.

En í nútímasamfélagi þar sem tími er það sama og peningar virðist slíkt hið sama gilda um rými. Símar minnka, iPodar minnka, og snyrtidót kemur í handhægari umbúðum. Slíkt hefur gert það að verkum að handtöskur hafa minnkað enda þurfa þær ekki lengur að bera eins mikið dót. Svo má heldur ekki gleyma því að handtöskur fyrir karlmenn eru líka orðnar vinsælar. - sha












**Feng shui** er áhugavert vilji fólk fá sem mest út úr híbýlum sínum. Athugaðu málið, kannski snýr rúmið þitt bandvitlaust?




Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is




Íslensk list er góð gjöf
Gallerí Fold · Kringlunni og Rauðarárstíg

Opið í Kringlunni laugardaga kl. 10-18, sunnudaga kl. 13-17
Opið á Rauðarárstíg laugardag kl. 11-14

Sjáumst í Galleríi Fold

LISTMUNASALA fold
Rauðarárstíg 14, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is




Ný sending
af **Subway** salernum
frá **Villeroy & Boch**
á mjög góðu verði

BAÐHEIMAR
Fosshálsi 1
s: 525 0800




Drottningarlegur stíll er á þessu álsetti.



Hvítt og útflúrað sett úr áli.



Þetta sett er úr trefjaplasti. Á bak við það sjást heitu pottarnir sem Norm-X framleiðir og er þekktast fyrir.
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# *Hægindi frá Dóminíska lýðveldinu*

***Húsgögn frá Dóminíska lýðveldinu sem henta vel í sólstofuna og garðinn fást í fyrirtækinu Norm-X í Kópavogi.***

„Þetta er annað árið sem við bjóðum upp á þessi garðhúsgögn því við höfum aðallega sérhæft okkur í heitu pottunum til þessa,“ segir Erling Auðunsson í fyrirtækinu Normx í Auðbrekku 6 í Kópavogi. Húsgögnin sem um ræðir eru komin alla leið frá Dóminíska lýðveldinu og eru með nokkuð íburðarmiklu sniði. Efnið er trefjar og ál. Að sögn Erlings henta þau íslenskum aðstæðum, einkum þau sem eru úr áli, því þau ryðga að sjálfsögðu ekki. Trefjaplasthúsgögnin eru léttari, en þola vætu ágætlega. Verð á setti með borði og fjórum stólum er í kringum þrjátíu þúsund. **- gg**



Sum settin eru grænleit eða grá.



Bæði sófar og stólar fást úr áli hjá Normx.



Létt er yfir trefjaplasthúsgögnunum. Þau fara einkar vel í garðskálum og geta líka verið úti við þar sem skjól er.



## Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM POTTAPLÖNTUR

# Margaríta – Möggubrá

Breskum grasagrúskandi séntilmönnum fyrri alda getum við þakkað fyrir að hafa uppgötvað og fært okkur garðræktendum hverja gersemina eftir aðra frá fjarlægum (og kannski ekki alltaf svo fjarlægum) heimshlutum. Ein þessara tegunda er möggubráin eða „margarítan“ eins og flest blómafólk kallar hana reyndar enn upp á gamlan spænskan máta, líkt og annarra þjóða fólk. Möggubráin er dálítill runni í heimkynnum sínum, hátt til fjalla á Kanaríeyjum. Þar nýtur hún hafgolunnar frá Atlantshafinu og þess svalviðris sem hún krefst til að þrífast vel. Innfæddir eyjarskeggjar kalla hana „margarita leosa“ sem mun víst þýða perlubikar eða perluskál, og er alveg réttnefni því perluhvítar tungukrónur blómanna sveigjast upp líkt og skál og umlykja fagurgular pípukrónurnar í miðjunni. Þarna hátt uppi í fjöllunum myndar möggubráin hvíta flekki sem sjást langt að þegar hún byrjar að blómstra á álíðnum vetri. Ókunnugt fólk úr norðlægum löndum álykar oft að þessir flekkir séu snjóskaflar og finnst það eðlilegt. En á þessum fjallaslóðum festir ekki snjó nema í augnablik, þótt hitinn geti nokkrum sinnum farið niður fyrir frostmarkið á veturna.

### Löng ræktunarsaga

En rétt fyrir aldamótin 1700 er þarna á ferð einn af þessum bresku séntilmönnum með gróðuráhugann og garðyrkjuástina í blóðinu. Þessar hvítu blómabreiður fengu hann til að velta því fyrir sér, hvort hann gæti ekki líkt eftir þeim í garði sínum heima í London. Með hjálp heimamanna komst hann upp á fjallabrúnir og tókst að ná nokkrum græðlingum af margarítunum. Og svo sannarlega þrifust þær í garði hans og fyrr en varði voru margaríturnar orðnar alþekktar meðal garðyrkjufólks um gjörvalla Evrópu. Grasafræðingurinn Carl von Linne gaf þeim vísindaheitið Chrysanthemum frutescens, þ.e, runnkenndur prestafífill, en á síðari tímum hafa grasafræðingar hallast að því að nota fremur nafngiftina Argyranthemum frutescens, sem eiginlega útleggst „runnkennda silfurblómið“. Margaríturnar (möggubráar-nafnið finnst mér sjálfum út í hött, því það hefur ekkert með neina Margréti að gera) urðu vinsælar meðal garðyrkjumanna, sem ræktuðu þær sem „afskurðarblóm“ í gróðurhúsum fyrst eftir að þau fóru að koma til sögunar sem atvinnutæki í þeim stíl sem við þekkjum nú. Það var vegna þess að ekki þurfti annað en að halda húsunum rétt frostlausum til að þær skiluðu góðri uppskeru sem gott verð fékkst fyrir á blómamörkuðunum yfir vormánuðina. Margaríturnar fengu ákveðna hefð sem vorblóm og voru gjarnan seldar í knippum með ilmfjólum, kornblómi eða gleymmérei. Slíkir vendir komust í tísku eftir fyrri heimsstyrjöldina sem tákn friðar og umhyggju. Þá tísku tók af með þeirri seinni og margaríturnar gleymdust svotil alveg í nokkur ár.

### Elska íslenskt sumar!

En upp úr miðri síðustu öld komust þær aftur í tísku sem sumarblóm og byrjað var að planta þeim í stór blómaker sem skreyttu torg borga og bæja í löndunum í kringum okkur. Oftast í samplöntun með skærrauðum pelargóníum og bláum lóbelíum. Og í ræktum voru líka komin fram fleiri afbrigði af margarítunum, gulblómstrandi eða bleikblómstrandi. Ýmist fyllt eða einkrýnd. Og af því að margaríturnar unna svalri og jafnvel dálítið rakri veðráttu leið ekki á löngu uns íslenskt garðyrkjufólk uppgötvaði þær. Hér á landi virðast þær kunna einkar vel við íslenska sumarið. Plönturnar verða jafnvel mun þéttari og blómsælli hér en í nágrannalöndunum. En þær þola ekki mikið frost og láta á sjá ef frostið fer niður fyrir tvær gráður. Það er hægt að yfirvetra þær á björtum og frostlausum stað. Gamlar og trénaðar plöntur í vetrardvala þola jafnvel allt niður í ellefu stiga frost ef þær standa svo til þurrar í óupphituðum gróðurskála. En þetta gildir bara um vetrardvalann. Séu plönturnar farnar að sýna nývöxt að vori skemmast þær ef frost nær til þeirra.

### Í stuttu máli

Margarítur eru háfjallarunnar frá Kanaríeyjum. Hérlendis eru þær ræktaðar sem sumarblóm og fjölgað með græðlingum í gróðurhúsum á veturna. Þær þrífast best í svölu loftslagi. Blómgun er mest við 10-18°C þegar daglengdin er orðin 16 klukkustundir eða meira. Þær dafna í alls konar gróðurmold. Haldið moldinni jafnrakri og gefið áburð einu sinni í viku. Í görðum þarf að velja margarítunum sólríkan stað í góðu skjóli.




Allt fyrir lautarferðina !





Nestistaska

Teppi með einangrun

Villeroy & Boch

Kringlunni



NEW YORK Þriggja sæta hægindasófi og tveir hægindastólar (3+1+1) með ektaTHICK SHINY leðri.

Nú aukum við vöruúrvalið

náttúrulega






Bjóðum uppá mikið úrval af gegnheilum tekk borðstofusettum.



Úrval af Chesterfield sófasettum, 3+1+1, og hornsófum. Eru til í hvítu og rauðbrúnu.

Málverkasýning Garðars Jökulsonar stendur yfir



Verið velkomin að Dalvegi 18.

Gallerí Húsgögn

Sími 554 5333 • Opið alla virka daga frá 11-18, laugardaga 11-16 og sunnudaga frá 13-16

Falleg hönnun á falleg heimili



explorer

nýbýlavegi 18 I s. 517 2100

mubla

Öflugt lið ungra, kröftugra og áhugasamra starfsmanna Lind uppfyllir þarfir kröfuharðra viðskiptavina sinna með stöðugu flæði frábærra hugmynda og hefur ávallt að leiðarljósi að færa þeim hámarksgæði og fallega hönnun.

Klassísk hönnun, komdu og skoðaðu!



ocean

# Girðingaefni



Nú er tækifæri að girða af lóðina, garðinn eða sumarbústaðinn. Val á galvaniseruðu eða plasthúðuðu (grænt) girðingaefni. Hæð 2m eða 1,2m.

ATLANTSKAUP ehf.

Bæjarflöt 6, 112 Reykjavík



OPNUM AFTUR

SKEMMUVEG 6 (BAK VIÐ BYKO)



BORÐ FYRIR TVO

KRINGLAN



*Fullkomin þægindi*



*Bear Chair garðhúsgögnin frá Kanada eru einstaklega falleg hönnun og þekkt fyrir þægindi og endingu.*

*Þau eru unnin úr SEDRUS við sem fúnar ekki og springur ekki og henta því vel fyrir Íslenska veðráttu.*

Lene Bjerre® Scandinavian Country Collection

Bæjarlind 6, Kóp. • s. 5347470 • www.feim.is

Opið virka daga 10-18 og laugardaga 10-15



AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ







Dagur er vanur búflutningum en hann flutti sína fyrstu búslóð árið 1984. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Sjá um búslóðina frá A-Ö

***Dagur Halldórsson sér um að pakka og flytja búslóðir fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Hann rekur, ásamt félaga sínum, BPF Búslóðapakkanir og flutninga.***



Væri ekki þægilegt að koma heim eftir vinnudaginn og það væri búið að tæma gömlu íbúðina og flytja dótið í þá nýju?

„Íslendingar eiga ennþá eftir að uppgötva þessa þjónustu, að láta pakkara alveg sjá um flutninginn fyrir þá,“ segir Dagur þegar hann er spurður hvort mikið sé að gera í búslóðaflutningum. „Erlendis þekkir fólk varla annað. Það hringir bara í pakkarana, sem koma og sjá um heila klabbið á meðan fólk slappar af, nóg er umstangið fyrir.“

Flestar pökkunarþjónustur bjóða viðskiptavinum að sjá um að flytja búslóðina frá A-Ö. „Þú getur þess vegna látið okkur fá lyklana að íbúðinni og stundað þína vinnu á meðan við pökkum og flytjum. Við komum með allt pökkunarefni, kassa og þvílíkt, merkjum þá vel og vandlega og komum þeim á réttan stað,“ segir Dagur. „Svo getur þú einfaldlega staðið með kokkteilinn í hendinni á meðan við setjum húsgögnin á sinn stað,“ segir Dagur og hlær.

Allir sem einhvern tímann hafa flutt vita hversu mikið mál það er að pakka öllu sómasamlega. „Við plöstum öll húsgögn en ef um viðkvæm húsgögn er að ræða fer einnig kúluplast og bylgjupappír utan um þau. Auðvitað er öllu gleri pakkað sérstaklega, sem og viðkvæmum hlutum,“ segir Dagur. Þegar fólk flytur til útlanda þarf búslóðin að fara í gám og auðvitað er sérstakt tillit tekið til þess. „Þá pökkum við inn með það í huga að það þarf að vera hægt að stafla húsgögnunum. T.d. ef flytja á búslóð í fjörutíu feta gámi og hún rétt sleppur þarf að pakka vel og vandlega því þá þarf að stafla þétt,“ segir Dagur.

Annasamasti tími ársins er fram undan hjá Degi og félögum. „Fólk reynir að stíla upp á að flytja þegar krakkarnir eru búnir í skólanum,“ segir Dagur. „Það er því góð törn fram undan.“ Dagur er hins vegar ekkert á því að koma með góða bransasögu. Hann er þögull sem gröfin þegar kemur að því að upplýsa nokkuð um það sem hann hefur flutt. „Við gætum fyllsta trúnaðar enda erum við að flytja perónulega muni,“ segir Dagur.

Þjónusta BPF er augljóslega misdýr eftir umstangi hvers verkefnis. „Við erum vanir að taka 10.000 kr. fyrir tvo menn og bíl. Ofan á það bætist vaskur og kostnaður við pökkunarefnið. Þegar verkefnin stækka þurfum við fleiri menn og þá auðvitað hækkar kostnaðurinn,“ segir Dagur að lokum.

*tryggvi@frettabladid.is*





Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum.Einning sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett.Við eigum líka fægilög,fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.

**SENDUM Í PÓSTKRÖFU.**

**Gullkistan** - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.




## Hárburstinn hreinsaður

HÁRBURSTAR GETA MARGIR HVERJIR VERIÐ SÓÐALEGIR OG HÁLF ÓGEÐSLEGIR.

Hárburstar hafa þann leiðinlega kvilla að vera ekki sjálfhreinsandi. Þeir safna bæði hári og skít og geta stundum lítið annað gert en að sóða út hárið sem er nýbúið að þrífa í sturtunni. Margir eiga sinn uppáhaldsbursta og geta því ekki hugsað sér að kaupa nýjan, að minnsta kosti ekki ef alveg eins bursti finnst ekki. Þá er lítið annað hægt að gera en að hreinsa óhreinindin í burtu og er slíkt nauðsynlegt að gera reglulega. Gamalt húsráð til þess að hreinsa burstann enn betur er að byrja á því að hreinsa hárin í burtu og leggja burstan síðan í vatn og blanda saman við Corega-gervitannahreinsitöflur. Slíkar töflur eru sótthreinsandi og nýtast því vel við það að gera hárburstann ferskan á ný.

*- sha*

# Að henda um hvítasunnu

***Endurvinnslustöðvar Sorpu eru opnar að hluta um helgina.***

Framundan er fyrsta ferðahelgi ársins. Flestir stefna þá út fyrir bæinn til að kúra þétt í tjöldum. Aðrir vilja nota frídagana til framkvæmda. Nýja eldhúsinnréttingin bíður þess að verða sett upp og sú gamla rifin niður.

Þeir sem ætla að nýta hvítasunnuhelgina til framkvæmda verða að vita hvenær starfsstöðvar SORPU eru opnar.

Endurvinnslustöðvar:
Laugardagur 10.00 - 18.30.
Sunnudagur lokað.
Mánudagur 10.00 - 18.30.
Athugið að endurvinnslustöðin á Kjalarnesi er lokuð.

Móttökustöðin í Gufunesi:
Laugardagur 10.00 - 18.00
Sunnudagur lokað.
Mánudagur lokað.

Urðunarstaðurinn í Álfsnesi:
Laugardagur 8.00 - 16.00
Sunnudagur lokað.
Mánudagur lokað.

Góði hirðirinn verður lokaður alla helgina svo og skrifstofa Sorpu.



Einhverjir munu nýta frídagana til framkvæmda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






Ljós og orka hefur skipt um nafn og heitiir nú Ljósin í bænum.

# Ljósin opna aðra búð

***Ljósin í bænum eru í útrás og hafa lagt undir sig Ljós og orku.***

Verslunin sem til þessa hefur heitið Ljós og orka í Skeifunni hefur skipt um nafn og ber nú heitið Ljósin í bænum. Það er velþekkt nafn því verslunin Ljósin í bænum hefur verið í Suðurveri í Stigahlíð 45-47 um langt skeið og er þar enn. Þetta er því búð númer tvö. Gott úrval er aðalsmerki Ljósanna í bænum.

## Húsráð }

### Eldhúsáhöldin þrifin

Ekki setja skálar og áhöld úr tré í uppþvottavélina. Tréhluti má heldur ekki leggja í bleyti og ekki er gott að setja tréskálar í ísskápinn. Hins vegar er gott að nudda salatskálar úr tré með dálítilli ólífuolíu, skola með volgu vatni og bera meiri olíu á eftir að skálin hefur þornað. Þannig endast þær betur.

Ef þið viljið losna við bletti af glösum getið þið prófað að blanda vatni, ediki og sítrónusafa saman í jöfnum hlutföllum. Setjið í úðabrúsa og úðið á glösin áður en þau fara í uppþvottavélina.






**Fótsveppur** smitast mikið í sundlaugum. Gott ráð er að taka með sér sandala til að vera í í búningsklefanum.

















# Iktsýki blossar upp í kjölfar áfalla og streitu

***Gigtarsjúkdómurinn iktsýki leysist úr læðingi í kjölfar áfalla og streitu. Það eru niðurstöður rannsókna sem Sigríður Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur á Heilsustofnun Þingeyinga, hefur gert.***



Hægt er að greina iktsýki með blóðsýnum áður en einkennin koma fram, að sögn Sigríðar Jónsdóttur hjúkrunarfræðings.

„Það voru sálræn áföll hjá konunum og meiri háttar streita tengd sýkingum eða kæfisvefni hjá körlunum sem hrundu iktsýkinni af stað hjá mínum viðmælendum,“ segir Sigríður. Hún varði meistararitgerð um iktsýki, streitu og bjargráð gegn áföllum við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri í gær og var það fyrsta meistaravörnin við þá deild. Þar lýsti hún rannsókn sem hún byggði á átján samtölum við átta einstaklinga með iktsýki eða liðagigt. Iktsýki er sjálfsónæmissjúkdómur sem þýðir að líkaminn fer að líta á eigin frumur sem aðskotahluti og lýsir sér í mikilli þreytu, verkjum og bólgum. „Þetta er gríðarlega skemmandi sjúkdómur en ef hann er greindur og meðhöndlaður strax er hægt að lifa þokkalegu lífi með hann, þökk sé ónæmisbælandi lyfjum sem komu fram fyrir um tuttugu árum,“ segir Sigríður. Hún bætir við að sjúkdómurinn virðist genatengdur og nú sé hægt að greina hann í blóðsýnum áður en einkennin komi fram.

Einstaklingarnir sem Sigríður ræddi við höfðu allir lent í mjög erfiðum áföllum svo sem náttúruhamförum, misnotkun, alvarlegu einelti, nauðgun og lífsógnandi atburðum. „Helmingur tilfellanna var af manna völdum þar sem brostið siðferðisþrek varð til þess að sjúkdómurinn leystist úr læðingi.“ segir hún. Einnig segir hún sér hafa brugðið er hún komst að því að samskiptaháttur heilbrigðisstarfsfólks átti sinn þátt í að valda nokkrum einstaklingum langvarandi streitu og þar með meiri vanlíðan. „Öll streita fer mjög illa með iktsjúka og vonleysi sem skapast af ónærgætni heilbrigðisstarfsfólks veldur niðurbroti og eykur á einkennin.“



Sigríður varði ritgerð sína við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri og var það fyrsta vörnin við þá deild.

Einnig fór Sigríður yfir þau bjargráð sem sjúklingar tileinka sér eftir alvarleg áföll þótt þau tengdust ekki endilega iktsýkinni. „Trúin og vonin í að finna tilgang með lífinu hjálpuðu fólki og efldu þolgæði þess. Þögn getur verið bæði góð og slæm. Sumir leituðu í þögn náttúrunnar eftir áföll og varð gott af. Aðrir læstust inni í eigin þögn og töluðu aldrei um sín áföll. Þeir voru með brotna sjálfsmynd. Sama gilti um reiðina. Hjá sumum virkaði hún sem drifkraftur en ef menn festust í henni og urðu bitrir var hún niðurdrepandi.“ Sumir skrifuðu sér til hugarléttis og samkennd með öðrum í sömu stöðu virtist gefa góða raun.“ Sigríður kveðst að lokum vona að rannsókn hennar verði til þess að grunnstoðir samfélagsþjónustunnar gagnvart iktsjúkum verði efldar.

**gun@frettabladid.is**

# Unnur Birna ræsir Heilsuhlaup Krabbameinsfélagsins

***Heilsuhlaup Krabbameinsfélagsins er haldið í nítjánda sinn í dag. Hlaupið hefst klukkan 19 við hús Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð.***




Kort af hlaupaleiðum í heilsuhlaupi Krabbameinsfélagsins.

Í dag klukkan 19 hefst Heilsuhlaup Krabbameinsfélagsins, en þetta er í nítjánda sinn sem hlaupið er haldið. Kristján Ársælsson þolfimimeistari sér um upphitun. Unnur Birna Vilhjálmsdóttir fegurðardrottning ræsir hlauparana frá húsi Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8 í Reykjavík.

Nokkrar hlaupa- og gönguleiðir eru í boði svo allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Í boði er um þriggja kílómetra skokk eða ganga frá Skógarhlíð að Öskjuhlíð og til baka en þeir sem vilja taka hlaupið með krafti geta farið um tíu kílómetra hlaup suður fyrir Reykjavíkurflugvöll og til baka. Tími verður mældur hjá öllum og úrslit birt eftir aldursflokkum.

Forskráning fer fram á hlaup.is og skráning verður hjá Krabbameinsfélaginu í dag milli 8 og 18.

Einnig verður hlaupið í Reykjanesbæ, frá Sundmiðstöðinni, og á Breiðdalsvík í dag og á Reyðarfirði verður hlaupið laugardaginn 3. júní klukkan 13 frá Molanum.

Nánari upplýsingar má fá hjá Krabbameinsfélaginu í síma 540 1900.

**- jóa**

## Heilbrigð sál



BORGHILDUR SVERRISDÓTTIR
EINKAÞJÁLFARI OG B.A. Í SÁLFRÆÐI

# Léttari fæða á sumrin

Nú þegar vorið er aðeins farið að banka á dyrnar og maður þarf ekki lengur að binda á sig trefilinn á morgnana lyftist brúnin á mér, eins og svo mörgum öðrum. Flestir vilja vera í sínu besta formi á sumrin til að líða vel í eigin skinni á ferðalögum, í veiðinni, í golfinu, fjallgöngu og útiverunni almennt til að geta notið enn betur. Við erum virkari úti við á sumrin og viljum njóta þessara fáu en vel metnu mánaða þegar hitastigið fer upp í tvo tölustafi. Það jafnast fátt á við glampandi sól og góðan hita á fallegum stað úti á landi með góðu fólki.

### Ávextir og grænmeti

Á sumrin vilja líka margir borða léttari fæðu og eitthvað sem tekur ekki of langan tíma að útbúa. Ávextir og grænmeti, eins og appelsínur, epli, melónur, mangó, ananas, gulrætur, sellerí, tómatar, agúrkur og paprikur eru frábærir kostir sem nesti hvert sem er. Enda aldrei girnilegri en einmitt á sumrin.

### Próteindrykkir geta dregið úr harðsperrum eftir æfingu

Þá getur líka verið sniðugt að hrista sér góðan próteindrykk, sérstaklega eftir æfingu eða sem millibita. Rannsóknir hafa meira að segja sýnt að gott sé að taka inn próteindrykki eftir æfingu til að draga út harðsperrum. Mikilvægt er að þeir innihaldi gott jafnvægi próteins, kolvetnis, vítamína og steinefna eins og til dæmis EAS-próteindrykkir. Samkvæmt rannsókninni bæta slíkir próteindrykkir þó ekki getu á næstu æfingu, en þeir færa okkur rétt hlutfall þeirra næringarefna sem við þurfum eftir æfingu og koma í veg fyrir að við borðum of mikið eftir æfingu, sem er mikilvægt ef við viljum léttast (Fitness Rx, bls. 47, apríl 2006). Gleymum því ekki að fylla innkaupakörfuna í sumar af sumarlegum ávöxtum og girnilegu grænmeti. Þá er líka handhægt að taka próteindrykki með sér á ferðalagið sem millibita, því við megum ekki gleyma að borða reglulega þó við séum í fríi og ekki er gott að enda á pyslubarnum eða skyndibitastaðnum. Þegar lagt er af stað í einhverja lengri ferð er því gott að hafa með sér ávexti, próteindrykki, próteinstykki eða önnur góð og holl stykki eins og Lårabar (fæst m.a. í Hagkaupum).

### Gott lesefni á ferðinni

Ég mæli einnig með að þið farið í bókabúð og kaupið ykkur tímarit um heilsurækt. Þar er að finna mikinn fróðleik um heilsu og næringu almennt. Ég mæli til dæmis með Fitness Rx, Women´s Health og Oxygen magazine. Þegar maður er að lesa um heilsurækt og gott mataræði eru minni líkur á að maður „dett´íða" í marga daga.

Aðalmálið núna er semsagt að fara út, hreyfa sig og njóta góða veðursins sem er hinum megin við hornið.

*Kær kveðja,*
*Borghildur.*



Chupa Chups selur nú sleikipinna sem eru sérstaklega ætlaðir reykingamönnum sem vilja hrista af sér þann slæma ávana.

# Sleikjó í stað smóks

***Sleikipinnaframleiðandinn Chupa Chups hefur sett á markað sleikipinna fyrir reykingafólk.***

Eftir að könnun, sem gerð var fyrir sleikipinnaframleiðandann Chupa Chups, sýndi að helmingur fyrrverandi reykingafólks telur sleikipinna hjálpa fólki að hætta að reykja, ákvað framleiðandinn að setja á markað sleikipinna sérstaklega ætlaða reykingafólki. Sleikipinnarnir eru sykurlausir og ætlaðir sem eins konar hækja með nikótínávaninn er unninn burt.

Vísindalegar ástæður þess að sleikipinnar eru gott hjálpartæki í baráttunni við tóbakið eru þær að þegar fólk sýgur sleikjóa eykst framleiðsla serotóníns í heilanum en það hefur róandi áhrif á taugarnar. Fólk notar iðulega ýmsar hækjur þegar það hættir að reykja eins og tyggjó eða plástra en að sama skapi er fólk varað við því að nota of mikil sætindi sem hækju.

Hins vegar eru Chupa Chups sleikipinnarnir fyrir reykingamenn sykurlausir, innihalda engin litarefni og hafa hlotið viðurkenningu frá alþjóðlegu tannverndarsamtökunum.

Chupa Chups sleikipinnum var dreift á kaffistofur fjölmargra fyrirtækja í tilefni af reyklausa deginum sem var í gær.

- jóa

Tilkynning
Erum enn á sama stað
sími 561-2025
Fótaaðgerða Eddu & snyrtistofa
Hverfisgötu 61

Þinn tími er kominn!
EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



Sumartilboð
40% afsláttur
af 3ja mánaða kortum
Dansrækt JSB er staðurinn fyrir konur á öllum aldri. Notalegt andrúmsloft og fjölbreyttir tímar í boði í opna kerfinu.
JSB tímar, teygjutímar, lóð, sveifla, pallar, púl, einkaþjálfun, yoga
Vertu velkomin í okkar hóp!



Hafðu samband!
www.jsb.is
sími 581 3730
DANSRÆKT JSB
leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík
Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Fyrsta flokks íslenskur harðfiskur
GULLFISKUR
HOLLUSTA Í HVERJUM BITA



NÁTTÚRULEG ORKA 80% PRÓTÍN
FÆST Í BÓNUS

Getur verið að þú sért með ofnæmi?




Byrjar þú að hnerra um leið og allt fer að lifna við á vorin?
Þannig er um marga án þess að þeir átti sig á því að um ofnæmi geti verið að ræða.

Lóritín og Histasín fást án lyfseðils

Það er engin ástæða til að láta sér líða illa á besta tíma ársins.
Komdu og fáðu ráðgjöf hjá okkur.

Lyf & heilsa
Við hlustum!

Lóritín 10 mg töflur. Hver tafla inniheldur 10 mg Loratadin. Notkunarsvið: Lóritín inniheldur virka efnið lóratadín sem hefur kröftuga og langvarandi verkun við algengustu tegundum ofnæmis. Lyfið er ætlað við frjókorna- og dýraofnæmi, sem og ofnæmi af völdum rykmaura. Varúðarreglur: Gæta þarf sérstakrar varúðar hjá börnum með alvarlega nýrna- og lifrarsjúkdóma. Sjúklingar með skerta lifrarstarfsemi þurfa minni skammta. Aukaverkanir: Lóritín þolist yfirleitt vel en algengustu aukaverkanirnar eru munnþurrkur og höfuðverkur. Svimi getur einnig komið fyrir. Skömmtun: Ein tafla af Lórítíni er tekin daglega. Börnum 2–14 ára sem eru undir 30 kg að þyngd nægir hálf tafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2ja ára. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.04
Histasín 10 mg töflur. Hver tafla inniheldur 10 mg Cetirizín. Notkunarsvið: Histasín er ofnæmislyf. Histasín virkar gegn öllum algengustu tegundum ofnæmis, svo sem frjóofnæmi og rykofnæmi. Histasín er líka notað við ofnæmisbólgum í nefi og ofnæmiseinkennum eins og útbrotum og kláða. Varúðarreglur: Lyfið getur dregið úr viðbragðsflýti og skal það haft í huga við akstur og nákvæmnisvinnu. Aukaverkanir: Einstaka sinnum veldur lyfið munnþurrki og syfju. Skömmtun: 1 tafla á dag fyrir fullorðna og börn frá 12 ára aldri. Börnum 6–12 ára sem eru undir 30 kg að þyngd nægir hálf tafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 6 ára. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.04

## 0-250 þús.



640 þúsund í Afslátt!!!!!!!!! útsala 150 þús peugoet 406 1999 ssk, ek. 100 þús., km. Þarfnast lagfæringa, óskoðaður, ásett verð á bíl í lagi 790 þús., fæst á 150 þús. Fyrstir koma fyrstir fá. S. 691 4441.



VW golf árg'94 litið ekinn fallegur bíll og vel með farinn á góðu verði sk.'07 Uppl í s. 891 6647.

Nissan Almera árg.'97 ssk. sk.'07 ek. aðeins 119 þús. V. 199 þús stgr. Uppl. í s. 848 8710.

Opel Astra st. '95 þarfnast smá aðhlynningar. Verð 50 þús. Uppl. í s. 869 9330.

Opel Astra st. '95 þarfnast smá aðhlynningar. Verð 50 þús. Uppl. í s. 869 9330.

Til sölu Subaru Legacy '91 station, ssk., krókur, CD, toppbíll. Verð 150 þús. S. 896 8568.

VW Golf árg. '97 2 dyra, sk. '07, álf., ásett verð 360 þ. tilboð 190 þ., s. 691 9374.

## 250-499 þús.



TIL SOLU TOYOTA CELICA GT-FOUR 4x4 242 hö. Sími. 899 1114.

## 500-999 þús.



**Flott nýmáluð Honda**
Til sölu Honda Civic 1.6 DOCH V-TEC. 160 hestöfl. Árgerð 2000. Ekinn 123 þús. Álfelgur, CD, topplúga, Spoiler. Allur nýsprautaður og lítur út eins og nýr. Verð 850.000 kr. Upplýsingar í síma 848 0944



Merzedes Benz c-180 1997, ek. 170 þús., km ný skoðaður '07. Topp bill. 17" álfelgur, topplúga cd verð 790 þús lán 480 15 á mán. Tilboð óskast. S. 691 4441.

Toyota Yaris árg. '00, ek. 114,5 þ., 5 dyra, beinsk., verð 650 þ. S. 693 0498, eftir kl. 15.

## 1-2 milljónir



Toyota Celica 1,8Vvti, árg. '00, ekin 108 þ. Verð 1.050 þ. áhv. 500 þ. Sími 899 0782.

## 2 milljónir +



MMC Pajero árg. '98 ekinn 178 þús. 38" breyting og fleiri aukahlutir. Ásett 2,500 þús, áhvílandi 1,900 þús. Möguleiki að yfirtaka lán+ peningar. Uppl. S. 847 5565.

## Bílar óskast

0-150 þús. staðgreitt, helst ekki eldri en '95, má þarfnast lagf. eða skoðunar. S. 659 9696.

Óska eftir bíl allt að 20-30 þús. má þarfnast viðgerðar. Uppl. í s. 864 1243.

## Jeppar



Góður í ferðalögin Pajero '91, ssk., 7 manna, nýleg dekk, auka felgur, nýr stærri vatnskassi. Skoðaður '07. Góður bíll -gott verð Uppl. 699 1655 / 565 5895.



Til sölu er Jeep Grand Cherokee Laredo 3,7 árg. 2005, ekinn 27 þús. km. Ásett verð kr. 3.390, þús. Tilboð kr. 2.950, þús. Höldur notaðir bílar S. 461 6020.



Ford Explorer Eddie Bauer árg. '91, ek. 133 þús., aðeins 2 eigendur, beinsk., dráttarkr., leðurinnrétting, rafmagn í rúðum, ný 31" dekk, loftæsingar að framan og aftan, sk. '07, góður bíll. Verð 380 þús. Uppl. í s. 820 4381.



Glæsilegur Ford F150 FX4 til sölu. Árgerð 2004, ekinn ca 30 þ. Hlaðinn aukabúnaði. 2 umgangar af dekkjum, er á 22" lowprofile. Sjón er sögu ríkari, upplýsingar í síma 893 9801.



Kia Grand Sportage árg. '01, 2L, 5 gíra. Bíll í toppstandi. Bílalán 570 þús. Tek ódýrari uppí. Uppl. í s. 695 0443.

## Sendibílar



LDV sendiferðabifreið, turbo, diesel, árg. 96,Ek. 106 þús. Í mjög góðu ástandi. Tilvalinn sem húsbíll. . S. 581 1979 & 861 0096.

Vinnubíll. Yfirtaka á rekstr.leigu.Citroen Berlimgo '05 ek.16.000 litur grár. Vel með farinn. Uppl. í s. 891 7585.

## Vörubílar



Til sölu Scania árg. '98 og vagn. Keyrður 470 þ., uppl. í s. 895 8763.

Benz 709 m. krana + palli, einnig 608 Benz sendibíll og Cheroke árg.'91 verð 80 þús. Uppl. í s. 894 3765.

## Húsbílar

Til sölu er húsbíll árg. 1994, ekinn 70 þús. mil. Sími. 894 1412.

Ford transit '97 dísel háþekja til sölu. Einnig VW transporter '99. Upplagðir í húsbíla. Uppl. s. 894 3765.

Ford transit '97 dísel háþekja til sölu. Einnig VW transporter '99. Upplagðir í húsbíla. Uppl. í s. 894 3765.

## Mótorhjól

Til sölu Polaris Touring árg. '04, ek. 3.000 km, verð 780 þús., a.t.h. skipti á hippa. Uppl. í s. 844 5421.

Ert þú að leita að mótorhjóli? 15 hjól nýkomin til landsins frá BNA. motorhjol.blogspot.com

## Fjórhjól



Yamaha Grizzly 660 4x4 árg 2005 Og Arctic Cat 375 árg 2002 og 500 4x4 árg 2003. Plus Gallery ehf. S. 898 2811.

## Hjólhýsi



Til leigu eru glæsileg hjólhýsi. Minni hús fyrir fólksbíla, stærri fyrir jeppa. Með fortjaldi, sólarsellu. Verð frá 55 þús.,vikan og frá 30 þús., helgin. Upplýsingar í síma 659 2452 og 897 8692. bt-net.is/hjolhysaleigan



Hobby hjólhýsi De luxe easy-460 árgerð 2005 til sölu verð 2.150.000 þús. Einnig er til sölu topp-box fyrir húsbíl eða fellihýsi með festingum verð 25 þús. Frekari upplýsingar er að fá í síma 821 2112.



Til sölu Hobby excelcior UFE hjólhýsi árg. '05. Aukabúnaður útvarp, sjónvarps, útvarpsloftnet, fortjald. Alveg eins og nýtt verð 2,2miljónir. S. 660 5606.

**KNAUS EUROSTAR STYLE 550TF 2,5, - 2004**
Auka hleðslutengi til bíls, stór 180ah rafgeymir, 50W sólarhleðsla, hleðslumælir, sjónvarpsloftnet, sjónvarp, sóltjald, 2x11kg gaskútar, tjakkur, varadekk. Sími 896 9552 & 552 0141.

## Fellihýsi

**Fellihýsaleiga Akureyrar.**
Leigjum út fellhýsi og tjaldvagna, viku senn. Sími 899 6277, 897 3296 & 461 5077 & , Tjalda og Seglaþjónustan ehf, Óseyri 6c, Akureyri.

Til sölu Coleman Sípen, 10", árg. '99 vel með farið og með skyggni og fortjald. Uppl s. 893 0327 & 483 1327.

Til sölu Palomino Colt, árg. '03 nýlegt, fortjald, svefntjöld, rafgeymir og gaskútur fylgir, vel með farið. Verð 750 þús. Uppl. í s 896 0210 & 421 5185.

**Coleman Mesa árg. '04**
Til sölu 12 fet upphækkaður, heitt og kalt vatn, skyggni, loftnet ofl. Sem nýtt, verð 1350 þús. Uppl. í s. 893 0462.

## Tjaldvagnar




Combi camp family, modena árg. '95 m/fortjaldi verð 280.000.- uppl. í síma 565 1318 / 891 8435.




**VW Touareq V-8 4200 '05**
Ek. 29 þkm. Grásans, ssk, DVD, leður ofl. Verð 6.300 þús.



Jeep Grand Cherokee Laredo V-8 4700 03/2005. Ek. 31 þkm. Ljósbrúnn, ssk, DVD, leður ofl. Verð 3.950 þús



Mercedes Benz ML 430 '99 Ek.155 þkm. Silfur, rafdrifin sæti, leður ofl. Verð 2.950 þús – Bílalán 1.950 þús



Toyota Avensis Terra Stw '04 Ek. 52 þkm. Grænsans, ssk, hiti í sætum, dráttakúla ofl. Verð 2.150-Bílalán 1.280 þús



Toyota Avensis 1800 Sol 5/2003 Ek. 56 þkm. Silfur, ssk, hiti í sætum, dráttarkúla, Xenon ljós ofl. Verð 1.860 þús



**Caravelair 560 Lux 07/2005**
Eldavél,Heitt og Kalt vatn, salerni, sturta ofl. Verð 1.990 þús



**Palomino Mustang 8143 XL 04/2006**
Fortjald, Heitt og Kalt Vatn, harðar hliðar, rafdr. lyftubúnaður, ofl. Verð 1.790 þús.



Coleman Santa Fe 10 Fet '01 kælibox,kalt vatn, eldavél ofl. Verð 980 þús.



Palomino Colt 9 Fet '03 Fortjald, gasgrill, kalt vatn ofl. Verð 850 þús.



Palomino Yearling 11,5 Fet '00 Eldavél, Rafgeymir, Gaskútur ofl. Verð 880 þús – Bílalán 150 þús.



Dutchmen (The Duck) 9 Fet '97 Eldavél Gaskútur ofl. Verð 380 þús.

Bílabankinn

**BÍLABANKINN**
S: 588 0700
www.bilabankinn.is
Bílakjarnanum • Breiðhöfða
Sölumenn : Ævar Hallgrímsson – Axel Bergmann – Sigurdór Bragason


## TIL SÖLU






## HJÓL TIL SÖLU


Vorum að fá nýjustu gerðina af 50 cc vespum. Með fjarstarti og þjófavörn. Hjálmur fylgir. 3 litir. Verð aðeins 198.000.- þús.

Sparið bensín!!!!



VÉLASPORT
Þjónusta og viðgerðir
Tangarhöfða 3
Sími 578 2233
822 9944
845 5999

RE/MAX BORG






## Lyngdalur 16

190 Vogar
Glæsilegt parhús

**Verð: 21.900.000**
Stærð: 170
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 2006
Bílskúr: Já

Vorum að fá mjög skemmtilegt parhús alls 170 fm með bílskúr. Húsið skilast fokhelt að innan og fullbúið að utan frá seljanda.Gert er ráð fyrir 4 svefnherbergjum samkvæmt teikningu. Húsið stendur í enda á botnlanga og verður staðsteypt , einangrað að utan og klætt með bárujárni og jatóbavið. Þak verður einangrað og klætt pappa og aluzink bárujárni í ál-lit. Lóð verður tyrfð án trjágróðurs,girðinga og sólpalla. Sorpgeymsla verður frístandandi á lóð , bílastæði og stígar verða hellulagðir og fullfrágengnir.Þetta er einstakt tækifæri fyrir fólk sem vill eignast nýtt hús á góðu verði í nágrenni Reykjavíkur. Vogar eru ört vaxandi bæjarfélag með öfluga uppbyggingu íþrótta og tómstundaiðkunar og ekki spillir fyrir að tvöföldun Reykjanesbrautar er senn að ljúka. Aksturstími frá Reykjavík er aðeins ca.20 min.


Ella Lilja Sigursteinsdóttir lögg. fasteignasali


Hjalti Sölufulltrúi **899 1717** hjalti@remax.is

RE/MAX BORG



**Opið hús í dag fimmtudag 1. júní kl. 18.00 – 19.00**





## Miðleiti 6 2.h.

103 Reykjavík
**LAUS STRAX**

**Verð: 33.900.000**
Stærð: 156,9
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1983
Brunabótamat: 20.940.000
Bílskúr: Bílskýli

Stórglæsileg 131,5 m² íbúð á 2. hæð í fallegu húsi, auk 25,4 m² bílskýlis. Örstutt er í Kringluna og aðra þjónustu. Laus í apríl ! Hagstætt verð ! Rúmgott hol með fataskáp. Þvottaherbergi í íbúð er með skápum og handklæðaofni. Stofa með fallegum hallandi gluggum og marmara í gluggasillum. Frá stofu er útgengt á suðursvalir. Rúmgott eldhús með borðkrók. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf, er með baðkari, sturtu, fallegri innréttingu og er skemmtilega hannað af arkitekt. Tvö rúmgóð svefnherbergi með fataskápum. Geymsla, þvottahús og hjólageymsla í sameign. Innangengt er úr stigagangi í bílskýli. Aðeins þrjár íbúðir eru í stigagangi. Leiktæki eru á lóð. Miðleiti er lokuð gata og því er þar lítil umferð. Þetta er einstaklega skemmtileg og vel staðsett eign.


Ella Lilja Sigursteinsdóttir lögg. fasteignasali


Eggert Sölufulltrúi **893 1819** eggert@remax.is

**Akkurat 594 5000** Stórhöfði 27 // 110 Reykjavík
akkurat@akkurat.is // www.akkurat.is
Halla Unnur Helgadóttir, löggiltur fasteignasali

## SÓLEYJARIMI - 112 RVK. 50 ÁRA OG ELDRI!

Frum




Síðasta 3ja herb. á 3.hæð með suðursvölum. Fullbúin án gólfefna í góðu lyftuhúsi, stæði í bílageymslu. Mjög falleg íbúð með frábæru útsýni. **VERÐ 23,9 millj.**

**Nánari upplýsingar gefur Þóra í síma 822-2225**

**Akkurat 594 5000** Stórhöfði 27 // 110 Reykjavík
akkurat@akkurat.is // www.akkurat.is
Halla Unnur Helgadóttir, löggiltur fasteignasali

## FLESJAKÓR - 203 KÓPAVOGUR

Frum




Fallegt 209,3 fm parhús ásamt 37,6 fm bílskúr. Fullbúið að utan en rúmlega fokhelt að innan með viðbótum. Mögul. á að gera 2 íbúðir. Eign sem vert er að skoða. **VERÐ 36,9 millj.**

**Nánari upplýsingar gefur Anna Lilja í síma 594-5007 eða 899-0708**

## OPIÐ HÚS Í DAG – Álmholt 6 – 236 m² einbýli með aukaíbúð í kjallara

FRUM



**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

*Einar P. Kjærnested, lögg. fasteignasali*

**Sími: 586 8080**

Erum með 236,1 m² einbýlishús með aukaíbúð í kjallara, þar af 48,2 m2 tvöfaldur bílskúr. Aðalhæðin er 140 m² og skiptist í stofu, eldhús, þvottahús, 4 svefnherbergi og baðherbergi. Í kjallara er björt 2ja herbergja íbúð, tilvalin til útleigu eða fyrir unglinginn. Húsið stendur innarlega í lóðinni og stórt og gott bílaplan og mikill suðurgarður. Eignin getur verið laus til afhendingar fljótlega.

***Verð kr. 46,2 m.**
*Guðrún og Þorvaldur, sími 698-3106, taka á móti gestum í kvöld á milli kl. 19:00 og 20:00. Allir velkomnir.*

Fjölbrautaskóli Vesturlands

# Íslenskukennarar athugið

Staða **íslenskukennara** við Fjölbrautaskóla Vesturlands er laus til umsóknar.

Ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst n.k. Laun eru samkvæmt kjarasamningi KÍ við fjármálaráðuneytið og stofnanasamningi.

**Umsóknarfrestur** er til 18. júní n.k.
Umsóknir skulu sendar Fjölbrautaskóla Vesturlands, Vogabraut 5, 300 Akranes. Ekki þarf að nota sérstök umsóknareyðublöð. Öllum umsóknum verður svarað.

Upplýsingar veita Hörður Ó. Helgason skólameistari, hhelgason@fva.is og Atli Harðarson aðstoðarskólameistari, atli@fva.is, í síma 433 2500.

Upplýsingar um skólann eru á heimasíðu okkar **www.fva.is**

Skólameistari

Grunnskólinn í Grindavík
## lausar kennarastöður

**Við leitum að áhugasömum kennurum til eftirfarandi starfa næsta skólaár.**

- umsjónarkennara á yngsta stig
- sérkennara

*Grindavík er blómlegt sveitarfélag með um 2700 íbúa í aðeins 50 km. fjarðlægað frá höfuðborginni. Nemendur eru 500 í 1.-10. bekk. Í skólanum er unnið framsækið starf af áhugasömu starfsfólki. Unnið er að innleiðingu uppbyggingastefnunnar – uppeldi til ábyrgðar. Nánari upplýsingar um skólann á heimasíðu hans http://skolinn.grindavik.is*

Upplýsingar veitir skólastjóri og aðstoðarskólastjóri í símum 420-1150 og 660-7320 (netfang gulli@grindavik.is.)

**Skólastjóri**




# Leikskólinn Mánabrekka Mötuneyti

**Laust er til umsóknar starf í eldhúsi í leikskólanum Mánabrekku Seltjarnarnesi**

Leikskólinn leggur sérstaka áherslu á umhverfis- og náttúruvernd og hefur hlotið Grænfánann.

Vinnutími er frá kl. 8:00 til 16:00. Starfsmaður þarf að geta leyst matreiðslumann af í fjarveru hans.

Áhugasamir hafi samband við Guðbjörgu Jónsdóttur, leikskólastjóra eða Otta Kristinsson matreiðslumann í síma 5959-280, sem veita allar nánari upplýsingar.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

SELTJARNARNESBÆR
Skólaskrifstofa

## Matsvein og netamann

vantar á ísfisktogara sem gerður er út frá Hafnarfirði.

Upplýsingar í síma 659 3593.

TILKYNNINGAR

C·I·S·V

## Spennandi tækifæri fyrir 11 ára stráka í sumar

Vegna forfalla eru tvö pláss laus í sumarbúðir 11ára barna í sumar. Búðirnar standa í 3 vikur og þátt taka fjögurra barna hópar frá 10-12 löndum, auk fararstjóra.

Nánari upplýsingar má fá á síðunum www.cisv.is og www.cisv.org og hjá Ástu í síma 861 1122 og Margréti í síma 698 6494.

Skipulags stofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

**– Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Vatnsstjórnunarframkvæmdir við Árkvíslar í Skaftárhreppi**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **29. júní 2006.**

**Skipulagsstofnun**

Akraneskaupstaður

## Leikskólinn Vallarsel auglýsir eftir aðstoðarleikskólastjóra frá 1. september 2006

Vallarsel er 6 deilda leikskóli með um 160 börn og 40 starfsmenn. Þar er unnið með tónlist og frjálsa leikinn sem aðaláhersluatriði.

**Leitað er eftir leikskólakennara með:**
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulags- og samstarfshæfileika
- Faglega sýn og metnað

Umsóknarfrestur er til 9. júní 2006.

Nánari upplýsingar veitir Brynhildur Björg Jónsdóttir aðstoðarleikskólastjóri, í síma 433-1220.

Fræðslu-, tómstunda- og íþróttasvið
Akraneskaupstaðar

# KÓPAVOGSBÆR

## Frá Smáraskóla

### Skólaárið 2006 - 2007

**Etirtaldar stöður eru lausar við skólann frá og með 1. ágúst 2006**

- **Aðstoðarskólastjóri.**
- **Deildarstjóri.**
- **Umsjónarkennari í 1. bekk.**
- **Umsjónarkennari í 5. bekk.**
- **Starfsmaður í Dægradvöl.**
- **Gangavörður/Ræstir.**

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

Upplýsingar veita: Valgerður Snæland Jónsdóttir, skólastjóri, ***valsj@kopavogur.is***

***www.kopavogur.is - www.job.is***

Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður



# Skrifstofustjóri

## MENNINGAR- OG FERÐAMÁLASVIÐ

**Laus er til umsóknar staða skrifstofustjóra á skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar.**

Starfssvið: Umsjón með skrifstofuhaldi sviðsins þ.m.t. móttaka og svörun erinda, þjónusta við menningar- og ferðamálaráð undir stjórn sviðsstjóra, undirbúningur og frágangur vegna funda, undirbúningur og eftirfylgni styrkjaauglýsinga, viðurkenninga og úthlutana á vettvangi menningarmála, umsjón með skjalavistun, bréfaskriftir og ýmis erlend samskipti.

**Starfið krefst:**
- Háskólamenntunar og/eða umtalsverðrar reynslu af skrifstofustörfum.
- Góðar færni í íslensku og tölvuvinnslu – s.s. notkun helstu forrita.
- Þjónustulundar og mikillar færni í samskiptum við ólíka hópa fólks.
- Nákvæmni og góðrar tungumálakunnáttu.

Reynsla af skjalavistunarkerfinu GoPro er æskileg sem og reynsla af skrifstofustörfum á vettvangi stjórnsýslunnar. Áhersla er lögð á metnað, jákvæðni og sveigjanleika. Næsti yfirmaður er sviðsstjóri Menningar- og ferðamálasviðs.

Kjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags. Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf eigi síðar en 1. ágúst 2006.

Skriflegar umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist sviðsstjóra Menningar- og ferðamálasviðs, Ingólfsnausti – Vesturgötu 1, 101 Reykjavík.

**Nánari upplýsingar veitir:**
***svanhildur.konradsdottir@reykjavik.is* auk þess sem vakin er sérstök athygli á markmiðum starfsmanna- og jafnréttisstefnu Reykjavíkurborgar sem er að finna á www.rvk.is.**

Umsóknarfrestur er til og með 12. júní nk.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga



Guðrún
Sölufulltrúi
**821 9209**
runa@remax.is



Jóhanna
Sölufulltrúi
**699 5680**
johanna@remax.is



Sigríður
Sölufulltrúi
**663 3219**
sigga@remax.is



Svana
Sölufulltrúi
**8669512**
svana@remax.is

# RE/MAX®

Engin í heimi selur fleiri fasteignir en RE/MAX

**www.bui.is**

## Miðhús 3 – 112 Reykjavík einbýli með bílskúr - Opið hús í dag milli 18:00 - 18:30




Verð: 45,9 millj - Stærð: 210 fm , þarf af bílskúr 32 fm. - Herbergi: 6

**Afar fallegt einbýlishús á góðum stað í Grafarvoginum.**
Neðri hæð: Flíslögð forstofa með fataskápum, inn af forstofu er gesta wc, flísalagt hólf í golf með maghony innréttingu. Svefnherbergi með skápum. Eldhús með sprautulakkaðri og viðar innréttingu, eldunareyja. Inn af eldhúsi er flísalagt þvottahús.Rúmgóð stofa með útgengið á stóra verönd og út í garðinn. Merbau parket á stofu, eldhúsi og herbergi.Efri hæð: Sjónhvarpshol, hátt til lofts, útgengi á svalir, Merbau parket. Hjónaherbergi með góðum skápum, Merbau parket. Baðherbergi flísalagt hólf í golf, hornbaðkar, sturta, maghony innrétting. Tvö stór barnaherbergi, fyrir ofan þau er milliloft sem gefur mikla möguleika.
Rúmgóður bílskúr. Eign sem vert er að skoða.
**Upplýsingar veitir Sigríður í síma 663 3219.**

## Galtalind 26 - Kópavogur - Opið hús kl. 18-18.30



Verð: 30,9 millj. Stærð:124,9 fm fm. Herbergi: 3-4
Gengið er inn í íbúðin af 1.hæð. Flísalögð forstofa. Eldhús með kirsuberja innréttingu, vönduð tæki, borðkrókur. Stofa og borðstofa með eikar parketi, úr stofu er gengið út á stórar v-svalir. Rúmgott hjónaherbergi með stórum skápum. Barnaherbergi parektlagt með eikar parketi. Rúmgott baðherbergi flísalagt í hólf og gólf, baðkar og sturta. Stórt þvottahús innan íbúðar. Í dag er íbúðin nýtt sem 3ja herbergja íbúð en hæglega má koma fyrir auka herbergi þar sem íbúðin er upphaflega teiknuð sem slík. Að utan lítur eignin afar vel út. Sér geymsla á jarðhæð. **Upplýsingar veitir Jóhanna í síma 699 5680**

## Flétturrimi 9 - opið hús í dag kl 20.00-20.30



Verð: 16,3 millj. Stærð: 81,5 fm. Herbergi: 2-3
Skemmtileg og vel skipulögð 2-3 herb.68,5 fm íbúð á 2. hæð með 13 fm stæði í bílskýli. Forstofa með flísum, eldhúsinnrétting hvít/beyki, opið á milli skápa inn í stofu. Plastparket á gólfum. Útgengi á suð-vestur svalir úr stofu. Baðherbergi allt nýuppgert. Þvottahús innan íbúðar. Hjónaherbergi hefur verið skipt niður í tvö herbergi. Ágætis útsýni m.a. yfir næsta leikvöll. **Upplýsingar veitir Guðrún 821 9209**

## Hrísrimi 1, 112 Reykjavík - 3ja herbergja



Verð: 18.2 millj. Stærð: 89,1 fm. Herbergi: 3
Skemmtileg og rúmgóð íbúð á jarðhæð með sér garði.Eldhús með hvítri /beyki innréttingu opið inn í rúmgóða stofu. Tvö góð svefnherbergi. Þvottahús innan íbúðar. Baðherbergi flísalagt við baðkar, flísar á gólfi. Barnvænt hverfi, stutt í skóla/leikskóla og alla þjónustu. Í sumar á að gera við húsið og mála og er það á kostnað seljanda.
**Upplýsingar veitir Guðrún 821-9209**

## Grýtubakki, Reykjavík - Opið hús kl. 19.00-19.30



Verð: 15.5 millj. Stærð: 85,9 fm Herbergi: 3
Húsið var tekið í gegn að utan og málað fyrir um 1-2 árum, þak tekið í gegn fyrir ca 5 árum. Hol rúmgott með innbyggðum skáp. Eldhúsinnrétting með viðarinnréttingu flísar á milli skápa, opið inn í stofu. Rúmgóð stofa/ borðstofa með útgengi á suð-vestur svalir. 2 herbergi og er annað þeirra með skáp. Parket á öllum gólfum nema baðherbergi. Baðherbergi með baðkari. Barnvænt hverfi.. **Upplýsingar veitir Guðrún 821-9209**

## Hrísrimi 9 , 112. Reykjavík - Opið hús kl. 18-18.30



Stærð: 85 fm. Herbergi: 3
Björt og skemmtileg 85fm, 3herb íbúð á efstu hæð í góðri sameign.Stofa og eldhús í sama rými. Bjartir og stórir gluggar, lofthæð í stofu 3,6m, svalir útfrá stofu. Þvottaherbergi innan íbúðar. Húsið var málað á síðasta ári. Stutt í skóla og þjónustu
**Upplýsingar veitir Svana 866 9512**

## Laufengi 2 - 112 Reykjavík - Opið hús í dag kl. 18-18.30



Stærð: 137,6 fm. Herbergi: 4
Skemmtileg, stór og björt 4herb. íbúð á efstu hæð í snyrtilegum stigagangi, bílskýli fylgir íbúð. Stutt í alla þjónustu og skóla. Þvottahús með góðri innréttingu og geymsla eru innan íbúðar. Einungis 5 íbúðir í stigagangi.
**Upplýsingar veitir Svana 866 9512**

Hvers virði er eignin þín - kannaðu málið - það kostar ekkert

**ÞITT** - *líf* **ÞINN** - *ferill* **ÞÍN** - *leið*

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign



Sigurður
Guðmundsson hdl.
lögg. fasteignasali

RE/MAX® BÚI



Pálmi Þór
Sölufulltrúi
**895 5643**
palmi@remax.is

# RE/MAX

Engin í heimi selur fleiri fasteignir en RE/MAX

## Hofgerði 6, 190 Vogar - Opið hús kl. 20.30-21.00



Verð: 26,4 millj. Stærð : 193,3 fm. Herbergi: 7
Notalegt einbýlishús á tveimur hæðum í Vogunum. Íbúðarhúsalóð: 958 fm eignarlóð. Nánari lýsing: Komið inn í lítið flísalagt anddyri með fatahengi. Þaðan inn í flísalagt hol, stofa ,sjónvarpsherbergi og borðstofa parketlögð. Lítið flísalagt salerni, eldhús dúkalagt með ljósri innréttingu. Efrihæð: Komið upp teppalagðan stiga á efri hæð þar eru þrjú svefnherbergi eitt með skápum. Baðherbergi flísalagt ,sturta og gluggi. Eitt lítið herbergi er notað sem skrifstofa í dag . Þvottahúsið er í anddyrinu lítið eitt niðurgrafið .Bílskúrinn er 46,5 fm frístandandi sunnanmegin við húsið . **Upplýsingar veitir Pálmi Þór 895 5643**

## Laufrimi 1, 112 Reykjavík - Opið hús kl. 19.00-19.30



Verð: 18,4 millj. Stærð : 81,4 fm. Herbergi: 3
3ja herbergja íbúð á góðum stað í Grafarvogi. Flísalagt anddyri með fataskáp. Eldhús með hvítri/beyki innréttingu, flísar á gólfi og á milli skápa í innréttingu, góður borðkrókur, tengi fyrir uppþvottavél. Stofa; nýlega parketlögð, opið út á svalir. Hjónaherbergið er með góðum skápum og parket á gólfi, barnaherbergið er með skáp og parket á gólfi. Baðherbergið er flísalagt ,sturtuklefi og flísar á hluta af vegg, tengi fyrir þvottavél.
- Hússjóður er aðeins 6.200 krónur. **Upplýsingar veitir Pálmi Þór 895 5643**

## Tröllateigur 20, 270 Mosfellsbær - Opið hús kl. 18.00-18.30



Verð: 27,9 millj. Stærð : 118,8 fm. Herbergi: 2
Stórglæsilega 3herbergja íbúð á 1. hæð með sér inngangi af svölum. Rúmgott og bjart bílskýli fylgir eigninni, rúmgóð geymsla fylgir íbúðinni, 7,0 fm. Nánari lýsing: Komið inn í flísalagt anddyri með góðum fataskáp, þaðan inn í alrými sem saman stendur af eldhúsi og stofu. Útgengt er á svalir sem snúa í suður úr stofu. Hjónaherbergi er með góðum skápum. Í eldhúsi er eikarinnrétting og gaseldavél. Gott baðherbergi með nuddbaðkari, flísalagt í hólf og gólf. Innréttingar, skápar og hurðir eru úr eik. Eikarparket er á allri íbúðinni. Þvottahús er í íbúðinni með hillum og góðri vinnuaðstöðu. **Upplýsingar veitir Pálmi Þór 895 5643**

## Tröllateigur 24, 270 Mosfellsbær - Opið hús kl. 18.00-18.30



Verð: 33,9 millj. Stærð : 151,4 fm. Herbergi: 2
Stórglæsileg 4herbergja íbúð á 1. hæð með sér inngangi af svölum. Rúmgott og bjart bílskýli fylgir eigninni, tvær rúmgóðar geymslur fylgja íbúðinni, önnur inn af stæði í bílageymslu, 10,9fm og hin er 9,1fm er á gangi í sameign . Nánari lýsing: Komið inn í flísalagt anddyri með góðum fataskáp, þaðan inn í alrými sem saman stendur af eldhúsi og stofu. Útgengt er á svalir sem snúa í suður úr stofu og úr hjónaherbergi. Hjónaherbergi er með góðum skápum, inn af herberginu er baðherbergi með hornbaðkari og handklæðaofn, flísalagt í hólf og gólf og gluggi. Gott baðherbergi með sturtu. **Upplýsingar veitir Pálmi Þór 895 5643**

## Grundargerði 13, 108 Reykjavík



Verð: 13,6 millj. Stærð : 34,3 fm. Herbergi: 3
Komið inn í flísalagt anddyri. Þaðan liggur stigi upp á parketlagðan pall. Eldhús er með dúk á gólfi, hvít innrétting. Tvö svefnherbergi, bæði með skápum. Baðherbergi með baðkari. Fín stofa sem er með parket á gólfi. Gott geymslu pláss undir súð. Gólfflötur íbúðarinnar er mun meiri en fasteignamat seigir til um. Sameiginlegt þvottahús og garður. Allt umhverfi hússins er mjög snyrtilegt.
**Upplýsingar veitir Pálmi Þór 895 5643**

## Suðurhólar, Breiðholt - Húsið ný uppgert



Verð: 16,4 millj. Stærð : 74,6 fm. Herbergi: 2-3
RE/MAX Búi kynnir: 2ja herbergja íbúð á góðum stað. Falleg 2ja herbergja íbúð á 2 hæð með sér inngangi af svölum. Dúklagt anddyri með fataskáp. Rúmgott eldhús með dúk á gólfi, góðri nýlegri innréttingu. Stofa með dúk á gólfi, góðar suður-svalir með frábæru útsýni. Hjónaherbergi með nýlegum skápum og dúk á gólfi. Baðherbergi með dúk á gólfi, baðkari og er tengi fyrir þvottavél á baði. Íbúðinni fylgir geymsla sem er innan íbúðar dúkur á gólfi. Sameiginleg hjólageymsla. Íbúðin er laus 1 júlí 2006.
**Upplýsingar veitir Pálmi Þór 895 5643**

## Lyngás, 210 Garðabæ - Tvær íbúðir



Verð: 27,9 millj. Stærð : 141,6 fm. Herbergi: 5
Tvær íbúðir á jarðhæð. Lausar við kaupsamning. Stærri íbúðin 101,4 fm. Komið inn í hol með góðum fataskáp. Rúmg. svefnherbergi með góðum skáp. Tvö rúmg. barnaherbergi. Á herbergum er fallegt ljóst plastparket. Stór stofa/borðstofa, parket á gólfi. Eldhús með ljósri innréttingu, borðkrókur. Baðherbergi hefur nýlega verið endurnýjað, skipt um tæki og flísalagt. Sér geymsla og þvotthús er í sameign. Minni íbúðin (ósamþykkt) 40,2 fm Komið inn á flísalagðan gang með fatahengi. baðherb. með sturtu, tengt fyrir þvottavél. Ágætt svefnherbergi. Rúmgóð stofa með eldhúskrók, parket á gólfi. **Upplýsingar veitir Pálmi Þór 895 5643**

## Hjallabraut, 220 Hafnarfjörður - Góð 3 herbergja íbúð



Verð: 17,5 millj. Stærð: 99,5 fm. Herbergi: 3
Góð 3 herbergja íbúð við Hjallabraut í Hafnarfirði. Húsið er allt ný viðgert að utan , málað og lítur mjög vel út. Komið er inn í rúmgott bjart hol með góðum skáp,parket á gólfi. Eldhús með eldri ljósri innréttingu með góðum borðkrók og dúk á gólfi. Aðgengi er inn í geymslu og þvottahús úr eldhúsi. Baðherbergi með ljósri innréttingu, baðkar með sturtu ,góðum glugga, dúkur á gólfi. Rúmgott hjónherbergi með góðum fataskápum. Barnaherbergi með parket á gólfi Góð stofa með útgengi út á vestursvalir með parket á gólfi. Hjóla og vagnageymsla í sameign ásamt sérgeymslu. **Upplýsingar veitir Pálmi Þór 895 5643**

Hvers virði er eignin þín - kannaðu málið - það kostar ekkert

**ÞITT** - *líf* **ÞINN** - *ferill* **ÞÍN** - *leið*

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

Sigurður
Guðmundsson hdl.
lögg. fasteignasali



RE/MAX BÚI

## SJÓNARHORN



Börn úr leikskólanum Rofaborg í sumarferð við Peningagjá.
Fréttablaðið/GVA

## KAUPVENJUR

### *Skyndikaupamanneskja*



Ólöf Ingólfsdóttir, dansari og danshöfundur, er lítið fyrir að velta sér upp úr innkaupunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Hver er uppáhaldsbúðin þín?**
Það eru búðir sem selja pappírsvörur.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að kaupa?**
Mér finnst skemmtilegast að kaupa eitthvað sem ég er ekki búin að ákveða að kaupa fyrirfram.

**Verslar þú í útlöndum?**
Það er allur gangur á því. Stundum kaupi ég ekki neitt, ekki einu sinni í fríhöfninni. Stundum hefur það þó farið á annan veg.

**Eru einhverjar venjur við innkaup?**
Ég reyni að vera fljót að ákveða mig. Ef ég þarf að hugsa um kaupin of lengi læt ég þau eiga sig.

**Tekurðu skyndiákvarðanir í fatakaupum?**
Já, það geri ég.


Grillveisla!
Verð frá 798 kr. á mann



Esja kjötvinnsla býður einstaklingum, starfsmannafélögum og fyrirtækjum upp á gómsætan grillmat á mjög hagstæðu verði.
**Föst verðtilboð fyrir lágmark 15 manns.**
Allt meðlæti, diskar, hnífapör og glös fylgja með.
SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA
ESJA Kjötvinnsla
Dugguvogi 8, 104 Reykjavík.
Sími 567 6640. Fax 567 6614.
www.esja.is






*Ótrúlegt tilboð til Mexíkó*
**Síðustu sætin 7. júní, 13 nætur á aðeins 99.900 kr.**



Á Real Playa Del Carmen hótelinu með **allt innifalið:**
Ótakmarkaður matur og drykkir, óáfengir og áfengir, öll afþreying, skipulögð skemmtidagskrá og stórsýningar (show) á hverju kvöldi.
Brottfarir: 24. maí (uppselt) og 7. júní laus sæti, 13 nætur.
sed@ed.is
MasterCard
Trans-Atlantic
Sími 588 8900 • www.transatlantic.is





LÆKKAÐU REKSTRARKOSTNAÐINN
Gæða vélar á góðu verði
Bletagröfur 1 - 51 tonn
Hjólagröfur 13 - 20 tonn
Hjólaskóflur 2,5 - 31 tonn
H.A.G. ehf Smiðshöfða 14
5672520
DOOSAN DAEWOO



# Skáldskapur skáldsins

UMRÆÐAN
KFDK



AÐALSTEINN Á. BALDURSSON
FORMAÐUR VERKALÝÐSFÉLAGS HÚSAVÍKUR

Skáldið og stjórnarmaðurinn í Náttúruverndarsamtökum Íslands, Andri Snær Magnason, skrifar grein í Fréttablaðið 26. maí sl. þar sem hann vegur m.a. mjög alvarlega að heiðri Húsvíkinga með ósannindum og rangfærslum.

Greinin fjallar um sveitarstjórnarmál og hugmyndir um frekari orkufrekan iðnað á Íslandi. Andri gerir m.a. að umræðuefni „álpartíið“ á Húsavík 1. mars þegar heimamenn fögnuðu ákvörðun Alcoa um að skoða hagkvæmni þess að byggja álver á Bakka við Húsavík. Þetta var ekki ákvörðun um að byggja álver við Húsavík, eins og lesa má út úr skrifum skáldsins, heldur aðeins viljayfirlýsing um að skoða málið frekar. Það að halda því fram að ákveðinn fréttamaður á fréttastofu RÚV hafi skipulagt „álpartíð“ og sett það á svið með því að smala Húsvíkingum saman er þvílík fásinna sem nær engu tali og eru ómerkileg skrif af manni sem líklega vill láta taka sig alvarlega. Skrif sem þessi bera þess þó ekki merki.

Umfjöllun Andra er einnig vanvirða við bæjarbúa. Húsvíkingar sjálfir stóðu fyrir opnu húsi á veitingastað í bænum til að fylgjast með ákvörðun Alcoa í New York um staðarval. Sá vandaði fréttamaður Gísli Sigurgeirsson eða aðrir fréttamenn komu ekki að því að skipuleggja samkomuna. Eðlilega fylgdust fjölmiðlar vel með framvindu mála varðandi ákvörðun Alcoa um staðarvalið og stóðu því sína vakt. Skáldið heldur því fram að lýðræðið hafi dáið á Húsavík þennan dag. Því miður fyrir hann er svo ekki, því íbúar í sveitarfélaginu gengu að kjörborðinu 27. maí og kusu sér nýja sveitarstjórn í sameinuðu sveitarfélagi sem fengið hefur nafnið Norðurþing. Þá hafa nokkrar kannanir verið gerðar á skoðun Þingeyinga á uppbyggingu orkufreks iðnaðar við Húsavík. Samkvæmt þeim flestum eru um 80% þeirra sem taka afstöðu hlynnt því að álver rísi við Húsavík, sem endurspeglar breiða samstöðu heimamanna.

Greinilegt er að afstaða heimamanna fer í taugarnar á skáldinu. Komi til þess að álver rísi við Húsavík verður það aldrei gert nema í sátt og samlyndi við umhverfið. Annað verður aldrei samþykkt enda Þingeyingar þekktir umhverfissinnar. Tjáningarfrelsið er af hinu góða, en menn verða að kunna að fara með það. Menn verða líka að vera tilbúnir til að virða skoðanir annarra og það má vel vera að Andri Snær líti niður á Húsvíkinga eins og hann gerir með grein sinni í Fréttablaðinu og að Gísli Sigurgeirsson fréttamaður sé ekki starfi sínu vaxinn.

Ég efast hins vegar ekki um að Gísli sé heiðarlegur og góður fréttamaður líkt og þeir fréttamenn sem fjölluðu um Íslandsvini sem gengu niður Laugaveginn 27. maí og unga fólkið sem stóð nýlega fyrir mótmælum við skrifstofu Alcoa og Landsvirkjunar í Reykjavík þar sem það mótmælti stóriðjuáformum á Íslandi. Vonandi kemur aldrei til þess að hagsmunahópar á Íslandi geti ritstýrt umfjöllun fjölmiðla.

*Höfundur er áhugamaður um umhverfismál og uppbyggingu atvinnulífs á Norðurlandi.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

**Bjarni skrifar:**
Sumarið er komið með tilheyrandi grillstússi og á blíðviðrisdögum fyllir ilmurinn af glóðaðri lambasteik hvert hverfi. Sjálfur grilla ég mikið og nota til þess gasgrill (sem ég fékk á hagstæðu verði), nema þegar ég er uppi í bústað, þá nota ég gömlu góðu kolin. Vissulega er það tímafrekara en stemningin er góð og bragðið af kjötinu verður síst verra. Mér blöskrar hins vegar þegar ég heyri verslanir auglýsa til sölu gasgrill sem kosta mörg hundruð þúsund krónur. Mér er líka fyrirmunað að skilja hvers lags flottræfilsháttur knýr fólk til að sólunda peningunum í annað eins. Hvað er að koma yfir okkur? Sá sem eyðir pening í svona gæti allt eins keypt sér grill fyrir 30 þúsund krónur og hent mismuninum á eldinn.

**Steinunn skrifar:**
Ég skammast mín fyrir að játa það en þau eru teljandi á fingrum annarrar handar skiptin sem ég hef heimsótt náttúruperluna Vestfirði. Á dögunum reyndi ég að bæta úr því og heimsótti vinafólk á kjálkanum. Á leiðinni var ég minnt rækilega á hvers vegna ég fer ekki oft vestur. Kæri samgönguráðherra og alþingismenn: Hvernig væri að byrja á því að leggja veg vestur á firði, áður en við byrjum að grafa göng út um allt land? Troðningurinn sem liggur þangað núna verðskuldar að minnsta kosti ekki að vera kallaður vegur.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**
Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn áskilur sér rétt til að birta efni í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Margar gerðir af
ljósum!



RAFSÓL
Skipholti 33 • 105 Reykjavík
Sími 553 5600 • www.rafsol.is
rafsol@rafsol.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




Tréolíu sprey
0,4 ltr. 934 kr.

Flügger tréolía
Fljótleg og einföld í notkun
www.flugger.is

Flügger litir



Stórhöfða 44
110 Reykjavík
Sími 567 4400

Skeifan 4
Snorrabraut 56
Bæjarlind 6

Dalshraun 13
Hafnargata 90
Austursíða 2

Austurvegur 69
Hlíðarvegur 2-4
Egilsholt 1

104732

# Kaldar kveðjur

UMRÆÐAN
SVAR VIÐ LEIÐARA FRÉTTABLAÐSINS



**SIGURÐUR ÞÓRÐARSON**
HEILDSALI

Einstaklingsfrelsið er mannréttindi og falleg hugsjón sem á sér djúpar rætur í þjóðarsálinni. Þess má víða finna stað allt frá Hávamálum, sem bera saman ólík hlutskipti hins snauða kotbónda og beiningamannsins, sem með blóðugu hjarta biður sér í mál hvers matar, til einnar merkilegustu skáldsögu sem rituð hefur verið á íslenska tungu, Sjálfstætt fólk. Í þessum gamla skilningi orðsins var einstaklingsfrelsi andstæða lénskipulags vegna þess að litið var á alla menn sem einstaklinga, ekki bara hina ríku greifa.

Það þarf ekki glöggan mann til að sjá að málskilningi hefur hrakað. Þannig virðist merking orðsins hafa glatast eða jafnvel snúist við. Einkum á þetta við um alltof marga háskólamenntaða menn og kaupahéðna sem aldrei hafa fengið sigg í lófann. Þessi þróun, sem líkja má við firringu, tók á sig alvarlegri mynd þegar tveir stjórnmálaflokkar, svokallaðir kvótaflokkar, beittu sér fyrir lénskipulagi í sjávarútvegi. Í fyrstu var þetta gert í nafni fiskverndar, svo merkilega sem það hljómar, en fljótlega var þessi fráleita ráðstöfun réttlætt með því að hún væri í þágu einstaklingsfrelsisins! Eitt af því dapurlega við þetta mál var að annar þessara kvótaflokka, Sjálfstæðisflokkurinn, hafði í árdaga barist fyrir einstaklingsfrelsi í gömlu merkingu orðsins. Svo bregðast krosstré sem önnur tré.

Frjálslyndi flokkurinn var stofnaður af sögulegri nauðsyn til að andæfa þessari óheillaþróun og óréttlæti. Hann vill skjóta skildi fyrir ábúendur sjávarjarða sem vilja nýta hefðbundin réttindi forfeðra sinna, tómthúsmenn og aðra erfiðismenn til sjávar og sveita, sem sligast undan álögum hinnar nýju stéttar svokallaðra kvóta- eða sægreifa.

Ég var ekki sérlega pólitískur en þegar flokkurinn var stofnaður var ég þakklátur og vissi að ég yrði að vera með enda rann mér blóðið til skyldunnar sem fyrrum sjómanni að leggja honum lið. Það kemur mér því á óvart hversu margir átta sig ekki á því og spá honum skammlífi, því þó flokkurinn sé ungur á hann gamlar og sígildar hugsjónir. Kannski er það af sömu ástæðum sem mér hefur alltaf þótt vænt um Fréttablaðið, sem hefur náð verðskulduðum árangri enda greinilega byggt upp af mikilli leikgleði samhentra einstaklinga. Það var mér því þungt í skauti að sjá í leiðara blaðsins á mánudag varað við því að Sjálfstæðisflokkurinn gengi til samstarfs við Frjálslynda um stjórn borgarinnar því það gæti gefið Frjálslynda flokknum súrefni. Það væri ekki hægt að réttlæta nema með því að við hinir týndu sauðir myndum ganga í Sjálfstæðisflokkinn.

Þetta varð ég að lesa tvisvar. Getur það verið að blaðið sem ég auglýsi í, les og ber út á hverjum morgni óski þess í raun og veru að flokkurinn sem stendur vörð um hugsjónir mínar fái andarteppu og deyi drottni sínum úr súrefnisskorti? Maður má nú samt ekki taka allt á verri veg. Ég býst við að það sé vel meint að reyna að fá frjálslynda til að ganga í Sjálfstæðisflokkinn, væntanlega til að undirgangast hina nýju skilgreiningu á orðinu einstaklingsfrelsi. ■

# *Lægstu launin sitja eftir*

UMRÆÐAN
KJÖR LÁGLAUNAFÓLKS



**SIGURÐUR T. SIGURÐSSON**
FYRRVERANDI FORMAÐUR VERKALÝÐSFÉLAGSINS HLÍFAR

Alþingismenn og ráðherrar núverandi stjórnarflokka tuða sífellt á því hvað lágmarkslaun verkafólks hafi hækkað umfram önnur laun í landinu. Viljandi mata þeir þjóðina á þeim ósannindum að lágu launin hafi hækkað umtalsvert meira en þau hærri. Og viljandi ljúga þeir að þjóðinni að skattar hafi lækkað hlutfallslega mest á lágu launum. Því miður er þessu öfugt varið. Skattabyrði láglaunafólks hefur þyngst og lágu launin dregist ennþá meira aftur úr. Þessari staðreynd reyna þeir þó að leyna með öllum tiltækum ráðum. Þeir forðast líka eins og heitan eldinn að minnast á það að laun þeirra sjálfra hafa hækkað margfalt umfram almenna launataxta.

**Umönnunarstofnanir**

Það er ömurleg staðreynd að á sama tíma og ekki er hægt að manna sjúkrahús og umönnunarstofnanir vegna þess hvað kaupið þar er lágt og vinnuálag mikið, eru laun alþingismanna hækkuð um tugi prósenta umfram almenn laun í landinu. Og það er táknrænt að ráðherrar og þingmenn núverandi stjórnarflokka skuli stöðugt vara við hækkun lægstu launataxtanna, en steinhalda kjafti þó þeirra eigin laun hækki langt umfram það sem almenningur fær.

Á meðfylgjandi súluriti sést hvað þingfararkaup alþingismanna hefur hækkað mikið meira en lægstu launin á síðastliðnum átta árum.

Frá 1. janúar 1998 til 1. febrúar 2006 hafa lágmarkslaun verkafólks hækkað um 67%, en þingfararkaup alþingismanna um 114%.

Lágmarkslaun verkafólks eru nú kr. 108.000 á mánuði en væru kr. 138.523 á mánuði hefðu þau fengið sömu hækkun og laun þingmanna síðan 1998. Til að jafna þann mun þurfa lágmarkslaunin að hækka strax um rúmlega kr. 30.000 á mánuði eða 28%

Þingfararkaup alþingismanna er nú kr. 471.427 á mánuði en væri kr. 367.681 ef það hefði fengið sömu hækkanir og lágmarkslaunin. Græna súlan lengst til hægri sýnir hver laun alþingismanna væru ef þau hefðu fylgt almennri launaþróun.

Það skal sérstaklega tekið fram að hér er einungis gerður samanburður á þeim hækkunum sem Kjaradómur hefur gert á þingfararkaupi alþingismanna, þannig að launahækkanir, styrkir og hlunnindi sem þingmenn hafa náð sér í þar fyrir utan, t.d. með lagasetningum eru ekki inni í þessu dæmi. Væru þær hækkanir og íviljanir metnar inn í samanburðinn færu lágmarkslaun verkafólks upp í a.m.k. 150 þúsund krónur á mánuði. ■

**ÞRÓUN LÁGMARKSLAUNA OG ÞINGFARARKAUPS**
**jan. 1998 – feb. 2006**




**Heilsuhlaup**
**Krabbameinsfélagsins**






Heilsuhlaup Krabbameinsfélagsins verður í nítjánda sinn fimmtudaginn 1. júní 2006 og hefst kl. 19.00 við hús Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8 í Reykjavík. Unnur Birna Vilhjálmsdóttir fegurðardrottning ræsir hlauparana.

Hægt er að velja um 3 kílómetra skokk eða göngu frá Skógarhlíð að Öskjuhlíð og til baka eða 10 kílómetra hlaup suður fyrir Reykjavíkurflugvöll og til baka. Tími verður mældur hjá öllum og úrslit birt eftir aldursflokkum: 14 ára og yngri, 15-18 ára, 19-39 ára, 40-49 ára, 50-59 ára og 60 ára og eldri. Kristján Ársælsson þolfimimeistari sér um upphitun.

Forskráning er á hlaup.is. Skráning er hjá Krabbameinsfélaginu í Skógarhlíð 8 fimmtudaginn 1. júní kl. 8-18. Þátttökugjald er 500 krónur fyrir 14 ára og yngri en 1000 krónur fyrir 15 ára og eldri. Bolur er innifalinn í gjaldinu. Allir sem ljúka hlaupinu fá viðurkenningarpening. Fyrsti karl og fyrsta kona í öllum aldursflokkum í 3 km og 10 km hlaupum fá verðlaunagripi. Vegleg útdráttarverðlaun eru í boði, að verðmæti um 220 þúsund krónur. KB banki er aðalstyrktaraðili hlaupsins.

Einnig verður hlaupið í Reykjanesbæ (frá Sundmiðstöðinni) og á Breiðdalsvík fimmtudaginn 1. júní kl. 19 og á Reyðarfirði laugardaginn 3. júní kl. 13 (frá Molanum).Upplýsingar hjá Krabbameinsfélaginu í síma 540 1900.

Eftirtaldir aðilar styrkja Heilsuhlaupið:
LYFJA
HYUNDAI
FRÉTTABLAÐIÐ
asics
maður lifandi
KB BANKI
Krabbameinsfélagið

tab
ÍTALÍA

# HEILIR STURTU KLEFAR

MEÐ ÖLLU

tilboð!




80x80 eða 90x90



Hitastýrð blöndunartæki



8 nuddstútar



Sæti

## VERÐ FRÁ 69.900

BESTA VERÐIÐ
FLOTTARI VARA

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is
**Opið virka daga frá kl. 09–18 • laugardaga kl. 11–15**



Besti
lambahryggurinn
í Nóatúni!
Sparaðu 300kr.
1/2 LAMBAHRYGGUR MEÐ LUNDUM
1.298 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
40% afsláttur
50% afsláttur
Úr Kjötborði Nóatúns
LANGSKORIÐ LAMBALÆRI MEÐ KRYDDJURTUM
1.398 kr. kg
NÓATÚNS BAYONNESKINKA
898 kr. kg
NÓATÚNS SUMARPYLSUR ÚR KJÖTBORÐI
499 kr. kg
Húsavíkur jógúrt með 15% afslætti
MB PÖNNUKÖKU-SÝRÓP
199 kr. stk.
MB PÖNNUKÖKU- OG MUFFINMIX
199 kr. pk.
2 FYRIR 1
2 FYRIR 1 CHICACO TOWN KÖKUR
389 kr. stk.
GÓU TVENNA
349 kr. stk.
TSZZZ

Hvúmm

Bestir í kjöti
# NÓATÚN
í 40 ár




SMÁSPJÓT:
NAUTAFILLET
GRÍSAFILLET
**298** kr. stk.



MÓA
VEISLUFUGL
MEÐ FYLLINGU
**649** kr. kg




TÚNFISKSTEIK
Í TERYAKI MARINERINGU
**2.798** kr. kg




SKÖTUSELSFIÐRILDI
Í TÓMAT
**1.798** kr. kg




STÓRLÚÐUSTEIK
MEÐ HVÍTLAUK OG RÓSMARÍN
**1.798** kr. kg




SKÖTUSELSSPJÓT
MEÐ HVÍTLAUKSMARINERINGU
**598** kr. stk.




DUCHES KARTÖFLUR
998 KR. KG

MAÍSKÓLFUR
169 KR. STK.



## Gómsætir bakkar beint á grillið!

FYLLTAR KARTÖFLUR
599 KR. PK

FYLLTIR SVEPPIR
499 KR. PK

KARTÖFLUSALAT
499 KR. PK

KRYDDAÐIR KARTÖFLUBÁTAR
399 KR. PK

KRYDDAÐ GRÆNMETI
499 KR. PK

MARINERAÐ GRÆNMETI
499 KR. PK

...mmm NÓATÚN -hljómar vel!



*Móðir okkar,*

**Aðalbjörg Jóakimsdóttir**

verður jarðsungin frá Háteigskirkju föstudaginn 2. júní kl. 11.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Hrafnistu.

F.h. vandamanna,

**Ólafur Geirsson**
**Gunnar J. Geirsson**
**Aðalsteinn Geirsson**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Sigríðar Ólafsdóttur**
Mánatúni 4, Reykjavík.

**María Friðjónsdóttir** — **Ástmundur Kristinn Guðnason**
**Ólafur Héðinn Friðjónsson** — **Auður Gunnarsdóttir**
**Kristín Lára Friðjónsdóttir** — **Erlendur Helgason**
**og barnabörn.**



*Útför móður okkar,*

**Maríu Charlottu Christensen**

hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Starfsfólk í Barmahlíð fær innilegar þakkir fyrir góða umönnun.

**Fyrir hönd aðstandenda.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**María Jónsdóttir**
Víðilundi 20, Akureyri,

lést í Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 24. maí. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 2. júní kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

**Anna Guðmundsdóttir** — **Guðmundur Lárusson**
**Svanhildur Guðmundsdóttir** — **Hallur Albertsson**
**Jón Þór Guðmundsson** — **Hildur Jóhannsdóttir**
**Elín Guðmundsdóttir** — **Hermann Haraldsson**
**Þorsteinn Guðmundsson** — **Hildur Sigurðardóttir**
**ömmu og langömmubörn.**




**LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI**

Steinsmiðjan MOSAIK
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is

**LEGSTEINAR**

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara. Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða kynntu þér þjónustuna í verslun okkar.

S.HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is


**HELEN KELLER (1880-1968) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Það er hræðilegt að sjá en að hafa engar hugsjónir."*

*Bandaríski rithöfundurinn Helen Keller var bæði blind og heyrnalaus.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 1. JÚNÍ 1980

### *Fréttir allan sólarhringinn*

Á þessum degi árið 1980 hóf bandaríska sjónvarpsstöðin CNN göngu sína. Hafði stöðin þá sérstöðu að senda út fréttir allan sólarhringinn.

CNN stækkaði ört og náði að festa sig mjög í sessi árið 1991 þegar Persaflóastríðið stóð sem hæst. Þótti umfjöllun stöðvarinnar vönduð og vakti hún mikla athygli um heim allan. Nokkrum árum seinna fóru þó spurningar að vakna um trúverðugleika umfjöllunarinnar þegar fréttastjóri CNN viðurkenndi að hafa vísvitandi leynt upplýsingum um Saddam Hussein í því skyni að halda útibúi stöðvarinnar í Bagdad opnu.




**FRÉTTASKOT FRÁ CNN**

Engu að síður nýtur CNN mikilla vinsælda og hefur frá árinu 1980 bætt við sig fleiri sjónvarpsstöðvum, útvarpsstöðvum og fréttasíðum á internetinu, bæði í Bandaríkjunum og á heimsmarkaði.



**ÖRN GUÐMUNDSSON, FYRRVERANDI SKÓLAMEISTARI LISTDANSSKÓLA ÍSLANDS** Ekki fer framhjá neinum að mikil gróska er í listdansi á Íslandi nú um stundir og er það að miklu leyti að þakka góðri vinnu í Listdansskóla Íslands, enda hafa nánast allir íslenskir dansarar og danshöfundar stundað nám við skólann. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

LISTDANSSKÓLI ÍSLANDS: LAGÐUR NIÐUR

## Næstum allir lærðu í skólanum

Í gær lauk formlega störfum Listdansskóla Íslands en samkvæmt ákvörðun menntamálaráðherra frá því í vetur mun kennsla í listdansi héðan í frá vera í höndum einkaaðila. Listdansskóli Íslands var rótgróin stofnun og segir Örn Guðmundsson, fyrrverandi skólameistari Listdansskóla Íslands, að þótt skólinn, í því formi sem lagðist af í gær, hafi ekki verið nema níu ára sé hægt að segja að skólinn hafi haldið upp á 54 ára afmæli sitt í ár.

„Það var Guðlaugur Rósinkrans Þjóðleikhússtjóri sem óskaði eftir að setja skólann á laggirnar. Hann vildi mennta dansara til þátttöku í uppfærslum leikhússins og eins til að geta sett upp danssýningar með íslenskum dönsurum. Skólinn tilheyrði Þjóðleikhúsinu eins og venjan er á Norðurlöndunum og víða annars staðar þar sem ballettskólar eru tengdir óperuhúsum," segir Örn um upphaf skólans. Ekki leið á löngu þar til menntaðir íslenskir dansarar höfðu bolmagn til að stofna Íslenska dansflokkinn. „Árið 1973 varð Íslenski dansflokkurinn til og starfaði hann ásamt Listdansskóla Þjóðleikhússins undir verndarvæng Þjóðleikhússins. Þannig var það fram til ársins 1990 en þá urðu skólinn og dansflokkurinn að sjálfstæðri ríkisstofnun sem starfaði hér að Engjateigi 1. Það var svo fyrir níu árum sem Íslenski dansflokkurinn flutti í Borgarleikhúsið og varð þá Listdansskóla Íslands sjálfstæður."

Síðasta starfsveturinn voru um 160 nemendur í námi við skólann. „Reyndar má segja að mjög mikið sé að hafa þennan fjölda nemenda sem stunda námið svo markvisst. Þegar börnin koma inn í þennan skóla var ætluninn að verða dansari, en svo fækkaði í hópnum þangað til eftir voru einungis þeir sem gátu farið beint út í háskólanám."

Ekki fer framhjá neinum að Listdansskólinn hefur sýnt þessu hlutverki vel og hlúð að uppvexti íslenskra dansara enda er mikil gróska í dansinum hér í dag. Næstum allir íslenskir dansarar slitu barnsskónum í skólanum, meðal annars allir Íslendingarnir sem starfa núna í Íslenska dansflokknum ef einn er frátalinn. „Sama má í raun segja um alla íslenska dansara og danshöfunda sem hafa skapað sér nafn erlendis, eins og Helga Tómasson og Ernu Ómarsdóttur sem bæði voru hér í skólanum."

Að mati Arnar er mjög mikilvægt fyrir ungt fólk að eiga möguleika á því að stunda nám við sérskóla eins og þann sem hann nú kveður. „Þessir nemendur sem ég hef séð hérna hjá mér hafa haft hæfileika, getu og vilja."

## ANDLÁT

**Birgir Bertelsen** lést af slysförum 27. maí.

**Freddy Laustsen** lést á hjúkrunarheimilinu Eir sunnudaginn 28. maí.

**Sigríður Óskarsdóttir**, Langholtsvegi 162, Reykjavík, lést á Landspítalanum mánudaginn 22. maí. Útför hefur farið fram.

## JARÐARFARIR

13.00 **Andrés Gunnarsson**, Erluhrauni 10, Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju.

13.00 **Andrés Hafliðason** flugvirki, Háaleitisbraut 22, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Grensáskirkju.

13.00 **Gunnar Þorvarðarson** skipstjóri, Kleppsvegi 62, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju.

13.00 **Jón Jóhannsson** frá Valhöll á Bíldudal, til heimilis á Kleppsvegi 62, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Vídalínskirkju í Garðabæ.

13.00 **Sigríður M. Stephensen** hjúkrunarkona, Sólheimum 27, Reykjavík, verður jarðsungin frá Langholtskirkju.

15.00 **Sóley Þorsteinsdóttir**, Álfaskeiði 64b, Hafnarfirði, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði.



*Útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Þorgerðar Gunnarsdóttur**
fyrrv. bankastarfsmanns, Hörðalandi 10, Reykjavík,

sem lést miðvikudaginn 24. maí, fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 2. júní kl. 15. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

**Hrefna Þórarinsdóttir** — **Gústaf Gústafsson**
**Þorsteinn Friðriksson** — **Svanhildur Skúladóttir**
**Ingibjörg Friðriksdóttir**
**Friðrik Friðriksson** — **Nanna Leifsdóttir**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Einar Nikulásson**
forstjóri, Breiðagerði 25, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 28. maí. Útför hans fer fram í Dómkirkjunni miðvikudaginn 7. júní klukkan 15.

**Kristín Þórarinsdóttir frá Stóra-Hrauni**
**Rósa Einarsdóttir** — **Guðmundur Ingimundarson**
**Ragnar Már Einarsson** — **Arngunnur Atladóttir**
**Þórhildur Einarsdóttir** — **Halldór Kristófersson**
**Nikulás Einarsson**
**Barnabörn og barnabarnabörn.**

# Ótrúlegt verð




**Square sett**
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.
Verð áður 12.990.-

50% afsláttur

**Newbury Folding sett**
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.
Verð áður 36.990.-

22% afsláttur




**Octagonal sett**
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.
Verð áður 19.990.-

20% afsláttur




**Butterfly sett**
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.
Verð áður 54.990.-

27% afsláttur




**Galway garðhúsgagnasett**
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði. Stækkanlegt borð 230x110 cm og 6 stillanlegir stólar með sessum.
Verð áður 82.990.-

24% afsláttur




Gildir til 6. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

NÝ ÞÁTTARÖÐ!

GÓMSÆTUR JÓI FEL

Eldsnöggt með Jóa Fel hefst á ný í kvöld kl. 20:30
Jói galdrar fram spennandi rétti fyrir leikarana í Mýrinni







# STUÐ MILLI STRÍÐA: Ekki gott að búa í glerhúsi

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** MINNIST SYNDARANS.



Hitinn var að steikja borgarbúa þennan fagra dag. Sólin skein á mitt torgið þar sem kaupmennirnir reyndu að selja íbúum ferskar kjötvörur, ávexti og hvers kyns glingur til að skreyta sig með. Fyrr en varði fylltist torgið þó af reiðu fólki sem hrópaði ókvæðisorð að ungri stúlku. Borgarbúar ýttu henni harkalega á undan sér og öðru hvoru féll hún til jarðar með lágværu kveini.

Hún var með dökkt, sítt hár en augun, sem vafalítið voru fögur alla aðra daga, voru grátbólgin. Hendurnar voru bláar eftir sterkar hendur verkamannanna sem héldu henni fast til að þorpsbúar gætu virt „dýrið“ fyrir sér. Fæturnir voru skítugir, alsettir litlum sárum sem sandurinn átti auðvelt með að festast í.

Hún hafði reynt að vera sterk, vildi ekki að sýna nein veikleikamerki, en orðin nístu inn að beini. Stúlkan gat ekki lengur haldið aftur af tárunum og fyrir vikið uppskar hún skelfilegan og hrottalegan hlátur þeirra sem á horfðu. Lítill drengur bað fólkið um að meiða ekki stúlkuna en einhver þóttist hafa séð hann ræna brauði fyrir systur sína. „Þú ert af sama meiði,“ hrópaði örg kona að drengnum og maðurinn hennar sparkaði í strákinn. Enginn annar reyndi að rétta henni hjálparhönd enda áttu þeir þá á hættu að koma upp um misgjörðir sínar.

Þeir fóru með hana út fyrir borgarmúrinn og hrintu henni til jarðar. Konurnar báru sig mannalega vegna þess að loksins gátu þær tekið þátt í athöfnum manna sinna. Hræktu jafnvel að stúlkunni þar til einhver tók upp stein og gerði sig líklegan til að kasta.

Þegar henni virtust allir bjargir bannaðar steig ókunnur maður fram. Hann dró línu í jarðveginn enda skrifaði hann bara í sandinn. „Sá yðar er syndlaus er kasti fyrsta steininum,“ sagði hann við æstan múginn, sem gat ekki beðið eftir því að refsa dökkhærðu stúlkunni fyrir allar sínar syndir og hreinsa sig fyrir næstu grýtingu.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Överli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Patrick McDonnell




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott





**ANGELINA JOLIE** Engar myndir hafa fengist af frumburði Angelinu, henni Shiloh, en hún hefur þegar látið gott af sér leiða í Namibíu.

# Namibía græðir á tá og fingri

Angelina Jolie og Brad Pitt hafa ákveðið að gefa 300.000 dollara sem verja á í búnað á fæðingarstofum í Namibíu, en dóttir þeirra, Shiloh Nouvel Jolie-Pitt, fæddist á einkasjúkrahúsi í Walwis Bay í Namibíu á sunnudag.

„Við viljum leggja eitthvað af mörkum til Namibíu og til fólksins sem hefur verið svo vingjarnlegt gagnvart okkur á þessum erfiðu tímum,“ sagði parið í yfirlýsingu, en umhverfis- og ferðamálaráðherrann í Namibíu, Leon Jooste, sagði að peningarnir myndu hafa umtalsverð áhrif á heilsu barna í Namibíu.

Parið gerði reyndar enn betur og gaf einnig 15.000 dollara til skóla nokkurs og félagsmiðstöðvar. Ekkert var til sparað við að forðast sviðsljósið í kringum fæðingu barnsins og fengu Jolie og Pitt meðal annars ríkisstjórn Namibíu til að neita blaðamönnum, sem komnir voru til að fjalla um frumburðinn, um inngang í landið án samþykkis hjónakornanna.

Shiloh litlu býðst namibískt ríkisfang en ekki er víst hvort foreldrarnir þiggi það, þó að þau muni verða um kyrrt í landinu um tíma til að jafna sig.









# TOPPMERKI........

PONY · CLUB DEI PRIMI · PUMA · SKECHERS · PETER KAISER · PRIMIGI

FRÁBÆR TILBOÐ - MIKIÐ ÚRVAL - FRÁBÆR TILBOÐ - MIKIÐ ÚRVAL - FRÁBÆR TILBOÐ - MIKIÐ ÚRVAL - FRÁBÆ

FRÁBÆRT VERÐ

*Barnaskór*

**995 kr. - verð nú**

**stærðir:** 30-35



30% afsláttur

*Sandalar*

2.995 kr. - verð áður

**2.097 kr. - verð nú**

**stærðir:** 31-35



FRÁBÆRT VERÐ

*Sandalar*

**2.995 kr. - verð nú**



30% afsláttur

*Sandalar*

4.495 kr. - verð áður

**3.147 kr. - verð nú**

**stærðir:** 30-35



BETRA VERÐ

*Takkaskór*

**1.995 kr. - verð nú**

**stærðir:** 28-37



30% afsláttur

*Ecco Dömu gönguskór*

11.995 kr. - verð áður

**8.347 kr. - verð nú**

**stærðir:** 36-42




30% afsláttur

*Ecco Dömu gönguskór*

11.995 kr. - verð áður

**8.347 kr. - verð nú**

**stærðir:** 36-40




BETRA VERÐ

*Sundtöflur*

**995 kr. - verð nú**

**herrastærðir:** 40-45
**dömustærðir:** 36-40



BETRA VERÐ

*Strigaskór*

**3.990 kr. - verð nú**

**stærðir:** 41-46



BETRA VERÐ

*Strigaskór*

**3.990 kr. - verð nú**

**stærðir:** 41-46



DÖMUSKÓR - HERRASKÓR - BA... ...DALAR - ... HERRASKÓ... ...R - SANDALAR

SKÓR FRÁ: 100 kr.-

HÖFUM FYLLT Á 1000 kr.- BORÐIN

VERSLAÐU ÓDÝRT!

SUMARIÐ ER KOMIÐ HJÁ OKKUR

# TOPPSKÓRINN OUTLET

HEFUR OPNAÐ Á NÝJUM STAÐ Í

# GRAFARHOLTINU

(VIÐ HLIÐINA Á HÚSASMIÐJUNNI)




OPIÐ: MÁN.-FÖS. 11 - 19, LAU. 10 - 16

*BIRT MEÐ FYRIRVARA UM VERÐBREYTINGAR, MYNDBRENGL OG STAFSETNINGARVILLUR

# ....Á TOPPVERÐI

ara | Mary B. | ZINDA | ecco | LLOYD | Donna Carolina

TILBOÐ - MIKIÐ ÚRVAL - FRÁBÆR TILBOÐ - MIKIÐ ÚRVAL - FRÁBÆR TILBOÐ - MIKIÐ ÚRVAL - FRÁBÆR TILBOÐ

**30% afsláttur**

*Ecco Dömu Sandalar*
8.495 kr. - verð áður
**5.747 kr. - verð nú**
**stærðir:** 36-42




**58% afsláttur**

*Dömuskór*
6.995 kr. - verð áður
**2.995 kr. - verð nú**
**stærðir:** 36-41



**50% afsláttur**

*Dömusandalar*
9.995 kr. - verð áður
**4.995 kr. - verð nú**
**stærðir:** 36-41



**30% afsláttur**

*Ecco Dömu Sandalar*
8.495 kr. - verð áður
**5.747 kr. - verð nú**
**stærðir:** 36-42




**70% afsláttur**

*Dömusandalar*
9.995 kr. - verð áður
**2.995 kr. - verð nú**
**stærðir:** 36-41



**30% afsláttur**

*Herraskór*
Verð fyrir: 6.995 kr-
**4.897 kr. - verð nú**
**stærðir:** 40-46



**30% afsláttur**

*Herraskór*
Verð fyrir: 6.995 kr-
**4.897 kr. - verð nú**
**stærðir:** 40-46



**FRÁBÆRT VERÐ**

*Herrasandalar*
**2.995 kr. - verð nú**
**stærðir:** 41-46



**30% afsláttur**

*Herraskór*
Verð fyrir: 6.995 kr-
**4.897 kr. - verð nú**
**stærðir:** 40-46



**BETRA VERÐ**

*Herraskór*
**3.990 kr. - verð nú**
**stærðir:** 40-45



VISA | MasterCard

**Opið til 19 alla virka daga**

DÖ... KÓR - BARNASKÓR - SANDALAR - DÖMUSKÓR - HERR... LAR

**Opið alla Laugardaga frá 10-16**

# Toppskórinn Outlet

*VÍNLANDSLEIÐ 6 - Grafarholt - S: 533 3109*

! **Kl. 21.00**
*Einn fremsti djasspíanisti samtímans, Anders Widmark, er í fararbroddi óvenjulegs djasstríós sem leikur margrómaða djassútgáfu af tónlistinni úr óperunni Carmen eftir Georges Bizet á Nasa við Austurvöll.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Kambsránið í Kassanum

Leiksýningin Þuríður og Kambsránið eftir Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson var valin athyglisverðasta áhugaleiksýning leikársins 2005-2006 úr hópi tólf sýninga víða af landinu og mun Leikfélag Selfoss setja upp eina sýningu í Þjóðleikhúsinu annað kvöld.

Leikritið er byggt á sögulegu efni úr byggðarlagi Árnesinga, ráninu að Kambi í Flóa 9. febrúar 1827. Höfundurinn styðst í skrifum sínum við verk sem stundum hefur verið kallað yngsta Íslendingasagan, söguna af Þuríði formanni og Kambránsmönnum eftir Brynjólf Jónsson fræðimann frá Minna-Núpi. Þar segir af einni fyrstu alvöru lögreglurannsókn Íslendinga og hefur Þuríður formaður, sem reyndar var einn aðalheimildarmaður Brynjúlfs, verið talinn fyrsti íslenski leynilögreglumaðurinn. Þuríður var eina konan sem var formaður á sjó á þessum tíma og reri með menn sína til fiskjar frá Stokkseyri. Þar stendur verbúð hennar, Þuríðarbúð, til minningar um sjósókn hennar.


**ÞURÍÐUR OG KAMBSRÁNIÐ** Ein sýning á áhugaverðustu áhugaleiksýningu ársins í Þjóðleikhúsinu.

Leikstjóri sýningarinnar er Jón St. Kristjánsson og segir í umsögn dómnefndar að honum og öðrum aðstandendum sýningarinnar hafi tekist að skapa athyglisverða og eftirminnilega sýninu á sögulegu efni.

Sýningin fer fram í Kassanum í Þjóðleikhúsinu á föstudagskvöldið kl. 20.

## > Ekki missa af...

síðustu sýningunni á **Naglanum** eftir Jón Gnarr, broslegur harmleikur um karlmennskuna í leikstjórn Valgeirs Skagfjörð.

myndlistarsýningu Gunnsteins Gíslasonar í **Óðinshúsi** á Eyrarbakka.

tónlistarhátíðinni **Reykjavík Trópík** á lóð Háskóla Íslands um helgina. Hljómsveitirnar **Supergrass**, **Ladytron** og **Trabant** fara hamförum í Vatnsmýrinni.

# Blúsinn í öndvegi

Alþjóðleg tónlistarhátíð (Akureyri International Music Festival) verður haldin í fyrsta sinn á Akureyri um hvítasunnuhelgina en blúsinn verður þema hátíðarinnar að þessu sinni. Þrennir blústónleikar munu fara fram þessa helgi en Blúskompaní Magnúsar Eiríkssonar, tónlistarmanns og lagasmiðar, mun opna hátíðina. „Við munum taka gömul og góð blúslög, bæði eftir mig og erlend lög samin af mestu blúsmeisturum sögunnar. Við munum til að mynda spila lögin, Haltu mér, Blús í G og Fangi ástarinnar, svo ég nefni einhver lög," segir Magnús.

Ásamt Magnúsi skipa þeir Pálmi Gunnarsson, Gunnlaugur Briem og Agnar Már Magnússon hljómsveitina Blúskompaní en á tónleikum sveitarinnar um helgina mun gestasöngkonan Hrund Ósk Árnadóttir, sem sigraði í söngvakeppni framhaldsskólanna á síðastliðnu ári, koma fram. „Þessi unga söngkona hefur hreint ótrúlega rödd og það verður frábært að fylgjast með henni í framtíðinni," segir Magnús.

Á laugardagskvöldið mun blúshljómsveitin Lamont Cranston Blues Band, frá Minneapolis í Bandaríkjunum, spila í Ketilhúsinu en sveitin er af mörgum talin ein sú fremsta á sviði þessarar tegundar tónlistar í dag. „Ég var þess aðnjótandi að fá að spila með sveitinni í heimabæ þeirra fyrir um tveimur árum síðan og það er ekkert launungarmál að hér er á ferðinni ein besta blússveit dagsins í dag. Þetta eru þaulvanir menn og það var einstakt að fá tækifæri til að spila með þeim." Síðasta dag hátíðarinnar koma áðurnefndar hljómsveitir fram og spila fyrir hátíðargesti, ásamt hljómsveit Andreu Gylfadóttur sem nefnist Blúsmenn Andreu. Ásamt Andreu skipa þeir Guðmundur Pétursson, Haraldur Þorsteinsson, Einar Rúnarsson og Jóhann Hlöðversson sveitina.

„Þetta verður mikil veisla fyrir blúsáhugafólk og ég get lofað fólki góðri skemmtan," segir Magnús að lokum. -brb


**MAGNÚS EIRÍKSSON LEIKUR BLÚS MEÐ FLEIRI GÓÐUM** Veisla fyrir blúsáhugafólk á Akureyri um hvítasunnuhelgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


**HREFNA RÓBERTSDÓTTIR** Ritstýrir Sögu ásamt Páli Björnssyni. Þau reyna að gera ritið svo úr garði að það eigi erindi við leika og lærða. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Saga á erindi við alla

**Vorhefti Sögu – tímarits Sögufélags kom út á dögunum. Að venju kennir þar ýmissa grasa en tengsl Íslands við umheiminn setja sterkan svip á ritið í þetta sinn.**

Sem áður hafa Páll Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir veg og vanda af því að ritstýra Sögu. „Okkar ritstjórnarstefna hefur verið sú að hafa hæfilega blöndu af umræðuefni og hreinum rannsóknargreinum," segir Hrefna. Við reynum að velja efni sem höfðar til samtímans auk þess sem það eru alltaf viðtöl við erlenda fræðimenn, sem við vonum að verði innlegg í umræðu innan fræðasamfélagsins hér á landi. Auk þess höfum við það að leiðarljósi að gera ritið svo úr garði að það eigi erindi við alla áhugamenn um sögu, leika sem lærða enda eru félagsmenn Sögufélags og áskrifendur að Sögu miklu stærri hópur heldur en fræðimenn."

Efnið er fjölbreytt að venju og samanstendur af fræðilegum greinum, viðhorfsgreinum, sjónrýni, viðtali og fjölmörgum dómum um bækur en umræðan um Ísland og tengsl þess við umheiminn setur sinn svip á ritið. Hrefna tekur undir að vissan samnefnara megi finna í rannsóknargreinunum þótt þær tengist ekki að öðru leyti. „Þetta er þó einhver þráður sem fólk virðist hafa áhuga á um þessar mundir og endurspeglar að vissu leyti rannsóknarsvið fræðimanna."

Sem dæmi nefnir Hrefna grein Þórs Whitehead, sem fjallar um afstöðu Íslendinga til hlutleysis frá 1918 til 1945. Hann færir rök fyrir því að afstaða þeirra hafi við upphaf þessa tímabils stjórnast bæði af raunsæi og þjóðernishyggju, en þegar leið á síðari heimsstyrjöld hafi hlutleysisstefnan einungis verið orðin að tjáningarformi fyrir þjóðernishyggju nýfrjálsrar þjóðar. Þá rita Tinna Grétarsdóttir og Sigurjón Baldur Hafsteinsson grein um kvikmyndasýningar stórveldanna hér á landi á dögum kalda stríðsins og eru færð rök fyrir því að þótt þær hafi oft verið allvel sóttar, hafi almenningur ekki endilega gleypt við öllu sem þar kom fram.

Að sögn Hrefnu er Saga lykilrit fyrir alla áhugamenn um sagnfræði og einstakur vettvangur innan fræðigreinarinnar. „Við sækjumst eftir nýjum rannsóknum og allar greinarnar fara í gegnum nákvæma ritrýni. Þá má ekki gleyma umfjölluninni um fræðiverk auk viðhorfsgreina sem bjóða upp á fjölmarga umræðufleti um sögu og sagnfræði." bergsteinn@frettabladid.is





**STEFÁN RAGNAR HÖSKULDSSON** Frumflytur flautukonsert Liebermans í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fyrirtaks flautuleikur

Einleikarinn Stefán Ragnar Höskuldsson leikur með Sinfóníuhljómsveit Íslands í kvöld og frumflytur flautukonsert eftir Lowell Lieberman. Fengur er að heimsókn Stefáns Ragnars sem undanfarið hefur leikið með hljómsveit Metropolitan-óperunnar í New York sem þykir ein besta hljómsveit Bandaríkjanna um þessar mundir.

Stefán Ragnar lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 1995 og stundaði framhaldsnám við Royal Northern College of Music í Manchester. Nú kemur Stefán Ragnar fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta sinn síðan hann lauk námi hér heima, og það er vel við hæfi að fyrrverandi kennari hans, Bernharður Wilkinson, heldur á tónsprotanum.

Flautukonsertinn samdi Lowell Lieberman árið 1992 fyrir einleikarann James Galway og Sinfóníuhljómsveitina í St. Louis en á tónleikunum mun sveitin einnig frumflytja aðra sinfóníu Atla Heimis Sveinssonar.

Tónleikarnir fara fram í Háskólabíói og hefjast kl. 19.30. -khh



**GUNNAR KRISTINSSON MYNDLISTARMAÐUR** Þessi brosmildi maður er ekki ólíkur Jürgen Klinsmann.

# Sigurlið HM 2006

Myndlistarmaðurinn Gunnar Kristinsson sýnir í Café Karolínu á Akureyri en sýningin ber heitið „Sigurliðið" og lýkur henni næstkomandi föstudag. Á sýningunni má finna málverk, teikningar og prjónaskap þar sem sigurlið heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu 2006 er kynnt. Heimsmeistarakeppnin hefst í Þýskalandi um aðra helgi og er heimsókn á sýninguna því kjörin upphitun fyrir komandi fótboltaveislu. Gunnar hefur verið búsettur í Þýskalandi undanfarin ár en hann stundaði á sínum tíma nám við Listaháskólann í Leipzig. -khh

allt
tilboð
Alla föstudaga

# Borgarlistamaður Reykjavíkur árið 2006

Leikkonan og leikstjórinn Edda Heiðrún Backman er borgarlistamaður Reykjavíkur árið 2006 og fór útnefningin fram við hátíðlega athöfn í Höfða í gær.

„Ég hélt að formaður menningarmálanefndar ætlaði að setja mig á einhvern framboðslista en sem betur fer var það nú ekki. Þetta er bara ósköp ánægjulegt, nú er sjónunum beint að leikhúsinu og sviðslistunum – ég held að þetta sé í fyrsta skipti sem sviðslistamaður hreppir þessi verðlaun og það er bara af því góða. Við berum ábyrgð í leikhúsinu og verðum að standa okkur," segir Edda Heiðrún.

Edda Heiðrún hefur staðið í fararbroddi sviðslistafólks á Íslandi allt frá því að hún útskrifaðist úr Leiklistarskóla Íslands árið 1983. Sem ástsæl leikkona og söngkona hefur hún fyrir löngu skipað sér sess í hjarta þjóðarinnar en hin síðari ár hefur hún einnig haslað sér völl sem leikstjóri og sett upp eftirtektarverðar sýningar.

„Ég vinn eftir föngum, reyni bara að gefa svo lengi sem einhver vill taka á móti. Ég er afskaplega þakklát fyrir að fá að halda áfram að vinna, það er ekki alveg sjálfgefið en það hefur gefið mér ótrúlega mikið."

Edda Heiðrún kveðst einnig þakklát fyrir þessa útnefningu en bendir á að listirnar og leikhúsið sé meira en verðlaun, gleði og glaumur. „Það er mikil þekking, reynsla og mikil þjáning sem býr að baki hverjum leikara. Í fyrsta lagi er námið langt og strangt, svo detta svo margir út og í þriðja lagi fækkar rullunum eftir því sem fólk eldist. Það er ein af skyldum atvinnuleikhússins að áhorfendur fái að sjá sinn aldur í leikhúsinu en ekki bara ungt fólk. Eitt af markmiðunum þegar leikarafélagið var stofnað var að fólk gæti lifað af starfinu sínu, ekki bara í nokkur ár á meðan þú ert ungur og sætur. Reynslan er kannski það fallegasta sem býr í manninum og leikarar verða svo verðmætir með árunum. Við eigum sjóði í leikurum, leikarar eru eins og gangandi vísindastofur." - khh



**BORGARLISTAMAÐUR REYKJAVÍKUR ÁRIÐ 2006** Listirnar og leikhúsið eru meira en verðlaun, gleði og glaumur að mati Eddu Heiðrúnar Backman sem tók við viðurkenningunni við hátíðlega athöfn.
FRÉTTABLAÐIÐ / HEIÐA

FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR



Gefðu þér tíma
í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

**Ókeypis sætaferðir frá BSÍ kl. 4.30 í boði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar**

**Góðir farþegar**
Við minnum á að framkvæmdir standa yfir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og hvetjum því farþega til að gefa sér góðan tíma fyrir flug.

**Innritun hefst kl. 5.00 eða 2 tímum fyrir brottför**
Tilboðið gildir til **31. ágúst 2006**

**Njótið ferðarinnar, mætið tímanlega**

**Finnið rúturnar með okkar merki**
Farþegar eru vinsamlegast beðnir um að sýna farseðil

ferð til fjár!
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Nýtt upphaf
– ný ævintýri
Við opnum 2. júní

Alveg brilljant skilnaður
Einleikur Eddu Björgvinsdóttur um allt land.
Kirkjubæjarklaustur 3. júní.
Miðasala í síma 487-4840 til kl. 13:00 síðan í 897-1987
Landsbankinn
Viðskiptavinir Landsbankans fá 500 króna afslátt af miðaverði

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!
STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
GALDRASKYTTAN - DER FREISCHÜTZ
Frumsýning fös. 2/6 uppselt, mið. 7/6 nokkur sæti laus, fös. 9/6, lau. 10/6.
Aðeins þessar 4 sýningar. Samstarfsverkefni Sumaróperunnar, Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins, Dansleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík.
KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
Sala hafin á sýningar í september.
Fös. 15/9 örfá sæti laus, lau. 16/9 örfá sæti laus, sun. 17/9 nokkur sæti laus.
ÞURÍÐUR OG KAMBSRÁNIÐ
Fös. 2/6 örfá sæti laus.
Leikfélag Selfoss - Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins.
LEIKHÚSKJALLARINN
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.
MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



**GALDRASKYTTAN EFTIR WEBER** Ævintýraleg ópera á fjölum Þjóðleikhússins.

# Eitt ævintýralegt sjónarspil

Ein af skrautfjöðrum Listahátíðar í ár er sjónarspilið Galdraskyttan, ein viðamesta óperusýning sem farið hefur á fjalir hérlendis. Leikstjóri sýningarinnar, Jón Gunnar Þórðarson, segir að öllum mögulegum miðlum verði beitt til þess að koma þessu stórbrotna tónverki til skila.

„Galdraskyttan er ein af fyrstu rómantísku óperunum sem samdar voru í Þýskalandi en Carl von Weber skrifar hana í kringum 1820. Þetta er saga um elskendur en þar segir af Max sem elskar Agötu og þarf að leggja ýmislegt á sig til þess að fá að eiga hana,“ segir Jón Gunnar. Galdraskyttan er öðrum þræði saga manns sem fer út af beinu brautinni en elskhuginn Max, sem Kolbeinn Ketilsson túlkar, fellur í freistni og verður háður djöfullegum galdrakúlum. „Í rauninni er hægt að túlka þetta út frá nútímasamfélagi, hvað það er sem fólk gerir fyrir freistingarnar – Max verður í raun háður þessum galdrakúlum eins og þær séu eiturlyf.“

Galdraskyttan er samstarfsverkefni Sumaróperunnar við Sinfóníuhljómsveit unga fólksins og Dansleikhúsið og er óhætt að fullyrða að þetta verði ein viðamesta óperuuppsetning sem farið hefur á svið hérlendis, með átta einsöngvara, þrjá dansara, fimmtíu manna kór og rúmlega fimmtíu manna hljómsveit. Jón Gunnar útskýrir að verkið og uppsetningin sjálf sé eitt risastórt ævintýri og hópurinn gangi alla leið með það ævintýralega sjónarspil. „Þar kem ég inn í þetta. Ég tel að maður eigi að nota allan mátt leikhússins og reyni að miðla sögunni á áhrifamikinn hátt. Við nýtum okkur alla mögulega miðla – þetta er mjög tæknileg ópera. Tvö hundruð ára gamalt tónverk sem fær nýjan blæ með allri tækni nútímans,“ áréttar Jón Gunnar.

Jón Gunnar er nýkominn heim úr leikstjórnarnámi á Bretlandi og er Galdraskyttan fyrsta uppsetningin hans hér heima eftir að hann kláraði námið. Á döfinni er síðan önnur frumsýning á Englandi og segist leikstjórann unga dreyma um að geta starfað á báðum stöðum. Vinnan við óperuuppfærslur heillar hann líka. „Það er frelsið sem maður fær með óperunum. Þegar ég hlusta á tónlist þá loka ég augunum og reyni að skapa nýjan heim. Í óperunum fæ ég það frelsi sem er algjör draumur.“

Aðeins fjórar sýningar eru fyrirhugaðar á Galdraskyttunni en óperan verður frumsýnd í Þjóðleikhúsinu annað kvöld kl. 20. Með helstu hlutverk í sýningunni fara Kolbeinn Ketilsson, Hlín Pétursdóttir, Valgerður Guðnadóttir, Hrólfur Sæmundsson, Elísa Vilbergsdóttir, Guðmundur Jónsson, Herbjörn Þórðarson, Hafsteinn Þórólfsson og Stefán Arngrímsson. Hljómsveitarstjóri er Gunnsteinn Ólafsson. -khh

MENNINGAR-HÁTIÐ
Grand Rokk
1.-4. júní
Lifandi list
Bókauppboð
Málverkauppboð
Málverkasýning
Tónlist, flottar hljómsveitir
Upplestur
Ljóðalestur
Gjörningur
útitjald
Styrkt af
Budweiser Budvar
Léttöl
Frumsýning á íslenska söngleiknm „Barperan“ og margt fleira.



> Hresstu...

*...upp á matinn með taílenskri sweet chili sauce. Öll mötuneyti landsins ættu að eiga flösku af þessari sósu því það er hægt að breyta ömurlegri máltíð í veislumat með nokkrum dropum af þessari sætu chili-sósu.*

**matur&vín**

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN: VÖLUNDUR SNÆR VÖLUNDARSON KOKKUR Á BAHAMAEYJUM

# *Drekkur grænmetissafa á fastandi maga*

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Allt sem heitir fiskur, það hefur alltaf verið minn uppáhaldsmatur.

**Fyrsta minning um mat?**
Sennilega er það skyr. Ég borðaði það víst í hálfa gjöf þegar ég var lítill. Annars man ég líka alltaf eftir því að bróðir minn borðaði hafragrjón með kakói, sykri og mjólk þegar hann var á gelgjunni, en þá var ég bara stubbur.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Maturinn hennar mömmu er alltaf bestur og ég bið oftast um plokkara þegar ég kem til landsins. Mér er samt alltaf minnistætt þegar ég fékk alvöru foie gras í fyrsta skipti þegar ég var 19 ára og staddur í Frakklandi.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Súrar gúrkur, asíur og síld áttu aldrei upp á pallborðið hjá mér þegar ég var yngri en í dag er ég auðvitað vitlaus í síld og borða súrar gúrkur með öllu sem vel á við.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum?**
Hmmm...ég ráðlegg fólki að ná valdi á að krydda einfaldan og góðan mat með salti og pipar áður en það fer út í einhverjar æfingar i eldhúsinu. Það er alltaf best að byggja á góðum grunni.

**Hvað borðar þú til þess að láta þér líða betur?**
Gott salat með góðu próteini og helst spriklandi ferskum fiski. Einnig er ég búinn ad drekka ferska grænmetissafa í mörg ár og það alltaf á fastandi maga á morgnana. Það er algjör orkusprengja fyrir svona gaur eins og mig og heldur mér gangandi allan daginn.



**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?**
Þar sem ég borða nú minnst heima hjá mér en oftast á veitingastaðnum á ég nú samt alltaf grænmeti, egg og Mills-kavíar í túpu, jafn skapandi og það nú hljómar.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju hvað tækirðu með þér?**
Eldfæri, línu, og fullt af önglum, wilsonbolta fyrir félagsskap og nú helst bát svo ég kæmist sem fyrst heim aftur.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Skröltorm, iguana-eðlu og lifandi kolkrabba. Ekkert af þessu er ég að plana að leggja mér til munns aftur, en ég er til í að prófa allt einu sinni.



## ÞRÚGUR GLEÐINNAR
> EINAR LOGI VIGNISSON

# Frá Bordeaux í Borgarnes

Hjónin Daniel og Florence Cathiard sem eiga vínhúsið Château Smith Haut Lafitte eru stödd hér á landi og í dag kl. 17.30 bjóða þau upp á veglega vínsmökkun á Hótel Holti þar sem vínhús þeirra verða kynnt og kostur gefst á að smakka nokkra mismunandi árganga. Cathiard-hjónin eru af þeirri kynslóð vínframleiðenda í Bordeaux sem hafa rifið víngerðina upp úr þeim dróma sem hún var komin í á níunda áratug síðustu aldar. Þau hafa fjárfest mikið í víngerðinni en gætt þess að skilja ekki við hefðina.

Þau starfa með fyrirtækinu Compagnie Médocaine sem er í eigu líftryggingarfélagsins AXA. Niðurstaðan er sú að vínin fá nánast án undantekinga yfir 90 í einkunn í tímaritum á borð við Wine Spectator. Cathiard-hjónin eru einkar áhugavert fólk sem hefur frá mörgu að segja og eru vínáhugamenn hvattir til að kíkja í smökkun hjá þeim, aðgangur er ókeypis en nauðsynlegt er að hafa samband við Holtið og skrá sig. Nauðsynlegt er fyrir alla sem vilja festa hönd á því besta sem gerist í vínum að kynna sér vín frá Bordeaux enda eru þau viðmið víngerðarmanna um allan heim.

Ísland er af veðurfarslegum ástæðum ekki víngerðarland og hér er lítil hefð fyrir víngerð. Tilraunir hafa verið gerðar með að búa til íslensk vín en þær eru fálmkenndar og í besta falli áhugaverðar fyrir heimabruggara. Meiri hefð er hins vegar fyrir bruggun bjórs og framleiðslu sterkra drykkja. Þótt bjór hafi ekki verið leyfður fyrr en 1989 var áratuga hefð fyrir bruggun léttöls. Íslenskir bjórar hafa sterka stöðu á heimamarkaðnum en áherslan hefur einkanlega verið á hefðbundið lageröl og árstíðarbundna bjóra um jól og páska. Gleðilegt er að nýlega var hafin framleiðsla á bjór sem gerður er úr íslensku byggi. Áhugavert væri ef meira væri gert af séríslenskum bjórum eða lífrænum bjórum sem byggðu ímynd sína á hreinleika landsins. Í Borgarnesi er verksmiðja sem framleiðir meðal annars vodka, gin og snafsa. Íslenska Reyka vodkað er eimað í gegnum hraun, áður var íslenskt vodka einungis blandað hérlendis en spírinn kom erlendis frá. Reyka er vandað vodka og snafsarnir úr tópas og ópal hitta á streng í þjóðarsálinni sem hefur alist upp á bragðinu. Það er langt frá Bordeaux í Borgarnes og ólíku saman að jafna en á báðum stöðum eru menn að vanda sig. Þannig eiga bændur að vera.




**VERT AÐ SPÁ Í**
Íslenska Reyka vodkað er söluhæsta vodkategundin í Fríhöfninni. Virðist sem Reyka sé að taka við af íslensku brennivíni þegar menn vilja færa útlendingum glaðning. Snafsarnir hafa verið afar vinsælir í vínbúðum, Ópal- og Tópassnafsarnir selja margfalt á við erlenda snafsa. Bordeaux-vínin og Borgarnes-vodkað eiga það sameiginlegt að vera ein allra bestu kaupin í Fríhöfninni!

# Stúdentsveisla með höfrungi og svartfugli

**Freyja Önundardóttir myndlistarkona og formaður stærsta kvennakórs landsins, Léttsveitar Reykjavíkur, bauð upp á óvenjulegar veitingar í útskriftarveislu sonar síns um daginn.**

Það er ekki oft sem gestum í stúdentsveislum er boðið upp á svartfugl, svartfuglsegg og höfrungakjöt. Sú var þó raunin á heimili Freyju um síðustu helgi þegar sonur hennar útskrifaðist úr Kvennaskólanum. Gestir voru afar ánægðir með veitingarnar, ekki síst svartsfuglseggin sem vöktu góðar minningar hjá mörgum. „Ég ólst upp í Vestmannaeyjum og á Raufarhöfn og þar var svona matur daglegt brauð,“ segir Freyja sem segist hafa alist upp við það að allt sjávarfang væri vel nýtt. Auk áðurnefndra veitinga var einnig villtur lax á boðstólum í veislunni sem og fleira hefðbundnara góðgæti.

Það er ekki óvanalegt að Freyja bjóði gestum sínum upp á svartfugl eða höfrungakjöt, en það gerir hún þegar slíkt lostæti kemur upp í hendurnar á henni. „Það er nóg að reikna með einni bringu til einni og hálfri á mann af svartfuglinum ef nægt meðlæti er á boðstólum. Ég býð venjulega upp á grænt salat, bakaðar kartöflur og kalda gráðostasósu,“ segir Freyja sem gefur hér uppskrift af mareneringu sem passar bæði fyrir svartfugl og höfrungakjöt. **snaefridur@frettabladid.is**



**SVARTFUGL Á GRILLIÐ** Freyja hefur komið sér upp góðri grillaðstöðu utandyra á verönd með markísum sem verja gegn rigningu. Þannig nær hún að framlengja eldhúsið út í garð.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**MARENERING FYRIR SVARTFUGL OG HÖFRUNG**
**1 bolli olivíuolía**
**1/3 bolli sölvasósa eða tamari sojasósa (fást báðar í heilsuvöruverslunum)**
**2 msk hunang**
**1-2 msk af balsam ediki**
**malaður svartur pipar**
**Basilika**

Smakkið blönduna til og látið kjötið liggja í leginum yfir nótt og skellið því svo á grillið. Með þessu er gott að bera fram grænt salat, bakaðar kartöflur og kalda gráðostasósu.

**GRÁÐOSTASÓSA**
**1 dós sýrður rjómi**
**1/3 hluti af gráðosti**
**1 lítið hvítlauksrif**




## VEITINGASTAÐURINN SUSHISMIÐJAN, GEIRSGÖTU 3(VERBÚÐ 9), REYKJAVÍK S. 5173366

# *Ferskt sushi við sjóinn*

Sushismiðjan ehf. opnaði nýlega lítinn veitingastað við smábátahöfnina í Reykjavík. Staðurinn er fyrst og fremst take-away staður en þó er hægt að tylla sér niður á barstólum á staðnum vilji menn það, en við mælum eiginlega frekar með því að fólk setjist á bryggjusporðinn og njóti þannig útivistar og útsýnis yfir höfnina. Sushismiðjan er lítið fjölskyldufyrirtæki sem hefur hingað til sérhæft sig í framleiðslu á ferskum sushiréttum úr fyrsta flokks hráefni, fyrir fyrirtæki og einstaklinga, en verksmiðjan opnaði nýlega dyrnar og lífgar þannig upp á lífið við höfnina.

**Matseðilinn:** Nigiri, makirúllur og sashimibakkar. Einnig er hægt að fá fiskisúpu, salöt og japanskar núðlur á staðnum.



**Verð:** Sushibitarnir eru frá 150 kr. upp í 210 kr. Blandaður forréttabakki fyrir 5-7 manns er á 5900 kr.

**Hvað er vinsælast?** Þar sem veitingastaðurinn er svo nýr er varla hægt að segja hvað sé vinsælast. Kíkið endilega á heimasíðu staðarins. www.sushismidjan.is en þar er að finna nákvæman matseðil með myndum, sem og ýmsan skemmtilegan fróðleik um þennan japanska mat.




## Við fögnum sumri með MARBERT dögum í verslunum Hagkaupa dagana 1.- 5. júní

Kynnum kærkomnar nýjungar í sólarlínunni, vatnshelda sólarvörn með úða!
Fallegt handklæði fylgir með kaupum á tveimur hlutum úr MARBERT sólarlínunni.




*Tilboðið gildir dagana 1.-5. júní eða á meðan birgðir endast.

**Sólarlínan frá MARBERT er án rotvarnarefna (paraben free) og ofnæmisprófuð. Hún hentar því vel fyrir alla, einnig þá allra viðkvæmustu og yngstu.**

Öll húð á það til að verða viðkvæm í sól og hita. Sumir brenna og margir fá ofnæmi. Eitt það algengasta sem við fáum ofnæmi fyrir í sólinni eru rotvarnarefni (parabenar) í snyrtivörum. Þetta veit Marbert og hefur því þróað fullkomna línu af sólarvörum sem innihalda enga parabena og er sérstaklega ofnæmisprófuð fyrir viðkvæma húð. Það eiga því allir að vera öruggir í sólinni með Marbert, líka yngsta kynslóðin.

Línan inniheldur varnarkrem með stuðli frá SPF 2-30, kælandi og nærandi eftirsólarkrem, sjálfbrúnkandi krem og sólarfarða.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

*I´m here because I´m bored. Bored hanging around this God-awful city. Shoving Geroge´s ugly pic... Talking to a lot of snotty, stuck up, intellectual British faggots. Jesus they're uptight they get rigor mortis in the prime of life in this country, standing there with their hair clenched. Just, counting the seconds to the weekends so they can all dress up like ballerinas and whip themselves.*

Otto útskýrir fyrir Wöndu hvað honum finnst um Englendinga í hinni frábæru gamanmynd, A Fish Called Wanda.

# bíó

bio@frettabladid.is

# Hvað með Dreyfuss?

Richard Dreyfuss er af mörgum talin vera einn sérstæðasti leikari í Hollywood. Hann hefur haldið uppi sterkum áróðri gegn ríkisstjórn George W. Bush og blaðamenn eiga í erfiðleikum með að fá hann til að ræða um kvikmyndir sínar, slík er andúðin á þeim stjórnvöldum sem öllu ráða í hvíta húsinu.

Dreyfuss reyndi fyrst fyrir sér í sjónvarpi og lék auk þess lítil hlutverk í kvikmyndum á borð við The Graduate. Dreyfuss vakti ekki mikla athygli en það breyttist þegar hann fór hamförum í hlutverki Baby Face Nelson í kvikmynd John Milius, Dillinger árið 1973.

Dreyfuss hamraði járnið á meðan það var heitt og tókst að fá hlutverk í tveimur af mest sóttu kvikmyndum allra tíma; Jaws og Close Encounters of the Third Kind. Kvikmyndasérfræðingar telja ástæðuna vera þá að leikstjóri beggja þessara mynda, Steven Spielberg, hafi átt auðvelt með sjá sjálfan sig í Dreyfuss enda er talið að bæði Matt Hooper og Roy Neary séu hálfgerð „alter ego“ leikstjórans. Eftir að hafa framleitt The Big Fix féll Dreyfuss hins vegar í mikla eiturlyfjaneyslu og var nánast búinn að rústa sínum ferli en tókst að rífa sig upp með hinni bráðsmellnu Down and Out in Beverly Hills þar sem hann lék á móti Bette Midler og Nick Nolte.



**RICHARD DREYFUSS** Féll í mikla eiturlyfjaneyslu eftir að hafa notið mikillar velgengni í upphafi níunda áratugarins en tókst að snúa við blaðinu.

Dreyfuss á að baki brösóttan feril þar sem inn á milli má finna vinsælar kvikmyndir eins og Stakeout, Tin Men og What About Bob.

## > Ekki missa af...

lokaorrustu stökkbreytanna í X-Men. Brett Ratner tekur við keflinu af Bryan Singer sem hafði leikstýrt fyrstu tveimur myndunum af mikilli festu. Ekki verður annað sagt en að Rattner takist vel upp í þessum magnaða bardaga milli hinna góðu og illu. Ian McKellen, Halle Berry, Famke Janssen, Hugh Jackman eru í feiknamiklu stuði í ekta sumarmynd sem býður upp á hraða, spennu og mikla dramatík.





**JACK MOSLEY** Kemst í hann krappan þegar spilltir lögregluþjónar reyna að drepa vitni sem á að greina frá spillingu innan lögreglunnar.

# Deginum bjargað

Kvikmyndin 16 Blocks segir frá Jack Mosley sem er lögregluþjónn á hraðri niðurleið. Drykkjan er farin að hafa veruleg áhrif á líf hans og störf og Mosley er hafður að háði og spotti meðal vinnufélaga sinna hjá lögreglunni í New York. Dag einn er honum falið að fylgja smáglæpamanninum Eddie Bunker í réttarsal sem er steinsnar frá. Mosley er meinilla við þetta enda langar hann ekkert frekar en að endurnýja kynnin við Bakkus. Dagurinn er engu að síður rétt að byrja hjá Mosley og Bunker.

Í ljós kemur að smáglæpamaðurinn á að bera vitni um spillingu innan lögreglunnar og háttsettir embættsmenn hafa engan áhuga á að leyfa Bunker að komast leiðar sinnar og svipta þar með hulunni af áralangri kúgun laganna varða. Knappur tími, mikil umferð og byssuglaðir lögreglumenn eiga því eftir að reynast Mosley og Bunker erfiðir viðfangs.

Harðhausinn Bruce Willis birtist hér í kunnuglegu hlutverki sem drykkfelldur, óheppinn en frekar kaldhæðinn lögreglumaður í New York. Mos Def leikur Eddie Bunker en þessi hiphop-tónlistarmaður hefur smám saman verið að færa sig yfir á hvíta tjaldið. Við stjórnvölinn er reyndur leikstjóri en það er Richard Donner sem var aðalhugmyndasmiðurinn á bak við Leathal Weapon-myndirnar en þær gerðu Mel Gibson að stórstjörnu.






# Allt á floti alls staðar

Poseidon, nýjasta mynd þýska leikstjórans Wolfgang Petersen, var frumsýnd á Íslandi í gær. Þetta er stórslysamynd af gamla skólanum sem greinir frá örlögum nokkurra einstaklinga sem lifa af þegar risaskemmtiferðaskipi hvolfir úti á reginhafi.

Poseidon er tröllvaxið lúxusfley þar sem farþegarnir lifa í vellystingum í risastórum káetum með sér bar og flennistórum flatskjársjónvörpum. Lífið um borð er sannkallaður dans á rósum, þar er kampavínið teygað og dansað fram á nótt við undirleik stórhljómsveitar.

### Flóðbylgja dauðans

Gleðin verður þó endaslepp á gamlárskvöld en þegar stuðið er í algleymingi og skálað er fyrir nýja árinu skellur risaflóðbylgja á skipinu og hvolfir því með hrikalegu brambolti og látum. Drjúgur hluti skipverja fellur vitaskuld í valinn þegar ósköpin dynja yfir en þeir sem eftir lifa þurfa heldur betur að taka á honum stóra sínum eigi þeir að lifa hildarleikinn af. Veröld eftirlifendanna er bókstaflega komin á hvolf og fljótandi draumaheimurinn breytist í flókið völundarhús þar sem hættur og bráður bani leynast handan við hvert horn. Þar fyrir utan er skipið hægt og bítandi að fyllast af vatni og því ljóst að enginn mun lifa hörmungarnar af ekki tekst að finna útgönguleið í snatri.

### Réttir menn á réttum stað

Það vill svo heppilega til að í hópi þeirra fáu sem stóðu flóðbylgjuna af sér leynast hvunndagshetjur sem gefast ekki upp fyrr en í fulla hnefana.

Gamla kempan Kurt Russell og hinn vaski Josh Lucas taka að sér að leiða þennan ósamstæða hóp sem þráir ekkert heitar en að komast út undir bert loft áður en dallurinn hverfur ofan í hyldýpið. Það vill svo heppilega til að Russell er fyrrverandi slökkviliðsmaður og hetja sem bjargað hefur ófáum mannslífum á ferli sínum.



**JOSH LUCAS OG JACINDA BARRETT** Eiginhagsmunaseggurinn og fjárhættuspilarinn finnur sinn innri mann í miðjum hörmungunum þegar hann heitir því að koma einstæðri móður og ungum syni hennar lifandi upp á yfirborðið.

Þar fyrir utan var hann borgarstjóri New York um tíma og er því bæði eðslislægt að taka stjórn og bregðast hárrétt við á ögurstundu. Lucas er svo aftur á móti svikahrappur og fjárhættuspilari sem á sem betur fer að baki langa herþjónustu og er því einnig þrautgóður á raunastund.

### Aftur til fortíðar

Poseidon er þvottekta stórslysamynd en sú ágæta kvikmyndagrein átti sinn blómatíma upp úr 1970 en það ár kom flugslysamyndin Airport fyrir sjónir almennings. Hún átti síðan eftir að geta af sér nokkrar framhaldsmyndir um víðsjárverðar flugferðir og nauðlendingar.

Stórstjörnurnar Paul Newman og Steve McQueen tóku svo að sér að bjarga föngulegum stjörnufans þessa tíma úr brennandi háhýsi í Towering Inferno árið 1974 í einni eftirminnilegustu stórmynd þessara ára. Stórslysamyndirnar misstu sjarmann með tíð og tíma en skjóta þó upp kollinum af og til og sem nýleg dæmi má nefna Volcano frá árinu 1997 þar sem Tommy Lee Jones þarf að bregðast skjótt við þegar eldfjall byrjar að gjósa í miðri Los Angeles borg, Deep Impact kom svo ári síðar en þar rigndi loftsteinum yfir jörðina með skelfilegum afleiðingum og árið 2004 varaði Dennis Quaid við gróðurhúsaáhrifum sem urðu til þess að hálf heimsbyggðin fraus í hel í fimbulvetri.

Með Poseidon hverfur Petersen markvisst aftur til gullaldar stórslysamyndanna en hún er endurgerð The Poseidon Adventure frá árinu 1972. Rauði þráðurinn í þeirri mynd er keimlíkur nýju myndinni nema þar var Poseidon hrákadallur á síðasta snúningi sem hvolfdi í flóðbylgju. Þá kom það í hlut Gene Hackman í hlutverki prests að leiða hjörð ráðvilltra farþega út úr ógöngunum.



**KURT RUSSELL** Er orðinn ansi gamall í hettunni og hefur í gegnum tíðina meðal annars barist við skæða geimveru í The Thing, hryðjuverkamenn um borð í farþegaflugvél í Executive Decision og plaffað niður kúrekahyski sem Wyatt Earp í Tombstone. Þá tuskaði hann glæpahyski til ásamt Sylvester Stallone í Tango&Cash og munar því ekki um að bjarga deginum í Poseidon.

### Hafið bláa hafið

Petersen nýtur þess vitaskuld hversu tækninni hefur fleygt fram frá því Hackman var upp á sitt besta og tölvugrafíkin er notuð grimmt til þess að gera flóðbylgjuna og hörmungarnar sem magnaðastar.

Þar fyrir utan má segja að Petersen sé á heimavelli úti á miðju ballarhafi. Hann braust til metorða í Hollywood eftir að hafa gert Das Bot, frábæra mynd um líf þýskra hermanna um borð í kafbáti í seinni heimstyrjöld og fyrir nokkrum árum gerði hann The Perfect Storm. Þar stóðu George Clooney og Mark Whalberg í stafni fiskiskips sem fórst í sögulegu fárviðri. Það skip sökk með manni og mús en nú reynir á Kurt Russell að bjarga því sem bjargað verður.

thorarinn@frettabladid.is

## [ SMS ]
**UM MYNDIRNAR Í BÍÓ**



**X-MEN: THE FINAL STAND** Þriðja X-Men myndin jafnast ekki á við forvera sína en heldur þó góðum dampi og ætti ekki að svíkja neinn sem hingað til hefur hrifist af ævintýrum hinna stökkbreyttu.

### X-Men: The Final Stand
„Brett Ratner reynir að hlaða The Last Stand meiri tilfinningum en voru í fyrri myndunum tveimur en þar sem hann eykur einng á hasarinn gengur það upp og ofan. The Last Stand er þrátt fyrir þetta fyrirtaksskemmtun og svíkur alls ekki.“

ÞÞ

### The Da Vinci Code
„Það er leitt frá því að segja en The Da Vinci Code nýtur þess vafasama heiðurs að vera fyrstu og að öllum líkindum stærstu vonbrigði bíósumarsins. Eftirvæntingin eftir myndinni hefur verið mögnuð og væntingarnar að sama skapi miklar. Það er vitaskuld ekki vinnandi vegur að standa undir slíku en það verður samt að segjast eins og er að Ron Howard mistekst hrapallega að flytja spennuna úr skáldsögunni yfir á hvíta tjaldið.“

ÞÞ

### Mission Impossible 3
„Mission Impossible 3 er pottþéttur sumarsmellur. Alls ekki hnökralaus en mikil keyrsla og vel stílfærðir stælar sjá til þess að hún heldur dampi allan tímann.“

BS

### Inside Man
„Handrit Inside Man er mjög vel skrifað og leikstjórinn, Spike Lee, veit hvað hann vill. Myndin er því laus við alla tilgerð og klisjur og flýtur áfram á mjög eðlilegan hátt.“

FGG

### Ice Age 2
„Tölvuteiknimyndin Ice Age 2 er skólabókardæmi um hvernig kostulegar persónur geta rifið upp frekar slappa sögu þannig að úr verður fyrirtaksskemmtun.“

ÞÞ

Níutíu ára
en samt ný
Við opnum 2. júní






ENNEMM / SÍA / NM21027

GEFÐU FREKAR
**FRAMTÍÐARBÓK**
KB BANKA

Framtíðarbók KB banka er góð fermingargjöf, gjafakort fást í næsta útibúi.

**Verðtryggður sparireikningur með hæstu vexti almennra innlánsreikninga bankans. Innstæðan verður laus til úttektar við 18 ára aldur.**

www.kbunglingar.is

KB BANKI

# *Gönguferðir – góðar fyrir hjónabandið*

Páll Ásgeir Ásgeirsson hefur undanfarin ár ferðast vítt og breitt um landið og deilt þekkingu sinni á útivist í bókarformi. Enn ein bókin er nú á leið í verslanir frá útivistarmanninum og kallast hún Bíll og bakpoki. Þar er að finna 10 áður óþekktar gönguleiðir sem auðvelt er að fara í á eigin vegum.

„Þetta er bók fyrir bakpokafólk sem lýsir tíu gönguleiðum sem allar eiga það sameiginlegt að þú skilur bílinn eftir á ákveðnum stað og leiðarlýsingin er annaðhvort hringur eða gengið er fram og tilbaka. Þetta þýðir að þú þarft ekki að láta sækja þig, ert ekki neinum háður og ferð þegar þér hentar,“ segir Páll Ásgeir um nýju bókina. Áður hefur hann gefið út bækurnar Gönguleiðir, Hornstrandir, Hálendishandbókin og Útivistarbókin.

„Ég er búinn að bera hugmyndina að bókinni í farteskinu lengi en hún kviknaði þannig að fólk var alltaf að spyrja mig hvert það ætti að fara í sínu stutta sumarfríi. Það langaði til þess að labba eitthvert nýtt en ekki of langt. Þetta eru sem sagt allt nýjar gönguleiðir sem ekki hefur lýst áður og þannig er verið að stækka úrvalið á þessum markaði og bjóða upp á nýjan valkost.“

**Land með leyndarmál**

Gönguleiðirnar sem gefnar eru í bókinni Bíll og bakpoki eru allar frekar auðveldar. Þær eru á bilinu 40-70 km langar og á að vera hægt að ganga þær á 2-3 dögum. Flestar leiðanna liggja inn á hálendið en eru þó ekki langt frá þjóðveginum. En hvernig hefur Páll Ásgeir komist á snoður um þessar leiðir?

„Ég hef náttúrulega legið yfir Íslandskortinu og oft þegar ég hef verið að tala við heimamenn hef ég komist á snoður um eitt og annað, merkilega staði eða fallega fossa og þá hef ég farið af stað og kannað málið. Í Djúpárdal eru t.d. gríðarlega háir fossar, 40-50 metrar, sem bara heimamenn hafa séð, fossar sem eru svo afskekktir að þeir heita ekki einu sinni neitt,“ segir Páll Ásgeir og bætir við að það sé enn fullt af hlutum á Íslandi sem hægt er að uppgötva og kanna.

Á árunum upp úr 1990 varð sprenging í áhuga á útivist í íslenskri náttúru og þá margfaldaðist t.d. umferð um hina sívinsælu gönguleið, Laugaveginn. Að sögn Páls Ásgeirs skynja menn að nú sé önnur útivistarbylgja að rísa. „Það er mikið talað um álag á íslenska náttúru og að allir séu að þvælast á sömu stöðunum. Það fara allir Laugaveginn, um Fimmvörðuháls og inn á Hveravelli. En landið býr yfir svo mörgum leyndarmálum og fallegum stöðum og því má segja að þessi útgáfa sé líka svolítið hugsjónastarf,“ segir Páll Ásgeir sem segist vera að opna landið enn frekar með því að benda á nýjar og spennandi gönguleiðir. „Mér fannst til dæmis óskaplega gaman að fara í kringum Langasjó, en ein af gönguleiðunum liggur í kringum vatnið. Landslagið þar er svo hrikalegt og það var alveg magnað að skoða leyndardóma Fögrufjalla sem eru sannkallað völundarhús.“



**LANDIÐ BÝR YFIR MÖRGUM LEYNDARMÁLUM** Páll Ásgeir segir frá nokkrum leyndarmálum í íslenskri náttúru í sinni nýjustu bók, Bíll og bakpoki, en hann hefur farið í ófá ferðalög með eiginkonunni Rósu, bakpokanum og Land Rovernum. Fréttablaðið/GVA

**Lífsháski á Þingvöllum**

Að upphafi margra leiðanna sem gefnar eru í bókinni er hægt að komast á fólksbíl en að sögn Páls Ásgeirs er samt best að vera á jeppa. „Svo þarftu að eiga bakpoka og nauðsynlegan búnað til að liggja úti, þar sem hvergi er vísað í gistingu í kofa í bókinni enda eru þetta nýjar leiðir sem liggja um óbyggðir.“

Páll Ásgeir fer í flest sín ferðalög ásamt eiginkonunni Rósu S. Jónsdóttur og oftast eru þau einugis tvö ein á ferð. Lengsta ferðalag sem þau hjónin hafa farið í var 25 daga ganga um Hornstrandir. „Þegar við komum til baka úr þeirri útilegu var það fyrsta sem fólk spurði okkur um hvort ferðalagið hafi ekki reynt á sambandið,“ segir Páll og bendir á að þetta hafi verið sumarið ´98 og þau hjónin séu nú enn saman. „Svona ferðalög eru góð fyrir hjónabandið því hjónaband er svo margt. Það er vinátta og traust og gengur út á það að reiða sig á hvort annað. Ég held að að þessi ferðlög þar sem við erum að vinna saman að ákveðnu markmiði geri okkur Rósu að mörgu leyti nátengdari en önnur hjón,“ segir Páll Ásgeir og bætir við að Rósa hafi bjargað lífi hans í bókstaflegri merkingu.

„Við höfum sjaldan lent í óhöppum í þessum ferðum ef frá er talið þegar við vorum tvö saman á skíðum fyrir austan Þingvöll fyrir nokkrum árum. Þá fór ég niður um ís og ég hefði drukknað ef hún hefði ekki náð mér upp. Ég get að minnsta kosti vottað að slík lífsreynsla styrkir hjónabandið.“




*„Svona ferðalög eru góð fyrir hjónabandið því hjónaband er svo margt. Það er vinátta og traust og gengur út á það að reiða sig á hvort annað.“*

Spurður að því hvaða náttúruperlur séu í hvað mestu uppáhaldi hjá honum á hann erfitt um svar.

„Eftir því sem maður ferðast meira þeim mun erfiðara er að svara þessari spurningu vegna þess að þeir sem ferðast ánetjast ferðalögum í sjálfu sér en ekki endilega stöðunum. Mér finnst mest gaman að ferðast um fáfarnar slóðir með allt draslið á bakinu því sá sem ferðast þannig upplifir ótrúlega frelsistilfinningu. Þá er maður eins og snigillinn með húsið sitt á bakinu og getur stoppað þegar manni sýnist og er ekki bundinn af neinu. Og þá skiptir ekki öllu máli hvar maður er,“ segir Páll Ásgeir en leggur þó áherslu á það að til þess að upplifa þá töfra sem náttúran gefur þarf fólk ekki að fara svo langt, það er nóg að reima á sig skóna og drífa sig upp í Heiðmörk.

Hvað sumarið varðar þá eru að sjálfsögðu fleiri ferðalög framundan hjá Páli Ásgeiri og svo er hann að vinna að annari bók sem kemur út fyrir jólin um efni tengt íslenskri náttúru. Efst á óskalista sumarsins eru fjöll og fleiri fjöll. „Ég er að hugsa um að gera þetta að fjallasumri og ganga á öll þau fjöll sem verða á vegi mínum og safna toppum.“

snaefridur@frettabladid.is

# Prinsessan með útvarpsþátt

Martha Louise, krónprinsessa Noregs, ætlar að spreyta sig á öldum ljósvakans í sumar en hún mun stýra útvarpsþætti á Radio P1 í Svíþjóð.

Sú hefð hefur skapast á útvarpsstöðinni að fá nýjan stjórnanda á hverjum degi í þáttinn Sommer en þátturinn hefur verið á dagskrá stöðvarinnar síðan 1959. Martha mun stjórna þættinum sem fer í loftið 18. júní og ætlar hún að fjalla um það hvernig það er að vera rithöfundur, en sem kunnugt er hefur hún gefið út efni fyrir börn og er afar hrifin af ævintýrum.



**MARTA LOVÍSA STJÓRNAR ÚTVARPSÞÆTTI HJÁ FRÆNDUM SÍNUM Í SVÍÞJÓÐ.**

# Ný plata frá Sonic

Ný plata frá guðfeðrum indírokksins, Sonic Youth, kemur út þriðjudaginn 6. júní.

Platan heitir Rather Ripped og fylgir eftir plötunni Sonic Nurse sem kom út 2004. Til að fylgja þeirri plötu eftir hélt Sonic Youth eftirminnilega tónleika á skemmtistaðnum Nasa á síðasta ári.

Að sögn Thurston Moore, forsprakka Sonic Youth, eru nokkur lög á plötunni undir miklum áhrifum frá rokksveitinni Blue Oyster Cult, sem sló í gegn 1978 með laginu Don´t Fear the Reaper. Einnig segir hann að eitt lag plötunnar, What A Waste, hljómi líkt og þemalag Friends-þáttanna, sem er upprunalega flutt af The Rembrandts.

Einnig játar hann að vera undir áhrifum frá sveitinni The Go-Go's sem var vinsæl fyrri hluta níunda áratugarins.

**SONIC YOUTH** Rokksveitin Sonic Youth gefur út nýja plötu þriðjudaginn 6. júní.





**QUIRITATIO** Norska sveitin heldur tvenna tónleika hér á landi um helgina.

## Norskt rokk

Norska rokkhljómsveitin Quiritatio heldur tónleika á Dillon á föstudaginn ásamt Sólstöfum. Daginn eftir spilar norska sveitin síðan á Road Rage-hátíðinni á Egilsstöðum.

Quiritatio spilar einhvers konar samsuðu af postcore, metal og harðkjarna og nefna The Mars Volta, Slayer og The Shins á meðal áhrifavalda sinna.

Dillon opnar klukkan 22.00 og er ókeypis inn. Quiritatio stígur á svið klukkutíma síðar. ■



**SLEATER-KINNEY** Útvarpsþátturinn Frank verður tileiknaður Sleater-Kinney frá Bandaríkjunum.

## Aukaþáttur um Kinney

Í tilefni af komu stelpurokkhljómsveitarinnar Sleater-Kinney mun útvarpsþátturinn Frank á X-inu 977 halda aukaþátt í kvöld milli 20 og 22 sem tileinkaður verður hljómsveitinni.

Farið verður yfir feril hljómsveitarinnar og viðtal við Carrie Brownstein, sem er önnur söngkona sveitarinnar og gítarleikari, verður spilað. Upphitunarhljómsveitirnar tvær, Jakobínarína og Skakkamanage, munu einnig kíkja í heimsókn.

Auk þess verða gefnir miðar á tónleikana, sem fara fram á sunnudagskvöld sem og plötur með sveitinni. Hægt er að skrá sig á póstlista þáttarins með því að senda póst á frank@xid977.is. Umsjónarmaður þáttarins er Steinþór Helgi Arnsteinsson. ■

VINSÆLASTA
KORTABÓK ÍSLANDS
ný og endurbætt




**Ómissandi í bílinn!**
60 ný landshlutakort með sama einstaka útliti og Íslandsatlas Eddu.
40 þéttbýliskort - höfuðborgarsvæðið og öll helstu þéttbýli Íslands.
Upplýsingar um sundlaugar, söfn, tjaldsvæði, golfvelli, bensínstöðvar o.fl.

**Frábær ferðafélagi í sumar.**

Edda
edda.is



UMSÓKNARFRESTURINN RENNUR ÚT Í DAG!

Opið fyrir umsóknir á www.hr.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY
OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 • www.hr.is




## FRÉTTIR AF FÓLKI



Þó að engar fréttir berist um stórvægileg vandræði í sambandi **Jennifer Aniston** og **Vince Vaughn** þá er lífið ekki dans á rósum hjá parinu: Vince er meira en höfðinu hærri en Jennifer, og þegar þau léku saman í The Break-Up þurfti hún að vera í ofurháum hælum til þess að samskipti leikaranna kæmu vel út í mynd. „Þetta var eins og að fara í ræktina," sagði Jennifer í viðtali við Harper´s Bazaar og kvartaði sáran yfir eymslum eftir hælaskóna en sársaukinn var greinilega þess virði. „Stundum blómstrar vináttan rosalega fljótt milli fólks og Vince er einn fyndnasti maður sem ég hef nokkurn tímann hitt," sagði Jennifer.

# Kraftajötnar takast á um nýjan titil

**Keppnin um IFSA-Sterkasta mann Íslands verður haldin í Vetrargarðinum í Smáralind á laugardaginn þar sem allir sterkustu menn Íslands mætast, að mati Magnúsar Vers Magnússonar, formanns IFSA. Hann skýtur jafnframt föstum skotum á Hjalta „Úrsus" Árnason.**

Á meðal keppenda á mótinu eru Benedikt Magnússon, Georg Ögmundsson, Stefán Sölvi Pétursson, Jón Valgeir Williams og Guðmundur Otri Sigurðsson. Meðal annars verður keppt í uxagöngu, myllugöngu, herkúlesarhaldi, réttstöðulyftu og steinataki. Þetta verður í fyrsta sinn sem Félag íslenskra kraftamanna, IFSA, heldur keppni undir yfirskriftinni Sterkasti maður Íslands. Áður hefur félagið haldið Vestfjarðavíkinginn og Austfjarðatröllið með góðum árangri undanfarin ár.

### „Pollamót" Hjalta

„Við ákváðum að halda okkar eigin „Sterkasti maður Íslands"-keppni þar sem „Úrsusinn" [Hjalti Árnason] vill ekki vera með og er með sitt eigið pollamót í staðinn," segir Magnús Ver Magnússon, formaður félagsins. „Þetta mót er margfalt sterkara heldur en hitt. Hjalti er í svo miklum vandræðum að hann þarf að flytja inn útlendinga. Hvers konar „Sterkasti maður Íslands" er hann þá sem vinnur? Mér finnst að þeir eigi ekki að hafa rétt á að kalla það þessu nafni ef þeir eru ekki með bestu keppendurna," segir hann og er greinilega mikið niðri fyrir.

### Skorar á Boris

IFSA hefur skorað á Boris [Kristinn Ó. Haraldsson] að mæta í keppnina og sanna að hann sé sterkastur á Íslandi, en hann vann keppnina um sterkasta mann Íslands í fyrra en keppnin var haldin af Hjalta „Úrsusi". „Boris vann í fyrra en það var enginn til að keppa við hann. Þannig að við settum bara áskorun á hann að mæta núna og standa við stóru orðin. Mér skilst að hann sé farinn í felur," segir Magnús Ver og glottir við tönn. „Síðast þegar hann keppti við okkur endaði hann í sjöunda sæti."

### Hörð barátta um efsta sætið

Magnúsi líst rosalega vel á keppnina á laugardaginn og býst við harðri baráttu um efsta sætið. „Þarna eru seigir strákar eins og Jón Valgeir og Georg og svo hefur Stefán æft mjög vel. Svo er það Benedikt sem er búinn að sanna sig með því að verða fimmti á Arnold Classic. Þar sigraði hann Marius Pudzianowski sem er búinn að sigra keppnina um sterkasta mann heims. Þarna mættust allir þessir IFSA-menn í heiminum og svo önnur grúppa sem Marius er í til að skera úr um hverjir væru sterkastir. IFSA-menn voru í fyrstu fimm sætunum sem segir meira en mörg orð og þeirra á meðal var Benedikt."

### Ekki dauður úr öllum æðum

Sjálfur segist Magnús Ver ekki vera dauður úr öllum æðum þó að hann taki ekki þátt í keppninni á laugardaginn. „Ég meiddist illa í fyrra og sleit framvöðvann í hnénu. Ég fór í stóra aðgerð í ágúst í fyrra en hef verið að lagast mikið. Ég hef tekið 340 kíló í réttstöðulyftu síðan þá þannig að þetta er allt að koma."

freyr@frettabladid.is



**MAGNÚS VER OG FÉLAGAR** Magnús Ver Magnússon og félagar hans í IFSA stilla sér upp fyrir framan æfingahúsnæði sitt í Kópavoginum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Smánarleg áskorun



**BORIS** Kraftajötuninn Boris ætlar ekki að taka þátt í mótinu á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

„Ég fór í bann hjá Íslenskum kraftamönnum fyrir mörgum árum af því að ég keppti hjá Hjalta. Síðan skora þeir á mig núna með sex daga fyrirvara að mæta í þetta mót, sem er bara smánarlegt," segir Boris [Kristinn Ó. Haraldsson] og lætur ekki bjóða sér svona vinnubrögð. „Ég keppi á „Sterkasti maður Íslands" sem veitir mér þátttökurétt á „Sterkasti maður heims". Ef ég keppi á þessu móti fæ ég ekki að keppa á „Sterkasti maður heims" og það er mitt takmark. Ég sleppi því ekki til að keppa á einhverju tilgerðarmóti hérna heima," segir hann.

„Það er bara til eitt mót sem heitir „Sterkasti maður Íslands" sem Hjalti er búinn að halda í tugi ár og það er bara til eitt mót sem er „Sterkasti maður heims". Ég sleppi því ekki fyrir eitthvað svona bull, bætir hann við og er heitt í hamsi.

„Mótin hjá Hjalta eru opin og ef þeim finnst ég ekki eiga skilið að vera sterkasti maður Íslands geta þeir mætt mér þar. Hjalti heldur keppnina „Sterkasti maður Íslands" 17. júní og þeir geta komið þangað og reynt að taka titilinn ef þeir vilja."




# HJÓLAÐU



JAMIS BICYCLES

**Jamis Aragon**

**Stell:** 6061 álstell, m/eilífðarábyrgð.
**Bremsur:** TekTro V-bremsur.
**Gírskiptir:** Shimano Acera, 24 gíra.
**Dempari:** SR Suntour CR-880 gormadempari. 50 mm slaglengd og stillanlegur stífleiki.
**Afturdempari:** Fox Vanilla gormadempari m/90 mm slaglengd.
**Helstu kostir:** Fullkomið innanbæjarhjól með öllu. Breiður hnakkur og hátt stýri koma þér í þægilega sætisstöðu. Grönn en slitsterk dekk koma þér hratt og örugglega milli staða. Hjólið er einnig búið góðri tannhjólahlíf svo þú getir áhyggjulaus hjólað í uppáhaldsbuxunum þínum.

**Verð:** 44.990 kr.

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580



**NONSTOP Í VERSTU FÖTUNUM** Portúgölsku stúlkurnar þóttu verst klæddar í Eurovision. Lordi-meðlimir lentu í öðru sæti en Silvía Nótt í því þriðja. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Silvía illa klædd

Búningur Silvíu Nætur í Eurovision lenti í þriðja sæti yfir þá verstu. Portúgölsku stúlkurnar í Nonstop sigruðu Barbara Dex-verðlaunin, sem eru verðlaun aðdáenda keppninnar yfir versta klæðnaðinn á sviði keppninnar. Verðlaunin kallast Barbara Dex eftir belgíska kynninum frá árinu 1993, en Barbara saumaði kjólinn sinn sjálf og þótti hann ekki til fyrirmyndar.

Búningur Silvíu hlaut 75 stig en þær portúgölsku hlutu 196. Finnar voru í öðru sæti með 89 stig, en söngvarinn Herra Lordi, saumar alla búningana á hljómsveitina. Öskubuskan Jenny frá Andorra lenti í fjórða sæti með 72 stig. Hún átti í miklum erfiðleikum með að ákveða sig og skipti um kjól fyrir hverja æfingu. Dansararnir hennar voru þó á hvítum korsilettum. Ich Troje frá Póllandi lenti í fimmta sæti með 62 stig og Hvít - Rússar deildu sjötta sætinu með Önnu Vissi frá Grikklandi, en kynnir Sjónvarpsins, Sigmar Guðmundsson, sagði Önnu eins og eina af skyttunum þremur í sjónvarpsútsendingunni.

Hin tyrkneska Sibel Tuzun var í áttunda sæti með 40 stig en Fabrizio Faniello frá Möltu lenti í níunda sæti með 35 stig. Hann var í kjólfötum en jakkann vantaði. Silfurverðlaunahafinn Dima Bilan frá Rússlandi lenti í tíunda sæti yfir versta búningum. Hann var í hvítum hlýrabol og gallabuxum. Hárgreiðslan hefur væntanlega fleytt honum í sætið en hann var með sítt að aftan.

Alls greiddu 906 atkvæði á vefnum www.eurovisionhouse.nl en aðeins þrjú lönd fengu engin stig í keppninni; Ísrael, Sviss og Norðmenn.




ÚTSALA ÚTSALA
30 – 60% afsláttur
Hefst í dag

| Dæmi um verð. | Áður. | Núna. |
|---|---|---|
| Jakkapeysa m/hettu | 6.700.- | **3.900.-** |
| Hekluð peysa | 6.900.- | **2.900.-** |
| Vafin peysa | 5.900.- | **3.900.-** |
| Pólóbolur | 3.300.- | **2.300.-** |
| Stutterma bolur m/mynd | 3.200.- | **1.900.-** |
| Langerma bolur | 3.900.- | **2.400.-** |
| Stutterma skyrta | 3.900.- | **2.400.-** |
| Ermalaus skyrta | 3.500.- | **2.400.-** |
| Tunika m/bróderíi | 4.900 | **3.400.-** |
| Leðurjakki | 14.900.- | **9.900.-** |
| Teinóttur jakki | 7.400.- | **4.500.-** |
| Renndur jakki | 7.600.- | **3.800.-** |
| Sumarkjóll | 4.600.- | **3.300.-** |
| Gallapils | 6.900.- | **2.900.-** |
| Sítt pis | 4.900.- | **2.900-** |
| Hörbuxur | 7.900.- | **4.900.-** |
| Gallabuxur | 7.500.- | **4.800.-** |
| Kvartbuxur | 5.700.- | **3.900.-** |

Skór á 50% afslætti. Og margt margt fleira
Einnig úrval af eldri fatnaði á kr 990.-
Opið 10:00 – 18:00 www.friendtex.is

friendtex

Síðumúla 13 • Sími 568-2870





FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



# INN Í SUMARIÐ







***Jamis Cross Country 1.0***

***Stell:*** *6061 álstell, m/eilífðarábyrgð.*
***Bremsur:*** *TekTro V-bremsur.*
***Gírskiptir:*** *Shimano Acera, 24 gíra.*
***Dempari:*** *SR Suntour gormadempari. 50 mm slaglengd og stillanlegur stífleiki.*
***Helstu kostir:*** *Þetta hjól er fyrir dömur í buxum. Hvort sem farið er í lengri ferðir um bratta stíga eða mjóar gönguleiðir þá býr Cross Country fjallahjólið yfir styrk og hönnun til að koma þér á leiðarenda. Svo er auðvitað lítið mál að skjótast á því út í sjoppu.*

***Verð:*** ***32.990*** *kr.*

***Jamis Explorer 2.0***

***Stell:*** *6061 álstell, m/eilífðarábyrgð.*
***Bremsur:*** *TekTro V-bremsur.*
***Gírskiptir:*** *Shimano Acera, 21 gíra.*
***Dempari:*** *SR Suntour M3070. Einnig dempari í sætispósti fyrir aukin þægindi.*
***Helstu kostir:*** *Fínmynstruð dekk henta vel innanbæjar en halda nægri breidd til að þau nýtist á malarvegunum uppi í sumarbústað. Breiður hnakkur, dempari í sætispósti og hátt, stillanlegt stýri fyrir upprétta setstöðu. Einnig til í rauðu.*

***Sumartilboð:*** ***29.990*** *kr. Verð áður 32.990 kr.*

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS UTI 32882 05/2006

ÚTILÍF






**CLOONEY Í SYRIANA** Fyrirtæki Clooney's stóð að gerð Syriana ásamt Warner Bros og hafa bæði fyrirtækin verið kærð fyrir ritstuld.

# Clooney í klípu

Aðstandendur myndarinnar Syriana með George Clooney fremstan í flokki hafa verið kærðir fyrir ritstuld, en Frakkinn Stephanie Vergniault segir að myndin líkist ritverki sem hún vann að árið 2004.

Franskur réttur sér um málið gegn Warner Bros og fyrirtæki Clooneys sem framleiddi myndina, en Vergniault krefst hvorki meira né minna en tveggja milljóna evra og 35 prósenta af hagnaði af Syriana í skaðabætur. Syriana fjallaði um olíuútflutning frá Mið-Austurlöndum, alþjóðafjármál og bandarísk stjórnmál og Clooney fékk óskarsverðlaun fyrir besta leik í aukahlutverki fyrir leik sinn í myndinni.

Framleiðendur myndarinnar hafna öllum ásökunum um ritstuld og segja að myndin líkist umræddu verkefni ekki vitund. Dómur í málinu verður kveðinn upp 19. júní. ■

# Rokk og húðflúrun

Dagana 8. til 11. júní verður haldin tattú-rokkhátíð á Gauki á Stöng og Bar 11. Húðflúrunarmeistarar frá Bandaríkjunum, Danmörku og Íslandi munu sýna og bjóða upp á húðflúr á heimsmælikvarða fyrir gesti og gangandi. Einnig munu fjölmargar rokkhljómsveitir troða upp, þar á meðal Jan Mayen, Sign, Lokbrá, Dr. Spock og Morðingjarnir.

Tímaritin Prick og Scandinavian Tattoo Magazine munu fjalla um hátíðina í máli og myndum í næstu tölublöðum sínum. Þess má geta að Ósóma, Nakti apinn og Dead verða með fatasýningu á Gauknum laugardaginn 10. júní.

Miðaverð fyrir hvern dag er 500 krónur og mun allur ágóði renna óskiptur til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra. ■



**HÚÐFLÚR** Mikil tattú-rokkhátíð verður haldin á Gauki á Stöng og Bar 11 dagana 8. til 11. júní.








## Árni Ingi til Vals

Árni Ingi Pjetursson mun í dag skrifa undir þriggja ára samning við Val í Landsbankadeildinni. Hann er 27 ára en er einn leikjahæsti leikmaður yngri landsliða Íslands frá upphafi. Hann hefur verið í skóla í Bandaríkjunum undanfarin ár en í þetta sinn nær hann þó að vera hér á landi út tímabilið.

**sport**

sport@frettabladid.is

LANDSLIÐSMAÐURINN GRÉTAR RAFN STEINSSON: HEFUR SKRIFAÐ UNDIR HJÁ UTANDEILDARLIÐI

# *Grétar Rafn til liðs við FC Fame*

Íslenska utandeildarliðið FC Fame tilkynnti á heimasíðu sinni að félagið hefði náð samningum við íslenska landsliðsmanninn Grétar Rafn Steinsson sem spilar fyrir hollenska úrvalsdeildarliðið AZ Alkmaar. Sagt var Grétar Rafn ætlaði að spila með liðinu í utandeildinni hér á landi meðan frí er í hollensku deildinni. Fréttin vakti talsverða athygli og jafnvel óhug meðal annarra utandeildarliða.

„Þetta var bara létt grín hjá okkur. Grétar er góður vinur minn síðan við ólumst upp saman á Siglufirði. Síðast þegar hann kom til landsins gaf hann okkur félögunum búninga AZ Alkmaar og við vildum ekki vera minni menn og ákváðum að gefa honum okkar búning líka. Í kjölfarið fengum við þá hugmynd að sprella aðeins með þetta,“ sagði Ívar Örn Elefsen, formaður leikmannaráðs FC Fame, en með liðinu leika átta Siglfirðingar.



Þó Grétar hafi víst gefið það út að hann ætli sér að enda ferilinn sem spilandi þjálfari liðsins mun hann þó ekkert leika með því í sumar enda yrði líklega ekki vel tekið í það hjá AZ Alkmaar. Á heimasíðu FC Fame var þó auglýst að hann yrði með í leik gegn FC Reyni sem háður var á þriðjudagskvöld, enginn var þó Grétar en leikurinn endaði með 3-3 jafntefli í slagviðri á Tungubökkum. Reglur utandeildarinnar banna ekki atvinnumönnum erlendis að spila í deildinni að sögn Inga Björns Ágústssonar hjá FC Fame. „Samkvæmt reglum þá mega allir leikmenn spila í utandeildinni sem eru ekki að taka þátt í öðrum mótum á sama tíma. Ef Grétar fær félagaskipti yfir í utandeildina þá er hann alveg löglegur,“ sagði Ingi og má því búast við að íslensk utandeildarlið fari að sanka að sér erlendum leikmönnum.

## > Traustsyfirlýsing frá ÍA

Stjórn ÍA sendi frá sér yfirlýsingu í gær vegna umræðna um gengi meistaraflokks félagsins í upphafi Íslandsmótsins. Í yfirlýsingunni segist stjórnin styðja heilshugar við bakið á Ólafi Þórðarsyni, þjálfara félagsins, og leikmönnum þess. Sagt er að allir sem koma að félaginu séu sannfærðir um að leikmenn og þjálfari þess eigi eftir að snúa gengi liðsins á rétta braut. Nú þegar á móti blæs þarf félagið á öllum þeim stuðningi að halda sem það mögulega getur fengið og er það von stjórnar félagsins að allir stuðningsmenn þess snúi bökum saman og styðji við liðið sem er stigalaust á botni Landsbankadeildarinnar eftir fjórar umferðir.





**ÓSKAR ÖRN** Kláraði leikinn gegn Breiðablik.

Íslendingar eftirsóttir:

## Flykkjast til Bandaríkjanna

**FÓTBOLTI** Óskar Örn Hauksson, leikmaður Grindavíkur, og Keflvíkingurinn Ingvi Rafn Guðmundsson gætu verið á leiðinni út til Bandaríkjanna í háskólaboltann þar í landi. Þjálfari háskólans í Norður-Karólínu er væntanlegur til landsins til að skoða leikmenn, en hann hefur þegar sett sig í samband við Óskar og Ingva.

Jökull Elísabetarson og Henning Jónasson spila með skólanum og er þjálfarinn svo hrifinn af þeim að hann vonast til að tryggja sér fleiri íslenska leikmenn. „Ég er að skoða þetta en hef ekki tekið neina ákvörðun. Það gæti verið spennandi að prófa þetta,“ sagði Óskar Örn við Fréttablaðið í gær.

„Það sem veldur mér mestum áhyggjum er hversu snemma þeir vilja fá mig út, það þýðir að ég myndi missa af síðustu sex leikjunum í sumar sem er alls ekki gott. Ég mun skoða þetta vel og ákveða mig svo,“ bætti Óskar við, en skólinn hefur óskað eftir því að fá þá til liðs við sig þann 8. ágúst.

**- hþh**

Piltalandsliðið í golfi:

## Lenti í neðsta sæti í Svíþjóð

**GOLF** Íslenska piltalandsliðið í golfi hafnaði í neðsta sæti á æfingamótinu, Nordic Camp, á Bokskogen-vellinum í Svíþjóð sem lauk í gær.

„Þetta var góður grunnur fyrir strákana og þeir ættu að vera betur undirbúnir þegar þeir mæta á Evrópumótið sem fram fer á þessum velli í byrjun júlí. Hinar þjóðirnar hafa um tveggja mánaða forskot á okkar stráka á þessum tíma og ég á von á því að okkar menn geri betur á Evrópumótinu. Við tókum út völlinn og mynduðum allar brautir þannig að við vitum að hverju við göngum á EM. Það var mjög ánægjulegt samstarf Norðurlandaþjóðanna að koma þessu æfingamóti á,“ sagði Ragnar Ólafsson, liðsstjóri við vefinn Golf.is í gær.

Þeir sem skipuðu íslenska piltaliðið eru Axel Ásgeirsson, Pétur Freyr Pétursson og Sigurður Pétur Oddsson úr GR, Guðjón Henning Hilmarsson og Kristján Þór Einarsson úr GKJ, Axel Bóasson úr GK og Björn Guðmundsson úr GA.

**- hþh**

# FH er ekki jafn sterkt og í fyrra

**Fréttablaðið hefur valið Garðar Gunnlaugsson, sóknarmann Vals, sem leikmann fjórðu umferðar í Landsbankadeild karla. Garðar spilaði frábærlega fyrir Val og skoraði meðal annars sigurmarkið í 2-1 sigri gegn ÍA en þar lék hann gegn sínu gamla félagi og fór hreint á kostum.**

**FÓTBOLTI** „Mér hefur bara liðið mjög vel þegar ég spila gegn Skagamönnum og hef gert það í síðustu þremur viðureignum gegn þeim. Ég fyllist bara meiri eldmóð þegar ég mæti þessum gömlu félögum,“ sagði Garðar Gunnlaugsson sem er leikmaður fjórðu umferðarinnar að mati Fréttablaðsins. Hann hefur skorað þrjú mörk í tveimur síðustu leikjum Vals og á mánudagskvöld skoraði hann sigurmarkið gegn ÍA á Laugardalsvellinum. Hans fyrrum samherjar í ÍA hafa byrjað tímabilið hræðilega.

LEIKMAÐUR UMFERÐARINNAR

„Skaginn hefur alltaf náð að rífa sig upp þegar líða fer á mótið. Undirbúningstímabilið er erfiðara fyrir þá, þeir hafa ekki knattspyrnuhús og þurfa að ferðast til Reykjavíkur en það mun breytast næsta vetur,“ sagði Garðar. Vegna framkvæmda á Hlíðarenda var Valur ekki með fast æfingasvæði í vetur. „Við náðum samt alltaf að komast á gervigras til að komast í fótbolta þannig að aðstöðuleysi var ekkert að há okkur,“

Valsliðið átti ekki góðan leik í fyrstu umferð þegar það tapaði fyrir Breiðablik og Garðar þurfti að sætta sig við að verma varamannabekkinn í tapleik gegn FH þar á eftir. „Við höfum náð að rífa okkur upp eftir erfiða byrjun. Ég var meiddur síðustu fimm vikurnar áður en ég kom heim og þá var ég lítið búinn að spila í vetur og það vantaði aðeins upp á leikformið. Það er samt allt að koma,“ sagði Garðar en honum líst vel á byrjun Íslandsmótsins.

„Það eru allir að vinna alla nema FH. Ég tel það þó bara tímaspursmál hvenær FH-ingar fara að hiksta, þeir hafa ekki jafn sterkt lið og í fyrra. Það er allavega ljóst að það styttist alltaf í tapleikinn þeirra. Það eru föstu leikatriðin sem hafa verið að vinna leikina fyrir þá og allt getur gerst ef liðin ná að stöðva þau og lauma inn marki gegn sterkri vörn þeirra,“

Garðari líst vel á Valsliðið og telur mjög líklegt að það blandi sér í titilbaráttuna. „Við höfum mun breiðari hóp en í fyrra. Valur Fannar og Pálmi Rafn koma sterkir inn í þetta, svo eru Birkir og Ari Freyr búnir að vinna sér inn sæti í liðinu og Kristinn Hafliðason verið akkeri á miðjunni. Það er því ekki annað hægt að segja en að nýju leikmennirnir séu að komasterkir inn í þetta,“ sagði Garðar.




**LIÐ UMFERÐARINNAR**



**DUGLEGUR** Garðar er ekki bara mikill markaskorari heldur er hann duglegur að sinna varnarskyldum sínum. Hann þjarmar hér að Blikanum Kristjáni Óla Sigurðssyni.FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

„Þetta byrjunarlið hefur ekki verið að spila saman fyrr en núna í síðustu leikjum. Menn hafa verið meiddir og ég kom seint inn í þetta en þetta er allt byrjað að smella hjá okkur,“ sagði Garðar sem skoraði átta mörk í sautján leikjum í Landsbankadeildinni í fyrra og var í vetur á lánssamningi hjá skoska liðinu Dunfermline. Hann náði þó ekki að vinna sér inn sæti í liðinu og kom aftur heim rétt fyrir mót.

„Ég fór út án þess að hafa séð Dunfermline spila og þeir höfðu sjálfir bara séð mig á æfingum. Þeir spila skoskan háloftabolta en ég er þannig leikmaður að ég vil fá boltann í lappirnar. Ferðin gerði mér þó gott því mér finnst ég hafa bætt mig sem fótboltamaður þarna úti,“ sagði Garðar sem segist ætla að leggja allt í sölurnar fyrir Val í sumar til að eiga möguleika á að komast aftur út næsta haust.

**elvar@frettabladid.is**

Íslenska ungmennalandsliðið mætir Andorra í síðari umspilsleik á Akranesi í dag:

## Krafan er sigur og ekkert annað

**FÓTBOLTI** Ísland og Andorra leiða saman hesta sína í umspili um laust sæti í riðlakeppni Evrópumótsins árið 2007. Fyrri leik liðanna lauk með markalausu jafntefli en leikið var í Andorra 3. maí síðastliðinn. Sigurvegari þessarar viðureignar fer í riðlakeppni EM 2007 og leikur þar gegn Ítalíu og Austurríki, í ágúst og september.

Það er ekki annað að heyra en andinn sé góður í hópnum en Davíð Þór Viðarson, leikmaður FH, gat varla talað í símann fyrir skrílslátunum í Emil Hallfreðssyni, en mikil samkeppni virðist ríkja á milli manna um það hver sé bestur í playstation. Strákarnir eru staddir á Selfossi þar sem þeir dvelja á hóteli og undirbúa sig undir leikinn. Þegar talið barst loksins að liði Andorra bar Davíð því ekki fagra söguna.

„Við getum orðað það þannig að þeir spili ekki fallegustu knattspyrnuna, þeir negla boltanum fram og pakka svo saman í vörn.



**STEFNUM Á SIGUR** Davíð Þór Viðarsson segir að ekkert komi til greina annað en að leggja Andorra að velli. Myndin er úr leik U21 árs landsliðsins gegn Króatíu í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Maður skilur það alveg þar sem þeir eru ekkert góðir í fótbolta. Þeir eru ekki með sterkt lið og það er krafa að sigra þá hérna á heimavelli. Ég held að þeir séu enn að fagna jafnteflinu sem þeir náðu á heimavelli,“ sagði Davíð en Íslendingar voru einkar óheppnir að skora ekki í leiknum ytra, en liðið lá í sókn við afar daprar vallaraðstæður í Andorra.

„Við sættum okkur ekki við neitt annað en að vinna leikinn og fara áfram. Ef við færum ekki áfram væri það hreinlega slakur árangur. Það er mikill hugur í okkur og við erum búnir að undirbúa okkur vel. Við ætlum okkur auðvitað að komast áfram og ef það tekst bíða skemmtilegir leikir við Ítalíu og Austurríki,“ sagði Davíð, sem er greinilega að vonast eftir markaveislu á Akranesi.

„Við ætlum að blása til sóknar og pressa þá stíft. Vonandi náum við að skora sem fyrst hjá þeim og afgreiða þetta. Það kæmi ekkert á óvart ef þeir færu ekkert út fyrir vítateig og það verður ekkert auðvelt að skora ef við erum grimmir og gerum það sem fyrir okkur er lagt,“ sagði Davíð en leikurinn hefst klukkan 18.15 og er aðgangur ókeypis.

**- hþh**

Óli Stefán Flóventsson:

## Lætur meiðsli ekki stoppa sig

**FÓTBOLTI** Óli Stefán Flóventsson, leikmaður Grindavíkur, meiddist á fingri í nágrannaslag gegn Keflavík fyrir skömmu. „Það gerðist eitthvað í leiknum og ég var að drepast í þumalputtanum, það kom að öllum líkindum upp sprunga inni í puttanum. Ég fór á spítalann og læknirinn setti mig í gips. Ég átti svo ekki að fá að spila leikinn á móti Breiðablik en ég ákvað þá bara að brjóta gipsið og teipaði puttann,“ sagði Óli Stefán við Fréttablaðið í gær.

„Ég var búinn að vera svo lengi frá og það er svo erfitt að komast inn í þetta lið að það kom ekki til greina að sleppa þessum leik vegna einhverra puttameiðsla,“ sagði Óli.

Grindvíkingar eru í þriðja sæti deildarinnar með sjö stig eftir fjórar umferðir en liðið hefur komið skemmtilega á óvart í upphafi móts með líflegum og kröftugum leik.

**- egm**

**90%**

# Enn er tækifæri!



Borð áður: 98.000,- **nú: 39.000,-**





Sjónvarpsborð:
Áður: 39.000,- **nú: 12.000,-**

calligaris - italia



Borð áður: 17.000,- **nú: 9.000,-**

Spegill áður: 6.600,- **nú: 4.600,-**



Skenkur áður: 122.000,- **nú: 69.000,-**

Grafíska smiðjan ehf. 06.06

# Allt að 90% afsláttur!

Nokkur verðdæmi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Borðstofuborð, gler/stál | áður: 98.000,- | nú: 39.000,- | Skenkur eik/kirsuber | áður: 237.600,- | nú: 99.000,- |
| Borðstofuborð, gler/viður | áður: 109.600,- | nú: 59.000,- | Sófi, áklæði | áður: 89.000,- | nú: 38.000,- |
| Borðstofuborð, 1x2m/viður | áður: 99.800,- | nú: 49.900,- | Tungusófi, áklæði | áður: 187.000,- | nú: 139.000,- |
| Borðstofustóll | áður: 11.000,- | nú: 4.900,- | Hornsófi, 280x280/áklæði | áður: 223.000,- | nú: 167.000,- |
| Borðstofustóll, áklæði | áður: 16.800,- | nú: 9.000,- | Hægindastóll, leður | áður: 54.000,- | nú: 39.000,- |
| Borðstofustóll, leður/hnota | áður: 20.600,- | nú: 14.420,- | Stóll, m.snúningsfæti/áklæði | áður: 54.000,- | nú: 19.000,- |
| Barstóll | áður: 23.500,- | nú: 9.000,- | Sófaborð, á hjólum | áður: 51.000,- | nú: 19.000,- |
| Skenkur, m.glerhurð | áður: 133.500,- | nú: 49.000,- | Vegghilla | áður: 19.000,- | nú: 9.900,- |
| Skenkur | áður: 97.000,- | nú: 29.000,- | Bókahilla | áður: 68.000,- | nú: 19.000,- |
| Skenkur | áður: 62.000,- | nú: 39.000,- | Spegill, mahony/hnota | áður: 32.000,- | nú: 14.000,- |

**Opið virka daga kl. 10-18, laugardag kl. 11 - 16.**

**TM - HÚSGÖGN**
Síðumúla 30 - Sími 568 6822
tmhusgogn.is

www.verk.hi.is



UMHVERFIS-
OG BYGGINGAR
VERKFRÆÐI



Greining burðarvirkja
Mannvirkjahönnun
Vatna- og straumfræði
Umhverfisverkfræði
Jarðtækni og grundun
Skipulag og samgöngur
Framkvæmdafræði
Náttúruvá



Umsóknarfrestur er til 6. júní

VERKFRÆÐIDEILD
HÁSKÓLA ÍSLANDS

ENNEMM / SÍA / NM22102

Handknattleiksdeild ÍBV íhugar að leggja meistaraflokka félagsins niður:

# Framtíð handboltans í Eyjum í verulegu uppnámi

**HANDBOLTI** „Það er alls óvíst að við verðum með nokkur lið í deildunum á næsta tímabili,“ sagði Hlynur Sigmarsson þungur á brún um framtíð handboltans í Vestmannaeyjum, við Fréttablaðið í gær. Íslandsmeistararnir í kvennaflokki munu missa marga leikmenn í sumar líkt og karlaliðið, en það er ekkert nýtt fyrir Eyjaskeggja sem þurfa að endurbyggja lið sitt fyrir hvert tímabil.

„Það er erfitt að manna liðin og handboltahreyfingin hefur ekki verið að liðka til í þessu fyrir okkur. Ferðakostnaðurinn er mikill og það er ótrúlega erfitt að fá leikmenn til okkar auk þess sem við fáum ekki að hafa þá leikmenn í friði sem við viljum að verði áfram hjá okkur,“ sagði Hlynur en markmaðurinn Florentina Grecu er á leið í Stjörnuna, Simona Vintila er að fara til Rúmeníu, Renata Horvadt til Ungverjalands en óvíst er um Pövlu Plaminkovu. Þá mun Ragna Karen Sigurðardóttir fara aftur til Gróttu og Ingibjörg Jónsdóttir hyggst leggja skóna á hilluna.

Alfreð Örn Finnsson hætti með kvennaliðið eftir að hafa gert það að Íslandsmeisturum en Einar Jónsson var ráðinn í starfið nýverið. Kristinn Guðmundsson, þjálfari karlaliðsins, er sömuleiðis horfinn á brott. „Það vilja engir íslenskir leikmenn koma til okkar og við fáum enga úr hinum liðunum hér á landi,“ sagði Hlynur en peningar eru eitt af aðal áhyggjuefnum handknattleiksdeildarinnar.

„Það er erfitt að fá peninga í þetta og þetta er mjög dýrt. Því miður getur farið svo að við leggjum bæði liðin niður en við skoðum það mál alvarlega í sumar. Við þurfum að borga mikið meira en aðrir þegar við fáum erlenda leikmenn, af því leikmannahópurinn okkar er alltaf svo lítill þurfum að að hlaða inn útlendingum sem er mjög kostnaðarsamt,“ sagði Hlynur Sigmarsson.

**- hþh**



**VERJA EKKI TITILINN?** Svo gæti farið að Eyjastúlkur verji ekki Íslandsmeistaratitilinn næsta vetur en til greina kemur að leggja meistaraflokka félagsins niður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Breytingar í ítalska boltanum:

## Baggio aftur til Juventus?

**FÓTBOLTI** Goðsögnin Roberto Baggio gæti fengið nýtt hlutverk hjá ítalska stórliðinu Juventus samkvæmt fjölmiðlum þar í landi. Blöðin Gazzetta dello Sport og Tuttosport buðu upp á forsíðufréttir þess efnis í gær að Baggio gæti tekið sæti í nýrri stjórn ítalska liðsins. Eftir hneyksismálið stóra sögðu Roberto Bettega, Luciano Moggi og Antonio Giraudo af sér stjórnarmennsku.

Sagan segir að Roberto Baggio gæti orðið varaforseti í nýrri stjórn félagsins. Hann lagði skóna á hilluna fyrir tveimur árum og hefur vart fengið frið vegna tilboða um að taka að sér hin og þessi hlutverk í fótboltaheiminum síðan hann hætti. Talið er að Massimo Moratti hjá Inter hafi einnig sýnt áhuga á að fá Baggio í stjórn félagsins.

**- egm**

Áfall fyrir spænska landsliðið:

## Del Horno ekki með á HM

**FÓTBOLTI** Vinstri bakvörðurinn Asier Del Horno á við ökklameiðsli að stríða og verður frá í þrjár vikur. Hann getur því ekki spilað með landsliði Spánar á heimsmeistaramótinu í sumar og verður Mariano Pernia, leikmaður Getafe, líklega kallaður inn í leikmannahópinn í staðinn. Del Horno er 25 ára og var hann keyptur til Chelsea í ensku úrvalsdeildinni á átta milljónir punda frá Athletic Bilbao í júní 2005.

Pernia er skiljanlega mjög spenntur yfir því að fá líklega annað tækifæri til að komast í landsliðshópinn fyrir HM.

Del Horno átti á brattann að sækja með Chelsea lengi vel í vetur en átti þrátt fyrir það fast sæti í spænska landsliðinu og átti að vera í lykilhlutverki í Þýskalandi.

**- egm**



**TVÖ STIG Í SARPINN** Boris Diaw setur tvo stig niður fyrir Phoenix án þess að Josh Howard komi nokkrum vörnum við. NORDICPHOTOS/AFP

Úrslitakeppnin í NBA-körfuboltanum í fullum gangi:

## Phoenix jafnaði metin gegn Dallas

**NBA** Raja Bell sneri aftur í lið Phoenix Suns sem bar sigurorð af Dallas Mavericks í fjórða leik liðanna í úrslitum vesturdeildar NBA-körfuboltans í fyrrinótt. Phoenix jafnaði þar með metin í einvíginu í 2-2 en fjóra sigra þarf til að spila um sjálfan NBA-meistaratitilinn.

„Við erum greinilega ekki dauðir úr öllum æðum ennþá,“ sagði Mike D´Antoni, þjálfari Phoenix, eftir sigurinn en það munaði miklu um innkomu Bells sem missti af tveimur leikjum á undan þessum. „Ég hef verið í stríði allt tímabilið með þessum strákum. Ég gat ekki bara horft á af bekknum lengur,“ sagði Bell sem skoraði níu stig en vörn hans og drifkraftur skiluðu sér í góðum leik Suns.

„Bell er sannur liðsleikmaður. Hann biður aldrei um neitt, hann spilar bara fyrir liðið sitt og liðsfélagana. Hann leggur sig alltaf allan fram og að fá að þjálfa svona mann eru forréttindi,“ sagði D´Antoni um Bell og Steve Nash bætti svo við, „Hann herðir allt liðið upp þegar á reynir. Ég get ekki lýst því hversu mikilvægur persónuleiki hann er fyrir liðið,“ sagði Nash, sem skoraði 21 stig í leiknum en Leandro Barbosa var stigahæstur með 24 stig.

Dirk Nowitzki náði sér engan veginn á strik fyrir Dallas og skoraði aðeins 11 stig, en 42 leikir eru síðan hann skoraði minna en 20 stig í leik. Það segir sitt um mikilvægi hans fyrir liðið, og hvaða áhrif það hefur þegar hann spilar ekki vel, en þetta var lægsta stigaskor hans allt tímabilið.

„Við gerðum alltof mikið af mistökum, og hentum boltanum frá okkur út um allan völl. Auðvitað megum við ekki gera það en við erum alls ekki af baki dottnir, við munum koma sterkir til baka,“ sagði Nowitzki en Josh Howard var stigahæstur Dallas manna með 16 stig en Jason Terry og Adrian Griffin skoruðu 13 í leik þar sem sigur Phoenix var nánast aldrei í hættu.

**- hþh**

Bjartsýni ríkir í herbúðum enska landsliðsins eftir sigur á Ungverjum á Old Trafford í Manchester:

# Steven Gerrard gæti fyllt skarð Waynes Rooney

**FÓTBOLTI** Eftir 3-1 sigur Englendinga á Ungverjum í æfingaleik á Old Trafford í fyrradag ríkir bjartsýni í herbúðum liðsins. Meiðsli Waynes Rooney, eins af burðarásunum í liðinu, hafa sett strik í reikninginn í undirbúningi liðsins en eftir frábæra frammistöðu Stevens Gerrard, í svipaðri stöðu og Rooney spilar, hefur brúnin lyfst á mörgum manninum.

„Það var mikil pressa á mér að spila sömu stöðu og Wayne hefur gert. Ég verð aldrei jafn góður og hann í þessari stöðu en mér líkaði þetta mjög vel. Taktíkin hentar okkur, Frank er frábær að brjótast fram miðjuna og við fáum leyfi til að skipta um stöður,“ sagði Gerrard sem kom Englendingum á bragðið, en John Terry og Peter Crouch skoruðu hin mörkin. Pal Dardai minnkaði metin fyrir Ungverja.



**GERRARD** Gæti leyst vandamál Englendinga eftir meiðsli Waynes Rooney. Hann átti góðan leik gegn Ungverjum og skoraði meðal annars eitt mark. NORDICPHOTOS/AFP

Sven Göran-Eriksson notaði Jamie Carragher á miðjunni í leiknum, fyrir framan miðverðina tvo og líklegt er að sama byrjunarlið hefji leikinn gegn Paragvæ á HM og gerði gegn Ungverjum. Carragher stóð sig vel í leiknum en staðan er ný fyrir hann þar sem hann spilar sem miðvörður hjá Liverpool. Englendingar litu mjög vel út í síðari hálfleik og var Eriksson ánægður með leik sinna manna.

„Ungverjar voru betri en ég hélt en ég er ánægður með sigurinn. Við þurfum þó að spila enn betur á heimsmeistaramótinu. Við höfum verið að æfa mjög vel og það mun skila sér á mótinu. Við verðum að vera þolinmóðir, það er algjört lykilatriði,“ sagði Eriksson.

Englendingar eru með Paragvæ, Svíum og Trínidad og Tóbagó í B-riðli á HM. **- hþh**



**NÝ ÁSKORUN** Ian Dowie er tekinn við Charlton. NORDICPHOTOS/AFP

Stjórnarmenn Crystal Palace:

# Eru æfir út í Ian Dowie

**FÓTBOLTI** Stjórnarmenn Crystal Palace eru allt annað en sáttir við ákvörðun knattspyrnustjórans Ian Dowie. Á þriðjudag var Dowie kynntur sem nýr stjóri hjá úrvalsdeildarliðinu Charlton. Hann bað um að vera leystur undan samningi sínum hjá Palace af persónulegum ástæðum en hann sagðist vilja flytja norðar á England til að vera nær fjölskyldu sinni.

Dowie hefur nú tekið við stjórninni hjá Charlton sem er í London alveg eins og Crystal Palace. „Það var ákvæði í samningnum sem átti að tryggja okkur eina milljón punda ef Dowie yrði keyptur í burtu. Ég ákvað að sleppa því ákvæði vegna þessara ástæðna hjá Dowie,“ sagði Simon Jordan, stjórnarformaður Crystal Palace, en liðinu tókst ekki að komast upp úr 1. deildinni á nýliðnu tímabili. Sjálfur vill Dowie lítið tjá sig um málið en segist hafa þurft á nýjum áskorunum að halda. **- egm**

Áfall fyrir Brasilíu:

# Edmilson ekki með á HM

**FÓTBOLTI** Brasilíski miðjumaðurinn Edmilson varð fyrir áfalli á æfingu í gær þegar hann meiddist á hné. Eftir ítarlega skoðun kom í ljós að meiðsli hans eru þess eðlis að hann getur ekki tekið þátt í HM. Edmilson hefði byrjað á miðjunni en hann lék lykilhlutverk í frábæru tímabili Barcelona en Gilberto Silva, miðjumaður Arsenal, tekur líklega stöðu hans í byrjunarliðinu.

„Eftir fund með þjálfarateyminu, fyrirliðanum Cafu og Edmilson, þá var honum tjáð að hann hefði verið tekinn út úr landsliðinu sem spilar á HM í Þýskalandi,“ sagði í yfirlýsingu brasilíska knattspyrnusambandsins í gær.

Þetta er nokkuð áfall fyrir Brasilíu enda binda fáir vörn og miðju saman jafn vel og Edmilson en Mineiro, leikmaður Sao Paulo, hefur verið kallaður í landsliðið í hans stað. **- hþh**



**FEDERER** Fór örugglega áfram á opna franska í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Opna franska mótið í tennis:

# Federer örugglega áfram

**TENNIS** Roger Federer átti ekki í vandræðum með að komast áfram í opna franska meistaramótinu, en hann lét slæmt veður ekki fara með sig og burstaði Alejandro Falla frá Kólumbíu. Aftakaveður var í París í gær og voru skilyrði til tennisiðkunar alls ekki þau bestu.

Federer, sem er í efsta sæti á heimslista alþjóða tennissambandsins, hafði sigurinn í hendi sér allan tímann og afgreiddi Falla, 6-1, 6-4 og 6-3 á aðeins 86 mínútum. Federer mætir næst Svisslendingnum Nicolas Massu, sem er númer 32 á heimslistanum. **- hþh**




# Fínir bílar




**BMW 325i**
Nýskr. 12.2004, 1600 cc.
4 dyra, sjsk., ekinn 24 þ.
Frábært eintak.




**BMW 530i**
Nýskr. 08.2004, 3000cc.
4 dyra, sjsk., ekinn 14 þ.




**BMW X3 3.0i**
Nýskr. 01.2005, 3000 cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 13 þ.




**BMW X5 3.0i**
Nýskr. 01.2004, 3000 cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 24 þ.
SE ÚTGÁFA




**RENAULT Laguna II**
Nýskr. 09.2003, 2900cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 35 þ.




**VW TOUAREG**
Nýskr. 03.2004, 3200 cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 30 þ.

bílaland B&L
notaðir bílar

Grjóthálsi 1
bilaland.is

Opið mán-fös 10-18
og lau 12-16

575 1230


Bygging nýja Wembley-vallarins á Englandi er langt á eftir áætlun:

# Við þorum ekki að lofa neinu

**FÓTBOLTI** Yfirmenn á Wembley þora ekki að lofa því að nýi leikvangurinn verði tilbúinn fyrir úrslitaleik FA-bikarsins í Englandi 2007. Upphaflega átti að vera hægt að leika á vellinum þegar úrslitaleikur keppninnar milli West Ham og Liverpool fór fram fyrir stuttu síðan.

„Við viljum ekki tilgreina neinn sérstakan dag eins og staðan er núna. Við þurfum ekkert að drífa okkur þar sem bikarúrslitaleikirnir hafa átt mjög gott heimili í Cardiff á meðan framkvæmdir stóðu yfir. Það sem er mikilvægast er að völlurinn verði eins góður og hægt er fyrir þennan pening," sagði Michael Cunnah sem er yfir framkvæmdunum.

Það sem hefur meðal annars tafið framkvæmdir er að skipt hefur verið um aðferðir og tæki við bygginguna sem er í höndum ástralska verktakafyrirtækisins Multiplex. Vegna þess að byggingin er svona á eftir áætlun hefur þurft að fresta mörgum viðburðum sem fyrirhugað var að hada á leikvangnum, þar á meðal landsleikjum hjá enska landsliðinu og tónleikum með Rolling Stones og Robbie Williams.

Einnig kom upp hneykslismál varðandi byggingu vallarins þegar upp komst um fjölmarga aðila sem voru að vinna við byggingu hans sem veðjuðu um að hann yrði ekki tilbúinn á áætluðum tíma. Vonast er til að leikvangurinn muni opna í janúar eða febrúar á næsta ári en verktakafyrirtækið vill engu lofa. Fullkláraður mun völlurinn taka 90 þúsund manns í sæti og verður hann mjög nútímalegur og með alls konar þjónustu fyrir áhorfendur sem heimsækja völlinn.

- egm



**Á EFTIR ÁÆTLUN** Bygging nýja Wembley-leikvangsins gengur hægt. NORDICPHOTOS/AFP



**ARMSTRONG** Er eflaust mikið létt eftir niðurstöðuna. NORDICPHOTOS/AFP

Lance Armstrong:

## Loksins laus allra mála

**HJÓLREIÐAR** Lance Armstrong er loksins laus allra mála eftir margra ára vangaveltur og rifrildi við franska dagblaðið L´Equipe. Blaðið hélt því fram að goðsögnin Armstrong hefði neytt ólöglegra lyfja í Tour de France, Frakklandshjólreiðunum árið 1999, en Bandaríkjamaðurinn fór með sigur af hólmi í keppninni.

Sjálfstæð hollensk rannsóknarnefnd hefur nú skilað ítarlegri 132 síðna skýrslu þar sem sannað þykir að Armstrong hafi ekki neytt ólöglegra lyfja og telst málinu með öllu lokið.

- hþh

Leikmannamál ÍBV:

## Garner með leikheimild

**FÓTBOLTI** Vinstri bakvörðurinn Matt Garner hefur loksins losnað frá Northwich Victoria og er kominn með leikheimild hjá ÍBV.

Garner lék með liðinu sumarið 2004 en gekk erfiðlega að fá sig lausan frá enska liðinu. Þá er danski sóknarmaðurinn Ulrik Drost einnig kominn með leikheimild en hann kemur frá Greve í Danmörku þar sem hann hefur víst skorað grimmt.

Ekki veitir ÍBV af þessum liðsstyrk en liðið er í næstneðsta sæti Landsbankadeildarinnar með aðeins þrjú stig eftir fjórar umferðir.

- egm

# Valur ætlar sér stóra hluti í nýja húsinu næsta vetur

**Handknattleikslið Vals heldur áfram að safna liði en Markús Máni Michaelsson er kominn heim. Ljóst er að stefnt verður að Íslandsmeistaratitli í nýja húsinu á Hlíðarenda. Valsmenn eru ekki hættir á leikmannamarkaðnum.**

**HANDBOLTI** Valur undirstrikaði metnað sinn fyrir næsta vetur þegar félagið greindi frá því að Markús Máni Michaelsson væri á leið heim úr atvinnumennsku og ætlaði sér að spila með félaginu næstu þrjú árin. „Það er stórkostlegt fyrir félagið að fá mann eins og Markús Mána. Hann ætlar sér aftur út í atvinnumennskuna en það er frábært að hann vilji spila fyrir okkur þangað til," sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, en liðið stefnir hátt á næsta tímabili. „Því er ekki að leyna að við ætlum okkur stóra hluti næsta vetur."

Óskar segir að Valsmenn séu þó ekki hættir leikmannaleitinni en fyrir utan Markús hafa Ernir Hrafn Arnarsson og Gunnar Harðarsson gengið í raðir liðsins á síðusti misserum. „Hlynur Jóhannesson er væntanlega að fara að leggja skóna á hilluna og því vantar okkur markvörð. Við erum að tala við Ólaf Hauk Gíslason líkt og HK og ÍR en erum með einhverja aðra í deiglunni þar sem hann hefur ekki ákveðið sig. Svo viljum við bæta við einum örvhentum leikmanni í viðbót, við erum með tvo þannig en viljum bæta við þeim þriðja," sagði Óskar Bjarni en hann hyggst ekki fara út fyrir landsteinana til að ná í þann leikmann.

Það vekur óneitanlega nokkra athygli að Markús skuli snúa heim eftir aðeins tvö ár í atvinnumennsku. Hann var með tilboð frá nokkrum félögum erlendis en ákvað á endanum að snúa heim á Hlíðarenda.

„Það eru margar ástæður fyrir þessu vali og sumar af þeim eru persónulegar," sagði Markús Máni sem hefur ráðið sig í vinnu hjá Straumi Burðarási en hann vann hjá stórfyrirtækinu 3M úti í Þýskalandi og hann örugglega eini atvinnumaður Íslendinga sem hefur verið í fullri vinnu samhliða atvinnumennskunni þó hann hafi ekki endilega þurft á því að halda. „Ég hef mikinn metnað í því sem ég tek mér fyrir hendur utan vallar og vinnan hafði vissulega áhrif á valið. Svo er spennandi að koma aftur heim í Val enda með gott lið, svo er nýtt hús og við ætlum að taka þátt í Evrópukeppni."

Markús er ekki búinn að loka hurðinni á atvinnumannadrauminn þó ljóst megi vera að hann verði hér á landi næstu árin. „Mér fannst ég vera búinn að fá hjá Düsseldorf það sem var hægt að fá þar. París var mjög heillandi og ég skoðaði það tilboð mjög alvarlega. Það skiptir mig máli hvar ég er og ég er ekki til í að spila og búa í hvaða bæ sem er. Við sjáum hvað setur í framtíðinni en ég er nú mjög sáttur við mitt val og ég hlakka til að koma heim," sagði Markús Máni en hann mun taka þátt í leikjunum gegn Svíum þó svo fari að Düsseldorf taki þátt í umspili. Hann mun þá einfaldlega fljúga beint í leikina.

- hbg / - egm



**FLOTTUR Í RAUÐU** Markús Máni mun klæðast rauða Valsbúningnum á ný næsta vetur ásamt fleiri öflugum leikmönnum. Valur ætlar sér stóra hluti á komandi tímabili.

Englandsmeistararnir í aðalhlutverki á leikmannamarkaðnum eins og áður:

# Veskið hjá Chelsea er galopið og fullt af seðlum

**FÓTBOLTI** Englandsmeistarar Chelsea hafa staðfest að þeir hafi fengið leyfi frá AC Milan til að ræða við sóknarmanninn Andriy Shevchenko. Þá hefur félagið fest kaup á öðrum sóknarmanni, hinum unga Salomon Kalou frá hollenska liðinu Feyenoord. Einnig er nýr markvörður að bætast í leikmannahóp félagsins en hann heitir Hilario og hefur áður unnið með Jose Mourinho, knattspyrnustjóra Chelsea.

Shevchenko lýsti því yfir fyrir skömmu að hann vildi yfirgefa AC Milan og nú er allt útlit fyrir að þessi 29 ára leikmaður fari á Stamford Bridge eins og reiknað hafði verið með. Kaupverðið er talið vera um 34 milljónir punda. Hann verður því önnur risastjarnan sem Chelsea fær síðan tímabilinu lauk en þýski landsliðsfyrirliðinn Michael Ballack kemur til liðsins eftir að heimsmeistaramótinu lýkur.

Óvissa ríkir um framtíð Eiðs Smára Guðjohnsen, Didier Drogba og Hernan Crespo hjá Chelsea. Á þriðjudag keypti félagið hinn tvítuga Kalou sem skrifaði undir þriggja ára samning. Kalou skoraði fimmtán mörk í 35 leikjum í hollensku deildinni á síðasta tímabili. Þá er enn einn markvörðurinn að bætast í leikmannahópinn en það er Hilario frá Portúgal. Hann mun eiga að veita þeim Petr Cech og Carlo Cudicini aukna samkeppni.

Hilario er þrítugur en samningur hans við Nacional rennur út í sumar og þekkir hann Mourinho frá því að þeir voru báðir hjá Porto. „Ég er alltaf áhugasamur um að styrkja leikmannahópinn og er ávallt með augun opin. Það er samt sem áður aðeins lítill hluti af þeim fréttum sem eru sagðar um Chelsea sem eru sannar," sagði Mourinho, sem neitaði þeim sögusögnum að félagið hefði áhuga á portúgölsku vængmönnunum Simao Sabrosa og Ricardo Quaresma enda er félagið með nóg af vængmönnum.

Það er þó ljóst að stjórnarmenn Chelsea munu ekki sitja auðum höndum í sumar og má búast við stöðugu fréttaflæði af leikmannamálum félagsins. Hópurinn fer stöðugt stækkandi og ljóst að ekki er pláss fyrir alla. Þýski varnarmaðurinn Robert Huth er meðal þeirra sem eru á förum en Newcastle, Wigan og Everton hafa áhuga á honum. Þá vill William Gallas einnig fara annað en Chelsea er víst ekki á þeim buxunum að láta hann af hendi.

- egm



**KOMINN** Salomon Kalou er genginn til liðs við Chelsea. NORDICPHOTOS/AFP

Nánast engar líkur eru á því að Eiður Smári Guðjohnsen verði áfram hjá Chelsea:

# Eiður enn orðaður við Barcelona


EIÐUR SMÁRI Spænsk blöð segja að hann fari til Barcelona. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

**FÓTBOLTI** Ekkert lát er á þeim orðrómi að Eiður Smári Guðjohnsen sé á leiðinni frá Englandsmeisturum Chelsea og til Evrópumeistara Barcelona. Eggert Skúlason, fjölmiðlafulltrúi Eiðs, neitaði þessu í fréttum NFS í gærkvöldi og sagði að engar viðræður hefðu átt sér stað á milli félaganna.

Spænskir netmiðlar segja ekki sömu söguna. Þeir greina enn frá því að Frank Rijkaard vilji ólmur fá Íslendinginn knáa til liðs við sig og að Spánarmeistararnir hafi þegar sett sig í samband við Lundúnarliðið sem fer hamförum í innkaupum þessa dagana.

Það ku þó ekki vera rétt en sannleikskorn liggur án efa í sögusögnum þessum, sem dreifast sem eldur um sinu um Spán og þá aðallega Katalóníuhérað.

Þegar Henrik Larsson ákvað að fara frá spænska liðinu var framherji Villareal, Diego Forlan, sagður vera sá sem Barcelona vildi að helst fyllti skarð hans en Eiður komi þar næstur á eftir.

Líklegt kaupverð á landsliðsfyrirliðanum hefur rokkað upp og niður, og er það aðeins talið vera 3,2 milljónir Evra þessa dagana.

Eiður Smári vonast sjálfur til þess að framtíð sín verði orðin skýr fyrir Heimsmeistaramótið í knattspyrnu, en hvort það takist verður að koma í ljós.

Í það minnsta má leiða líkur að því að Eiður fari frá Chelsea í sumar, en skilji við liðið eftir frábæran feril þar á bæ, með tvo Englandsmeistaratitla í farteskinu.

Heimsmeistarar Brasilíu eru búnir að reima á sig skotskóna:

# Brasilía hitar upp með markasúpu

**FÓTBOLTI** Brasilíumenn eru sigurstranglegastir á HM, enda ríkjandi meistarar og með stórkostlegan mannskap. Þeir minntu rækilega á sig fyrir framan troðfullan St. Jakobs völlinn í Sviss þar sem þrjátíu þúsund manns mættu til að bera goðin sín augum í æfingaleik gegn Lucerne.

Ronaldo og Adriano skoruðu báðir tvö mörk og Lucio, Juninho Pernambucano, Robinho og Kaká, eitt hver í 8-0 sigri. „Þetta var góð æfing og við fengum það sem við vildum út úr henni. Þetta er í fyrsta skipti í átta mánuði sem við spilum fyrir framan mannfjölda í gulu skyrtunni og okkur fórst það vel úr hendi,“ sagði Carlos Alberto Parreira landsliðsþjálfari. „Við sýndum það og sönnuðum að hvenær sem við klæðumst frægа búningnum okkar, þá komum við hungraðir til leiks og staðráðnir í að vinna leikinn. Það er heiður að klæðast treyjunni og leikmenn voru vandir að virðingu sinni, eins og þeir gera reyndar alltaf,“ bætti Parreira við. **- hþh**





**Hantarex 32" LCD TV**

| |
|---|
| 32" (81 cm) 16:9 LCD sjónvarp |
| Gler framhlið (hlífir skjá, betri mynd) |
| 1366x768 punktar |
| Birta: 550 cd/m2, skerpa: 1000:1 |
| PIP (mynd í mynd) |
| Innbyggðir 2x7W stereo hátalarar |
| Stærð 825mm (B) x 525mm (H) x 115mm (D) |
| Þyngd: 18,5 kg |
| 2ja ára neytendaábyrgð |

Verð **219.900,-**

**Hantarex 42" XP2 Plasma TV**

| |
|---|
| 42" (106 cm) 16:9 Plasma sjónvarp |
| 852x480 punktar |
| Birta: 1500 cd/m2 |
| Skerpa: 1000:1 |
| PIP (mynd í mynd) |
| Innbyggðir 2x7W stereo hátalarar |
| Stærð 1046mm (B) x 683mm (H) x 85mm (D) |
| Þyngd: 32 kg |
| 2ja ára neytendaábyrgð |

Verð **209.900,-**

HANTAREX fyrir betri stofuna

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

EJS






VÉLA- OG IÐNAÐAR VERKFRÆÐI



Hönnun / bestun
Fjármál / stjórnun
Þróun / nýsköpun
Tölfræði / greining
Efni / varmi
Orka / umhverfi
Stýringar / sjálfvirkni
Hagkvæmni / hagnýting



Umsóknarfrestur er til 6. júní



VERKFRÆÐIDEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:
**„Impossible relationships. My special gift is impossible relationships.“**

Svar: Edward úr Pretty Woman frá 1990.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FYLGDIST MEÐ THE BACHELORETTE OG LOST

# *Kjörkuð piparmey og hnetusmjör í óhófi*

Jennifer Schefft er mætt aftur á sjónvarpsskjáinn eftir að hafa komið séð og sigrað í þriðju þáttaröðinni af The Bachelor.

Jennifer trúlofaðist þá piparsveininum og ríkisbubbanum Andrew Firestone en ástin entist því miður ekki og því ákvað hún að snúa aftur í nýrri þáttaröð af The Bachelorette.

Jennifer er sæt og indæl stúlka og ætti ekki að eiga í erfiðleikum með að ná sér í góða menn en af hverju hún kýs að leita að þeim á sjónvarpsskjánum veit ég ekki. Kannski eru það peningarnir sem hún fær og athyglin, eða bara sú staðreynd að hún hefur gaman af því að lenda í nýjum ævintýrum. Kjörkuð er hún alla vega fyrir að þora að stíga fram í sviðsljósið á nýjan leik eftir vonbrigðin með Firestone.

Lost virðist vera að sækja í sig veðrið eftir að hafa verið í svolítilli lægð upp á síðkastið. Síðasti þáttur var hörkuspennandi þar sem kafað var ofan í sálarlíf feita stráksins. Atriðið þegar hann tróð í sig hnetusmjörinu sem hafði dottið í grasið var ógeðslegt en sýndi um leið á áhrifaríkan hátt vanmátt hans gagnvart offituvanda sínum. Held samt að ég borði ekki hnetusmjör næstu mánuðina eða árin.

Hvort allir í þáttunum séu saman á geðveikrahæli og eru þannig úr tengslum við umheiminn; týndir eins og á eyðieyjunni, veit ég ekki en ég bíð alla vega spenntur eftir framvindu mála.



**JENNIFER SCHEFFT**
Jennifer er aftur orðin piparmey og leitar nú að glæsilegum piparsveini.



▶ 21.15 *Spenna*
WITHOUT A TRACE



▶ 20.40 *Spenna*
BONES



▶ 21.00 *Spenna*
SMALLVILLE



▶ 20.00 *Gaman*
FAMILY GUY



▶ 20.10 *Ferðalög*
ÞETTA FÓLK

### SJÓNVARPIÐ

**16.20** Íþróttakvöld **16.35** Mótorsport **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar (3:31) **18.25** Julie (4:4)

**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Hálandahöfðinginn (2:10)** (Monarch of the Glen VI) Breskur myndaflokkur um ungan gósserfingja í skosku hálöndunum og samskipti hans við sveitunga sína.
▶ **21.15 Sporlaust (14:23)** (Without a Trace) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Aðþrengdar eiginkonur (41:47)** Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.10** Lífsháski (43:49) **23.55** Kastljós **0.40** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Martha **10.20** My Wife and Kids **10.45** Alf **11.10** 3rd Rock From the Sun **11.35** Whose Line Is it Anyway?

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** Home Improvement **13.30** Sketch Show **13.55** Two and a Half Men **14.20** Wife Swap **15.05** Eldsnöggt með Jóa Fel **15.35** Tónlist **16.00** Barney **16.25** Með afa **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Strákarnir**
**20.05 Eldsnöggt með Jóa Fel (1:6)** Bakarameistarinn og matgæðingurinn Jói Fel snýr aftur.
▶ **20.40 Bones (6:22)** Nýr hörkuspennandi bandarískur sakamálaþáttur. Söguhetjurnar eru Dr. Temperance 'Bones' Brennan, einmana réttarmannfræðingur, og Seeley Booth, ískaldur FBI-sérfræðingur með sjálfstraustið í lagi.
**21.25 Murder In Suburbia (2:6)** (Morð í úthverfinu) Breskir sakamálaþættir.
**22.15 How I Met Your Mother (18:22)**
**22.40 American Idol (40:41)**

**23.20** American Idol (41:41) **0.50** Xingfu **2.30** Wild About Harry **4.00** Super Troopers (Stranglega bönnuð börnum) **5.35** Fréttir og Ísland í dag **6.40** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS TV

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Bernie Mac (8:22)** (Family Reunion)
**20.00 Friends (14:23)** Joey og Phoebe leggja á ráðin um að koma Ross og Rachel saman aftur með því að senda þau á blint stefnumót.
**20.30 Twins (1:18)** (Pilot)
▶ **21.00 Smalleville (3:22)** (Hidden) Í Smallville býr unglingurinn Clark Kent. Frábærir þættir um Ofurmennið á yngr árum sínum.
**21.50 Killer Instinct (1:13)** (Pilot)
**22.40 X-Files** (Ráðgátur)

**23.30** Friends (14:23) (e) **23.55** Splash TV 2006 (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

**17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Frasier**
**19.30 Game tíví – lokaþáttur** Game tíví er þáttur sem fjallar um tölvuleiki og allt þeim tengdum, og hefur notið mikilla vinsælda allt frá upphafi.
▶ **20.00 Family Guy – lokaþáttur** Kolsvartur húmor.
**20.30 Everybody Hates Chris** Í óþökk Juliusar lánar Chris nágranna hjólið sitt og hann stelur því.
**21.00 Courting Alex** Glæný gamanþáttaröð sem fengið hefur frábæra dóma.
**21.30 Everybody loves Raymond**
**22.00 C.S.I: Miami** Starfsmaður skattstjóra er drepinn er hann reynir að taka í sína vörslu snekkju sem tilheyrði skattaskuldara.
**22.50 Jay Leno**

**23.35** America's Next Top Model V (e) **0.30** Top Gear (e) **1.20** Óstöðvandi tónlist

### NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið, fréttaviðtal. **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin eftir hádegi **17.00** 5fréttir **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/Veður

**19.40 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
▶ **20.10 Þetta fólk** (Fréttaljós) Nýr og óvenjulegur spjallþáttur í umsjá Höllu Gunnarsdóttur blaðakonu ogheimshornaflakkara. Í þættinum tekur hún fyrir eitt land og freistar þess að veita okkur innsýn í framandi heim. Ekki hefur hún þó sjálf í hyggju að uppfræða okkur ein og óstudd – þótt margfróð sé og vel sigld-heldur er meginmarkmiðið að kalla til góða gesti.
**21.00 Fréttir**
**21.10 60 Minutes**
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing**

**23.15** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/Veður **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Rugrats Go Wild! **8.00** Men With Brooms **10.00** Drumline **12.00** MEDICINE MAN (e) **14.00** Rugrats Go Wild! **16.00** Men With Brooms **18.00** Drumline **20.00 MEDICINE MAN (e)** (TÖFRALÆKNIRINN) **22.00 Courage under Fire** (Hetjudáð) Mögnuð bíómynd um ofurstann Nathaniel Serling sem er þjakaður af hugsunum um Persaflóastríðið. Þar gaf hann skipun um árás á skriðdreka sem hann taldi að væri frá Írökum en reyndist vera bandarískur og nokkrir menn létu lífið. Serling hefur verið sendur heim í önnur verkefni sem felast í því að rannsaka hvort veita eigi Karen Walden heiðursorðu. Aðalhlutverk: Denzel Washington og Meg Ryan.1996. Stranglega bönnuð börnum. **0.00** Swimfan (Bönnuð börnum) **2.00** The Salton Sea (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Courage under Fire (e) (Stranglega bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** The Soup **13.30** 10 Ways **14.00** The E! True Hollywood Story **15.00** What Hollywood Taught Us About Sex **17.00** Relatively Famous **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **21.00** The E! True Hollywood Story **22.00** Dr. 90210 **23.00** The E! True Hollywood Story **0.00** The E! True Hollywood Story **1.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **2.00** Guilty

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15


Skautafélagið Björninn

Björninn

Býður alla stráka og stelpur á aldrinum 6-14 ára velkomin á SUMAR SKAUTA NÁMSKEIÐ

Námskeiðin eru haldin í Egilshöll

EGILSHÖLLIN

Línuskautaskóli
(línuskautahokkí)
Námskeið 1: 12.-16. júní
Námskeið 2: 19.-23. júní
Hvert vikulangt námskeið er boðið á 9.500 kr. (Innifalið í verði: linuskautaæfingar, yoga, fræðsla, hádegismatur, sund og meira)



Íshokkí og Listskautaskóli
Námskeið 1: 8.-13. ágúst
Námskeið 2: 14.-19. ágúst
Hvert vikulangt námskeið er boðið á 12.900 kr.
(Innifalið í verði: ísæfingar, þrekæfingar, fræðsla, sund, hádegismatur or meira)
Verð fyrir byrjendanámskeið er: 4.900- (08:00-12:00)
(Innifalið í verði: ísæfingar, þrekæfingar, fræðsla)

Þátttakendur sem eru Sportklúbbi LÍ fá 1.000 kr afslátt
Skráning á www.bjorninn.com
Upplýsingar í síma: 5949696 og 8475366

Landsbankinn

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Eldsnöggt með Jóa Fel **Stöð 2** kl. 20.05

### *Grillar ofan í Baltasar*



Bakarameistarinn og matgæðingurinn Jói Fel snýr aftur og er nú í sannkölluðu sólskinsskapi líkt og honum einum er lagið. Jói heldur uppteknum hætti og heldur áfram að sýna okkur hvernig hægt er að framreiða gómsætar kræsingar á einfaldan og fljótlegan máta. Í fyrsta þættinum skellir Jói sér á tökustað kvikmyndarinnar Mýrinnar, sem byggð er á metsölubók Arnaldar Indriðasonar. Þar grillar hann ofan í Baltasar Kormák leikstjóra myndarinnar, Ingvar E. Sigurðsson, sem leikur lögreglumanninn geðþekka Erlend, og aðra sem að kvikmyndagerðinni koma, hreint ómótstæðilegar kræsingar; eldsnöggt og án mikillar fyrirhafnar.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 3 | 2 | 9 | 1 | 6 | 8 | 7 |
| 1 | 8 | 9 | 4 | 7 | 6 | 5 | 3 | 2 |
| 6 | 2 | 7 | 5 | 8 | 3 | 1 | 9 | 4 |
| 2 | 6 | 8 | 1 | 3 | 7 | 4 | 5 | 9 |
| 7 | 9 | 4 | 8 | 2 | 5 | 3 | 1 | 6 |
| 3 | 1 | 5 | 9 | 6 | 4 | 2 | 7 | 8 |
| 5 | 7 | 6 | 3 | 4 | 8 | 9 | 2 | 1 |
| 9 | 4 | 1 | 7 | 5 | 2 | 8 | 6 | 3 |
| 8 | 3 | 2 | 6 | 1 | 9 | 7 | 4 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | | 4 | | | | |
| | | 7 | | | 2 | 3 | | |
| 4 | 3 | | 8 | | | 2 | | |
| | | | 1 | 6 | | | | |
| | | 8 | | | | 7 | | |
| | | | | 3 | 8 | | | |
| | | 1 | | | 5 | | 2 | 9 |
| | | 9 | 6 | | | 1 | | |
| | | | | 8 | | | 4 | |



▶ **23.30**

*NBA*

BULLS-JAZZ FRÁ 1997

SÝN besta sætið

**16.00** NBA 2005/2006 – Playoff game **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Skólahreysti 2006 (Undankeppni 3)**
**19.30 US PGA í nærmynd** (Inside the PGA)
**20.00 Aflraunir Arnolds** (Arnold Schwarzenegger Classic) Árlega flykkjast bestu keppnismennirnir til Ohio í Bandaríkjunum og takaþátt í móti sem kennt er við Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóra í Kaliforníu,sem var mikill íþróttagarpur á árum áður. Keppt er í nær öllum greinum bardagaíþrótta auk fitness, fimleika, lyftinga og vaxtarræktar svo fátt eitt sé nefnt.
**20.30 Leiðin á HM 2006** (Destination Germany) (Serbia + Iran)
**21.00 Sænsku nördarnir** (FC Z)H

▶ **23.30** NBA – Bestu leikirnir (Chicago Bulls – Utah Jazz 1997) **1.00** NBA úrslitakeppnin (Dallas – Phoenix)

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.30** Haydn píanósónötur **10.13** Músík og mas **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Mozart og fjölskylda **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn

**19.27** Sinfóníutónleikar **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Perlur úr Pétri Gaut **23.20** Hlaupanótan

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Músík með Heiðu Eríks **20.30** Konsert **22.10** Píkupopp **0.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður





opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16

Full búð af nýjum vörum!

20% afsláttur
af natur eik

mira art HÚSGÖGN

bæjarlind 6 201 kópavogi sími 554 6300 www.miraart.is





## HRÓSIÐ FÆR...

*Atli Heimir Sveinsson fyrir að semja sinfóníu með boðskap.*

# Helgin okkar ...

**Poseidon:** Alvöru stórslysamynd í ætt við þær sem voru hvað vinsælastar um miðjan áttunda áratuginn. Kurt Russell er bæði fyrrverandi borgarstjóri New York og slökkviliðsmaður og hentar því vel til hetjudáða.





**Ferðalög:** Löngu komin tími til að draga fellihýsið út úr bílskúrnum, dusta aðeins af gönguskónum og flýta sér út í guðsgræna náttúruna. Fátt er jafn endurnærandi og sveitaferð.

**Bjartir dagar:** Hafnfirðingar ætla ekki að láta sitt eftir liggja í menningarmálum og bjóða alla nærsveitarmenn velkomna til bæjarins á Bjarta daga þar sem hver ætti að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

**Krokket:** Leikur sem öll fjölskyldan getur sameinast um. Hæfileikar og heppni blandast saman í ótrúlega skemmtilegum leik sem hægt er að brydda upp á á meðan lambakjötið grillast ásamt kartöflunum.

**Reykjavík Trópik Festival:** Þriggja daga tónlistarveisla þar sem rjóminn úr íslensku tónlistarlífi treður upp í tjaldi fyrir framan Háskóla Íslands. Hápunkturinn verður þegar bresku villingarnir í Supergrass trylla lýðinn.





**Árbæjarsafn:** Gamli tíminn í miðjum nútímanum. Gott að taka gríslingina með og sýna þeim hvernig forfeðurnir drógu fram lífið fyrir tíma tölvunnar, farsímann og örbylgjuofnsins.



**LÁRÉTT**
**2** plat **6** kusk **8** skýra frá **9** angra **11** bor **12** stór fiskinet **14** hallmæla **16** í röð **17** niður **18** drulla **20** guð **21** málmur.

**LÓÐRÉTT**
**1** áætlun **3** bardagi **4** skær **5** eldur **7** ríflegur **10** óhreinka **13** suss **15** hástétt **16** hryggur **19** kyrrð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** Gabb, **6** Ló, **8** Tjá, **9** Ama, **11** Al, **12** Nætur, **14** Lasta, **16** Bd, **17** Suð, **18** Aur, **20** Ra, **21** Króm.
**LÓÐRÉTT: 1** Plan, **3** At, **4** Bjartur, **5** Bál, **7** Ómeldur, **10** Ata, **13** Uss, **15** Aðal, **16** Bak, **19** Ró.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Neal G. Copeland og Nancy A. Jenkins
2. Við Hvannadalshnjúk í Öræfajökli
3. Dagur Sigurðsson

Fullt hús ævintýra

Við opnum 2. júní



**JAKOB INGIMUNDARSON** Starfar sem kvikmyndatökumaður í Noregi og hlaut gullpálmann í Cannes fyrir stuttmynd sem hann gerði með félögum sínum. Í bakgrunni sést Maria Ekerhovd sem framleiddi stuttmyndina.

JAKOB INGIMUNDARSON: HLAUT GULLPÁLMANN Í CANNES

# Ekki enn orðinn norskur

„Ég fluttist hingað út af dömu, það er alltaf þannig. Hvaða ástæðu aðra ætti ég að hafa til þess að flytjast til Noregs?“ spyr kvikmyndatökumaðurinn Jakob Ingimundarson sem hlaut gullpálmann í Cannes á dögunum ásamt öðrum aðstandendum norsku stuttmyndarinnar Sniffer. Jakob er 32 ára og hefur verið búsettur í Noregi í fimm ár. Hann á norska konu og saman eiga þau fjögurra ára dóttur, blandað barn eins og hann orðar það sjálfur. Jakob vill þó ekki meina að hann sé alfarið búinn að aðlagast samfélaginu í Ósló þar sem hann býr. „Nei, ég er ekki orðinn norskur. Guð minn góður,“ segir hann á léttum nótum.

Stuttmyndin sem Jakob og félagar voru verðlaunaðir fyrir er þögul og hálf súrrealísk að hans sögn. Samfélagið í myndinni á við þyngdaraflsörðugleika að stríða svo allir verða að ganga í blýstígvélum til að halda sér á jörðinni. Söguhetjan fær nóg af þessu og fer úr stígvélunum en við það svífur hann beint til himins. Velgengni myndarinnar hefur komið sér vel að sögn Jakobs. „Við erum þegar byrjaðir á nýrri mynd, ég, leikstjórinn og framleiðandinn. Þetta verður svipuð mynd en nú höfum við meiri peninga til að spila úr,“ segir Jakob og viðurkennir að svona verði menn að vinna sig upp í bransanum.

Jakob segir að það hafi vissulega verið erfitt að koma sér á framfæri í kvikmyndabransanum í Noregi í fyrstu. Hann hafi þó fljótt séð að bransinn var ekki ósvipaður og hann er á Íslandi, nema stærri. „Það er meira að gera hér úti í Noregi, það er til dæmis miklu stærri framleiðsla í sjónvarpi,“ segir Jakob sem hefur unnið að mestu við gerð sjónvarpsefnis og auglýsinga. Áður en hann fór út til Noregs hafði Jakob unnið við gerð íslensku kvikmyndanna Gemsa og Dísar.

Það er nóg á döfinni hjá Jakobi og hann hyggst dveljast í Noregi næstu árin. „Maður flakkar alltaf talsvert í þessum bransa. Ég er til dæmis að fara að taka upp stuttmynd í París á næstunni. Maður kemur alltaf heim annað slagið en bækistöðvarnar eru hér í Ósló,“ segir Jakob Ingimundarson.

**hdm@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Magnúsi Scheving** og félögum í Latabæ gengur að sögn vel við upptökur á annarri þáttaröð sinni. Talsverðar mannabreytingar hafa orðið á tökuliðinu eins og greint hefur verið frá en stór nöfn halda áfram að bætast í hópinn í tökuverið í Garðabæ. Nú hefur ljósmyndarinn **Einar Snorri Einarsson** gengið til liðs við Magnús og tekið að sér starf við klippingu þáttanna. Einar gat sér gott orð með félaga sínum Eiði Snorra fyrir skemmstu en þeir gerðu meðal annars myndband fyrir stórhljómsveitina REM og auglýsingu fyrir Hummer. Það er því ljóst að Latabæ er mikill fengur í Einar Snorra.



Síðasti þáttur Tívolís á sjónvarpsstöðinni Sirkus vakti mikla athygli. Stjórnendur þáttarins eru rappararnir **Dóri DNA, Þorsteinn Lár, Lúlli** og **Bent** og fyrir viku kenndu þeir áhorfendum að búa til Mólótov-kokkteil og sprengdu svo upp ruslatunnu í lok þáttarins. Lögreglan hefur að sögn fengið ábendingar um að efni þáttarins hafi ekki verið við hæfi og mun hafa óskað eftir upptöku af þættinum til að kynna sér betur hvað fór fram. Þeir sem misstu af þættinum geta séð hann í heild sinni á Veftíví á Vísi.is.



Gestir í myndveri NFS virðast ekki alltaf átta sig á því að myndavélar kortleggja flestar hreyfingar þeirra. Þetta sást vel á **Svandísi Svavarsdóttur**, nýkjörnum borgarfulltrúa VG, á mánudagskvöld. Svandís var gestur í Íslandi í dag og var að gera sig klára til að koma sér fyrir í myndverinu þegar hún ákvað að koma sér í rétta gírinn með því að stíga nokkur létt dansspor. Það sem Svandís áttaði sig ekki á var að hún var beint fyrir aftan þau **Loga Bergmann Eiðsson** og **Sólveigu Bergmann** sem voru að ljúka lestri á kvöldfréttunum. Dansspor Svandísar sáust vel og greinilega og fengu meðal annars Loga Bergmann til að skella upp úr. **- hdm**







# Neeson afþakkaði vegna anna

Paul Bettany hefur verið ráðinn í eitt af aðalhlutverkum kvikmyndarinnar A Journey Home eða Slóð fiðrildanna sem Liv Ullman leikstýrir en Saga Film er einn framleiðenda myndarinnar. Þetta staðfesti Jón Þór Hannesson, framkvæmdarstjóri Saga Film, í samtali við Fréttablaðið og því er ljóst að hjónakornin Jennifer Connelly og Bettany leika saman en slíkt heyrir til undantekninga.

Bettany hefur verið mjög áberandi í kvikmyndaheiminum að undanförnu og lék meðal annars Silas í Da Vinci-lyklinum sem sýndur hefur verið við miklar vinsældir að undanförnu. „Þau eru ekki mikið fyrir að leika saman en það skemmtilega er að Bettany leikur ástina í lífi persónu Connelly,“ segir Jón Þór og bætir við að fjármögnun á myndinni er nú að mestu lokið. „Ef allt gengur að óskum hefjast tökur í London í ágúst en svo verður komið hingað til Íslands,“ útskýrir Jón Þór en reikna má með að Connelly og Bettany dveljist hér á landi í hálfan mánuð.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er verið að skoða aðra leikara í sama gæðaflokki og Paul Bettany. Liam Neeson var boðið að leika í myndinni en hann er íslensku kvikmyndagerðarfólki að góðu kunnur eftir að hafa leikið á móti Ingvari Sigurðssyni í K:19 sem Sigurjón Sighvatsson framleiddi. Hann neyddist hins vegar til afþakka hlutverkið vegna anna. Heimildir blaðsins herma að íslenskir leikarar á borð við Björn Hlyn Haraldsson og Baltasar Kormák komi einnig til greina auk Björns Thors sem farið hefur hamförum í hlutverki Romarios í sirkusi Silvíu Nætur. **- fgg**



**JENNIFER CONNELLY OG PAUL BETTANY** Leika saman í kvikmyndinni A Journey Home sem tekin verður að hluta upp á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

**CITROËN**

# Sjáðu C4

# 22.868*

Mán.gr. Bílasamningur
Lýsingar og Brimborgar

**sóltilboð**
Lægra verð. Betri kjör.



**C4 SALOON**

■ Citroën C4 SALOON SX
1,6i 5 dyra 5 gíra 110 hö*
Bílasamningur 22.868 kr.
Rekstrarleiga 36.217 kr.
Verð án sóltilboðs 1.949.000 kr.
**Sóltilboð 1.869.000 kr.**

Citroën frelsar þig úr viðjum vanans. Hönnun er aðalsmerki. Flott útlit, aukið öryggi og þægindi er munaður sem studd eru snjöllum tækninýjungum. Og ekki er að finna í bílum keppinautanna. Um leið og þú lítur Citroën augum renna gömul sannindi upp fyrir þér á ný: Frakkar hafa engu gleymt og hafa enn eina ferðina sett ný viðmið hvað varðar aksturs-ánægju, öryggi og þægindi. Láttu sjá þig á Citroën. Komdu í Brimborg. Veldu Citroën á góðu sóltilboði Brimborgar.

## Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu sóltilboði Brimborgar. Þú færð peninginn beint í vasann eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Citroën.

## Lægra verð. Betri kjör. Góður bíla-samningur: Aðeins 20 prósent út.



■ Citroën C2 VTS 1,6i
3 dyra 5 gíra 125 hö*
Bílasamningur 21.644 kr.
Rekstrarleiga 35.365 kr.
Verð án sóltilboðs 1.849.000 kr.
**Sóltilboð 1.769.000 kr.**



■ Citroën C3 SX 1,4i
5 dyra 5 gíra 75 hö*
Bílasamningur 18.707 kr.
Rekstrarleiga 30.420 kr.
Verð án sóltilboðs 1.599.000 kr.
**Sóltilboð 1.529.000 kr.**



■ Citroën C4 COUPÉ VTR 1,6i
3 dyra 5 gíra 110 hö*
Bílasamningur 22.525 kr.
Rekstrarleiga 35.758 kr.
Verð án sóltilboðs 1.919.000 kr.
**Sóltilboð 1.842.000 kr.**



■ Citroën Xsara Picasso Exclusive 2,0i
5 dyra sjálfskiptur 137 hö*
Bílasamningur 28.374 kr.
Rekstrarleiga 44.704 kr.
Verð án sóltilboðs 2.399.000 kr.
**Sóltilboð 2.319.000 kr.**



■ Citroën C5 X 1,8i
5 dyra 5 gíra 117 hö*
Bílasamningur 26.294 kr.
Rekstrarleiga 42.168 kr.
Verð án sóltilboðs 2.219.000 kr.
**Sóltilboð 2.149.000 kr.**



■ Citroën Berlingo Multispace 1,6 dísil
5 dyra 5 gíra 90 hö*
Bílasamningur 22.133 kr.
Rekstrarleiga 36.075 kr.
Verð án sóltilboðs 1.889.000 kr.
**Sóltilboð 1.809.000 kr.**

**Skoðaðu Citroën í nýjum og glæsilegum sýningarsal. Bíldshöfða 8.**

Brimborg Bíldshöfði 8
Brimborg Bíldshöfði 6
MAX1 Bílavaktin

Aflaðu þér frekari upplýsinga
www.citroen.is

**Komdu núna. Sóltilboð Brimborgar gildir aðeins til 16. júní n.k. eða meðan birgðir endast.**

**brimborg**
*Öruggur staður til að vera á*




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaður á mynd af C4 eru álfelgur, glerþak og samlitun. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**







**BAKÞANKAR**

JÓNS GNARR

## ADHD

Ég var að horfa, um daginn, á þátt í sjónvarpinu um indíána. Ég hef alltaf fundið ríka samkennd með þeim, reyndar öllum frumbyggjum. Ég finn samkennd með þessari einföldu lífssýn. Eins og þegar hvíti maðurinn vildi kaupa land af Sitting Bull. Þá spurði hann hvort þeir vildu ekki kaupa himininn líka. Ég skil þetta. Ég hugsa eins.

**ÉG** er með athyglisbrest, eins og það er kallað. Frá því að ég var barn hef ég upplifað mig eins og ég sé á einhvern hátt á skjön. Mér gekk illa í skóla. Mér gekk illa í samskiptum. Ég átti erfitt með einbeitingu og ég hafði ekki áhuga á því sem ég átti að hafa áhuga á. Ég vildi vera úti, reika um, lenda í ævintýrum. Í stað þess að vera í skóla vildi ég búa í helli og kveikja eld. En það gekk ekki. Ég lenti í sífelldum útistöðum og fannst ég lélegur, heimskur og asnalegur.

**KANNSKI** er þetta ekki ósvipað frumbyggjunum og hugsunarhætti þeirra. Kannski er athyglisbrestur bara frumbyggjahugsun, leifar frá fornum tíma? Kannski er ég bara frummaður? Það er margt líkt með frumbyggjum og þeim sem eru með athyglisbrest; eirðarleysi, áhugaleysi fyrir „mikilvægum“ hlutum, fljótfærni, drykkjuskapur og einangrun, glæpir og fangelsi. Er það tilviljun að athyglisbrestur er eins algengur í Bandaríkjunum og raun ber vitni?

**HVÍTI** maðurinn eyðilagði heim indíánanna því hann var ekki eins og þeirra. Þeir hugsuðu ekki rétt. Það varð að breyta þeim með góðu eða illu. Allar tiktúrur þeirra voru bannaðar. Þeir afklæddust indíánafötunum sínum og fóru í svört jakkaföt. Þeir einangruðust á verndarsvæðum, eins og vofurnar af sjálfum sér.

**NÚNA** höfum við áttað okkur á því að indíánarnir höfðu rétt á að vera eins og þeir voru. Það þurfti ekkert að breyta þeim og ef eitthvað var, þá lifðu þeir í nánara sambandi við umhverfi sitt og hvern annan en við. Við getum lært mikið af þeim. Kannski hafa þeir meira að gefa en bara skemmtiatriði fyrir ferðamenn?

**ÉG** er orðinn sáttur við það hver ég er. Það er ekkert að mér. Ég þarf engin lyf. Ég er bara frumbyggi. Ég er Makki í pésé-heimi. Ef guð hefði viljað að ég væri öðruvísi þá hefði hann skapað mig öðruvísi.




